
FORNLEIFAR Í FLATEY: AÐALSKRÁNING



BIRNA LÁRUSDÓTTIR OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG GARÐAR GUÐMUNDSSON

REYKJAVÍK 2016
FS640-1407I

FORNLEIFAFÉLAG BARDSTRENDINGA OG DALAMANNA
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumynd er af gamla Þorpinu í Flatey
Ljósmynd: Garðar Guðmundsson (flygildi)

©2016

FÖRNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

Efnisyfirlit


I. Inngangur.....	I
II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	5
III. Skráningaraðferðir	7
IV. Fornleifaskrá	9
V. Niðurstöður.....	185
Heimildaskrá	191
Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93.....	195
Viðauki II: Kort.....	199

I. Inngangur

Á öldum áður var talsverð byggð í mörgum af eyjum Breiðafjarðar en nú er svo komið að allar eyjarnar eru fallnar í eyði nema Flatey enda mikil hlunnindajörð og landgæði þar mjög góð. Í Flatey er enn búið árið um kring og eru að auki fjölmörg hús í eyjunni í notkun yfir sumartímann auk þess sem þangað liggur talsverður straumur ferðamanna. Því eru enn mikil umsvif í eyjunni, sér í lagi yfir sumarmánuðina.

Að öllum líkindum hefur Flatey verið þungamiðja gamla Flateyjarhrepps og Breiðafjarðar allt frá fyrstu öldum byggðar. Eyjan á sér því langa og merka sögu. Hennar er getið í Landnámu og víða í Íslendingasögum, fornbréfum, annálum, ferðabókum og jarðatölum svo eitthvað sé nefnt. Sóknarkirkja hreppsins var þar frá fornu fari, Ágústínusarklaustur um skamma hríð á seinni hluta 12. aldar auk þess sem staðurinn var verslunarstaður um aldir.

Frá árinu 2007 hefur Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna staðið fyrir skráningu og rannsóknum á nokkrum eyjum á Breiðafirði (Öxney, Hergilsey, Akureyjum, Skáleyjum og Oddbjarnarskeri) í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands.



Rannsóknarsvæðið, Flatey, er merkt inn á kortið með rauðum kassa.

Kortagrunnur: Gísli Pálsson.

Samhliða skráningu hafa verið þróaðar leiðir til að nota gögnin við menningartengda ferðaþjónustu. Árið 2014 hlaut félagið styrk úr Fornminjasjóði til að halda áfram skráningu minja í Breiðafjarðareyjum, nú til að skrá minjar í Flatey. Breiðafjarðarnefnd styrkti einnig verkið auk þess sem Reykhólasveit lagði verkefninu lið með því að leggja til loftmyndir. Eru öllum þessum aðilum færðar þakkir fyrir sinn stuðning sem gerði skráningu í Flatey að veruleika.

Árið 1989 var gerð bráðabirgðaskráning á fornleifum í Flatey á vegum Þjóðminjasafns Íslands og þá var skráður 31 minjastaður á vettvangi og að auki 20 staðir af loftmynd og var niðurstaðan sú að minjar í eyjunni gætu verið á bilinu 60-70. Síðan þá hefur aðferðafræði við fornleifaskráningu fleygt fram. Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu árið 2014 vann Fornleifastofnun heimildaúttekt þar sem allar þekktar fornleifar sem vísbendingar fundust um í heimildum, á kortum, skýrslum og bókum voru skráðar. Gróa Másdóttir, sagnfræðingur, hafði áður unnið grunn að heimildaúttekt og var sá grunnur var yfirfarinn og miklu efni bætt við áður en farið var á vettvang 2014. Um þá úttekt sáu þær Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir.

Í skýrslu þessari er að finna niðurstöður aðalskráningar í Flatey. Samtals var vitað um 279 fornleifar í Flatey og þeim eyjum og hölmum sem henni tilheyra. Ekki fékkst styrkur til að skrá á vettvangi minjar í hölmum og eyjum, en allar þekktar minjar í Flatey voru skráðar, samtals tæplega 230 minjastaðir.

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir unnu vettvangsskráningu ásamt Garðari Guðmundssyni sem mældi upp allar fornleifar, tók myndir með flygildi af eyjunni og sá um úrvinnslu þeirra. Birna og Elín sáu um úrvinnslu gagna og skýrsluskrif og Birna að auki um kortagerð. Kristjana Vilhjálmsdóttir sá um uppsetningu skýrslu. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Elínu eða Birnu nema annað sé tekið fram. Skrásetjarar vilja færa ábúendum á eyjunni þakkir fyrir góðar móttökur og að hafa miðlað af fróðleik sínum og þekkingu á svæðinu af miklum höfðingsskap.

Skýrsla þessi er yfirlit yfir skráningu minja í Flatey. Í henni er að finna allar upplýsingar um þá minjastaði sem skráðir voru, uppmælingar, ljósmyndir og kort ásamt stuttri samantekt um helstu niðurstöður. Áfram verður unnið með niðurstöður skráningar og hefur Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamana farið þess á leit við skýrsluhöfunda að rita einnig grein um efnið í héraðsrit Barðstrendinga ásamt því að vinna minjakort fyrir svæðið í samvinnu við heimamenn og ferðaþjónustu.

Skýrslan er byggð upp þannig að á eftir inngangi er að finna stuttan yfirlitskafla um fornleifaskráningu og löggjöf hér á landi. Í kjölfar hans fylgir kafla þar sem

skráningarkerfi Fornleifastofnunar er útskýrt (kaflí 3). Í fjórða kafla er að finna sjálfa skráninguna sem skreytt er teikningum og ljósmyndum og í fimmta og síðasta kafl- anum eru teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar. Allra aftast er að finna heimildaskrá, hnitaskrá á landshnitaformi og kort.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar hér á landi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deili-skráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 6. kafla 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í menningarminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BA-087:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúru-fari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að



Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heitir Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnsins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúnið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sést vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Virgirðing er 20-30 m vestan við tóftina. Óræktað tún er umhverfis tóftina. Það hefur líklega verið sléttað að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapi og lyng í stórþýfi á köflum. Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlaga. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö- Halldórsstaðir, 10

hætta sem steðjar að fornleif

heimild sem vitnað er í,
nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað.

skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álaga-blettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávík frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um ...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávíki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá



Loftmynd 1: Helstu minjar í námunda við Læknishús, suðvestarlega í Flatey. Takið eftir hvernig byggt hefur verið ofan á garðlagi 2II. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.



Loftmynd 2 Helstu minjar austast í þorpinu. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.




Loftmynd 3: Helstu minjar syðst í Flatey, sunnan við Krákuvör. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.



Loftmynd 4: Nátthagi 156, allra austast í Flatey. Hér má sjá móta fyrir garði inni í nátthagnum sem líklega tilheyrir eldra byggingarstigi. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.



Loftmynd 5: Horft yfir þorpið til austurs. Hér hafa verið merktar inn helstu minjar sem tengjast lendingum og bryggjum norðan til á eyjunni. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.



Loftmynd 6: Austan við þorpið sjást leifar af garðlögum frá ólíkum tímasteiðum. Garðlag 248 er mjög greinilegt á jörðu niðri að hluta en eldri byggingastig sem hér hafa númerið 142 sjást nær eingöngu af loftmynd. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson.

BA-087 Flatey

1703: 80 hdr. skv. Jarðabók Árna og Páls VI, 237

„Þeir tóku sunnanveðr ok ætla til Þorskafjarðar; þá gekk veðrit til landsuðrs ok austrs, ok bar þá vestur undir Flatey. Þar bjó Hallgríma, dóttir Gils skeiðarnefs [...]. Þórir eignaðist Flatey eptir Hallgrímu ok hafði þar sæði [...],“ Þorskfirðingasaga, ÍF XIII, 192, 198.

1169: „Þar var kominn til Einars Már Guðmundarson, Vilmundr Snorrason, Ívar Özurarson, Grímr ok Ásbjörn Ljótssynir. [...] Þeir váru kallaðir Skógungar ok höfðu verit áðr með Þorsteini Gyðusyni í Flatey,“ Sturlu saga, Sturl I, 84.

1172: „Clávstr i Flatey,“ Konungsannáll; Gottskálksannáll; IA 117, 323.

1184: „Fêrt kanoka setr til Helgafells or Flatey,“ Prestssaga Guðmundar, Bisk I, 428.

„Helga [Gyðudóttir] hafði tekit arf eftir Þorstein Gyðuson, en Gellir sonr Þorsteins, hafði Flatey af arfinum, ok bjó hann þar ok átti Vigdís Sturludóttur,“ Íslendinga saga, Sturl I, 235.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 13.

1200: Guðmundur Arason gengur þar til kirkju; Prestssaga Guðmundar, Bisk I, 461.

1218: „En eftir sætt þeira réðst Eyjólfur brott af Rauðasandi ok kaupir Flatey á Breiðafirði ok fór þannig at búa,“ Íslendinga saga, Sturl I, 266. Flatey er einnig nefnd í sömu sögu bls. 267, 272-274, 305, 321.

1219: „Þá bjó Eyjólfur Kársson í Flatey á Breiðafirði [...],“ Prestssaga Guðmundar, Bisk I, 461. Sambærilegur texti í annarri sögu Guðmundar eftir Arngrím ábóta, Bisk II, 108 „Þeir kvómu í Flatey á Breiðafirði, þar bjó nafnfrægr maðr, Eyjólfur Kársson, hann átti þá konu er Herdís hét ok var Hrafsndóttir [...],“ Arons saga Hjörleifssonar, Bisk I, 620.

1241: „Órækja [Snorrason] kaupir þá Flatey at Þórði tiggja ok gerði þar bú á, en fékk Þórði Laugardal í Tálknafirði,“ Íslendinga saga, Sturl I, 448.

1246: „Teitr Styrmisson fór norðr milli jóla ok föstu. Hann átti bú í Flatey, ok hann hafði um haustit fengit Sigríðar Hálfðanardóttur,“ Þórðar saga kakala, Sturl II, 71-72. Flatey er einnig nefnd í sömu sögu bls. 31, 33-34, 40, 49.

[um 1274]: „Jons kirkia j flat ey: a xx hûndrud j heima landi oc sund eyiar,“ Máld DI II, 118.

[1363]: „Jonskirkia j flatey a xx hunndrud j heimalanndi oc sandeyar,“ Máld DI III, 195.

[1394]: „X. Jonskirkia postula I Flatey ä xxc i heimalande og Sandeyar allt eins og Vilkinsbok innehelldur,“ Hítardalsbók DI III, 774.

1397: „a xxc. j heimalanndi og Sandeyar,“ Máld DI IV, 152.

[1491-1518]: „Jons kirckia postula j Flatey ä xxc j heimlandi og saudeyar. Oddbiarnar-skier og Styckiseyar,“ Máld DI VII, 79 [Lbs 108 4to, bl. 428].

23.10.1467: Skiptabréf eftir Björn Þorleifsson hinn ríka: „Jnn primis. skiptum vær hvs-trv olofu skarde aa skardzstraund oc aullum þeim jordum er þar fylgja oc þar med half saurbæiar fiara. flatey aa breidafirde oc aullum þeim eyium er þar fylgia oc suo skarde epter þui sem fyrgreindri hvstru olofu hefer adr fremst til erfda fallit epter faudr sinn oc modr,“ DI V, 500. Einnig DI XII, 47, 50.

15.4.1480: Skiptabréf eftir Ólöfu Loptsdóttur milli Þorleifs og Einars Björnssonar: „Hlaut þorleifur biornsson j sinn hlutt til motz uit einar brodr sinn þessa peninga. flatey a breidafirdi med styckis oc sandeyium. reykeyium. hrauneyium oc hergilsey oc ollum flateyjjar löndum oc þar til suefneyjar oc galltardalstungu firir .c. hundrada,“ DI VI, 256.

17.1.1495: Skiptabréf Solveigar Björnsdóttur: „Jtem gef ec sonum minum ii oc ockrum pals mins er vid eigum ockar j millvm j þessa mina testamentvm gíof þorleifi og joni. Jn primis iordina [...] flatey [...],“ DI VII, 243-244.

1495: „fyrir þessar kirkiur a pall bondi [Jónsson á Skarði] ad suara. [...] flatey [...]“ DI VII, 285-86 [AM Fasc LXIV, 25, minnisblöð Stefáns bps á skinni – greinilega skr. eftir yfirreið hans um Vestfirðingafjórðung sumarið 1495].

16.1.1501: Kaupmáli Björns Þorleifssonar og Ingibjargar Pálsdóttur: „ad greindvr Biorn Þorleifsson fieck Ingebiorgv Palsdottvr jordena flatey er liggr aa Breidafirde med avllvm þeim gognum og gædvum sem greindre jordv fylger og fylgt hefer ad fornvr og nyv og hann vard fremst eigande med mavgvum. thil evingligrar eignar. so framth sem þav eiga bavn epter sigh. [...],“ DI VII, 544.

1.9.1536: „Teitur bondi kom fyrir oss og beiddi oss ad láta til heilagrar kirkiu [vegna vid kirkiuna) vndir mula aa skalmarnese og skipa) henne tolllaust skip j oddbiarnarskeri. huortt sker ad) til heyrer flateyar kirkiu. Nu med radi og samþycki vorra presta og prelata hofum vier giortt og gefid greindri kirkiu vndir mula tollaust skip og menn j fyrgreint) sker kirkiunnar j flatey. attært skip og og þadan af minna,“ DI X, 86-87.

6.9.1536: „Vitnisburður um: ord og samtal Herra Augmundar og Teitz Þorleifssonar ad so fyrer skildu og skickudu. ad hann gjorde so ordin skipte millum Mulakirkiu og flateyiar kirkiu. ad kirkian under Mula skylldi hafa tolllaust skip j Oddbiarnarskere. budarstödu. ver og garda sem gagnadist attæring og þadan af minna. Hier j mot skylldi Flateýarkirkia eiga skögarhögg j Mula kirkiu skög. attæring med Raptkol og Elldevid. skyllde þesse görningur standa æfinliga j millum fyrrskrifadra kirkna,“ DI X, 89.

18.7.1537: „Vier Augmund med guds nad biskup i Skalhollte giorum godum monnum kunnikt med þessu voru opnu brefi at vier haufum giort þa skickan a mille kirknanna i Flatey og Mula a Skalmarnesi at kirkian a Mula skal hafa skip tollfri i oddbiarnar-skeri. annadhvort vi. ært edur viij. oert. Enn hier i mot skal bondinn hafa. vegna Flateyar kirkiu. viij. ærings farm eda teinærings i skog Teitz bonda sem liggr nær Flateyar kirkiu skogi a hveriu are. Vilium vier at þesse skipan standi obrigduliga kirkiunum badum at skadlausu,“ DI X, 112.

10.4.1548: „So felldan vittnisburd ber ec Halldor Sueinsson at ec heyrde jon heitinn þorarinsson sem leinge var radzmadur j flatey þui opttlega lysa fyrir mier og maurgum audrum monnum at hann hefde optt og iduglega heyrtt lesin maldaga flateyarkirkiu og so lika vel annara godra manna tal ath kirkian þar ætte vestare sandey og kirkiuklett en alldrei hafi hann þad heyrtt ne uitad at henne hafi uerit oddbiarnarsker eignad ne so adrir holmar eda klackar. og ecki þar um bref giord edur maldaga lesin til gialldz edur giafar. og sagdizt hann j flatey hafa verit vpp fæddur og þar radzmadur verit olafar lopttzDottur. þorleifs biornssonar. einars brodur hans eptir hann. og nu med sidzta biarnar þorleifssonar. En þad hefdi hann heyrtt lesid at kirkian j flatey. ætti j uaztfirde skogarhaugg j mille reydarlæks og pennu j mille fiallz og fioru. Somuleidiz heyrda ec hann og þui lysa ath fyrrgreind kirkia ætte og skogar haug j kellingarfiord j mille tueggia gilia sem kollud er(o) svartta gil og hann sagdizt opttlega hafa farit þangat sialfur j þenna skog og einginn viliad meina ne so j mote tala þo at hann uære hogguin kirkiunnar vegna,“ DI XI, 629.

14.4.1548: „[heyrði vitni] jon heitinn þorarens-son. sem leingi war radzmadur j flattey. þui optliga lysa fyrir mier og morgum audrum monnum. at hann hefdi optt og jdvgliga heyrtt lesinn maldaga kirkiunnar j flattey. og so lika vel an(n)ara godra manna sogn. att kirkian þar ætte sandey vestri og kirkivklett. svo og hefdi hann heyrtt lesit at fyrr greind kirkia ætti skogarhogg j vasfirde. j mille reydarlægs og pennv, j mille fialls og fiorv. hier med þa lyste hann þvi opttsinnes fyrir mier og odrum at opttnefnd kirkia j flatey ætti og skogarhogg j kellingarfirde. j mille tveggia gillia er kaullud ero svartagil og hann sagdist morgv sinne hafa farit og fara latid j þenna skog og hoggvit kirkiunnar vegna. Medkenvnzt ec adurnefndur oddur skeggiason. at ec olst þar vpp j flattey. og þar leingstum verit hafa minnar æve at ec for morgu sinne med honum. og med fleirum monnum odrum j bada þessa adurgreinda skoga og vissa ec alldri neina menn þar vm tallu. at þesse skogarhogg væri eigi kirkiunnar eign j flattey,“ DI XI, 639.

1575: „Kirkian I Flatey a .xLc. I heimalande. Jtem skogarpartt I Vatzfirde mille Reijdarlæks og Penna. Jtem annann skogarpartt I Kiellingarfirde. mille tueggia gilia. sem

kollud eru Suartagil. Jtem Oddbiarnarskier. Jtem Sandeyjar og Kirkiuklett,“ Máld DI XV, 586.

1703: „Þar er alkirkja, hvar að embættast á eftir máldögum (segja eignarmenn) tvo parta á móts við Múla á Skálmarnesi, en nú er þar sjaldnar embættað, sökum torfelds vegar, helst á vetur. Kirkjan segist að eiga í heimalandi xl c, sem eru fyrir utan hin lxxx c. Þar fyrir utan Sandeyjar og Kirkjuklettur,“ JÁM VI, 237.

1703: „Um vorið reistu þessir commissarii [Páll vicelögmaður og Lauritz lögmaður] vestur um Breiðafjörð og framfóru sínum erindum í Bjarnareyjum og Flatey. Komu þar til þeirra bændur allir úr Eyjahrepp,“ Annáll Pals Vídalíns, Annálar I, 679.

1703: Tuttugu og eitt býli og bæir í byggð í Flatey samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

1775: „Mr. Ólafur Ólafsson [...] kom nú út aftur á þessu sumri, sendur að umskoða hafnir þar vestra, í Ísafjarðar-, Barðastrandar- og Strandasýslum; sigldi aftur. Af hans forlagi er settur nýr kaupstaðir í Flatey á Breiðafirði,“ Höskuldsstaðaannáll, Annálar IV, 557.

1782: Konungur lofar „at borga eptir rettum reikningi hvat skiptit á Hergilseyiu og Flateyiu kann at kosta á sínum tíma.“ RLLF II, 272.

1835: Fimmtán býli og bæir í byggð í Flatey samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.

„Hún hefur verið talin blómi breiðfirzkra eyja og var um langt skeið höfuðstaður þeirra, að því er snerti menntir og margs konar athafnalíf, einkum í sambandi við útgerð og verzlun [...] Þó er Flatey ennþá tengiliður milli suður- og norðurstrandar Breiðafjarðar [...] Flestir íbúar, sem verið hafa í Flatey einni saman, frá 1789 til 1924, voru árið 1919 alls 207. En eftir heimsstyrjöldina síðari, fluttist fjöldi fólks burtu, einkum til Reykjavíkur. Og um 1964 var svo komið, að tæplega 30 manneskjur voru þar eftir heimilisfastar. Af þeim níu eyjum, sem eitt sinn voru í blómlegri byggð [...] eru nú (1973) aðeins þrjár í byggð,“ Ö-Flatey, 1.

„Þá er útgerð og verzlun tók að aukast í Flatey, þjappaðist byggðin saman norðvestanvert á eyjunni svo dálítið sjávarþorp myndaðist gegnt höfninni,“ Ö-Flatey, 2.

Kirkja og skóli í Flatey. Skólinn reistur 1909, skv. Ö-Flatey, 5.

„Aðalbýli Flateyjar frá landnámstíð til síðustu aldar [19. aldar] stóð austur af Hólunum [...] Bæjarhúsin voru hér á öldum áður mörg og reisuleg og til marks um stærð bæjarins var sagt að hirðir bæjarins hafi verið tuttugu og fimm á járnum. Hér mun Þrándur mjóbeinn, landnámsmaður í Vestureyjum líklega hafa reist sinn bæ.“

Eylenda, I, 202.

„Kirkjan á Flatey, helguð Jóhannesi postula, hefir því verið kölluð Jónskirkja, er reist öndverðlega á 11. öld, og voru þar húsprestar lengi síðan, valdir af kirkjueiganda, og allt fram til aldamóta 1600, en þótt konungsbréf kæmi út 1563, hvar við þvarr köllunarréttur kirkjueigenda. Kirkjan hefir jafnan verið stærðar hús, með torfveggjum og þaki af torfi, þar til árið 1790, þá var hún reist af timbri, fagurt hús og vel byggt. Stendur enn [1840], í góðu standi, vel prýdd og umhirt [...] Hún á 40 c. í heimalandi. Hálft þar af í Flatey og hálft í Hergilsey, hverjar eyjar báðar til samans teljast með kirkjueign þessari tvöfalt höfuðból, eður 120 c., en hvor fyrir sig tíundast 40 c. bóndaeign. Hér að auki eru kirkjunni eignaðar Sandeyjar, Kirkjuklettur og Oddbjarnarsker. Hún á skógarpart í Vatnsfirði milli Reiðarlæks og Pennuár, annan skógarpart í Kerlingarfirði milli Svörtugilja. Þar að auki á hún 11 málnytju kúgildi, öll í Flatey og Hergilsey. Auk þessara tveggja eyja, eiga kirkjusókn til Flateyjar áður taldar Vestureyjar: Svefneyjar, Hvallátur, Skáleyjar, Sviðnur og Bjarneyjar,“ SSV, I, 178-179.

1703: „Flatey hefur yfir máta stórt tún. Eggver er þar rjett gott, en hefur þó verið betra. Selveiði vor og vetur mikil, ef að dugað væri. Reki (viðar og hvala gagnlegur, þá til vill. Sölvaðfara gagnleg fyrir bæði menn og kvikfénað. Hroknkelsaveiði hefur verið, legst mjög frá. Skelfiskatekja nokkurs verð ef brúkuð væri. Fjörugrös svo mikil að nýtast kunna. Hvannir hafa þar miklar verið, nú litlar. [...]. Á meðal Flateyjar landa er Hergilsey, sem byggð hefur verið til forna, en er nú selstaða úr Flatey. Kann ei að missast frá Flatey, selstöðunnar vegna. [...] Kúataði og þangi er brent í Flatey. Móskurður er þar enginn. Þurar búðir hafa heima í Flatey nokkrar verið, og þar í ársvistar menn. Þær eru nú (síðan fiskerið brást) eyðilagðar,“ JÁM VI, 241.

1840: Í sóknarlýsingu 1840 segir: „Flatey tilheyra alls 40 graseyjar og hólmar, sem sjór fellur á milli. Hún telst að geta fódrað 16 kýr, 1 naut og 40 sauðkindur til vetrararbeitar, auk hausthaga fyrir 120 fjár. Selveiði er 20 vorkópar í meðalári. Fuglaveiði 80 svartbaks- og skarfsungar, 200 ritsur og 100 hundruð tólfræð lundakofu og 40 til 50 pund dúns. Skarfakál og fjörugrös auka þar mikið landkosti,“ SSV I, bls. 130.

Jarðabókin tekur upp ábúanda í Flateyjar parti. 17,2; ekki talað um sléttun; garðar: 9677 m² og 2090 m² utanhúss. Svínabæli, númer 230 í örnefnaskrá (Ö-Flatey).

„Hafnarbjarg, allhátt bjarg norðaustanvert á Hafnareyjunni [sem er eyja rétt fyrir norðan Flatey, kallast Höfn í Eylendu]. Þar er töluvert rituvarp,“ Ö-Flatey, 15 og Eylenda, I, 84.

„Lómur varp í störrinni við Lómatjörn,“ Ö-Flatey, 24.

„Nokkuð breitt og stutt nes skagar fram milli Hjallsvíkur [sjá, 028] að vestan

og Mjósundavíkur [sem er norðvestan við Mjósund, sem er aftur á móti mjósti partur Flateyjar] að austan. Norðanvert á nesinu eru 8 faðma háir klettur, kallaðir Lunda-berg. Þar er mikið rituvarp,“ Ö-Flatey, 24 og Eylenda, II, 233.

Flateyjarheimalönd eru „[...] eyjar og hólmar sunnanvert við Flatey, sem fjarar í,“ þannig að hægt er að ganga út í þá í gegnum Langey (þá syðri) skv. Ö-Flatey, 32.

„Norður af Flatey liggja hinar stærstu og nytjamestu eyjar, sem tilheyra henni.“ T.d. Sýrey og Sýreyjarhólmi (sjá, 183) er ágætis beit. „Stundum er fé látið ganga þarna sjálfala að vetrinum, 20-30 kindur. [...] Inn og suður af Sýreyjarhólma eru selalagnir,“ Ö-Flatey, 34-35.

„Langey [nyrðri] er bæði mjó og löng. Lítið mun vanta á að hún sé jafnlöng sjálfri Flatey, en miklu mjórri og með háum klettum að norðanverðu og einstökum klettastöndum [...] Samt er þessi eyja sú gagnlegasta af Flateyjarlöndum [...] Langey er sumsstaðar mýrlend og slétt, þó eru víða miklir lundabalar í henni,“ Ö-Flatey, 35.

Skeley (189) er fyrir norðvestan og norðan Langey nyrðri. Suður frá Skeley „[...] allri er skerjaklasi og óhrein leið. Þarna eru selalagnir,“ Ö-Flatey, 36.

Syðri-Sandey (sjá, 191) er langt fyrir norðaustan Skeley. „Um það bil miðja vegu milli Sandeyjar og Kirkjukletts [sem er fyrir suðaustan Hergilsey, en tilheyrir þó Flatey] eru Suðursker. Þar eru selalagnir,“ Ö-Flatey, 37.

Innri- og Ytri-Stykkisey (sjá, 192) eru fyrir norðaustan Vestari-Sandey (191), sem er fyrir norðan Syðri-Sandey. Á þeirri ytri er svartbaksvarp skv. Ö-Flatey, 38.

Langt fyrir vestan Sýrey (sjá, 183) eru Brimskerin. „Við þau eru selalagnir. Þaðan í norðvestur er Kirkjuskerið, þar er mikið skarfavarp,“ Ö-Flatey, 38.

„Aðalbyggðin í Flatey er upp frá Grýluvogi [125], á eyinni norðanverðri, og hefur svo lengi verið. A.m.k. síðan föst verslun var sett þar á laggirnar, um 1777. Þó er líklegt að Þrándur mjóbeinn hafi byggt á Hólunum [líklegast þar sem Klausturhólar (039) voru byggðir], til að geta séð sem bezt til mannaferða um fjörðinn. Það var tryggara á hans dögum. Þar er hver gamalrústin ofan á annarri, og mætti kannski sækja þangað einhver fróðleik um lifnaðarhætti hinna fyrstu eyjamanna [...] En snemma mun byggðin hafa borizt af Hólunum ofan til sjávar. Þar áttu eyjarskeggjar hægara með að gæta að farkosti sínum, sem öll þeirra afkoma byggðist á,“ Um eyjar og annes, I, 34-35.

Ólafur Olavíus fjallar um eyjuna í Ferðabók sinni 1776 og bjuggu þá 14 bændur og 4 húsmenn með fjölskyldum sínum í eyjunni. Ólafur segir að eyjan hafi vafalaust áður verið falleg en hafi spillst af þýfi og fenjum (OO, 240)

Samkvæmt Sveini Gunnlaugssyni 20.06.1976 (upptaka á Ísmús) var Flatey

vanalega skipt í 10 hundruð (líklega 10 X 10 hdr). Hann segir að flestir stærri bændur hafi búið á 10 hdr. bletti en á nokkrum 10 hdr blettum hafi búið tveir, t.d. á Hólsbúð.

BA-087:001 *Flatey* bæjarhóll bústaður

65°22.448N 22°55.015V

„Miðbær. Hann stóð rétt austanvert við kirkjugarðinn,“ segir í örnefnaskrá. Á korti af Flatey frá 1906 eftir Samúel Eggertsson og uppdrætti frá 1911 eftir sama mann sést nákvæmlega hvar Miðbær var. „Aðalbýli Flateyjar frá landnáms tíð til síðustu aldar [19. aldar] stóð austur af Hólunum,“ segir í Eylendu. 1755: „Allir 4 bæir í Flatey eyðilögðust svo húsin féllu niður og vetrarforði skemmdist,“ segir í Djáknaannálum.

Bærinn stóð fast austan við kirkjugarðinn, á hæsta punkti Flateyjar en vestan við núverandi kirkju, sem var reist árið 1926. Kirkjugarðurinn er vestast á rananum sem liggur langt til austurs. Á honum eru nú m.a. kirkjan, bókhlaðan og Klausturhólar sem einnig er gamalt bæjarstæði (sjá 039). Rana þessum mætti skipta upp, enda liggja mýrardrög og geilar upp í hann úr norðri einkum en líka úr suðri. Auk þess eru í honum bungur og hólar en í megindráttum er suðurhluti eyjarinnar hærri en norðurhlutinn. Á þessum stað þar sem bærinn stóð skagar hólbunga út úr rananum til norðausturs og mun það að stórum hluta bæjarhóll. „Suðaustur af Miðbæjartóft [041] sást móta fyrir rústum Miðbæjarfjóss,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar.



Mynd 1: Þýfi suðaustast á bæjarhól 001, horft til SA.


Þúst sem gæti komið heim og saman við þetta er suðaustast á bæjarhólnum, gegnt kirkjunni. Hún er alveg jarðlæg, rúmlega 10 m í þvermál. Hóllinn er gróinn og virðist lítið hafa verið raskað að öðru leyti en því að þar liggja göngustígar og tröppur.

„Þetta var grasbýli og hjáleiga frá Heimajörðinni [?]. Bærinn var lítill torfbær 1870, og eldhúsið stóð við hlið hans, en göng á milli [...] Árið 1873 mun Miðbær hafa verið rifinn. Þar sem bærinn stóð, er nú gróinn öskuhaugur og slétt flöt,“ segir í örnefnaskrá.

Ágúst Georgsson skráði svæðið árið 1989 og afmarkar stóran hring um svæðið sem hann kallar rústasvæði. Í skýrslu hans segir: „Rústasvæði. Afmarkað með punktalínu á uppdrætti milli kirkjugarðsins og kirkjunnar. Hér sjást nokkrar yfirgrónar tóftir, sennilega bæjarstæði, enda stóð Miðbær á þessum slóðum, rétt aust-

an við kirkjugarðinn (sbr. fylgiskjal 3). Miðbær mun hafa verið rifinn árið 1873 og þar er nú sagður vera gróinn öskuhaugur og slétt flöt. Kirkja var fyrrum í norðvesturhorni kirkjugarðsins en hún var rifin árið 1926 og núverandi kirkja reist í staðinn. Oft mun komið niður á mannvistarlög þá teknar eru grafir enda hefur kirkjugarðurinn verið stækkaður eftir þörfum. Þess má geta að hæðin fyrir innan kirkjugarðinn kallast Hólar eða Miðbæjarhólar en leifar af býlinu töldust sýnilegar innan til á hólnum um 1970. „Nokkur kot munu hafa verið þarna í nánd við Miðbæ. Austast á hólabrúninni var Austurkot (sjá 041). Suðaustur af Miðbæjartótt sást móta fyrir rústum Miðbæjarfjóss.“

Á þessu svæði er land í órækt og ekki sléttað en sunnar eru sléttuð tún og óverulegri ummerki. Engin mannvirki eru nú á hólnum nema minnismerki um Sigvalda Kaldalóns milli núverandi kirkju kirkjugarðs, einnig fánastöng og svo hringsjá við norðausturenda kirkjugarðs, þar sem var fánastöng 1906. Göngustígur liggur um hólinn og neðan við hann norðanverðan. Þarna vex mikill óræktargróður og njóli. Þýfi er mest á norðausturbrún hólins og má vera að leifum hafi verið ýtt þar fram á. Með góðum vilja má greina leifar af tveimur mannvirkjum þarna, fast austan við gamlan grunn undan fánastöng (sjá 218). Þau eru of óljós til að hægt sé að lýsa þeim glögglega



Teikning 1: Bæjarhóll 001 og kirkja 002. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

en sjást af uppmælingu sem fylgir með í skýrslu. Alls má ætla að hólinn sé um 70 x 50 m stór frá norðri til suðurs.

Í ágúst 2009 gróf Albína Hulda Pálsdóttir skurð í öskuhaug í norðanverðum bæjarhól. Talið er að minjar sem þar komu upp séu frá 17.-19. öld. Áður hafði verið grafið talsvert í eldri öskuhaug í Flatey í sama bæjarhól og rannsakað safn dýrabeina sem leiddi t.d. Í ljós breyttar áherslur við fiskveiðar á síð-miðöldum. Minjarnar sem þá voru grafnar upp voru milli kirkjugarðs og núverandi kirkju og taldar ná allt aftur á 13. öld (Amundsen 2004). Ekki var grafið til botns í bæjarhólnum og því sennilegt að þar leynist enn eldri minjar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÍF XIII, 192; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 6-7; Ö-Flatey, 25; Eylenda, I, 94; Eylenda, II, 232, Ágúst Georgsson, 6; Annálar VI, 97; Albína Hulda Pálsdóttir 2016; Amundsen 2004

BA-087:002 *Flateyjarkirkja* heimild um kirkju 65°22.446N 22°55.050V
FLATEY Á BREIÐAFIRÐI (AB) -Jóni post

1172: „Clávstr i Flatey,“ Konungsannáll; Gottskálksannáll; IA 117, 323.

1192: „Skip kom i Breiða fiorð [...] oc voru um vetrin með Gelli Þorsteins syni [...] aund-uðuz þar oc voru grafnir fyrir austan kirkju,“ Høyers annáll, IA 61.

1200: Guðmundur Arason gengur þar til kirkju; Prestssaga Guðmundar, Bsk I, 461.

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 13.

[**um 1274**]: „flat ey. Jons kirkia j flat ey: a xx hûndrud j heima landi oc sund eyiar: oc ij kugilldi bufiar. tiolld vm huerfis kirkiu rodu krossa þriä. alltara klædi ij: þar skal vera prestur oc diäckn oc sýngia messû hûern dag er gort er thil oc allar heimilis tijdir. tuær messur huorn dag vm langa fostu oc. ij. messur annan huern vm jola fostu oc alla ymbro daga vm host oc salu messo þess ä milli. ij messur eirn dag j viku j hverri gagn fostu: lysa skal kirkiu vm nætur frä mariu messu hini sydari vnz lydur paska viku,“ Máld DI II, 118.

[**1363**]: „Flatey. Jonskirkia j flatey a xx hunndrud j heimalanndi oc sandeyar. ellefu kyr. hross oc hundrad frijtt. krossa fiora. alltara klædi ij. mesuklædi tuenn. slopp oc kapu. kalek. klockur ij oc biollur ij. mariuskript oc jonz skript. glodarker og elldbera. fontz vmmbunijng. kerttistikur ij. bækur iij. munnlogar ij oc merki. baksturjarnn oc krak. þanngad liggia vndir ad tijundum oc lysitollum. hergilsey. biarnnareyiar. suefneyiar. huallatur. suidnur oc skaleyiar. þar skal vera prestur oc diäknn oc lvka presti fiorar

merkur,“ Máld DI III, 195.

[1394]: „X. Jonskirkia postula í Flatey á xxx í heimalande og Sandeyar allt eins og Vilkinsbok innehelldur,“ Hítardalsbók DI III, 774.

1397: „a xxx. í heimalanndi og Sandeyar. Þar skal vera prestur og diakn oc lvka presti iiij merkur. Syngia messur hvern dag er giort er til oc allar heimilistijder .ij. messur hvern dag vmm Langafostv .ij. messur annann huern dag a Jolafostv oc alla ymbrodaga vmm haust oc salutijder fullar med. ij daga skal syngia í viku hid sialldnasta messv, Þess a milli ij messur einn dag í viku í hverri gagnnfostv,“ Máld DI IV, 152.

23.8.1484: Jörðin Svefneyjar er í Flateyjarkirkjusókn. DI VI, 523.

[1491-1518]: „Flatey. Jons kirkia postula í Flatey á xxx í heimlandi og saudeyar. Oddbiarnarskier og Styckiseyar. xj. kyr. ij merkur frijds iar. eitt hross. Þar skal og vera prestur og diakne,“ Máld DI VII, 79 [Lbs 108 4to, bl. 428].

1495: „fyrir þessar kirkjur a þall bondi [Jónsson á Skarði] að suara. [...] flatey [...],“ DI VII, 285-86 [AM Fasc LXIV, 25, minnisblöð Stefáns bps á skinni – greinilega skr. eftir yfirreið hans um Vestfirðingafjórðung sumarið 1495].

29.9.1512: Hvallátur og Skáleyjar á Breiðafirði eru í Flateyjarkirkjusókn. DI VIII, 411

1.9.1536: „Teitur bondi kom fyrir oss og beiddi oss að láta til heilagrar kirkju [vegna vndir mula áa skalmarnese og skipa] henne tolllaust skip í oddbiarnarskeri. huortt sker að til heyrer flateyar kirkju. Nu með radi og samþycki vorra presta og prelata hofum vier giortt og gefid greindri kirkju vndir mula tollaust skip og menn í fyrgreint) sker kirkjunnar í flatey. attært skip og og þadan af minna,“ DI X, 86-87.

6.9.1536: „Vitnisburður um: ord og samtal Herra Augmundar og Teitz Þorleifssonar að so fyrer skildu og skickudu. að hann gjorde so ordin skipte millum Mulakirkju og flateyar kirkju. að kirkian under Mula skyllði hafa tolllaust skip í Oddbiarnarskere. budarstödu. ver og garda sem gagnadist attæring og þadan af minna. Hier í mot skyllði Flateýarkirkia eiga skögarhögg í Mula kirkju skög. attæring með Raptkol og Elldevid. skyllde þesse görningur standa æfinliga í millum fyrirskrifadra kirkna,“ DI X, 89.

18.7.1537: „Vier Augmund með guds nad biskup í Skalhólte giorum godum monnum kunnikt með þessu voru opnu brefi að vier haufum giort þa skickan a mille kirknanna í Flatey og Mula a Skalmarnesi að kirkian a Mula skal hafa skip tollfri í oddbiarnarskeri. annadhvort vi. ært edur viij. oert. Enn hier í mot skal bondinn hafa. vegna Flateyar kirkju. viij. ærings farm eða teinærings í skog Teitz bonda sem liggir nær Flateyar kirkju skogi a hveriu are. Vilium vier að þesse skipan standi obrigduliga

kirkiunum badum at skadlausu,“ DI X, 112.

2.7.1540: „j suefneyium. er liggia aa breidafirde j flateyiar kirkiusokn,“ DI X, 545.

11.9.1541: „skaleium j flateyarkyrkiu sokn a breidafjrdi,“ DI X, 664.

10.4.1548: „So felldan vittnisburd ber ec Halldor Sueinsson at ec heyrde jon heitinn þorarinsson sem leinge var radzmadur j flatey þui opttlega lysa fyrir mier og maurgum audrum monnum at hann hefde optt og iduglega heyrtt lesin maldaga flateyiar-kirkiu og so lika vel annara godra manna tal ath kirkian þar ætte vestare sandey og kirkiuklett en alldrei hafi hann það heyrtt ne uitad at henne hafi uerit oddbiarnarsker eignad ne so adrir holmar eda klackar. og ecki þar um bref giord edur maldaga lesin til gialldz edur giafar. og sagdizt hann j flatey hafa verit vpp fæddur og þar radzmadur verit olafar lopttzDottur. þorleifs biornssonar. einars brodur hans eptir hann. og nu med sidzta biarnar þorleifssonar. En það hefði hann heyrtt lesid at kirkian j flatey. ætti j uaztfirde skogarhaugg j mille reydarlæks og pennu j mille fiallz og fioru. Somuleidiz heyrda ec hann og þui lysa ath fyrrgreind kirkia ætte og skogar haug j kellingarfjord j mille tueggia gilia sem kollud er(o) svartta gil og hann sagdizt opttlega hafa farit þang-at sialfur j þenna skog og einginn viliad meina ne so j mote tala þo at hann uære hogguin kirkiunnar vegna,“ DI XI, 629.

14.4.1548: „[heyrði vitni] jon heitinn þorarensen. sem leingi war radzmadur j flattey. þui optliga lysa fyrir mier og morgum audrum monnum. at hann hefði optt og jdvgliga heyrtt lesinn maldaga kirkiunnar j flattey. og so lika vel an(n)ara godra manna sogn. att kirkian þar ætte sandey vestri og kirkivklett. svo og hefði hann heyrtt lesit at fyrr greind kirkia ætti skogarhogg j vafirde. j mille reydarlægs og pennv, j mille fialls og fiorv. hier med þa lyste hann þvi opttsinnes fyrir mier og odrum at opttnefnd kirkia j flatey ætti og skogarhogg j kellingarfirde. j mille tveggia gillia er kaullud ero svartagil og hann sagdist morgv sinne hafa farit og fara latid j þenna skog og hoggvit kirkiunnar vegna. Medkenvnzt ec adurnefndur oddur skeggiason. at ec olst þar vpp j flattey. og þar leingstum verit hafa minnar æve at ec for morgu sinne med honum. og med fleirum monnum odrum j bada þessa adurgreinda skoga og vissa ec alldri neina menn þar vm talla. at þesse skogarhogg væri eigi kirkiunnar eign j flattey,“ DI XI, 639.

1575: „LV. Flatey. Kirkian I Flatey a .xLc. I heimalande. Jtem skogarpartt I Vatzfirde mille Reijdarlæks og Penna. Jtem annann skogarpartt I Kiellingarfirde. mille tueggia gilia. sem kollud eru Suartagil. Jtem Oddbiarnarskier. Jtem Sandeyiar og Kirkiuklett. Jtem so miked I frijdu. ix. kugillde og eitt gielldfiär hundrad. [ornamenti] Jtem fastagotz .c. hundrada og x tijger .c,“ Máld DI XV, 586.

1646: „Kirkjan í Flatey ofan tekin 30. Septembris og upp aftur byggð af Snæbirni

Árnasyni og fullgjörð 17. Octobris. Stöplar í henni voru úr danska skipsmastrinu, sem brotnaði árinu fyrir hjá Stykkishólmi,“ Sjávarborgarannáll IA IV, 281.

1703: „Þar er alkirkja, hvar að embættast á eftir máldögum (segja eignarmenn) tvo parta á móts við Múla á Skálmarnesi, en nú er þar sjaldnar embættað, sökum torfelds vegar, helst á vetur. Kirkjan segist að eiga í heimalandi xl c, sem eru fyrir utan hin lxxx c. Þar fyrir utan Sandeyjar og Kirkjuklettur,“ JÁM VI, 237.

„Vestantil á Hólunum er kirkjugarðurinn og stóð kirkjan inni í honum fram til 1926. Þá var hún rifin en nýverandi kirkja byggð á túninu nokkru austar,“ segir í Eylendu I. „Nýja kirkjan „[...]“ stendur ekki í Kirkjugarðinum, sem hinar eldri, heldur nokkru austar á Kirkjuhólunum, þar á sléttum bala, sem nefnist Kirkjubali,“ segir í örnefnaskrá. Nýja kirkjan stendur „[...]“ nálægt þeim stað sem hið forna höfuðból Flateyjar, Miðbær [041], stóð áður,“ segir í Eylendu. „Kirkjan stendur þar, sem eyjan er hæst, á miðri Flatey, og sést hún um allar Vestureyjar og víðar frá,“ segir í sóknarlýsingu Flateyarsóknar.



Mynd 2: Kirkja og kirkjugarður 002, horft til NA.

Kirkjugarðurinn gamli í Flatey er auðfundinn á hæsta hrygg eyjarinnar, vestan við núverandi kirkju. Hann er á grónum hæðarhrygg vestan við bæjarhól Miðbæjar. Garðurinn hefur verið sléttaður en þar er þó töluvert um ávalar hæðir og bungur.

„Kirkja var fyrst reist í Flatey á öndverðri 11. öld. Það var stór torfkirkja með torfþaki. Elzti máldagi Flateyarkirkju mun vera frá 1363. Timburkirkja frá 1790 stóð til 1865, þá var önnur reist, sem líktist helst norskri stafakirkju. Stóð hún til 1926, að steinkirkjan var reist, sem enn stendur,“ segir í örnefnaskrá.

„Kirkjan á Flatey, helguð Jóhannesi postula, hefir því verið kölluð Jónskirkja, er reist öndverðlega á 11. öld, og voru þar húsprestar lengi síðan, valdir af kirkju-eiganda, og allt fram til aldamóta 1600, en þótt konungsbréf kæmi út 1563, hvar við þvarr köllunarréttur kirkjueigenda. Kirkjan hefir jafnan verið stærðar hús, með torfveggjum og þaki af torfi, þar til árið 1790, þá var hún reist af timbri, fagurt hús og vel byggt. Stendur enn [1840], í góðu standi, vel prýdd og umhirt [...] Hún á 40 c. í heimalandi. Hálft þar af í Flatey og hálft í Hergilsey, hverjar eyjar báðar til samans teljast með kirkjueign þessari tvöfalt höfuðból, eður 120 c., en hvor fyrir sig tíundast

40 c. bóndaeign. Hér að auki eru kirkjunni eignaðar Sandeyjar, Kirkjuklettur og Oddbjarnarsker. Hún á skógarpart í Vatnsfirði milli Reiðarlæks og Pennuár, annan skógarpart í Kerlingarfirði milli Svörtugilja. Þar að auki á hún 11 málnytju kúgildi, öll í Flatey og Hergilsey. Auk þessara tveggja eyja, eiga kirkjusókn til Flateyjar áður taldar Vestureyjar: Svefneyjar, Hvallátur, Skáleyjar, Sviðnur og Bjarneyjar,“ segir í Sóknaýsingum Vestfjarða. Samkvæmt Íslensku fornbréfasafni, 2. bindi, er fyrsti máldagi um Flateyarkirkju frá 1274. Teikning af kirkjugarði og leiðum er á bls. 195 í Eylendu.

„Kirkjugarðurinn hefir og verið mjög stór. Sjást merki til þess, að á dögum Sturlunga hafi hann svo byggður verið, að þar hafi gott vígi gefizt til mótstöðu áreitni í orustum. Nú í ár, 1840, er hann að tilhlutun sóknarprests uppsettur af snotru og sterku timburverki, til prýðis helgum reit, og til spörunar torfenginni jörð til stungu á eyjunni,“ segir í Sóknaýsingum Vestfjarða.

Engin merki sjást um girðingu þá er sóknarprestur nefnir 1840. Garðurinn er nú alls 56 x 38 m stór frá austri til vesturs – eða VSV-ANA til að vera nákvæmur, girtur með timburverki. Ljóst er að hann hefur ekki verið mikið stækkaður frá því að Samúel Eggertsson mældi fyrir korti sínu árið 1906 en þá var garðurinn alls rúmlega 50 m langur og 38 m breiður vestast en mjókkaði reyndar til austurs. Af teikningunni að ráða mætti ætla að helsta breytingin á garðinum síðustu 100 árin sé sú að austur-endinn hafi verið breikkaður, líklega með því að færa SA-hornið til suðurs og/eða norðausturhornið til norðurs. Leiði eru nokkuð óreglulega niðursett – að jafnaði virðast þau þéttari norðan við miðju garðsins en fæstir sýnilegir legstaðir eru um miðbik garðsins, í framhaldi af hliðinu inn í kirkjugarðinn, sem er á austanverðri skammhlið. Sömuleiðis eru fá sýnileg leiði á nyrstu ræmu kirkjugarðsins sem og gamla kirkjustæðinu. Allt frá 1926 hefur kirkja staðið utan kirkjugarðs, þar sem hún er nú, en þar á undan var hún nærri norðvesturhorni garðsins. Nær ekkert sér fyrir grunn hennar en þar er autt svæði og lægra en í meginhluta garðsins. Ekki er ljóst hvort kirkja hefur staðið annarstaðar á undan þeirri kirkju, en hún var reist árið 1790. Gengið inn í hann heldur sunnan við miðju á austurskammhlið. Engin tré eru í honum, enda trjárækt af skornum



Mynd 3: Þrír krossar í kirkjugarði 002, horft til N.

skammti í Flatey. Hér verður garðinum ekki lýst í smáatriðum, en þó tveir staðir sem er vert að nefna með tilliti til hugsanlegra mannvistarleifa. Upphækkun banga er í norðausturhorni hans, næst Miðbæjarhólum. Þar er þétt grafið og nær víst að miklar mannvistarleifar séu undir – hugsanlega hluti bæjarhóls en upphækkun gæti líka stafað af því að þar hafi verið þétt grafið – gæti jafnvel verið elsti hluti kirkjugarðsins. Önnur upphækkun er heldur fyrir norðan og vestan miðbik kirkjugarðsins. Hún er ekki jafnhá og áberandi, virðist snúa frá norðri til suðurs og er norðurkantur hennar mest áberandi. Í garðinum eru margs konar minningamörk: Legsteinar, járnkrossar, trékrossar á nokkrum stöðum grafreitir sem eru girtir með járnstakketi.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eylenda I, 87; Ö-Flatey, 22; Túnakort 1906; Eylenda, I, 94, 190, 195; Söknaýsingar, I, 178-179; IA 61, 117, 323; IA IV, 281; Bsk I, 461; DI II 118; DI III 195, 774; DI IV 152; DI VI, 523; DI VII, 79, 285-86; DI VIII, 411; DI X, 86- 87, 89, 112, 545, 664

BA-087:003 *Alheimur* heimild um bústað

65°22.556N 22°54.846V

Samkvæmt uppdrætti frá 1911 af Flatey eftir Samúel Eggertsson var Alheimur á suðvesturhorni Myllumós sem eru móar rétt austan við Grýluvog 125. Í skýrslu Guð-



Mynd 4: Alheimur 003, horft til S.

mundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Árið 1838 byggði Ólafur Jónsson skipstjóri og beykir torfbæ á þessum stað og sem nefndur var Alheimur. Bergþór Einarsson (1883-1941) sjómaður fékk Sigurð Jóhannsson til að smíða timburhús í stað torfbæjarins árið 1922 og bjó þar með konu sinni Ingibjörgu Jónsdóttur (1890-1953). Húsið var um tíma nefnt Berþórshvoll en nafnið

Alheimur var tekið upp aftur.“

Núverandi hús var byggt 1922 og telst því ekki til fornleifa og sömu sögu er að segja um hjall norðan við Alheim, þ.e. hann er of nýlegur til að teljast til fornleifa. Undir þessu númeri er hins vegar skráð staðsetning torfbæjarins sem ekkert sést nú lengur til. Húsið sem stendur nú (2014) í þess stað er uppgert og vel viðhaldið lítið timburhús. Núverandi íbúðarhús stendur á brekkubrún suðaustan Skansmýrar.

„Þetta hús mun Ólafur Jónsson, beykir og skipstjóri, hafa reist 1838,“ segir í

örnefnaskrá. Húsið sem nú stendur á þessum stað er einlyft timburhús með risþaki. Engin ummerki sjást um eldri byggingu. Um 10 m suðvestan við íbúðarhúsið er fagurgrænt svæði þar sem mögulegt er að mannvistarlög leynist undir sverði en þó er vel hugsanlegt að gróðurbreytingar séu tilkomnar af seinni tíma raski. Norðaustan í hæðinni sem íbúðarhúsið stendur hefur nýlega verið rist torf og í sárinu sjást bein, viðarkol og glerbrot.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 3; Eylenda, I, 94, Guðmundur L. Hafsteinsson, 50, Uppdráttur Samúels Eggertssonar 1911

BA-087:004 heimild

65°22.332N 22°55.198V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merktur kassi með X inn í (eyðibýli?). Það er Milli Innstapolls (134) og Hólsbúðarvarar (101). Þetta er niður eða suður af tóft útihúss og kálgarðs, sjá 014. Grösugur, harðlendur bakki vestan við nafnlausa vör (155). Engar minjar sjást á þessum stað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:005 tóft útihús

65°22.333N 22°55.115V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári var hús við suðurströnd Flateyjar, milli 004 og 006. Tóft er að því er virðist á þessum stað, fast suðaustan við uppistandandi fjárhús. Harðlendur grasbakki. Suðurveggur tóftar er nánast á sjávarbakka.

Mjög vegleg tóft, miklir veggir og stæðilegir. Austurveggur virðist nú um 3 m þykkur. Alls er tóftin um 8 x 8 m stór og eru dyr á norðvesturhorni. Innanmáls er hún 4 x 2,5 m stór frá norðri til suðurs. Veggheðslur eru mjög stæðilegar, úr grjóti og allt að 2,5 m á hæð þar sem mest er. Austurhlið hefur sigið dálítið inn á við. Rask er töluvert í norðurenda. Ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið gegndi en gæti þó af



Mynd 5: Tóft 005, horft til SV.

umfangi og hæð vegghleðslna að dæma hafa verið hlaða.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906, Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:006 heimild um bústað

65°22.340N 22°55.100V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merkt hús við suðurströnd Flateyjar, milli 005 og 007. Þetta er í stefnu SSV af Hólsbúð 029. Harðlendur bakki. Engar minjar eru sjáanlegar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906, Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:007 heimild um útihús

65°22.343N 22°55.094V

Inn á túnakort frá 1906 og kort SE frá sama ári var hús við suðurströnd Flateyjar. Hús þetta hefur verið við vesturenda Hölluhúsakálgarðs 145 og kannski heldur sunnar en það. Ekki er ljóst hvort þetta var útihús eða mannabústaður þótt hið fyrrnefnda sé líklegra. Harðlendur grasbakki. Yfirborð er fremur óslétt en þó er engar sannfærandi minjar að sjá.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906, Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:008 *Bakkabær* hús bústaður

65°22.501N 22°55.075V

„Bakkabær, stóð á bökkunum suðvestan Grýluvogs [125],“ segir í örnefnaskrá. Hægt er að staðsetja Bakkabæ nákvæmlega vegna uppdráttar af Flatey eftir Samúel Eggertsson frá árinu 1911. „Bakkabær stóð þar, sem Pósthúsið stendur nú (áður var póstafgreiðsla í Klausturhólum),“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Samkvæmt skýrslu um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey var húsið sem nú stendur á þessum stað reist 1903 á rústum torfbæjarins Bakkabæjar og telst það því til fornleifa. Arkitekt er óþekktur en talsverðar breytingar hafa átt sér stað á húsinu samkvæmt skýrslunni, t.d. verið byggður skúr með skúrþaki við austurgafli hússins og rishæð hússins einnig lengd, kvistir settir á það og ýmsu af ytra birgði breytt. Brekkubær stóð þar sem húsið Sólbakki stendur nú en Sólbakki er vel viðhaldið, einlyft timburhús með risþaki.

„Margir hafa byggt og búið þar, eða á þeim slóðum. Þar stóð áður eitt af elztu bændabýlunum í Flatey, hét það Fjósakot [021] [...] Nefnt Stefánsshús eftir Stefáni

Stefánssyni (f. 1856, d. 1937),“ segir í örnefnaskrá. „Hér bjó Stefán Stefánsson [...] og byggði hann hér síðan timburhús, er síðar var nefnt Sólbakki [...] á rústum torfbæjarins [líklega Bakkabæjar]. Suður af Sólbakka stóð eina tíð bærinn Fjósakot [021],“ segir í Eylendu. Bærinn sést á ljósmynd í Eylendu, bls. 158.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Á Bakka stóð torfbærinn Bakkabær og á rústum hans byggði Stefán Stefánsson meðhjálpari timburhús 1903 sem í fyrstu hét Stefánshús. Að Stefáni gengnum bjó þar Viktor Guðnason sem nefndi húsið Sólbakka. Þar var rekið pósthús og símsstöð. Sólbakki er einlyft timburhús með risþak og kvist hvorum megin með risþak.

Húsið stendur á steinsteyptum sökkli, veggir og kvistir eru klæddir slagþili og þak bárujárni. Á húsinu eru fjögur rúðu krosspóstagluggar; tveir á framhlið, þrír á vesturstafni, einn á norðurhlið og austurstafni. Auk þeirra er á framhlið tveggja rúðu gluggi með þverpóst og á austurstafni tveggja rúðu gluggi með miðpóst. Á hvorum kvisti er stór þríhyrndur gluggi og undir honum tveggja rúðu þvergluggi. Útidyr eru á framhlið austarlega. Unnið er að viðgerð hússins og frágangi ekki lokið (2006).“ Engin merki sjást um eldri torfbæ.



Mynd 6: Bakkabær 008, horft til NA.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 4 og 30; Eylenda I, 94, 158, 159 og 208, Ö-Flatey og Heimalönd SG, 4, Guðmundur L. Hafsteinsson, 29

BA-087:009 *Bakkhús* þúst bústaður

65°22.589N 22°54.905V

„Bakkar. Stundum kallaðir Norðurbakkar, sem er norðurbrún Flateyjar, aðallega frá Þýzkuvör [178] og austur að Hjallsvík [sjá 028]. Á þeim stóðu mörg hús á lágum klettabökkum við sjóinn, sem þeirra standa enn,“ segir í örnefnaskrá. Hægt er að staðsetja Bakkhús nákvæmlega vegna uppdráttar af Flatey eftir Samúel Eggertsson frá árinu 1911. Á sama stað stóð Guðlaugarhús en um það segir í örnefnaskrá: „Guðlaugarhús. Það stóð á Grýluvogsbökkum [126] og var kennt við Guðlaugu (f. 1812, d. 1872) dóttur Árna Pálssonar hreppstj. á Firði í Múlasveit,“ Bakkhús voru beint sunnan við Myllustaði 045 og virðast hafa verið innan við 10 m á milli húsanna samkvæmt korti




Mynd 7: Bakkhús 009, horft til V.

Samúels Eggertssonar. Hann er einnig merktur inn á túnakort Samúels. Bakkhús stóðu á bakka Skansmýrar, þar sem nú er grasflöt milli malarslóða sem liggur um endilanga Flatey og mýrarinnar.

„Bakkhús. Fyrst er þar getið Jóns Bjarnasonar, sem áður bjó um skeið í Hergilsey, en fluttist hingað [í Bakkhús] 1852 [...] Þá má nefna feðgana Jón Jónsson formann og Hermann skipstj. son

hans, sem keypti Bakkhúsið 1890 fyrir 120 kr. [...] Um aldamótin 1900 bjó hér Benjamín [...] Jóhannesson [...] Þar er nú slétt flöt 1939,“ segir í örnefnaskrá. Græn þúst sést þar sem bærinn stóð áður. Þústin snýr norður-suður. Greinilegasti hluti hennar er 9,5 x 5 m stór en gróflega má segja að svæði þar sem einhver uppsöfnin kunni að leynast sé um 19 x 16 m stór. Hún er talsvert mjórri í norðurenda heldur en til suðurs (að



Teikning 2: Bakkhús 009, bústaður 027, kálgarður 030, gerði 044, Myllustaðir 045 og kálgarður 093. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

mýri). Norður-, austur- og vesturhliðar hennar eru sæmilega greinilegar en mörk suðurhliðar, þeirrar hliðar sem snýr að mýrinni er óskýr. Hæðin er mest 0,3 m á hæð og gróður er þar grænni og ræktarlegri en á flötinni umhverfis.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 4-5, 14; Eylenda I, 94, Uppdráttur Samúels Eggertssonar 1911; Túnakort 1906

BA-087:010 þúst naust

65°22.354N 22°55.002V

Ofan við Hólsbúðarvör 101, heldur austur en við hana miðja og þá neðan við Norskubúðarkálgarð, eru óljósar hvilftir, hugsanlega leifar nausta. Gróinn bakki, harðlendur.



Mynd 8: þúst 010, horft til A.

Alls er mögulegt tóftasvæði allt að 30 x 15 m stórt. Vestari hvilftin er hér um bil upp af miðri vör. Hún er illa sýnileg næst sjónum en um 5 m norður af bakka sést hvilft til norðurs, 2-3 m breið en óregluleg. Hún er algróin og sést ekkert grjót í henni. Hún er á að giska 10-12 m löng en ekki alveg greinilega afmörkuð. Girðing liggur yfir hana. Vestan við tóftina er bakkinn ójafn og ekki óhugsandi að þar séu frekari tóftir. Hin hvilftin er enn ógreinilegri, um 9 m austar. Austari hvilftin er ekki jafn sannfærandi sem naust, enda eru klettur austast í vörinni þar niður af og hefði ekki verið auðvelt að draga upp bát.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:011 Bentshús hús bústaður

65°22.572N 22°55.012V

Samkvæmt uppdraetti af Flatey frá 1911 eftir Samúel Eggertsson er Bentshús rétt suðaustan við Þýskuvör 178. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsaönnun í Þorpinu í Flatey kemur fram að Bentshús var byggt 1871 en höfundur þess er ókunnur. Árið 1926 voru gerðar talsverðar breytingar á gluggum hússins. Bentshús er vel viðhaldið timburhús vestan Þýskuvarar 178. Húsið er á sjávarbakka. Beint fram af því (norður af því) er Nýjabryggja. Bentshús er tvílyft timburhús með risþaki.

„Bentshús. Bent Jónsson kaupm. (f. 1830, drukknaði í apríl 1873). Hann fluttist til Flateyjar 1861. Bjó fyrst að Myllustöðum [045], en reisti þetta hús sitt 1870-1871,“ segir í örnefnaskrá.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Bentshús er tvílyft timburhús með lágt risþak og tveggja hæða viðbyggingu með skúrþak við norðurhlið. Húsið stendur á steinhlaðinni og steyptri undirstöðu og veggir eru klæddir bárujárnri og hornborðum. Þak er bárujárnsklætt og á því norðanveru eru tveir reykháfar úr málmi og þakgluggi að sunnanverðu. Á framhlið hússins eru þrír níu rúðu tvíkrosspóstagluggar og einn á vesturstafni. Tveir sex rúðu krosspóstagluggar eru á hvorum stafni og einnar rúðu gluggi efst á gafflhyrnu. Á norðurhlið eru tveir sex rúðu krosspóstagluggar, tveir á viðbyggingu og á hennar eru einnig tveir sex rúðu gluggar með miðpóst. Útidyr eru á vesturhlið viðbyggingar og fyrir þeim spjaldahurð og steinsteypdur pallur framan þeirra og tröppur með þremur þrepum.

Í húsinu er íbúð á hvorri hæð. Inn af útidyrum er anddyri, stigi upp á efri hæð og baðherbergi undir stiga. Úr anddyri er gengið inn í forstofu í íbúð neðri hæðar um spjaldsetta og glerjaða hurð með fjöggra rúðu þverglugga yfir. Herbergi er við vesturgaff og tvær stofur við suðurhlið með rennihurðum á milli, borðstofa er inn af forstofu að austanverðu og eldhús í viðbyggingu. Veggir í anddyri eru panelklæddir, forstofa og herbergi eru klædd spjaldapili, stofur báðar veggfóðraðar, borðstofa er klædd brjóstþili og plötum og eldhús er panelklætt. Loft í forstofu er klætt panil og borðum neðan á bita og í herbergi er panelklætt milli bita. Suðvesturstofa er borðaklædd neðan á bita, loft í suðurstofu er strekkt með málningarpappír og í báðum stofum eru rósettur í lofti og gipskverklistar í suðurstofu. Loft í borðstofu er plötuklætt neðan á bita en plötuklætt milli bita í eldhúsi.



Mynd 9: Bentshús oII, horft til NNA.

Upp af stiga er framloft og baðherbergi að austanverðu. Gangur er næst framlofti, stofa í suðvesturhluta, kames í norðvesturhorni, stofa við miðja suðurhlið, herbergi í suðausturhorni og eldhús að norðaustanverðu. Framloft og baðherbergi eru klædd sléttum panil en gangur, eldhús, suðurstofa og herbergi eru klædd strikuðum panelborðum. Suðvesturstofa er veggfóðruð

og kames klætt málningarpappír. Súð á framlofti og baðherbergi er paníklædd og loft á gangi og í eldhúsi eru klædd plötum neðan á bita. Loft í suðurstofu og suðausturherbergi eru panelklædd milli bita og málningarpappír er á milli bita í suðvesturstofu og kamesi.“

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 5-6; Eylenda I, 84 og 94; Guðmundur L. Hafsteinsson, 42

BA-087:012 þúst útihús

65°22.347N 22°55.039V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar er merkt vör eða lending, Hólsbúðarvör 101, og lítið hús þar beint ofan við – það hefur þó staðið heldur vestar en beint upp af vörinni. Húsið hefur verið um það bil mitt á milli Norskubúðarkálgarðs 047 og Hölluhússkálgarðs 145 en talsvert neðar eða sunnar.

Grasi gróinn og fremur þýfður en harðlendur sjávarbakki, ekki lending hér vestan við vörina. Lítil ummerki sjást en þó regluleg dæld um 3 x 2 m stór frá austri til vesturs, 0,2 m djúp, og gæti hún verið leifar af húsinu. Girðing er fast norðan við staðinn og liggur austur-vestur.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:013 heimild um bústað

65°22.360N 22°55.197V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merkt hús og kálgarður við suðurströnd Flateyjar. Þetta er 20-30 m ofan eða norðan við tóft og kálgarð sem hér hafa númerið 014. Tún í halla mót suðri – þó er jafnsléttu næstum náð hér.

Smáhóll í túni en auk þess sjást óljósar hleðsluleifar fast austan við hann. Hugsanlega eru þær af húsunum sem sjást á umræddum kortum en gætu líka verið eftir eldri mannvirki. Hóllinn sjálfur er um 10 m í þvermál en alls er svæðið sem mögulegar hleðslur sjást á er lítilla stærri. Á loftmynd frá því um 1950 sést hús á þessum stað sem snýr hér um bil frá austri til vesturs.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Loftmynd frá því um 1950

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merkt hús og kálgarður nokkru vestan við Hólsbúð 029. Þar er stæðileg útihústóft og veglegur kálgarður sem enn er í notkun. Heilleg og falleg mannvirki með veglegum veggjahleðslum. Ágúst Ólafur Georgsson skráði rústina árið 1989. Neðst í túni sem enn er í rækt.

Alls ná rústirnar yfir svæði sem er rúmlega 20 x 11 m stórt frá austri til vesturs. Húsin eru austar. Þau snúa SA-NV með dyr í hér um bil miðjum suðvesturlangvegg. Veggurinn er hæstur vestan við dyrnar, allt að 1,6 m hár, sama gildir um norðvesturgaflinn en annars eru veggir lægri, víðast um 1 m á hæð eða þar um bil. Þeir lækka almennt til suðausturs. Að innanmáli er húsið um 8 x 3 m stórt. Vestarlega í því vottar fyrir grjóthlöðnum bálki sem liggur þvert yfir húsið en annars sjást ekki garðar, jötur eða önnur mannvirki nema dæld í norðausturhorni sem er um 1 m í þvermál. Í suðvesturhorni, skammt vestan við dyrnar, er líkt og hafi verið op inn í vegginn sem hefur verið fyllt upp með smærra grjóti. Dæld er í miðjum austurgafli og ekki óhugsandi að þar hafi verið dyr. Kálgarðurinn er enn í notkun. Hann er fast upp við vesturgaflinn, sem þjónar því sem austurveggur kálgarðs. Hann er um 10 x 10 m stór að innanmáli, hlaðinn úr tvöföldum hleðslum en fyllt upp á milli með mjög smáu grjóti. Op er á honum til austurs í krika upp við útihúsin. Norðurveggurinn virðist eldri en hinir, er í það minnsta gróinn og hlaðinn úr öðruvísi grjóti. Fast norðan við rústirnar er dálítill aflöng hólbunga frá austri til vestur, hér um bil jafnlöng og mannvirkin. Í henni gætu leynst rústaleifar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Georgsson, 11



Mynd 10: Útihús 014, horft til A.



Mynd 11: Hauskúpur á vegg útihúss 014.

Samkvæmt uppdrætti af Flatey frá 1911 eftir Samúel Eggertsson er Brekkubær rétt sunnan við Grýluvog 125 og fyrir vestan Beykishús 012. Ágúst Georgsson skráði rúst af loftmynd (nr. XVI) og segir í skýrslu sinni: „Rúst?“ Brekkubær var rifinn 1970 en hefur nú öðlast endurnýjun lífdaga þar sem hús var byggt þar á sama stað og bærinn stóð 2005. Ágúst Georgsson skráði rúst á þessum stað árið 1989 og hefur það annaðhvort verið rústir sjálfs bæjarins eða kálgarða sem voru við hann.



Mynd 12: Brekkubær 015, horft til S.

Núverandi hús er timburhús sem var byggt að fyrirmynd Brekkubæjar en það snýr þó ekki eins. Mögulegt er að einhver örlítil uppsöfnun sé að finna að norðan og norðvestanverðu við bæjarstæðið en hún er sjálfsagt mjög lítil og hæðin að mestu náttúruleg.

„Brekkubær. Magnús (f. 1854, d. 1933) smiður og gestgjafi (vært), Magnússon, fluttist til Flateyjar 1876, og er þess getið, að hann hafi búið í þessum torfbæ, þangað til hann hafði lokið smíði Værtshússins [123] 1879 og flutzt í það [...] Brekkubær stóð fram til 1928, að Jón Jónsson smiður reisti, á grunni hins gamla bæjar, allhátt timburhús, er hann nefndi Sunnuhvol,“ segir í örnefnaskrá. Ljósmynd af Sunnuhvoli er á bls. 211 í Eylendu. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Á Brekku, sunnan við húsaþyrpinguna við Holustíg, stóð torfbærinn Brekkubær. Jón Jónsson snikkari byggði þar timburhús árið 1928 og nefndi Sunnuhvol.“

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 7; Eylenda I, 94 og 211; Ágúst Georgsson, 11; Guðmundur L. Hafsteinsson, 29

BA-087:016 heimild um bústað

65°22.412N 22°55.188V



Mynd 13: Staðsetning bústaðs 016, horft til N.

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merkt hús suðvestan við kirkjugarð 002. Á korti Samúels Eggertssonar 1906 er það sagt hús læknis. Hús þetta stóð þar sem nú er heimkeyrslan að húsinu Krákuvör, nálægt tveimur steinum sem þar standa (sjá 119). Grösugt er beggja megin við heimkeyrsluna. Engar leifar sjást nú eftir húsið, en það mun hafa brunnið.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:017 garðlag túngarður

65°22.339N 22°55.301V

Túngarður liggur upp til norðausturs frá kálgörðum þeim sem eru austan við Innsta-poll, sjá 143. Túngarður þessi er sýndur á korti Samúels Eggertssonar frá 1906. Gróin brekka mót suðri. Ekki er augljóslega sléttara eða grösugra innan garðs en utan.

Garðurinn hefur verið sléttaður norðaustast, má giska á að um helmingur hans sé horfinn undir hús og tún. Hann byrjar skammt vestan við girðingu sem liggur



Mynd 14: Túngarður 017, horft til NV. Teikning 14 á síðu 165 sýnir uppdrátt af minjunum.

norður-suður vestan við staðinn þar sem útihús 014 stóð, nánar tiltekið um 35 m norðvestur af því. Grjót er í honum en hann er á kafi í grasi. Hæð mest um 0,5 m en breidd 0,8-1 m. Alls má rekja hann á rúmlega 80 m löngum kafla. Ekki er alveg ljóst hvaða býlum þessi garður þjónaði eða hvers vegna hann liggur einmitt svona. Hugsanlega var túnið sameiginlegt fyrir öll býlin: Hólsbúð, Kúldshús, Hólshús – jafnvel Miðbæ. Það sem sést af garðinum hefur orðið fyrir talsverðu raski: lögn sem liggur frá sumarhúsi sem tilheyrir

Stjórnarráðinu liggur í gegn um hann um miðbikið og þar eins og honum hafi verið rutt um á kafla. Það sem kemur í framhaldi, að kálgörðum (í sömu stefnu og sýnd er á korti Samúels Eggertssonar frá 1906) er aðeins öðruvísi, heldur lægra og minna um sig – mest sýnilegt grjót er næst gördunum. Garðurinn er fremur veigalítill og má geta þess til að hann hafi verið hlaðinn undir streng.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:018 heimild um útihús

65°22.429N 22°55.160V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merkt hús beint vestan við kirkjugarð 002. Á þessum stað hafa lengi verið útihús og eru enn, nánar tiltekið fjárhús frá Krákuvör. Þau standa á dálitlum hól sem skagar út úr náttúrulegum hrygg – þeim sama og kirkjugarðurinn er á.



Mynd 15: Útihús 015, horft til S.

Húsin eru úr blönduðu byggingarefni, timbri, járn og steypu og virðast hafa verið reist í nokkrum áföngum. Ekki sést til eldri minja. Fé og hænsn eru í húsunum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:019 Eyjólshús hús bústaður

65°22.552N 22°55.088V

„Eyjólshús. Það var um 1886, að norskt skip kom til Flateyjar með allstóran timburfarm. Þá reisti Eyjólfur kaupmaður þetta íbúðar- og verzlunarhús sitt, og var það árið 1890 kallað Oddhús [050] (eftir gömlu geymsluhúsi, er þar hafði staðið),“ segir í örnefnaskrá. Í Eylendu segir að Eyjólshús hafi verið byggt árið 1882 af Bárar-Ólafi Guðmundssyni ásamt Eyjólf tengdasyni hans. Húsið hafði ýmis nöfn því fyrir utan Eyjólfsnafnið og Oddnafnið var það kallað Tangahús og Pálshús. Oddhús er kallað Oddahús í Eylendu. Húsið sést á mynd í bókinni á bls. 114 og 133. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey kemur fremur fram að húsið er byggt 1885 en hönnuður þess sé ókunnur. Það kemur einnig fram að ýmsar

breytingar hafi verið gerðar á húsinu í gegnum tíðina t.d. var skúr meðfram austurstafni húss rifinn og stærri kvistur settur á húsið. „Oddhús [...] Það stóð þar, er Eyjólfs-
hús [019] stendur nú,“ segir í örnefnaskrá. Eyjólfs-
hús er norðan við Grýluvog.

Eyjólfs-
hús er einlyft timburhús sem stendur enn og er vel viðhaldið.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Eyjólfs-
hús er einlyft timburhús með krossreist þak og miðjukvist með skúrþak við framhlið. Húsið stendur á hálfniðurgröfnum kjallara úr hlöðnu grjóti og er efri hluti kjallaraveggja smíðaður úr timbri. Við bakhlið hússins eru tveir bakdyras-
skúrar með geymslum undir og á þeim eru skúrþök. Veggir, og efri hluti kjallara, eru klæddir bárujárn-
i en bakhlið og skúrar eru klæddir sléttu járn-
i. Þök eru bárujárns-
klædd og á mæni eru tveir reykháfar. Á húsinu eru fjöggra rúðu krosspóstagluggar án ramma; fjórir á hvorum stafni, tveir á framhlið og einn á bakhlið og þar er að auki



Mynd 16: Eyjólfs-
hús 019, horft til NNV.

tveggja rúðu gluggi. Efst á gaflhyrnu
hvorum megin er þríhyrndur gluggi
og annar heldur neðar á gaflhyrnu að
vestanverðu. Tveir fjöggra rúðu gluggar
eru á kjallara að vestanverðu og einn
átta rúðu að norðanverðu. Á vestari
bakdyraskúr er fjöggra rúðu gluggi, hleri
fyrir geymslu og yfir hleranum bakdyr
og trétröppur upp að þeim. Á eystri
skúrnum eru tveir hlerar að geymslu
og bakdyr með trétröppum upp að

og einnar rúðu gluggi. Útidyr eru á miðri framhlið og fram undan þeim trétröppur
og kjallaradyr á austurstafni. Í húsinu eru tvær íbúðir, sín í hvorum enda og er sú að
vestanverðu stærri. Inn af útidyrum á framhlið er forstofa, tvær stofur eru við vestur-
gafl, inn af forstofu er eldhús og í því stigi upp á loft. Úr eldhúsi er gengið í bakdyra-
skúr við bakhlið. Framloft er upp af stiga, geymslukompa að norðanverðu, kvist-
herbergi að sunnanverðu og tvö herbergi við gafl. Gengið er inn í íbúð í austurenda
um bakdyraskúr. Eldhús með stiga er að norðanverðu og stofa inn af að sunnanverðu.
Í risi er svefnloft.“

„Oddhús var byggt úr torfi og grjóti 12-15 álna langt og 5-6 álna breitt. Loft var í
því á bitum, það var geymsluhús Sigurðar Johnsens kaupmanns,“ segir í örnefnaskrá.

Austan við húsið virðist hafa verið sambyggður skýr en hann hefur nú verið
rifinn. Staðsetningu hans er hægt að áætla út frá leifum hlaðins og steyp-
ts grunn-
s.

Sunnan við húsið er hleðsla sem hefur verið norðausturhorn á byggingu. Nú er hægt að greina um 14 m af norðurvegg og um 5 m af austurvegg og endar hleðslan að norðan í steyptri plötu. Hleðslan mest 0,5 m á hæð, mest sjá 3 umför af grjóthleðslu sem er hlaðin úr talsverðu stórgrýti.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 9, 28; Eylenda I, 114, 133, 175 og 204; Guðmundur L. Hafsteinsson, 36

BA-087:020 *Kerlingarmýri/Snorrabrunnsmýri* 65°22.489N 22°55.109V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merkt hús norðan við Snorrabrunnsmýri. „Kerlingarmýri, austur af Kerlingarvogi [sem er fyrir ofan Bryggjusker sem er aftur á móti fyrir vestan Grýluvog, 125], var oft kölluð eftirfarandi nöfnum: Fjárhúsamýri, Vesturbúðamýri og Snorrabrunnsmýri,“ segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvaða hús stóð á þessum stað og engin ummerki sjást nú (2014) í túninu á þessum slóðum. Sléttuð tún eru nú þar sem húsið stóð, fast sunnan við Snorrabrunnsmýri. Á svipuðum slóðum og húsið hefur staðið eru svolitlar ójöfnur í túninu en þær eru of óreglulegar til að hægt sé að tengja þær húsinu með vissu.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ö-Flatey, 21, 22

BA-087:021 Fjósakot bæjarhóll bústaður 65°22.491N 22°55.060V

„Fjósakot var með allra elztu grasbýlum í Flatey. Bær þessi stóð á Grýlugsbökkum [125] þar sem síðar var matjurtagarður Bakkabæjar,“ segir í örnefnaskrá. „Matjurtagarðurinn fyrir sunnan Bakkabæ [008] var áður nefndur Fjósakotsgarður,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Hluti af kálgörðunum sem voru sunnan og vestan við Bakkabæ sjást enn, innan lóðar en í jaðri hennar. Sléttuð grasflöt við hús.

„Árið 1762 bjó í Fjósakoti sá maður er Bjarni hét (f. 1714, d. 1796) meðhjálpari í Flateyjarkirkju í hálfa öld eða lengur [...] Skömmu eftir 1804 var gamli Fjósakotsbærinn rifinn og tóttir hans jafnaðar við jörðu, en hlaðan og fjósið stóðu lengi þar á eftir. Nýr bær var loks reistur þarna á bökkunum [þ.e.a.s. Grýlugsbökkum, 126] eilítið norðar, kallaður Bakkabær [008],“ segir í örnefnaskrá. Bærinn Fjósakot er horfinn en s.k. Fjósagarður sem var kálgarður við sést enn á hluta. Garðurinn hefur að hluta horfið undir húsbyggingu Bakka og timburpalls við húsið en hægt er að sjá einhverjar leifar á svæði sem er um 26 x 28 m stórt. Að vestanverðu má fyrst greina



Mynd 17: Fjósagarður 021, horft til N.

garðinn þar sem hann kemur undan palli við Bakka og liggur svo í um 9 m til suðurs áður en hann beygir í 90° og liggur í tæpa 23 m til austurs. Um miðbik suðurhliðarinnar má greina hrygg í grasflötinni á einum stað í 9-14 m þar sem garðinum virðist hafa verið skipt upp. Til norðurs frá norðausturhorni liggur einnig hryggur til suðurs í um 30 m þó ekki sé lengur hægt að greina syðstu metrana. Frá norðausturhorni er ekki hægt að greina garð heldur bara brún í um 19 m kafla áður en hún verður alveg óskýr. Innan garðs, í norðausturhorni eru svolitlar ójöfnur, á svæði sem er 8 x 3 m og snýr austur-vestur en ekki er um greinilegar mannvistarleifar að ræða. Garðurinn er

mest 1,2 m á breidd en 0,3-0,5 m hátt og er vandlega hlaðið úr grjóti en gróið.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 10; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 5

BA-087:022 Kolahús heimild um kolahús

65°22.656N 22°55.064V

Samkvæmt uppdrætti Guðmundar Jóhannessonar sem líklega var gert á árunum 1919-1931 var kolahús á sjávarbakkanum við vestan við Þýskuvör [178]. Á þessum slóðum er nú slétt grasflöt en engin ummerki um umrætt kolahús sjást lengur.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Uppdráttur Guðmundar Jóhannessonar

BA-087:023 þúst leið

65°22.450N 22°54.849V

Milli Klausturhóla og bókhlöðunnar, á háhryggnum í Flatey, liggur regluleg upphækkun sem líkist gömlum vegi eða hugsanlega útflöttu garðlagi. Grasi vaxinn og fremur sléttur hryggur.

Hryggurinn er 3-4 m breiður og sést á hátt í 30 m löngum kafla.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar



Mynd 18: Leið 023, horft til V.

BA-087:024 *Hergilsey* bústaður

Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Á meðal Flateyjar landa er Hergilsey, sem byggð hefur verið til forna, en er nú selstaða úr Flatey. Kann ei að missast frá Flatey, selstöðunnar vegna.“ Ekki var farið í Hergilsey sumarið 2014 en þar hefur verið gerð fornleifa-skráning. Ekki er vitað um tóftir sem þykja líklegar til að vera seljatóftir frá Flatey en hugsanlegt að þær séu huldar undir yngri mannvistarleifum.

Heimildir: JÁM VI, 241

BA-087:025 heimild um kálgarð

65°22.588N 22°54.894V

Inn á túnakort frá 1906 er merktur kálgarður um 2 m austan við Bakkhús 009. Engin greinileg ummerki sjást nú um kálgarðinn en hann hefur á efa verið á sömu lágu þústarhæðinni og Bakkhús (sjá 009).

Bakkhús stóðu á bakka Skansmýrar, þar sem nú er grasflöt milli malarslóða sem liggur um endilanga Flatey og mýrarinnar. Örlitla upphækkun eða þúst má greina á þessum slóðum (sjá 009). Af túnakortinu að dæma hefur kálgarðurinn verið langur og mjór (h.u.b. 10 x 5 m) og snúið NNV-SSA.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Túnakort 1906

BA-087:026 *Hafnarskemma* bæjarhóll bústaður 65°22.571N 22°55.035V

„Hafnarskemma. Stendur uppi á klettabökkunum rétt austan við Þýzkuvör [178] [...],“ segir í örnefnaskrá. Á korti af Flatey frá 1906 eftir Samúel Eggertsson og á uppdrætti frá 1911 eftir sama mann sést nákvæmlega hvar Hafnarskemman var en óljós ummerki sjást eftir hús á þessum stað nú (2014). Hafnarskemman var austan við Þýzkuvör 178 en vestan við Bentshús 011, frammi á sjávarbakkanum. Á þessum slóðum má sjá móta fyrir mannvistarleifum í grassverðinum, sem gætu verið leifar Hafnarskemmunnar. Fremst á sjávarbakka á grasi gróinni flöt á milli vegarslóða um Flatey og sjávarkletta.

„Dökkleitt timburhús með lágum veggjum og bröttu þaki. Gluggar á vesturgafli og suðurhlið. Dyr á miðri suðurhlið. Skömmu eftir 1860 var hér torfbær, segir Hermann S. Jónsson skipstjóri. Árið 1920 varð Hafnarskemma sölubúð hins nýstofnaða Kaupfélags Flateyjar, og nokkrum árum síðar vörugeymsluhús þess, þegar félagið hafði fengið betri sölu búð. Hafnarskemmulækur. Lækur sem rennur úr Skansmýrinni [sem er austan og suðaustan við Grýluvog, [125] niður í Þýzkuvör [...],“ segir í örnefnaskrá. Hermann S. Jónsson fæddist í Flatey árið 1856 og dó þar árið 1943. Hafnarskemma var áður nefnd Johnsensskemma. Ljósmynd af húsinu er að finna á bls. 187 í Eylendu.

Ummerkin á þessum slóðum ná yfir svæði sem er 12 x 5 m stórt og snýr VNV-ASA. Á þessu svæði má greina tvær þústir. Sú greinilegri er vestar. Hún er 6,5 x 4 m að stærð og má sjá móta sérlega vel fyrir suðurlangvegg og hluta af austurhlið. Aðrar hliðar eru ógreinilegri. Fast austan við þessi ummerki eru frekari ummerki sem gætu



Mynd 19: *Hafnarskemma 026, horft til VSV.*

verið eftir annað lítið hús eða jafnvel hús sambyggt hinu fyrrnefnda. Það er 3,5 x 2,5 og snýr eins og fyrrnefnda mannvirkið. Ekki er greinileg suður- eða vesturmörk á því. Ekki sér móta fyrir miklum veggjum en steinaraðir og gróðurfur gefa sæmilega mynd af legu mannvirkja. Svo virðist sem einhver partur af norðurhluta mannvirkja hafi brotnað í sjó. Hæð „veggja“ er aðeins 0,1-0,2 m.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 16-17; Eylenda I, 94, 180, 181 og 186; Eylenda II, 232

BA-087:027 þúst bústaður

65°22.587N 22°54.871V

Hús er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári norðan við Skansmýri. Tóft sést enn á þessum stað um 23 m sunnan við þar sem húsið Strýta stendur nú (2014). Grasi vaxinn bakki norðaustan við Skansmýri.



Mynd 20: Bústaður 027, horft til NNV. Teikning 2 á síðu X sýnir uppdrátt af þústinni.

Hústóftin er 12 x 8 m stór og snýr NNA-SSV. Ekki er greinilegur veggur fyrir SSV hlið og var líklegast timburpíl þar. Innanmál tóftarinnar er 9 x 3 m.

Grjóthleðslur eru greinilegar í NNA gafli að utanverðu og á 2-3 stöðum innan í tóftinni, aðallega í norðvestur-langvegg. Op hefur verið norðaustarlega á norðvestur-langvegg. Tóftin er nokkuð mis stæðileg. Ytri brún er mest 0,7 m há að norðaustanverðu en innri brún mest 0,6 m á hæð (en víða 0,2-0,3 m). Gólfíð í innsta hluta tóftar er aðeins hærra heldur en sunnar en ekki er nein skipting greinileg í tóftinni.


Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:028 Hjallur gerði bústaður

65°22.622N 22°54.672V

„Hjallur. Var þurrabúðarbyli suðaustanvert í Hjallsvík [sem er norðaustanvert á Flat-ey],“ segir í örnefnaskrá. „Hjallur stóð fram yfir 1890. Hjallsbrekka. Brekkan sem liggur úr Hjallsvíkinni og upp á Lundabergið [sem er norðaustanvert á Flatey]. Hjallsvík. Það er grunn malarvík, sem gengur inn í Flatey milli austurenda Norðurbakka [norðanvert á Flatey] að vestan og Lundabergs að austan,“ segir í örnefnaskrá. „Norður við Hjallsvík, þar sem hallar upp að Lundabergi, er kölluð Hjallsbrekka. Í henni norðanvert stóð Hjallur, hús Jörgens Moul bræðslumanns,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Ágúst Georgsson skráði staðinn (nr. 26) og segir í skýrslu sinni: „Húsrúst. Sýnd sem rúst, eða kálgarður, á fylgiskjali 3 og þar nefnd Hjallur. Hjallur var þurrabúð og stóð eitthvað fram yfir 1890.“ Það sést nákvæmlega á korti frá 1906 eftir Samúel Eggertsson hvar Hjallur var. Hann var um 100 m beint austan við húsið Sólheima, við Hjallvíkina, vestan við Lundaberg. Þar er nú kálgarður. Utan í þýfðum og grasi vöxnum rana sem hallar mót vestri.



Teikning 3: Hjallur 028. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Mynd 21: Hjallur 028, horft til N.

Kálgarður hefur verið hlaðinn á bæjarstæðinu – og væntanlega fyrir margt löngu, enda er þarna eingöngu kálgarður á korti Samúels 1906 þótt þar standi ritað „Hjallur.“ Kálgarðurinn er tví- eða þrískiptur, snýr norður-suður og er alls um 19 x 10 m stór. Suðurendinn er boginn, líkt og hann hafi sigið til vesturs undan brekkunni. Hleðslur virðast ekki mjög vandaðar og mest úr mjög smáu grjóti. Suðurendinn er mest gróinn og sennilega að mestu torfhlaðinn. Op er á garðinum til suðvesturs og í honum má greina tvo þverveggi sem skipta honum í þrennt.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 17; Eylanda I 84; Eylanda II, 233; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 8; Ágúst Georgsson, 10

BA-087:029 Hólsbúð bæjarhóll bústaður 65°22.377N 22°55.096V
„Hólsbúð: Hún stendur kippkorn útsuður frá kirkjunni og er eitt af elstu grasbýlum í



Mynd 21: Hólsbúð 029, horft til NNW.

Flatey,“ segir í örnefnaskrá. „Árið 1940 stóð skemma Jóns bónda í Hólshúsi Sigurðssonar þar, sem Hólsbúð hafði áður staðið,“ segir í Eylandu. Ólafur Sívertsen segir í Sóknalýsingu Vestfjarða, 1. bindi: „Aðalbýlið er nú útsuður frá kirkjunni, hvar sóknarpresturinn býr. Var þar fyrrum kölluð Hólsbúð. Er þar nú allmikill og vel byggður bær, hverjum alls fylgja 22 utanbæjar-, fénaðar og brúkunarhús. En á býlinu

eru yfir höfuð 57 dyrahurðir á járnum, auk þeirra hurða, sem fylgja tilheyrandi bæjum, Miðbæ [...], Görðum [023] og Vesturbúðum [...]. „Árið 1940 stóð skemma Jóns bónda í Hólshúsið Sigurðarsonar þar sem Hólsbúð hafði áður staðið,“ segir í Eylendu I. Hólsbúðarhóllinn er um 30 m SSA af húsinu Krákuvör. Í slegnu túni.

Mjög áberandi, kúptur og mannvistarlegur hól en þó gægjast klappir/jarðfastir steinar fram á nokkrum stöðum sunnan til og gæti hóllinn verið náttúrulegur að einhverju leyti. Suður- og austurbrúnir hólans eru skarpar en hann rennur saman við tún að norðan og vestanverðu. Við vesturenda hans er girðing. Hóllinn er rúmlega 40 x 20 m á stærð og allt að 2 m hár sé staðið við hann að sunnanverðu en engar greinilegar mannvirkjaleifar sjást á yfirborði. Óljóst garðlag liggur frá hólnum um 30 m til suðvesturs en fjarar út skammt austan við brunn 146.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 17 og 18; Eylenda, I, 84, 94 og 187; SSV, I, 121; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:030 gerði kálgarður

65°22.592N 22°54.834V

Mannvirki, líklega kálgarður er merktur rétt ofan (norðan) við Myllumó 252 á túnakort frá 1906, og á kort Samúels Eggertssonar frá sama ári. Ágúst Georgsson skráði rústir kálgarða og húsa árið 1989 (nr. 29) austan við Skansmýri. Í lýsingu sinni segir hann: „Rústir kálgarða og húsa, vallgrónar en mótar þó allskýrt fyrir þeim.“ Kálgarðar myllu Mylluhóls 154 og byggðarinnar á sjávarbakkanum eru merktir inn á öll þrjú kortin sem notuð voru í skráningunni og gerð voru á fyrstu árum 20. aldar (túnakort 1906, kort SE frá 1906 og teikning danskra mælingamanna frá 1911. Á korti túnakorti eru sýndir þrír stakir garðar á þessum stað, á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 sýndir tveir garðar nokkuð stórir og á danska kortinu einn langur garður. Á öllum kortunum



Mynd 22: Kálgarður 030, horft til N. Teikning 2 á síðu 30 sýnir uppdrátt af görðunum.

virðast garðarnir ná yfir álíka svæði og fylgja brekkurótum. Hér eru garðarnir skráðir eftir túnakortinu, undir þremur númerum (sjá 031 og 032) þó færa mætti rök fyrir því að allt eins mætti skrá þá undir einu númeri enda tengjast þeir allir. Undir númerinu 030 er skráður vestasti garðurinn sem er næst því að vera stakstæður. Á grasi grónu svæði milli hæðarinnar þar sem Mylluhóll er og sjávarbakkans.

Á svæðinu má segja að þrír austustu garðarnir (sjá 031 og 032) séu samtengdir en sá vestasti, sá sem hér er skráður sé með óljósari tengingu. Hann er einnig óljósastur af görðunum á þessu svæði. Samtals nær garðabyrpingin yfir svæði sem er 61 x 32 m að stærð og snýr NNA-SSV. Garðurinn sem skráður er undir þessu númeri er sem fyrr segir vestastur. Hann hefur líklega verið þríhyrndur að lögun og legið til suðausturs frá kofa 033. Vesturveggur hans er greinilegastur en norðurveggur aðeins óljósbrún við malarveginn í gegnum Flatey og austurveggurinn er að hluta sameiginlegur með garði 031 en suðurhlutinn, í framhaldinu er óljósbrún í grasinu. Samtals má áætla að þessi garður sé um 35 x 25 m stór og snýr nálega norður-suður. Veggir kálgarðsins eru grónir og á bilinu 0,3-0,7 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Georgsson, 10; Danskar bæjateikningar 1911

BA-087:031 gerði kálgarður

65°22.603N 22°54.809V



Mynd 23: Kálgarður 031, horft til SSV.

Mannvirki, líklega kálgarður er merktur rétt ofan við Myllumó 252 á túnakort frá 1906, og á kort Samúels Eggertssonar frá sama ári. Ágúst Georgsson skráði rústir kálgarða og húsa árið 1989 (nr. 29) austan við Skansmýri. Í lýsingu sinni segir hann: „Rústir kálgarða og húsa, vallgrónar en mótar þó allskýrt fyrir þeim.“ Kálgarðar myllu Mylluhóls 154 og byggðarinnar á sjávarbakkanum eru merktir inn á öll þrjú kortin sem

notuð voru í skráningunni og gerð voru á fyrstu árum 20. aldar (túnakort 1906, kort SE frá 1906 og teikning danskra mælingamanna frá 1911. Á korti túnakorti eru sýndir þrír stakir garðar á þessum stað, á korti SE frá 1906 sýndir tveir garðar nokkuð stórir og á danska kortinu einn langur garður. Á öllum kortunum virðast garðarnir ná

yfir álíka svæði og fylgja brekkurótum. Hér eru garðarnir skráðir eftir túnakortinu, undir þremur númerum (sjá 030 og 032) þó færa mætti rök fyrir því að allt eins mætti skrá þá undir einu númeri enda tengjast þeir allir. Undir númerinu 031 er skráður næst vestasti garðurinn sem er þó vestastur af þeim hluta garðsins sem klárlega virðist samtengdur. Á grasi grónu svæði milli hæðarinnar þar sem Mylluhóll er og sjávarbakkans.

Á svæðinu má segja að þrír austustu garðarnir (sjá einnig 032) séu samtengdir en sá vestasti (030) sé með óljósari tengingu. Samtals nær garðaþyrpingin yfir svæði sem er 61 x 32 m að stærð og snýr NNA-SSV. Garðurinn sem skráður er undir þessu númeri er næst vestastur. Hann er byggður utan í norðvesturhlið Mylluhóls og er um 18 x 18 m að stærð. Ekki er hægt að greina austurvegg garðsins en aðrir veggir eru sæmilega greinilegir og víða um 0,4 m á hæð. Sunnan við suðurhlið garðsins að austan er svolítill þúst, 5 x 4 m að stærð og má vera að þar hafi einhvern tíma staðið sambyggð kartöflugeymsla.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Georgsson, 10; Danskar bæjateikningar 1911

BA-087:032 gerði kálgarður

65°22.611N 22°54.797V

Mannvirki, líklega kálgarður er merktur rétt ofan við Myllumó 252 á túnakort frá 1906, og á kort Samúels Eggertssonar frá sama ári. Ágúst Georgsson skráði rústir kálgarða og húsa árið 1989 (nr. 29) austan við Skansmýri. Í lýsingu sinni segir hann: „Rústir kálgarða og húsa, vallgrónar en mótar þó allskýrt fyrir þeim,“ Kálgarðar myllu Mylluhóls 154 og byggðarinnar á sjávarbakkanum eru merktir inn á öll þrjú kortin sem notuð



Mynd 24: Kálgarður 032, horft til A.

voru í skráningunni og gerð voru á fyrstu árum 20. aldar (túnakort 1906, kort Samúels Eggertssonar frá 1906 og teikning danskra mælingamanna frá 1911. Á túnakorti eru sýndir þrír stakir garðar á þessum stað, á korti SE frá 1906 sýndir tveir garðar nokkuð stórir og á danska kortinu einn langur garður. Á öllum kortunum virðast garðarnir ná yfir álíka svæði og fylgja brekkurótum. Hér eru garðarnir skráðir eftir túnakortinu,

undir þremur númerum (sjá 030 og 031) þó færa mætti rök fyrir því að allt eins mætti skrá þá undir einu númeri enda tengjast þeir allir. Undir númerinu 032 er skráður austasti garðurinn sem skiptist í tvö hólfi. Garðurinn er til móts við Einarshús og austurhluta Bjargs, í norðaustanverðri brekkunni undir Myllumó. Á grasi grónu svæði milli hæðarinnar þar sem Mylluhóll er og sjávarbakkans.

Á svæðinu má segja að þrír austustu garðarnir (sjá einnig 031) séu samtengdir en sá vestasti (030) sé með óljósari tengingu. Samtals nær garðaþyrpingin yfir svæði sem er 61 x 32 m að stærð og snýr NNA-SSV. Garðurinn sem skráður er undir þessu númeri er tvískiptur og er norðaustastur af gördunum. Hann er 31 x 16 m stór og snýr ANA-VSV. Sem fyrr segir skiptist garðurinn í tvö hólfi. Það austara er aflangt og snýr nálega austur-vestur. Það er um 21 x 7 m að innanmáli en suðurhlið þess verður ógreinileg í brekkunni til vesturs. Vestari hlutinn snýr þvert á þann austari og er 11 x 9 m að innanmáli. Veggir kálgarðsins eru grónir en sum staðar sést glitta í grjóti. Þeir eru víða um 0,4 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906, Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Georgsson, 10; Danskar bæjateikningar 1911

BA-087:033 þúst bústaður

65°22.603N 22°54.852V

Inn á túnakort frá 1906 er merktur bústaður ofan við (sunnan við) Svínabæli. Á þessum stað sést enn óljós þúst, fast sunnan við malarvegin sem liggur í gegnum Flatey. Þústin er á grasflöt en nokkuð deiglent er víða umhverfis.

Þústin er fast sunnan við malarstíginn. Hún er 12 x 8 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er mjög ógreinileg og rís aðeins um 0,2 m hærra en umhverfið.



Ekki er eiginlegt tóftalag að sjá á þústinni en upplýsingum af túnakorti (að þarna hafi staðið hús) er bætt við þau ummerki sem greina má á svæðinu verður að telja líklegt að mannvistarleifar sé að finna undir sverði.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

Mynd 25: Bústaður 033, horft til ASA.

BA-087:034 Hölluhús mannvirki bústaður

65°22.356N 22°55.081V

„Hölluhús [...] Þetta hús stendur á grunni hins gamla Kúldshúss, sem séra Eiríkur Kúld flutti með sér að Þingvöllum í Helgafellssveit 1860, og síðar til Stykkishólms,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt korti af Flatey, eftir Samúel Eggertsson, frá 1906 er Hölluhús suðsuðvestanvert á Flatey.

Ljósmynd af húsinu er að finna í Eyglendu I, bls. 147 og 187. Hölluhús „[...] reisti Pétur J. Thorsteinsson [...] til handa Höllu Guðmundsdóttur móður sinni [...] Stendur hús þetta enn (1970) enn lítið breytt,“ segir í örnefnaskrá. Í Eyglendu stendur að Hölluhús hafi verið byggt skömmu fyrir aldamótin 1900. Húsið stóð um 20 meðan eða sunnan við Hólsbúð 029. Flatur og harðlendur bakki neðst í túni, hér er næstum komið niður á jafnsléttu.



Mynd 26: Hölluhús 034, horft til V.

Hölluhús var rífið, það hafði verið forskalað og var alveg ónýtt. Steyptur grunnur undan því er við tjaldstæði neðan Hólsbúðar 029 og í vesturenda hans er lítið hús með vaski og þ.h. fyrir tjaldbúa. Grunnurinn er alls um 12-13 x 5 m stór frá austri til vesturs. Húsið mun hafa staðið austantil á grunninum en vesturpartur verið undir viðbyggingu. Ekki er vitað til þess að nokkrar minjar sjáist eftir Kúldshús á staðnum, enda langt síðan það fór.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 19; Eyglenda I, 147, 189; Eyglenda II, 232

BA-087:035 Innstibær bæjarhóll bústaður

65°22.552N 22°54.636V

Samkvæmt korti af Flatey frá 1906 eftir Eggert Samúelsson var Innstibær sunnan megin á Flatey, eiginlega fyrir miðju. „Innstibær. Hann var einn af fornu bæjunum í Flatey [...] Byggður upp nokkru fyrir 1870. Baðstofan var portbyggð, þó allsnotur [...] Innstabæjarmýri, vestur og norðvestur af Innstabæ.“ Innstabæjartún er einnig til, segir í örnefnaskrá. „Þá var Innstibær mikið býli fyrrum,“ segir í sóknalýsingum Vestfjarða. „Útgarður. Fiskimannsbýli skammt fyrir austan Innstabæ [035],“ segir í örnefnaskrá. „Þar bjó Ari Steinsson (1827-1887) 1867-1887 [...],“ segir í Eyglendu. Kort Samúels Eggertssonar frá 1906 er helsta heimildin um staðsetningu Innstabæjar.

Hann stóð upp af Innstabæjarmýri, rúma 50 m vestur af garði þeim sem liggur þvert yfir Flatey (sjá 248) og um 70 m upp frá suðurströnd Flateyjar. Þetta er um 190 m norð-austur af húsinu á Klausturhólum, eftir því sem næst verður komist. Gróinn bakki, tún, hér í smáhalla niður að Innstabæjarmýrinni sem er norðan við.

Ótrúlega lítil ummerki sjást á bæjarstæðinu og enginn þeirra heimildamanna sem rætt var við gat bent nákvæmlega á staðinn þar sem Innstibær stóð. Á þessum stað er dálítill hóll, rúmlega 20 x 12 m stór frá austri til vesturs. Á honum má með góðum vilja sjá móta fyrir lítilli rúst austan til en mjög er það óljóst. Annar staður þar sem hugsanlega mætti finna mannvistarleifar er 40 m suðvestar, þar er líka hólþýfi (sjá 65°22.552N 22°54.636V).

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 7, 13, 19 og 20, 31; SSV I, 121; Eylenda, II, 233; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:036 Þýskubúðir heimild um bústað 65°22.524N 22°55.008V

Olafur Olavius segir í Ferðabók sinni (1776): „Fyrir ofan svonefndan Grýluvog á eyinni sjálfri höfðu Þjóðverjar haft búðir sínar; voru þær misstórar, og sjást enn tóttir af 9 búðum. Skammt þaðan er Þýzkavör, og hafa þeir sennilega skipað þar vörum sínum á land.“ „Í hinni sögulegu Lýsingu Íslands eftir Kaalund, er þess getið, að þar sem verzlunarhúsin standa nú í Flatey, sáuust einu sinni 9 búðartóttir frá tímum Þjóðverja þar í eyjunni,“ segir í örnefnaskrá. Þýskubúðir eins og þær eru stundum kallaðar voru fyrir ofan Grýluvog en mörg hús hafa staðið á þessum slóðum í gegnum aldirnar og standa enn svo að engin ummerki búðanna hafa varðveist. Mörg hús hafa staðið upp af Grýluvogi síðan Þjóðverjar voru með verslunarbúið á þessum slóðum og þarna er talsvert þétt byggð íbúðar og geymsluhúsa. Engin ummerki um Þýskubúðir sjást á yfirborði.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: OO, 241; Ö-Flatey, 21 og 29

BA-087:037 Bjarg/Jóhannesarhús/Jakobshús hús bústaður 65°22.614N 22°54.840V

„Jakobshús. Kennt við Jakob (f. 1852, d. 1935) verzlunarstjóra í Flatey 1887-1908, Þorsteinsson. Þetta hús reisti upphaflega Jóhannes M. Bjarnason skipstjóri og var það þá nefnt Jóhannesarhús,“ segir í örnefnaskrá. Einnig nefnt Bjarg, skv. Eylendu. „Jakobshús var notað til íbúðar fram á sjötta áratuginn, en hýsti síðar Bókasafn Flateyjar frá árinu 1954-1992,“ segir í Eylendu. Nálægt Einarshúsi 018. Mynd af húsinu er að finna á bls. 167 í Eylendu. Samkvæmt Skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar var húsið byggt 1879 en höfundur er ókunnur. Húsið stendur enn (2014) og er vel við haldið. Vel við haldið, nýlega uppgert,

einlyft timburhús. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsa-könnun í Þorpinu í Flatey segir: „Bjarg er einlyft timburhús með krossreist þak og anddyri með skúrþak við framhlið. Veggir eru klæddir strikuðu listaþili og þök bárujárni. Þakgluggi er á norðurhlið. Undir þakskeggi, framan á sperrutám, er tábord ávalt á neðri brún og hornbord annars vegar á hverju horni og vatnsbretti neðst á veggjum. Á húsinu eru tíu sex rúðu gluggar með miðpóst; þrír á hvorri hlið og tveir á hvorum stafni. Auk þeirra er á hvoru gaflhlaði fjöggra rúðu gluggi með miðpóst. Yfir gluggum á stöfnum er lágur bjór. Einnar rúðu gluggi er á suðurhlið anddyris og dyr á vesturhlið og trépallur framan þeirra. Geymsluskúr er norðaustan við húsið, klæddur listaþili og hornbordum, þak bárujárni og dyr eru á hvorum stafni hans.“ Húsið er um 10 x 4,5 m að grunnfleti. Annars er engu er við lýsingu Guðmundar að bæta.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Eylenda I, 167; Guðmundur L. Hafsteinsson, 46-47



Mynd 27: Bjarg 037, horft til ASA.

BA-087:038 tóft fjárhús


65°22.597N 22°54.667V

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort SE frá sama ári sunnan við Hjall 028. Þar er nú fjárhústóft, líklega yngri hús reist á sama stað og það sem sést á kortinu, enda stærra. Ágúst Ólafur Georgsson skráði rústina árið 1989. Grasþýfi, neðan undir brún hryggjar sem liggur til norðurs, í átt að Lundabergi.

Aflangt garðahús sem liggur frá austri til vesturs, býsna dæmigert, með einum



Mynd 28: Fjárhús 038, horft til N.



Teikning 4: Fjárhús 038. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

grjóthlöðnum garða í miðju og hlöðu aftanvið eða austast. Alls er tóftin 20 x 10 m stór en breiðust er hún við hlöðuendann austast en mjókkar til vesturs. Veggir eru grjóthlaðnir og ekki sérlega vel gerðir, suðurveggur fallinn inn í tóft og gróinn að mestu. Hleðsluhæð veggja er mest um 1,2 m. Þessi hús eru undir þaki á loftmynd sem tekin er um 1950.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Georgsson, 10; Loftmynd af Flatey frá því um 1950

BA-087:039 *Garðar/Klausturhólar* bæjarhóll bústaður 65°22.469N 22°54.794V „Árið 1900 reisti [séra Sigurður Jensson, próf. og alþm] sér mjög myndarlegt timburhús austarlega á háeyjunni, suðvestur af hinni klausturkirkjutótt, að menn ætla, og nefndi það Klausturhóla,“ segir í örnefnaskrá. „Klausturhólar standa vestan við þar sem áður stóð Flateyjarklaustur [...], sem reist var árið 1172, en flutt fáum árum síðar að Helgafelli í Helgafellssveit,“ segir í Eylendu. Á korti af Flatey frá 1906 eftir Samúel Eggertsson sést nákvæmlega hvar Klausturhólar eru og húsið stendur enn á sama stað. Samkvæmt skýrslu um byggða- og húsakönnun var húsið byggt árið 1900 en hönnuður þess er ókunnugur. Efnið var flutt tilsniðið frá Noregi. Það er friðað í A-flokki. Klausturhólar voru reistir á gömlu bæjarstæði Garða: „Garðar eða Garðabær. Hann stóð þar sem Klausturhólahúsið stendur nú og nefnist flötin Garðaflöt þar fyrir vestan,“ segir í örnefnaskrá. „Það er líklegt að Garðar hafi verið áður myndarlegra býli en þeir voru á prestskaparárnum séra Andrésar Hjaltasonar í Flatey, (1868-1880). Hermann S. Jónsson lýsir þessum húsakynnum prestsins á þessa leið. „Garðabær sneri í austur og vestur, með hálfgafl úr timbri í vesturenda. Var þar hús

prest hjónanna afþiljað 1-1 1/2 stafgólf. Fjögra rúðna gluggi var á vesturgaflinum. Kýrin var undir baðstofu loftinu“. Allt frá merkjum við Breiðugrund [sem er flöt eða slétta á Innstubbæjartúni] í Innstabæjartúni [sjá, 035], nefnist Garðatún,“ segir í örnefnaskrá. Hermann S. Jónsson fæddist í Flatey árið 1856 og dó þar árið 1943, segir í Eylendu. „Inn frá Bókahúsinu var slétt framhald af Bókhúsaflöt, þar var nefnd Garðaflöt. Þar sem þúfnamyndun er, skammt frá vesturgafli hússins Klausturhólar, stóð fram yfir s.l. aldamót lítill bær; Garðabær,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar.

Húsið stendur á sama hæðarhrygg og kirkjugarður, bæjarhóll Miðbæjar og núverandi kirkja. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Klausturhólar er einlyft timburhús með krossreist þak, 9,5 m að lengd og 7,6 m á breidd, og með anddyri við austurstafn með lágt risþak, 2,6 m að lengd og 2,3 m á breidd. Húsið stendur á háum steinhlöðnum múrhúðuðum kjallara. Veggir eru klæddir bárujárni og frá þeim gengið með hornborðum og vindskeiðum. Þök eru bárujárnsklædd, þakgluggi á báðum hliðum og reykháfur á mæni. Á húsinu eru átta krosspóstagluggar með sex rúðum; þrír á hvorri hlið og tveir á vesturstafni. Tveir tveggja rúðu gluggar og sex rúðu gluggi með miðpóst eru á hvorri gafflhyrnu. Þriggja rúðu gluggi með þverpóst er að auki á austurstafni. Þrír kjallaragluggar eru á hvorri húshlið. Á anddyri norðan megin er tveggja rúðu gluggi og fjögra rúðu gluggi á austurstafni. Trétröppur eru að útidyrum á suðurhlið anddyris og fyrir þeim vængjahurðir á okum og spjaldsett innri hurð. Lágar kjallaradyr með okahurðum eru á austurstafni anddyris.



Mynd 29: Klausturhólar 039, horft til ANA.

Inn af útidyrum er fordyri og baðherbergi við austurgafli. Í forstofu er stigi upp í ris og niður í kjallara. Herbergi er í suðausturhluta hússins, eldhús í suðvesturhluta og þrjú herbergi við norðurhlið. Upp af stiga er framloft, tvö herbergi við austurgafli og eitt að vestanverðu. Í kjallara eru fjögur herbergi. Kjallaraveggir eru múrsléttaðir en milliveggir klæddir panelborðum og loft eru borðaklædd milli bita. Veggir á jarðhæð og efri hæð eru klæddir strikuðum panelborðum, loft panelklædd neðan á bita og súð panelklædd neðan á sperrur nema í norðausturherbergi, þar er borðaklæðning ofan á sperrum.“



Mynd 30: Klausturhólar 039, horft til NNA.

Hér er engu bætt við lýsingu hússins en fremur horft til eldri mannvistarleifa sem kunna að leynast undir yfirborði. Nokkur landmótun hefur átt sér stað í kringum húsið og hefur að líkindum raskað eldri minjum. Grafið hefur verið út úr hólnum sett geymsla í hann neðanjarðar um 10 m framan eða sunnan við húsið. Nokkuð grillir í mannvistarleifar í sárinu, brunalög, móösku og stöku bein. Virðist þannig

hafa verið grafið frá allri suðurhliðinni þar sem geymslu sleppir en ekki ljóst hvers vegna. Lítill gámur hefur verið grafinn inn í hólnum um 10 m suðaustur af húsinu – þar sést í móöskulög í sári – og framan undir honum er nýleg rotþró. Því er ljóst að töluvert rask hefur átt sér stað á hólnum. Annars er bæjarhóll í sjálfu sér ekki mjög greinilegur á þessum stað. Hugsanlega er varðveisla betri suðvestar á sama bæjarstæði, þar sem sumir telja að Garðar hafi staðið – aðrir segja að Garðar hafi staðið nákvæmlega þar sem Klausturhólahúsið er nú en munurinn er ekki nema 10-15 m. Ágúst Georgsson skráði þetta svæði 1989 (númer 14): Í skýrslu hans segir: „Allrústalegt þýfi við suðvesturhorn hins hrörlega Klausturhólahúss. Sennilega eftir byggingar í tengslum við Garðabæ sem hér stóð fyrrum. Við norðausturhorn Klausturhóla er steypur grunnur, líklega undan húsi sem sést á fylgiskjali 3. Klausturhólar voru reistir á rústum Garðabæjar árið 1901 af séra Sigurði Jenssyni, prófasti í Flatey, og bjó hann þar til dauðadags 5. janúar 1924. Síðast var búið í húsinu árið 1953 og hefur það staðið autt síðan. Í örnefnalýsingu segir svo um þýfið: „Þar sem þúfnamyndun er, skammt frá vesturgafli hússins Klausturhólar, stóð fram yfir s.l. aldamót lítill bær: Garðabær. Í Garðabæ bjó um sína daga í Flatey séra Andrés Hjaltason.“ Aðrir segja að Garðabær hafi verið þar sem nú er Klausturhólahúsið.“ Svo virðist sem einhver sléttun hafi átt sér stað fast vestan við Klausturhólahúsið en um 20 m VSV við það er ósnortið þýfi á svæði sem er um 15-20 m í þvermál og ekki slegið. Ekkert lag er á því, smáhólótt fremur en stórþýft. Alls er svæði það sem mannvistarleifar gætu leynst á, að Klausturhólahúsinu meðtöldu, um 40 m í þvermál en við af því til austurs tekur svæðið þar sem talið er að klaustrið hafi staðið. Þess má að lokum geta að komið hefur verið niður á öskuhaug fast norðan við mitt Klausturhólahúsið.

Hættumat: Stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey 22; Eylenda II, 232; Guðmundur L. Hafsteinsson, 28; Ö-Flatey, 7, 12-13; Eylenda, I, 94, 180, 181 og 198; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 7; Ágúst Georgsson, 6-7

BA-087:040 *Læknishús/Gunnlaugshús/Vesturbúðir/Paradís* 65°22.481N 22°55.252V
heimild um bústað

Samkvæmt uppdrátti af korti af Flatey frá 1911 eftir Samúel Eggertsson er Læknishúsið sunnan við Teinæringsvog sem er fyrir vestan Grýluvog [125] á norðurströnd Flateyjar. Ljósmynd af Læknishúsinu og útihúsum við Læknishús er að finna á bls. 131-132 í Eylendu. „Hergilsey. Hús þetta stendur upp frá Vesturbúðarvör [...],“ segir í örnefnaskrá. Járnlætt timburhús, segir í örnefnaskrá. Teinæringsvogur er á norðurströnd Flateyjar, fyrir vestan Grýluvog [125]. Hann „[...] liggur inn með Trölllaenda [sem er vestast á Flatey] og nær upp að gömlu Vesturbúðum,“ segir í örnefnaskrá. „Í áðurnefndum tanga [milli Grýluvogs og Teinæringsvogs] norðan hans [Teinæringsvogs 202] segja heimildir að hafi verið „mikil byggð“ og hétu þar Vesturbúðir. Í skarði norðan í tanganum, og hallandi sandfjöru fram af því, er Vesturbúðavör [177] og liggur leiðin upp í hana með Bryggjuskéri að austanverðu. Hlífir það henni nokkuð fyrir utanátt, ásamt hlaðinni grjótbryggju. Í Vesturbúðum stendur nú eitt íbúðarhús, ásamt geymsluhúsum, görðum og þurkreitum frá fyrritíð,“ segir í Eylendu I og á öðrum stað: „Verbúðir [...] voru um skeið hjáleiga frá heimajörðinni [042?].“ „Gamalt lögbýli og opinber lendingarstaður báta í Vesturbúðavör [...], fiskverkunarstaður og fiskreitir [...] Þegar Óskar Níelsson flutti árið 1933 frá Svefneyjum [...] í Flatey keypti hann fiskverkunarhús Guðmundar Bergsteinssonar í Vesturbúðum og breytti þeim í íbúðarhús og var það kallað Paradís,“ segir í örnefnaskrá. Síðar var það nefnt Hergilsey. Á svipuðum slóðum og Vesturbúðir voru stendur í dag timburhús á einni hæð merkt „Vesturbúðir“. Timburhús á einni



Mynd 31: Staðsetning Læknishúss 040 og núverandi Vesturbúðir, horft til NA.

hæð er nú þar sem eldri hús stóðu og garðskiki í kring.

„Læknishús. Húsið hafði ýmist verið kallað Gunnlaugshús eða Vesturbúðir, en [eftir að Magnús Snæbjörnsson, læknir hafði keypt það af Gunnlaugi Sveinssyni, skipstjóra] [...] féllu þau nöfn niður. Magnús læknir stækkaði húsið og breytti því nokkuð [...] Húsið brann nokkrum árum eftir að hætt var að búa í því,“ segir í örnefnaskrá. Gunnlaugur Sveinsson byggði Læknishúsið árið 1898. „Húsið brann árið 1953 [...],“ segir í Eylendu. Engin ummerki sjást nú um eldri hús. Frá miðri suðurhlið hússins sem nú stendur á þessum slóðum gengur hleðsla um 10 m til suðurs. Hún er um 0,3 m á hæð en austan hennar er grasflöt og sést engin brún á garðlagin að austan. Ekki er ljóst hvort þessi hleðsla hefur verið hlaðin í tengslum við núverandi hús (garðamörk) eða hvort hún gæti verið eldri.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 17, 25, 31; Eylenda I, 84, 86, 94, 131-132, 198-199, 214; Uppdráttur Samúels Eggertssonar 1911

BA-087:041 Austurkot bæjarhóll bústaður

„Nokkur kot munu hafa verið þarna í nánd við Miðbæ [001]. Austast á hólalbrúninni var Austurkot,“ segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Austurkot stóð en hugsanlega hefur það verið á sama hól og Miðbær stóð á (sjá 001). Þó er mögulegt að það hafi verið heldur austar, þar sem kirkjan stendur nú eða þar um bil. Engin áberandi mannvistarmerki á yfirborði, önnur en þau sem lýst er á bæjarhól 001.

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 7

BA-087:042 heimild um kálgarð

65°22.587N 22°54.648V

Hleðsla, gerði eða kálgarður er merkt sunnan við 038 á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári. Þetta er skammt sunnan við fjárhústóft 038. Þýft graslendi.

Engar rústir sjást þá þessum slóðum. Á loftmynd frá því um 1950 sést þó greinilegt gerði, væntanlega kálgarður. Það hefur snúið norður-suður, er alveg ferkantað og á að giska 20 x 10 m stórt.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Loftmynd af Flatey frá því um 1950

BA-087:043 *Miðhús* heimild um bústað

65°22.579N 22°54.646V

„Miðhús stóðu eiginlega norður af Innstabæ [035] og var þar síðar reist hlaða, sem tilheyrði Klausturhólum [039],“ segir í örnefnaskrá. „Hér er fyrst getið Bergsveins Þorkelssonar 1840 [...] síðar bónda í Hergilsey. Þessarar þurrabúðar er ekki getið 1860,“ segir í örnefnaskrá. Miðhús eru merkt nr. 31 á korti Samúels Eggertssonar af Flatey og því virðist staðsetningin þekkt. Á þeim tíma er þó kálgarður á staðnum. Grösugt þýfi. Engar minjar sjást á þessum stað og sennilegt að grjót hafi verið fjarlægt og sléttað úr rústum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 25-26; Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:044 *gerði*

65°22.584N 22°54.858V

Ferhyrnt gerði sem gæti hafa verið kálgarður er um 5 m suðaustan við tóft 027 og fast norðan við nýlega dælustöð úr torfi, grjóti og timbri. Gerðið er fast suðvestan við vegslóða að skólahúsi. Gerðið er á grasflöt skammt austan við Skansmýri.

Gerðið er ferhyrnt og 10 x 7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Innanmál þess er 7,4 x 4,5 m. Vesturveggur gerðisins er talsvert lægri en austurveggur en í vesturvegg sést talsvert af grjóthleðslum hér og þar. Veggir gerðisins eru mest um 0,4 m á hæð og 1,2 m á breidd. Ekki er greinilegt op á gerðinu. Gerðið er ekki merkt inn á þau kort sem teiknuð voru af Flatey í upphafi 20. aldar og því má ætla að það sé yngra en frá því um 1911 þegar yngsta kortið er gert.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar



Mynd 32: Gerði 044, horft til N. Teikning 2 á síðu 30 sýnir uppdrátt af gerðinu.

BA-087:045 *Myllustaðir* bæjarhóll bústaður

65°22.603N 22°54.920V

„Myllustaðir. Þeir standa á bökkunum vestanvert við Svínabælið [...],“ segir í örnefnaskrá. Á korti af Flatey frá 1906 eftir Samúel Eggertsson og uppdrætti frá 1911 eftir sama mann sést nákvæmlega hvar Myllustaðir voru. Húsið sem nú stendur á þessum stað var byggt 1997. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í

þorpinu í Flatey segir: „Á þessum slóðum stóð torfbærinn Myllustaðir og þar bjó m.a. Magnús malari sem malaði korn í myllu Guðmundar Schevings kaupmanns sem stóð á Myllumó,“ Nýbyggt hús í gömlum stíl stendur á vesturhluta þess svæðis þar sem gömlu Myllustaðir stóðu. Húsið er merkt Myllustaðir og er líklega á sama stað og áður voru kálgarðar vestan við gömlu Myllustaði, en hvort tveggja er merkt inn á túnakort frá 1906. Óljós ummerki sem gæti verið leifar Myllustaða, sjást hins vegar austar.



Mynd 33: Myllustaðir 045, horft til A. Teikning 2 á síðu 30 sýnir uppdrátt af minjunum.

Myllustaðir voru a.m.k. til árið 1840 því í örnefnaskrá er minnst á að Böðvar Ólafsson skipasmiður hafi búið þar þá. Ljósmynd af húsinu er á bls. 203 í Eylendu. Ágúst Georgsson skráði svæðið 1989 (nr. 31) og segir í skýrslu sinni: „Kálgarðsleifar. Lágar en fremur greinilegar hleðslur á bakkanum austan Vertshúss. Virðist um fleira en eitt mannvirki að ræða en ekki unnt að kanna það neitt nánar. Allt svæðið auðkennt með punktalínu á uppdrætti.

Austan við rústirnar stendur rautt hús og er það greinilega byggt ofan í eldri tóftir, sennilega húsarústir. Hér var kálgarður og Myllustaðir skv. fylgiskjali 3.“

Um 6 m austan við íbúðarhúsið á þessum stað má greina ummerki um eldri byggingaleifar. Um er að ræða tvær, samsíða, aflangar dældir sem ná yfir svæði sem er 11 x 13 m stórt og snýr NNV-SSA. Á þessum stað er ein greinileg dæld og önnur óljósari. Syðri dældin er sú skýrari. Hún er 8 x 4 m að innanmáli en með góðum vilja má greina óljósa vegg í kring og með þeim mætti ætla að hólfið væri 11 x 9 m stórt. Nyrðri dældin er fast norðan þá syðri og er mun ógreinilegri. Gróflega áætlað má ætla að hún sé 8 x 3,5 m að innanmáli og hún er alveg fram á sjávarbakkanum. Syðra hólfið er fagurgræn dæld en það nyrðra er að sumu leyti greinilegra og grjóthleðslur sjást í því hér og hvar, sérstaklega í kringum suðausturhorn. Viða sést bara stök hleðsla.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 26; Eylenda I, 94, 203; Eylenda II, 232; Guðmundur L. Hafsteinsson, 45; Ágúst Georgsson, 10

BA-087:046 brunnur

65°22.465N 22°54.965V

Brunnur er í mýrarjaðri um 40 m norðan við kirkjuna, fast vestan við upphlaðinn veg sem þar sést í mýrinni (sjá 210). Mýrarjaðar undir brekku. Nútíma-brunnur og er niðurgrafin tunna í honum, smá grjót sést í sverði austan við. Ekki er ljóst hvort þessi brunnur er gamall að stofni til.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar



Mynd 34: Brunnur 046, horft til S.

BA-087:047 Norskabúð gerði bústaður

65°22.374N 22°54.999V

„Norskabúð. Stóð miðja vegar milli Hólsbúðar [029] og Naustabúðar [047], þó aðeins sunnar,“ segir í Örnefnaskrá. Í Norskubúð var a.m.k. búið árið 1789 því í Örnefnaskrá er minnst á bónda sem bjó þar þá. Einnig árið fyrir 1877 því þar bjó þá Gísli Konráðsson sagnaritari. „Var þetta eitt með lélegri hreysum á eyinni, enda orðið ævagamalt [...] Hús þetta var um þrjú stafgólf á lengd og sem svarar fimm álna bitabreidd með hálf-gafli á vesturenda og fjöggra rúðna glugga, eigi alllitlum. Undir loftinu var geymsla í vesturenda og lítil gluggabora og glórolaust myrkur, mygluþefur og rakalykt sem mest má vera, þegar komið var inn ganginn. Upp á loftið var rimlastigi líkt og í hásetabyrgi á þilskipi. Ekki var hærra undir loft en svo, að þegar maður lyfti upp lofthleranum og stóð á gólfi, tók loftskörin litlum meðalmanni í öxl [...] Þegar Flateyjarframfarastofnun [...] gerði samning við Gísla Konráðsson [...] var Norskabúð mikið endurbætt og fékk Gísli hana til íbúðar,“ segir í Eylendu. Ljósmynd af Norskubúð er á bls. 203 í Eylendu. Mjög nákvæm lýsing er á húsinu í grein sem birtist í Vísi 17.01.1943. Á korti af Flatey frá 1906 eftir Samúel Eggertsson og uppdrætti frá 1911 eftir sama mann sést nákvæmlega hvar Norskabúð var. Það sem nú sést eftir af Norskubúð er fyrst og fremst kálgarðurinn. Hann er um 100 m suðaustur af húsinu Krákvör. Ágúst Georgsson skoðaði staðinn í sinni skráningu árið 1989. Undir brekku sunnarlega í slegnu túni.



Mynd 35: Norskabúð 047, horft til SV.

Á gömlum kortum sést vel hvar Norskabúð stóð og að kálgarður var við hana að vestanverðu. Kálgarðurinn sést mjög vel en húsið er alveg horfið og engin merki um það sjáanleg. Ofan við norðausturhorn kálgarðs, þar sem húsið stóð, er brekka í aflíðandi halla mót suðvestri og hefur það því staðið undir brekku. Kálgarðurinn gengur eins og stallur fram úr brekkunni og líklegt að jarðvegi hafi verið bætt inn í hann, enda er hann hærri en túnið. Nemur hækkun um 1 m að sunnanverðu. Hann er smekkkfullur af jarðvegi og yfirborð hans jafnt hleðslum sem eru sýnilegar en úr lagi gengnar og grónar mikið til. Alls er garðurinn um 27 x 14 m stór frá austri til vesturs. Op sést á honum á að norðanverðu, vestan við miðju og sömuleiðis lítið rof á miðri suðurhlið.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 27; Eylenda I, 94, 203-204; Eylenda II, 232, Frá Flatey á Breiðafirði, Vísir 17.01.1943, 2; Ágúst Georgsson, 11

BA-087:048 heimild um bústað

65°22.545N 22°54.605V

Inn á kort Samúels Eggertssonar frá 1906 eru merkt tvö lítil hús, líklega útihús, og á milli þeirra langur og mjór garður, líklega kálgarður, skammt norðvestan við Innstabæ 035. Á túnakorti frá 1911 virðast húsin vera sambyggð kálgarðinum og hugsanlega eitt hús að auki NV við hann. Þetta er hér skráð saman undir einu númeri. Hugsanlegt er að Útgarður 195 hafi verið á þessum slóðum. Þýft graslendi. Engar minjar sjást á þessum slóðum – grjót hlýtur að hafa verið fjarlæggt og svæðið að líkindum verið sléttað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:049 frásögn brunnur

65°22.418N 22°55.246V

Þegar til stóð að grafa brunn í suðurjaðri Tjarnarmýrar komu menn niður á gamlan, hlaðinn brunn. Í kjölfarið var ákveðið að færa nýja brunninn. Gamli brunnurinn var í suðurjaðri Fjárhúsamýrar rúmum 20 m NNA við malargötuna sem liggur þvert yfir Flatey. Hann hefur verið um 100 m ANA við Grænagarð. Í brekkukverk, í suðurjaðri mýrar. Lítil eða engin ummerki sjást nú um brunn á þessum slóðum en vel má vera að vorlagi sjáist betri merki um brunninn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:050 heimild

65°22.546N 22°54.608V

Hús er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári um 20-30 m austan við Innstabæ 035. Ekki er óhugsandi að hér hafi verið Útgardur, sjá nánar 195. Grasþýfi. Engar leifar sjást af mannvirkjum á þessu svæði og ekki vitað um hverskonar hús var að ræða – gæti þó hafa verið lítill bær af stærðinni að dæma.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:051 heimild

65°22.538N 22°54.599V

Gerði er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári skammt SV við Innstabæ 035. Það hefur verið um 20 m vestur af garðlagi 248 sem liggur þvert yfir Flatey, skammt frá suðurenda þess og nálæga beint vestur af steinsteyptri rúst af sumarfjósi 152. Grösugt þýfi í jaðri sléttaðs svæðis sem hefur verið haft fyrir flugbraut. Gerðið er horfið. Sennilega hefur svæðið verið sléttað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:052 hleðsla kálgarður

65°22.472N 22°55.254V

Stór kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1906, kort Samúels Eggertssonar frá sama ári og kort Dana af Flatey frá 1911, skammt frá Vesturbúðum og Læknishúsi 052 og 040. Samkvæmt kortum frá upphafi 20. aldar voru kálgarðarnir þrískiptir og samtals um 45 x 25 m að stærð. Þeir hafa verið um 15 m sunnan við Vesturbúða/Læknishús 040. Mjög litlar leifar kálgarða sjást nú á þessum slóðum enda hefur svæðinu mikið verið umturnað og íbúðarhús og geymslur byggð á sömu slóðum. Þar eru þrjár gríðarstórar, samfastar skemmur sem ná að stórum hluta yfir það svæði þar sem kálgarðarnir voru áður.



Mynd 36: Kálgarður 052, horft til VSV.

Einu leifarnar sem sjást af kálgörðunum er L-laga horn sem greina má nálægt austurmörkum lóðar Vesturbúða og norðan við hjólhýsið Paradís sem er á sömu slóðum. Garðurinn hefur verið um 2 m suðvestan við Vesturbúðir. Garðurinn er um 32 m langur austur-vestur en austurveggurinn er 14 m langur. Aðrir hlutar hans hafa horfið í framkvæmdir. Talsvert af grjóti er í garðinum og hann virðist vel hlaðinn og er bæði hár og breiður og gæti hafa verið bætt í hann á köflum. Garðurinn er mest um 1 m á breidd en 0,5 m á hæð. Á sömu slóðum og umræddur kálgarður er merktur inn á túnakortin fundust leifar af öskuhaugi þegar skemmur voru byggðar. Öskuhaugurinn fannst í norðausturhorni núverandi byggingar samkvæmt þeim Magnúsi Arnari Jónssyni og Svanhildi Jónsdóttur í Krákuvör.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Danskar bæjateikningar 1911

BA-087:053 þúst

65°22.490N 22°54.665V

Ágúst Georgsson skráði rúst við sjávarsíðuna á norðausturströnd Flateyjar árið 1989 (nr. 19): „Grjótdreif eða -rúst. Stendur á sjávarbakka utan núverandi girðingar. Á sennilega við hús sem sést á fylgiskjali 3 (nálægt r í orðinu Klausturhólar). Svolítið austar á bakkanum mótar fyrir líklegum rústabungum og gætu þær verið eitthvað eldri en fyrrgreind húsrúst.“ Á svipuðum stað er merkt hús á túnakort frá 1906 og kort SE frá sama ári. Hér er skráðar þústir sem eru á því svæði sem Ágúst talar um en hugsanlega þó eilítið vestar. Sú vestasta er ofan við litla vík rúma 100 m austur af Klausturhólum. Hár bakki eða hóll ofan við fjöruna, vaxinn kafagras.

Á þessu svæði sjást þústir á nokkrum stöðum en erfitt er að átta sig á hvað kann



Mynd 37: Þúst 053, horft til SV.

að vera náttúrulegt og hvað manngert. Alls er svæðið um 30 x 10 m stórt frá austri til vesturs. Vestast er A. Það er regluleg grjótdreif í mjög lágrí þúst sem líklega er tóft en þó erfitt að ganga úr skugga um það. Þústin er um 6 x 5 m stór frá norðri til suðurs og varla hægt að tala um veggi – grjótið virðist liggja hálflaust ofan á þústinni. Tæpum 15 m austar er B, algróin þúst, um 5 x 2 m stór frá norðri til suðurs og um 15 m ANA af

henni er C, einnig algróin þúst sem er um 8 x 6 m stór frá austri til vesturs.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 9; Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:054 heimild

65°22.469N 22°54.794V

Hús er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári. Það hefur staðið á suðurströnd Flateyjar, rúma 100 m ASA af Klausturhólahúsinu. Þarna eru tvær bogadregnar víkur og húsið hefur verið vestan við þá vestari. Grasi vaxinn túnpartur. Hallar niður frá Klausturhólunum en land hækkar svo aftur fram á sjávarbakkann. Húsið hefur líklega staðið á hæðarhrygg. Þar sjást nú alls engin ummerki.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:055 þúst útihús

65°22.464N 22°54.739V

Hús er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári 30-40 m ASA við bæjarstæði Klausturhóla og Garða 039. Þar er ósleginn hóll í túni. Grösugt tún, þetta er fast suðaustan við SA-horn núverandi girðingar.

Hólrani, um 10 x 4 m stór frá NNA-SSV. Í honum gætu leynst mannvistarleifar. Ágúst Georgsson skráði þrjár þústir af loftmynd árið 1989 á svipuðum slóðum(nr. 17): „Þrjár vallgrónar rústabungur í túninu suðaustur af Klausturhólahúsinu. Gætu verið leifar hússins sem stóð suðaustur af Garðabæ (Klausturhólum) árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3).“

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Ólafur Georgsson 1989



Mynd 38: Útihús 055, horft til S.

BA-087:056 heimild

65°22.480N 22°55.125V

Beðasléttur voru norðan við malarveginn sem liggur þvert yfir Flatey og 50-60 m norðan við norðvesturhorn kirkjugarðsins. Beðasléttarnar voru á deiglendi svæði sunnan við túnin sem eru vestan Sólbakka. Þær sjást vel á loftmyndum sem teknar eru í lágu sólarljósi en þær eru illgreiningar af jörðu niðri. Á þessu svæði er deiglent en reyndar aðeins þurrara og smáþýfðara þar sem beðasléttarnar eru. Engin ummerki eru greinileg um þær af jörðu niðri.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:057 gerði kálgarður

65°22.591N 22°54.602V

Það vottar fyrir stóru torfhlöðnu gerði milli stóru fjárhúsrústarinnar austan við Sólheima (038) og stærri rústar sem var sambyggð horfnum garði (063). Gerði þetta sést á loftmynd sem tekin var í sérstakri birtu en ekki vottar fyrir því á jörðu niðri. Mikið þýfi og hátt gras er á þessum slóðum. Ekkert sést á jörðu niðri en land er þó örlítið lægra hér en umhverfis. Gerðið sést greinilega á loftmynd og hefur verið að minnsta kosti 10 m í þvermál.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:058 bæjarhóll bústaður

65°22.612N 22°54.852V



Mynd 39: Bústaður 058, horft til NNA.

Samkvæmt korti af Flatey frá 1906 eftir Samúel Eggertsson var hús austan megin við Svínabæli. Sést einnig á uppdrætti af Flatey frá 1911 eftir sama mann. Greinileg ummerki sjást um hús á þessum slóðum um 8 m vestan við Bjarg 037 og alveg frammi á sjávarbakkanum við Svínabæli. Flöt vaxin snöggu grasi. Talsverðar hæðir og ójöfnur eru þar sem mannvirki hafa að öllum líkindum staðið. Á kortinu frá 1906 er sagt að

þetta sé „[...] hús Jóhannesar Bjarnasonar, skipstjóra.“ Gróflega má sjá upphækkun á þessum stað sem er um 8 x 7 m stór og snýr NNV-SSA. Vestast á þessu svæði gæti hafa staðið skúr, um 3 x 3 m að stærð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906, Danskar bæjateikningar 1911

BA-087:059 þúst útihús

65°22.391N 22°54.900V

Hús er merkt inn á túnakort og kort Samúels Eggertssonar frá 1906 80-100 m austan við Norskubúð 047. Ekki kemur fram hvaða hús þetta var. Það hefur verið um 90 m beint sunnan við núverandi kirkju. Þar eru sléttuð tún og liggur girðing til suðurs hér um bil beint yfir staðinn.

Ekki eiginleg tóft en dæld sést undir girðingarstæði og bunga vestan við. Hér kunna að vera mannvirkjaleifar undir sverði. Á loftmynd frá því um 1950 sést greinileg tóft á þessum stað. Hún virðist tvískipt og snýr frá austri til vesturs en fjarar út til vesturs. Hún gæti verið um 10 x 5 m á stærð eða rúmlega það. Á þessum hluta túnsins, fyrir sunnan núverandi kirkju, virðist á myndinni sem gætu hafa verið beðasléttur í hallanum frá norðri til suðurs, en myndin er þó of óskýr til að hægt sé að staðfesta það.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Loftmynd frá því um 1950

BA-087:060 heimild um fjós

65°22.511N 22°54.910V

Hús er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá 1906 skammt austan við Brekkubæ 015. Á þessum stað var lengi fjós frá Boga G. Á umræddum stað stóð síðast fjósbygging úr blönduðu efni sem stóð fram eftir allri 20. öld en hefur nú verið rifin. Talsverð ummerki sjást um þessa byggingu og þau eru á fagurgrænni hæð þar sem greinilegt er að mannvistarleifar leynast undir sverði. Á þessum stað er ræktarleg hæð og á henni má greina leifar yngstu byggingarinnar sem þarna stóð, fjós úr blönduðu efni.

Yngstu leifarnar á þessum stað eru af fjósi sem hefur verið 12 x 9 m stórt. Leifarnar samanstanda af steypu og grjóthleðslum sem rutt hefur verið út. Skýrastar grjóthleðslur eru að norðanverðu þar sem þær eru allt að 0,4 m á hæð. Undir þessum leifum má greina uppsöfnunin sem nær yfir svæði sem er 26 x 14 m stórt. Til austurs frá fjósinu er ógreinileg þúst sem er 9 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Umrædd þúst gæti verið af einfaldri tóft sem var opin




Mynd 40: Fjós 060, horft til N.

til suðurs en hún er of illa farin til að hægt sé að fullyrða mikið um lag hennar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906



Teikning 5: Fjós 060, Beykishús 088, sáðslétta 095 og þúst 100. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

BA-087:061 Vinaminni hús bústaður

65°22.580N 22°54.985V



Mynd 41: Vinaminni 061, horft til NA.

Hús er merkt inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári skammt vestan við Bentshús 011 og Nýjubryggju. „Vinaminni. Þetta hús var reist um 1908 skammt fyrir vestan Gistihúsið [123],“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsa-könnun í þorpi Flateyjar var Vinaminni byggt 1908-1909 en höfundur þess er ókunnur. Þar kemur fram að efni úr

húsi við Hermannshús (Félagshús) var notað við byggingu hússins. Vinaminni stendur enn og er í góðu ástandi. Húsið er einlyft timburhús sem stendur á sjávarbakkanum fast norðan við malarveginn sem liggur í gegnum Flatey.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Vinaminni er einlyft portbyggt timburhús með risþak. Við norðurhlið er portreist viðbygging með risþak og anddyri við suðurhlið með lágt risþak. Húsið stendur á steinhlöðnum sökkli og veggir eru klæddir bárujárnri og hornborðum. Þök eru bárujárnsklædd, á mæni aðalbyggingar er reykháfur og þakgluggi á suðurhlið. Á húsinu eru sjö fjöggra rúðu krosspóstagluggar og fjórir tvíþósta með níu rúðum, þar af þrír á viðbyggingu og á hvorri gaflhyrnu hennar eru litlir fjöggra rúðu krosspóstagluggar. Útidyr eru á vesturhlið anddyris og fyrir þeim glerjuð spjaldahurð. Fram undan þeim og meðfram vesturhlið hússins er tréþallur og upp á hann tvö þrep.

Inn af anddyri er gangur og stigi upp á efri hæð. Af gangi er gengið í herbergi í suðvesturhluta og baðherbergi í suðausturhluta. Opið er af gangi inn í borðstofu og eldhús í norðurhluta hússins. Upp af stiga er framloft þvert um húsið, herbergi við vesturgöfl, annað minna við austurgöfl og inn af því kames að sunnanverðu. Stofa er í viðbyggingu og stigi í eldhúsi upp á loftherbergi yfir henni. Veggir í anddyri og baðherbergi eru plötuklæddir og panelklæddir veggir eru á gangi, í borðstofu, eldhúsi og á efri hæð. Í anddyri er plötuklædd súð, í herbergi er loft plötuklætt á milli bita og í borðstofu, eldhúsi og baðherbergi er loft á bitum. Súð á efri hæð er panelklædd. Stofuveggir í viðbyggingu eru panelklæddir, loft plötuklætt á milli bita en í risi eru veggir og súð plötuklædd. Panelklæddir veggir á jarðhæð aðalbyggingar og viðbyggingar og risloft yfir henni eru ómáluð en að öðru leyti er húsið málað að innan.“ Húsið er 9 x 7 m að grunnfleti og snýr NNW-SSA.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ö-Flatey, 31; Eylenda I, 214, Guðmundur L. Hafsteinsson, 43

BA-087:062 Vegamót hús bústaður

65°22.523N 22°54.981V

„Hér stóð áður hús Magnúsar Jónssonar, vélstjóra, sem hann flutti út á eyna og setti það á steiptan grunn, og jafnan er kallað Strýta [...]. Bjarni Jónsson byggði síðar hús hér sem hann nefndi Vegamót,“ segir í Eylendu. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey kemur fram að húsið var byggt 1915 og hönnuður þess var Jón Ólafsson. Húsið Vegamót stendur enn (2014) og er nýuppgert. Það er um 37 m austan við malarlóðann sem liggur um Flatey endilanga



Mynd 42: Vegamót 062, horft til N.

og fast ofan við stæðilegan kálgarð 088. Nýuppgert einlyft timburhúss á grónu svæði.

Ljósmynd af Vegamótum á bls. 211 í Eylendu. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsa-könnun í Þorpinu í Flatey segir: „Vegamót er einlyft timburhús með risþak og skúrviðbyggingu við norðurhlið og geymsluskúr við austurgafli. Húsið stendur á steinsteyptum sökkli, veggir

eru klæddir bárujárni og hornborðum og þök bárujárnsklædd. Reykháfur er við mæni að norðanverðu. Á húsinu eru krosspóstagluggar með fjórum rúðum; einn á norðurhlið og gafflhlaði að austanverðu, tveir að sunnanverðu auk eins sex rúðu tvíkrosspóstaglugga og tveir að vestanverðu. Gluggi með fjöggra rúðu ramma er á gafflhlaði að vestanverðu og á norðurhlið skúrviðbyggingar. Útidyr með tvöföldum hurðum eru á norðurhlið skúrs og aðrar á norðurhlið geymsluskúrs. Lítill geymsluskúr með risþak er norðanvert við húsið. Inn af dyrum er forstofa, baðherbergi að austanverðu og herbergi í vesturenda. Eldhús er í austurenda hússins, opið upp undir mæni, og stofa í vesturenda og yfir henni svefnloft opið að eldhúsi. Veggir, loft og súð eru klædd strikuðum panelborðum.“ Vegamót er 10 x 9 m stórt að grunnfleti og snýr ANA-VSV.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Eylenda, I 211; Guðmundur L. Hafsteinsson, 53

BA-087:063 Vonarvölur bæjarhóll bústaður

„Vonarvölur. Það er ekki vitað með vissu hvar það hús hefur staðið,“ segir í örnefnaskrá. „Lítið kot sem stóð við sjóinn neðan við Hólsbúð [029],“ segir í Eylendu. Nú er ekki ljóst nákvæmlega hvar Vonarvölur stóð en á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 eru sýnd mörg mannvirki neðan eða sunnan við Hólsbúð 029. Hér má nefna runu af húsum sem stóð á bakkanum neðan eða sunnan og suðvestan við Hölluhús (áður Kúldshús), sjá t.d. 010, 012 og 082.

Heimildir: Ö-Flatey, 31; Eylenda I, 219

BA-087:064 heimild

65°22.606N 33°54.754V

Ágúst Georgsson Skráði rúst af loftmynd (nr. XVI) og segir í skýrslu sinni „Rúst?“. Svæðið er um 20 m sunnan við malarveg sem liggur eftir Flatey endilangri. Stórþýfi austan við lóðarmörk Myllustaða en vestan við jaðar mýrar.

Umrætt svæði er austan við Myllustaði en vestan við Norðurmýri. Þar sem Ágúst merkir hugsanlega rúst er stórþýfi en engin rúst sést þar og er e.t.v. líklegra að stórþýfið hafði blekkst augað á loftmynd heldur en að þarna hafi raunverulega verið rúst. Um þetta verður þó ekki fullyrt.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, II

BA-087:065 hleðsla fiskreitir

65°22.548N 22°55.101V

Hlaðin stétt, líklega fiskreitir er merktur inn á kort Samúels Eggertssonar frá 1906. Slétt grasflöt er nú á þessum slóðum en á nokkrum stöðum má sjá glitta í grjót undir sverði.

Á þessum slóðum má greina svolitla L-laga brún eða hleðslu. Norðurhliðin er lengri eða um 12,5 m að lengd en til suðurs frá norðausturhorni má einnig greina 3-4 m áður en ummerkin verða alveg ógreinileg.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:066 Nýibær bæjarhóll bústaður

„Nýibær. Hann stóð nokkuð nálægt Miðbænum [041],“ segir í örnefnaskrá. „Markús Snæbjarnarson prestur í Flatey byggði Nýjabæ og bjó þar til dánardægurs 1787. Árið 1788 bjó þar dóttir þessa Markúsar,“ segir í Eylendu. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Nýibær stóð að öðru leyti en því að það var í námunda við Miðbæinn og hugsanlega á sama hól.

Heimildir: Ö-Flatey, 28; Eylenda I, 204

BA-087:067 Naustabúð bæjarhóll bústaður

65°22.383N 22°54.970V

„Naustabúð. Það var torfbær, sem stóð norðaustur af Norskubúð [048],“ segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Naustabúð var, annað en það sem segir í lýsingunni. Í Naustabúð var a.m.k. búið árið 1789 því í örnefnaskrá er minnst á

hjón sem bjuggu þar þá. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Naustabúð var en hafi hún verið kennd við naust er freistandi að álykta að það hafi ekki verið langt frá ströndinni. Nú er tún sem enn er slegið norðaustan við Naustabúð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 27

BA-o87:068 *Jaðar* bæjarstæði býli 65°22.379N 22°55.230V

„Var það lengi yzta íbúðarhús á Flatey, eða þar til Byggðarendi [017] var reistur,“ segir í örnefnaskrá. „Strýta eða Jaðar hefur nú verið endurbyggt á Bökkunum [...], nálægt Einarshúsi [018],“ segir í Eylendu. Samkvæmt skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey var húsið byggt árið 1918 en flutt tvisvar. Upphaflega stóð það þar sem húsið Vegamót stóð síðar, það var flutt 1922 suður á eyjuna nærri Hólsbúð og að lokum 1977 á núverandi stað. Strýta stóð rúma 60 m vestur af húsinu Krákuvör og sést þar á loftmynd frá því um 1950. Þar er grösugt tún.

„Hús þetta reisti Magnús Jónsson vélstjóri 1926 [...]“ og var það einnig nefnt Strýta og Magnúsarhús, segir í örnefnaskrá. Í Eylendu stendur að Magnús hafi flutt frá Flatey árið 1922. Það gengur þá ekki að hann hafi reist það 1926. „Strýta var tveggja hæða hús á steyptum kjallara og fékk viðurnefnið af lögun sinni [...] Magnús Jónsson vélstjóri byggði þetta hús þar sem Vegamót [...] voru síðar byggð og bjó hér þar til hann flutti frá Flatey 1922. Þá var húsið flutt utar í eyna og sett á steyptan kjallara [...] Síðar var húsið flutt til á eyjunni og hefur tekið nokkrum breytingum,“ segir í Eylendu. Ljósmynd af húsinu er að finna í Eylendu I, bls. 147. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Strýta er einlyft portbyggt timburhús með risþak og anddyri með risþak er við framhlið. Húsið stendur á steinsteypum stoðum og á milli þeirra er klætt með láréttum borðum. Veggir eru klæddir bárujárni og hornborðum. Þök eru klædd báruðum asbestsplötum og reyk háfur með reykör er við mæni á suðurhlið þaks. Mismunandi gluggagerðir eru á húsinu og um þá einfaldir faldar til hliða og vatnsbretti að ofan og neðan og barokskorin fjöl undir neðra vatnsbretti. Á því eru fimm gluggar með þremur rúðum og þverpóst ofarlega og einum lóðréttum pósti ofan hans. Einn þeirra er á framhlið og tveir á vesturstafni og tveir á bakhlið. Þrír gluggar eru með sex rúðum milli lóðréttis og láréttra pósta; einn á hvorri hlið og einn á austurstafni. Á framhlið er að auki gluggi með þremur rúðum og þverpóstum og tveir einnar rúðu gluggar á austurstafni. Tveggja rúðu gluggi er á suðurhlið anddyris og dyr á vesturhlið og tré pallur framan þeirra. Á bakhlið er lúga á milli stoðstökkla að geymslu undir húsinu.“

Í túninu vestan Krákuvarar, þar sem húsið stóð, má nú greina smáhól, grös-ugan, sem er um 15 m í þvermál. Hugsanlegt garðlag liggur frá hólnum til norðastur, rúma 20 m. Líklega er þetta sami staður og Ágúst Ólafur Georgsson getur um í skrá sinni en þar segir: „Rúst. Sennilega frá 20. öld.“

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 20; Eylenda I, 210; Ágúst Georgsson, 11; Loftmynd frá því um 1950

BA-087:069 *Karitasarskemma/Baldurshagi* hleðsla bústaður 65°22.527N 22°55.012V „Hákon Einarsson byggði Baldurshaga, þar sem áður stóð Karitasarskemma, og nefndist það Baldurshagi I, en í daglegu tali nefnt Hakaskemma. Sambyggt við það var annað hús, nefndist það Baldurshagi II, og í daglegu tali ýmist nefnt Nielsarskemma eða Stínu-Þóruskemma,“ segir í Eylendu. „Karitasarskemma. Hún er í húsaþyrpingunni við Grýluvogsbotn [sjá, 125],“ segir í örnefnaskrá. „Kennd við Karitas konu Jóns Jónssonar Flateyings. Önnur nöfn á húsi þessu: Nýjaskemma og Þykkvi-bær,“ segir í örnefnaskrá. Húsið var a.m.k. til árið 1890 því að í Eylendu er minnst á fólk sem bjó þar þá. „Hákon Einarsson byggði Baldurshaga, þar sem áður stóð Karitasarskemma, og nefndist það Baldurshagi I, en í daglegu tali nefnt Hakaskemma. Sambyggt við það var annað hús, nefndist það Baldurshagi II, og í daglegu tali ýmist nefnt Nielsarskemma eða Stínu-Þóruskemma,“ segir í Eylendu. Ljósmynd af húsunum er á bls. 160 og 190 í Eylendu. Karitasarskemma er löngu horfin af yfirborði jarðar en ýmsar óræðar má þó enn (2014) greina á þessum slóðum og eru þær hér skráðar undir eina og sama númerinu. Umrætt svæði er á milli Pakkhúss, Félagshúsa og Ásgarðs, norðan við Berg og Vinaminni.

Á þessu svæði sjást hleðsluleifar og upphækkanir á svæði sem er 17 x 12 m stórt og snýr austur-vestur. Þau ummerki sem eru greinileg eru eftir a.m.k. tvö hús og virðist það sem er suðvestar hafa skipst í 2-3 hólf eða rými. Hleðslur sjást í sverði á nokkrum stöðum en einnig steypuleifar og ljóst er að þarna hafa staðið hús sem hafa verið steinsteypt a.m.k. hluta til áður en yfir lauk.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 20; Eylenda I, 160 og 190



Mynd 43: Baldurshagi 069, horft til V.

BA-087:070 frásögn fiskreitir

65°22.479N 22°55.321V



Saltfiskur var þurrkaður á skerinu fram af Vesturbúðum. Skerið nær í 60-70 m til vesturs frá landi en engin ummerki um fiskþurrkun finnast á því.

Fremur stórgrytt sker en þó sæmilegt yfirferðar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Mynd 44: Fiskreitir 070, horft til N.

BA-087:071 tóft hlutverk óþekkt

65°22.431N 22°54.542V


Lítil tóft er suðvestarlega á Akurey. Á þessum slóðum er grösugt en jarðvegur er grunnur. Tóftin er í brekku mót austri. Frá tóftinni sést vel heim til bæja í Flatey en ekki er gott útsýni yfir Akureyna sjálfa.

Tóftin er greinileg og um 4,5 x 3,3 m að stærð. Mögulegt er að hún sé af smalakofa í stærri kantinum. Tóftin er örlítið grafin inn í brekkuna. Hún er 2 x 1 m að innanmáli og dyr eru á henni á norðvestur-langhlið miðri. Grjót sést í veggjum að innan. Veggir eru mest 0,4-0,5 m að stærð.

Hættumat: Engin hætt



Mynd 45: Tóft 071, horft til V.



Teikning 6: Tóft 071. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

BA-087:072 Þýskuvararbryggja hleðsla lending

65°22.571N 22°55.061V

Á uppdrætti Guðmundar Jóhannssonar frá tímabilinu 1919-1931 er merkt Þýskuvararbryggja vestan við Þýskuvör 178, nálæga mitt á milli Eyjólfsbryggju 115 og Stóragarðs

158. Mjög lítil ummerki mögulegrar bryggju sjást á þessum slóðum en hún var laus. Þó virðist mega sjá móta fyrir kanti í vestanverðri Þýskuvör en af uppdrættinum að dæma var bryggjan vestan við vörina. Lína sést þarna í landið frá sjálfri vikinni og um 10 m út í sjó og markast af stórgrýti. Ekki er um eiginlegar bryggjuleifar að ræða.



Mynd 46: Þýskuvararbryggja 072, horft til V.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Uppdráttur Guðmundar Jóhannessonar

BA-087:073 Hólshús heimild um bústað 65°22.386N 22°55.114V

„Hólshús. Timburhús járnklætt, stendur norðvestur af Hólsbúð,“ segir í örnefnaskrá. „Hólshús var járnklætt timburhús sem Jón Sigurðsson bóndi reisti nálægt rústum Hólsbúðar [...],“ segir í Eylendu. Húsið stóð beint sunnan við húsið Krákuvör, á flatanum ofan við Hólsbúð 029. Austan til á svæðinu er slétt tún en vestar er járnklædd skemma sem tilheyrir Krákuvör.


Ekkert stendur um hvenær þetta hús var reist en það hefur verið á fyrrihluta 20. aldar því að einn af þeim sem byggði það og bjó í því flutti úr því 1930. Ljósmynd af húsinu er að finna í Eylendu I, bls. 147 og 187.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Flatey, 18; Eylenda I, 147, 187-188

BA-087:074 tóft hlutverk óþekkt 65°22.423N 22°55.327V

Ágúst Georgsson skráði árið 1989 í Flatey austanverðri (rúst 2): „Lítill kofarúst. Stendur á bakka Lómatjarnar. Hlutverk óvíst. Að öllum líkindum frá 20. öld. Hjólför (traktorsvegur) fast við framgafl kofans.“ Kofarústin sést enn (2014) og er um 5 m suðvestan við fjárhústóft 080. Kofinn er ekki merktur inn á kort af Flatey frá upphafi 20. aldar (Samúels Eggertssonar 1906 og 1911 danskir mælingamenn 1911) og er því líklega byggður eftir að þau voru gerð og líklega á mörkum þess að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilgreiningu. Kofinn er byggður sunnan í hæð sem tekur við norðan við Tjarnarmýri/Fjárhúsamýri.



Teikning 7: Tóft 074, fjárhús 080, rúst 113, Teinæringsvogur 202, Litli-Brennir 238 og varða 239. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Teikning 8: Tóft 075, tóft 150, garðlag 176 og þúst 213. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Kofinn er 7,5 x 6,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á miðjum suður-vegg hans og sunnarlega á vesturvegg er hólfi inn í vegginn. Veggir eru grónir en virðast að mestu grjóthlaðnir. Þeir eru mest 1,5 m á hæð. Innanmál tóftar er 5,5 x 3 m. Um 3 m sunnan við tóftina er óljós hryggur sem gæti mögulega hafa verið annað mannvirki en það þótti of óljóst til að því væri gefið sérstakt númer.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 5



Mynd 47: Tóft 074, horft til N.

BA-087:075 tóft hlutverk óþekkt

65°22.359N 22°55.636V

Lítil tóft er um 45 m norðan við malar-slóðann sem liggur eftir Flatey endilangri og við norðausturenda Löngutjarnar. Frá umræddum slóða liggur troðningur framhjá tóftinni og hefur hann skorið aðeins af austurenda hennar. Tóftin er um 11 m ASA við tóft 150 og um 20 m VSV 150 m við vesturenda Smalabergs. Tóftin er sunnan undir hæðarenda en norðan við Stekkjarmýri.



Mynd 48: Tóft 075, horft til V.

Tóftin er einföld og 6,5 x 4,5 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er opin til austurs en líklega hefur bíslóði sem þar er skemmt austasta hluta hennar. Ekkert op sést á tóftinni. Hún er algróin og 0,4 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna vegagerðar

BA-087:076 Félagshús hús bústaður

65°22.519N 22°55.017V

„Hærri-Kaupstaður. Stundum var hann kallaður Efri-Kaupstaður. Svo nefndist verzlunarbúð, vörugeymsla og íbúðarhús Brynjólfs B. Benediktsens kaupmanns í



Mynd 49: Félagshús 076, horft til ASA.

Flatey. Þessi hús stóðu öll uppi á brekkunni nálægt Götuskarðinu [127],“ segir í örnefnaskrá. „Íbúðarhús Benediktsens var Nýjahús [031]. Þar fyrir neðan, á Plássinu [135], var húsalengjan Vogshús niður við götuna og sneri timburgafl að Voginum. Það var elsta hús, sem þá stóð uppi í Flatey. Við austurendann á því, sambyggt, stóð Piltaskemma Benediktsens og dálítið norðar voru enn tvö hús sambyggt og hétu hvort-

tveggja skemma,“ segir í örnefnaskrá. Ljósmynd á blaðsíðu 218 í Eylendu. Hér eru Hermannshús og Gunnlaugshús skráð saman enda sambyggt þó um tvö einstök hús sé að ræða. Í skýrslu um byggða- og húsakönnun í Flatey segir: „Fyrir botni Grýluvogs, undir Bakka austan Götuskarðs, eru tvö sambyggt hús; Hermannshús og Gunnlaugshús, bæði friðuð og hafa borið ýmis nöfn. Húsin ásamt vörugeymslum, sem stóðu austar og norðar, voru kölluð Hærri-Kaupstaður til aðgreiningar frá verslunarhúsunum í Plássinu, en saman hafa húsin tvö verið nefnd Benediktsenshús og síðar Félagshús.“

Í minningum Hermanns S. Jónssonar segir að íbúðarhús Benedikts hafi verið kallað Nýjahús, segir í örnefnaskrá. Hermann S. Jónsson fæddist í Flatey árið 1856 og dó þar árið 1943, segir í Eylendu. Í skýrslunni kemur fram að Hermannshús var byggt 1843 og helstu breytingar á því séu skýrbygging við norðurhlið hússins sem byggt var 1898. Ekki er vitað hver hönnuður hússins var. Í sömu skýrslu kemur fram að Gunnlaugshús var byggt 1851 og hönnuður þess var Jóhann Moul forsmiður og beykir. Bæði hús eru friðuð í A-flokki. Félagshús standa enn (2014) og hefur verið unnið að viðgerð þeirra undanfarin ár og eru þau í góðu ástandi. Húsin standa norðan undir brekku við Grýluvog.

„Það varð strax eftir fráfall Brynjólfs B. kaupmanns Benediktsen (1870), að verzlun gerðist óhagstæð í Flatey. Litlu síðar var þá stofnað verzlunarfélag, til þess að reyna að ráða bót á þessu, mest fyrir forgöngu Hafliða Eyjólfssonar bónda í Svefn-eyjum. Félagið keypti þá hús þetta, sem upp frá því hefur verið kallað Félagshús [...] Hús þetta, sem fyrst var íbúðarhús Guðmundar kaupm. Schevings, er hann lét reisa, að flestir ætla, um það leyti, er hann fluttist til Flateyjar frá Haga á Barðaströnd, sem var árið 1816 [...] Um upphaflegt sérnafn á Félagshúsi vita menn eigi og hafa í því

sambandi nefnt Vogshús. Í tímans straumi hefur hús þetta tekið ýmsum breytingum, þó er töluverður hluti þess í sinni gömlu mynd. Á seinni árum áttu hér lengi heima skipstjórnarnir Gunnlaugur Sveinsson og Hermann Jónsson. Hinn síðarnefndi reisti skúrbyggingu við norðurhlið vesturendans, sem honum tilheyrði, og rak þar smá-verzlun, eftir að hann hætti sjómennsku. Þak hússins er nú yfirleitt með allt öðru sniði en fyrrum [...] [Gunnlaugshús] nefnist austurhluti Félagshúsins, eftir að Gunnlaugur skipstjóri keypti hann [...],“ segir í örnefnaskrá.

Sagt er í Eylendu að Félagshús hafi verið byggt sem íbúðarhús 1843 af Guðmundi Scheving. Þegar Brynjólfur bjó þar hét húsið Nýjahús [031]. „Árið 1851 lét Brynjólfur stækka og byggja austurendann og bjó þar til 1873,“ segir í Eylendu. Ljósmynd af húsinu er á bls. 127 í Eylendu I.

Verslunarsaga húsanna er rakin í skýrslu um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey eftir Guðmund L. Hafsteinsson en og þar er einnig ítarleg lýsing á húsunum: „Hermannshús er einlyft timburhús með krossreist þak, 8,9 m að lengd og 5,7 m á breidd, og með anddyri með skúrþak við suðurhlið, 3,4 m að lengd og 2,4 m á breidd og skúrviðbyggingu með skúrþak við norðurhlið, 4,5 m að lengd og 2,1 á breidd. Við austurgafli Hermannshúss stendur Gunnlaugshús. Hermannshús stendur á steinhlöðnum og steiptum bárujárnsklædd. Á suðurhlið þaks er þakkvistur með skúrþak og fjögurra rúðu glugga með miðpóst en tveir kvistir á norðurhlið með fjögurra rúðu glugga og reykháfur á mæni hússins. Suðurvistur er klæddur listapili en norðurvistar sléttu járn. Tvíþósta gluggi með níu rúðum er á suðurhlið austan inngönguskúrs en sex rúðu gluggi með miðpóst vestan við skúrinn. Fjórir gluggar sömu gerðar eru á vesturgafli, þar af einn á bakdyraskúr og tveir á norðurhlið hússins. Á gafflhyrnu eru tveir einnar rúðu gluggar og hálfhringgluggi efst uppi undir mæni. Útidyr eru á vesturhlið anddyris og dyr eru á norðurhlið skúrviðbyggingar.

Í anddyri er forstofa innaf útidyrum baðherbergi í austurhluta. Úr forstofu er gengið inn á gang og í honum er stigi upp á loft. Stofa er í suðvesturhluta hússins, eldhús í suðausturhluta, önnur stofa í norðausturhluta en í norðvesturhluta hússins og skúrviðbyggingu er geymsla en þar eru innréttingar frá því að verslunarrekstur var í húsinu. Upp af stiga er framloft og herbergi í hvorum enda. Veggir í anddyri, gangi inn af því og í skúrviðbyggingu eru klæddir strikuðum panelborðum. Veggir í vesturhelmingi hússins eru klæddir spjaldapili en plötuklæddir í austurhluta. Á jarðhæð eru loft plötuklædd milli bita, loft í anddyri og skúrviðbyggingu eru panelklædd. Í risi eru veggir panelklæddir og súð í herbergjum báðum panelklædd neðan á bita en á milli bita á framlofti.“

Í skýrslunni er einnig lýsing á Gunnlaugshúsi: „Gunnlaugshús er einlyft timburhús með bratt þak sneitt efst á göflum, 5,6 m að lengd og 7,7 m á breidd, og með anddyri með skúrþak við norðurhlið, 2,9 m að lengd og 2,6 m á breidd. Húsið er byggt við austurgafli Hermannshúss. Gunnlaugshús stendur á steinhlöðnum og steyptum sökkli, veggir eru klæddir strikuðu listapili og hæðarskilslistar eru yfir gaflgluggum. Þök eru klædd bárujárni og þakkvistur með bröttu skúrþaki er á hvorri hlið og í þeim sex rúðu gluggi með miðpóst. Reykháfur er á mæni vestarlega. Á húsinu eru 11 sex rúðu gluggar með miðpóst; tveir á vesturgafli og er annar þeirra á anddyri, einn á norðurhlið, sex á austurgafli og tveir á suðurhlið. Að auki eru á húsinu tveir þriggja rúðu gluggar; annar á vesturgafli en hinn á norðurhlið anddyris, og þrír einnar rúðu gluggar; einn á austurhlið anddyris og tveir á gaflhlaði austan megin. Útidyr eru á austurhlið anddyris og fyrir þeim okahurð. Gunnlaugshús. Hermannshús og þakk-húsið. Í lofti stásstofunnar í Gunnlaugshúsi eru sneidd spjöld.

Inn af útidyrum er forstofa og baðherbergi. Gangur með stiga er inn af forstofu og eldhús í norðausturhluta og stofa sunnan megin í húsinu. Upp af stiga er framloft og stigi upp í ris. Kames er að sunnanverðu inn af framlofti og herbergi fyrir miðjum austurgafli en súðarkompur inn af því hvorum megin. Anddyri og suðurhluti hússins eru klædd standpiljum og súð í anddyri er klædd borðum og í eldhúsi er loft borðaklætt milli klæddra bita. Stofan er klædd brjóstpili með sneiddum spjöldum að neðan og standpiljum að ofan og loft reitaklætt með spjöldum sneiddum í lágan píramíta milli klæddra strikaðra bita. Á efri hæð er gaflherbergi klætt brjóstpili með reitum að neðan og standpiljum að ofan og loft yfir úr borðum á klæddum bitum. Aðrir veggir eru klæddir standpili, súð klædd reisifjöl og loft á framlofti og í kamesi klædd sléttfelldum borðum milli bita.“ Að baki Gunnlaugshús er geymsluhús nefnt Hjáleigan byggð úr timbri, torfi og grjóti í gömlum stíl. Hún var hins vegar aðeins byggð árið 2000. Samtals eru húsin um 15 x 11 m að grunnfleti. Umhverfis húsið, sérstaklega sunnan þess má víða sjá hleðslur undan brekkunni og hlaðnar stétt meðfram húsinu.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 9, 14 og 19; Eylenda I, 127, 180 og 185, Guðmundur L. Hafsteinsson, 30-32

BA-087:077 Einarshús hús bústaður

65°22.623N 22°54.791V

„Einarshús. Þetta timburhús var reist skömmu eftir 1900 innst á Norðurbökkum, nær því austur við Hjallsvík [sjá, 028],“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey var Einarshús byggt

1907-1908 en hönnuður þess er ókunnur. Húsið hefur nokkuð breyst, þaki verið lyft og byggt við bæði austurgæfl og norðurhlið. Einarshús stendur enn og er það austasta húsið í Flatey. Vel viðhaldið timburhús.



Mynd 50: Einarshús 077, horft til SSA.

„Eigandi þess [Einarshúss] var Einar (f. 1866, d. 1944) sjóm. í Flatey, sonur hins nafnkunna formanns, Mýra-Jóns,“ segir í örnefnaskrá. „Húsið var síðan stækkað og gekk oft undir nafninu Skrína, sem dregið er af lögun þess,“ segir í Eylendu. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Skrína er ein- og tvílyft timburhús. Miðhluti hússins, sem jafnframt er elsti hluti þess, er einlyftur og með risþak að sunnanverðu og reykháfi á mæni. Við norðurhlið þess er tvílyft viðbygging með skúrþak sem nær upp á mæni elsta hlutans. Einlyft skúrviðbygging með lágt risþak er við suðurhlið og austurstafn hússins. Húsið stendur á steinhlöðnum og steiptum sökkli, veggir eru klæddir listapili og þök bárujárni. Á húsinu eru gluggar með sex rúðum, miðpósti og þverpóstum og útidyr á vesturhlið kúrviðbyggingar.“ Húsið er 11 x 9 m að grunnfleti. Talsverður, hlaðinn stallur er austan við húsið og nær í 2-4 m frá því.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 8; Eylenda I, 173, Guðmundur L. Hafsteinsson, 47

BA-087:078 heimild um brunn

65°22.442N 22°55.251V

Brunnur er sýndur á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 (nærmynd) þar sem afrennsli var af mýrinni í Teinæringsvog. Engar greinilegar leifar sjást nú á þessum stað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:079 Bræðraminni hús bústaður

65°22.537N 22°54.929V

„Bræðraminni. Hús þetta var um skeið kennt við þá bræður sonu Kristjáns S. Jónssonar og k. h. Bjargar Jörgensdóttur. Upphaflega hét hús þetta Snikkaraskemma og reisti hana Jóhannes „snikkari“ (f. 1827, d. 1860) Ísleifsson í Flatey [...] Í Flatey tíðkaðist



Mynd 51: Bræðraminni 079, horft til V.

það um langt skeið, að kalla smá-
íbúðarhús Skemmur. Var þá oftast
skeytt viðeigandi nafni framan við [...]
Bogaskemma [014], Gunnarsskemma
[051], Hafnarskemma [026], Nýja-
skemma [038] og Snikkaraskemma,“
segir í örnefnaskrá. Ljósmynd af yngra
húsi á bls. 172 í Eylendu. Í skýrslu
Guðmundar L. Hafsteinssonar um
byggða- og húsakönnun í Þorpinu í
Flatey kemur fram að núverandi hús

var byggt 1915 á sama stað og torfbærinn Snikkaraskemma stóð áður. Við austurhlið
hússins er hjallur sem byggður var 1945. Húsið stendur enn (2014) í góðu ástandi.
Húsið er portbyggt og steinsteypt og stendur við Skansmýri sunnanverða.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu
í Flatey segir: „Bræðraminni er einlyft portbyggt steinsteypt hús með lágt risþak.
Húsið er T-laga að grunnformi; meginhluti þess snýr í norður-suður en við vesturhlið
þess er viðbygging í vestur-austur. Veggir eru múrhúðaðir og þök eru klædd trapisu-
mótuðum plötum. Reykháfur er á mæni og á austurhlið er þakkvistur með lágt risþak
og einnar rúðu glugga. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með lóðréttum pósti og þver-
póstum; tveir á vesturhlið og tveir á hverjum stafni. Í glugga á gaflhlaði að vestanverðu
er þó sex rúðu rammi. Útidyr eru á suðurhlið viðbyggingar og tréþallur framan
þeirra og fram með suðurstafni. Forstofa er inn af dyrum, baðherbergi í vesturenda
og gangur í miðju húsinu næst forstofu. Stofa er í suðurenda, eldhús í norðurenda og
stigi upp á loft. Baðstofa er upp af stiga og herbergi við suðurgafli og vesturgafli. Veggir
eru ýmist klæddir panelborðum eða plötum og loft á jarðhæð eru plötuklædd á milli
bita, súð í baðstofu er plötuklædd en panelklædd í herbergjunum tveimur.“ Húsið er
8,5 x 8 m að grunnfleti.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Flatey, 8 og 30, Eylenda 172, Guðmundur L. Hafsteinsson, 51

BA-o87:o8o tóft fjárhús

65°22.430N 22°55.313V

Inn á túnakort frá 1906 og kort SE frá sama ári er merkt hús norðan við Tjarnarmýri
en sunnan við Teinæringavog. „Fjárhús. Tilheyrðu Guðm. kaupm. Bergsteinssyni,“
segir í örnefnaskrá. Ágúst Georgsson skráði útihúsarústir árið 1989 (nr. 8): „Rústir

tveggja sambyggðra fjárhúsa og hlöðu. Óvíst hvort bæði hafa verið í notkun samtímis. Hlaðan er aftan við, nær sjávarbakkannum, og snýr þvert á húsinn. Útihús þessi eru að öllum líkindum frá fyrra helmingi 20. aldar. Hús, vafalaust útihús, stóð á svipuðum stað árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3) og gæti verið um sömu byggingu að ræða en e.t.v. bætt við hana síðar (að vestanverðu).“ Fjárhústóftin er greinileg í brekku sem hallar til suðurs að Tjarnarmýri. Göngustígur á norðurbakka Flateyjar liggur fast norðan við tóftina. Tóftin er í aflíðandi halla til suðurs, næstum efst í hæð sem er á milli Tjarnarmýrar og sjávarbakkans. Allt umhverfis tóftina er hátt gras.



Mynd 52: Fjárhús 080, horft til NV. Teikning 7 á síðu 74 sýnir uppdrátt af tóftinni.

Tóftin er 15,5 x 11 m stór og skiptist í grófum dráttum í tvö hólfa sem snúa norður-suður og eru hlið við hlið, og hlöðu að baki. Hólf A er reyndar nokkuð óljóst en líklega hefur það verið 7-8 x 3,2 m að innanmáli og garði gengið eftir því miðju heldur en að umræddur garði sé í raun veggur og hafi skipt hólfinu í tvennt. Úr vesturhluta hólfsins er hins vegar gengt alveg til norðurs yfir í hólf C sem hefur að líkindum verið hlaða. Við hliðina á hólfi A er hólf B. Það er nokkru minna en A eða 5,5 x 3,2 og gengur garði eftir því miðju. Hvorki er að sjá suðurvegg fyrir hólf A eða B. Úr hólfi B er innangengt í hlöðu C. Hlaðan er nú 7 x 3 m að innanmáli og snýr þvert á hólf A og B. Hún er opin til vesturs. Talsverður stallur er suðaustan við hlöðu, milli hennar og hólfs A. Veggir eru víða stæðilegir og mest um 1,3 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ö-Flatey, 9; Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906, Bæjateikning Dana 1911, Ágúst Georgsson, 5

BA-087:081 Ásgarður hús bústaður

65°22.541N 22°55.033V

1840: „[...] við botninn á Grýluvog eða Munaðarvog [125]. Þar standa tvö timburhús byggð að nýju fyrir 60 árum, þ.e. 1780,“ segir í Sóknalýsingu Vestfjarða. „Gamlhús var Bjálkahús, sem byggt var 1777-1778, lágveggjað og rismikið, svart að lit með hvítum gluggaumgjörðum. Það var byggt fyrir kaupmanninn og þá nefnt Kaupmannshús, síðar einnig Þýskahús. Neðri hæðin var notuð til verslunar en efri hæðin til íbúðar,“ segir í Eylendu I.



Mynd 53: Ásgarður 081, horft til N.

„Gamlahúsið. Í daglegu tali oftast nefnt Gamlhús [...] Menn telja víst að annað þessara húsa hafi verið Gamlhúsið, sózt það á myndinni lengst til hægri af Kaupborginu í Flatey frá 1801. Þetta var vandað bjálkahús, notað um skeið sem verzlunarhús niðri, en til íbúðar uppi. Húsið var rífið árið 1908, nær því ófúið,“ segir í örnefnaskrá. Einnig nefnt Jóhnsenshús. Ljósmynd af Gamlhúsi er að finna á bls. 184 í

Eylendu. Viðurinn var notaður í Ásgarð sem byggður var á sama stað. „Ásgarður, var íbúðar- og verzlunarhús Guðmundar kaupmanns Bergsteinssonar. Hús þetta var meðal stærri húsa í Flatey og reist um 1908. Í það var notað, að einhverju leyti, mjög gott timbur úr Gamlahúsinu [022], sem þá var rífið, líklega 130 ára, að því er menn gízka á,“ segir í örnefnaskrá. 1777: „Um sumarið komu inn til Íslands kaupmenn (sem búa skýldu í landinu) á allar hafnir. Fjölgað var þá kaupstað í Flatey á Breiðafirði. Stórar timburstofur af ágætasta timbri norsku og gullenzkum borðum voru byggðar handa kaupmönnum upp á norskan byggingarmáta. Kostuðu sumar þær stofur meir en 1000 rd. hver,“ segir í Espihólsannáli. Samkvæmt skýrslu um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey var Ásgarður byggður 1907 og hönnuður hússins var Magnús vert Magnússon. Þar kemur fram að Ásgarður er að hluta til byggður á grunni Gamlhúss, sem var kaupmannshús byggt 1777 og er talið að kjallari undir miðhluta hússins sé að hluta til frá eldra húsinu komin. Húsið hefur verið lengt til norðurs (um 2 m árið 1922). Ásgarður stendur enn (2014) í góðu ástandi norðaustanvert við Grýluvog.

Ásgarður er nýlega uppgert, tvílyft timburhús. Ljósmyndir af Ásgarði er að finna í Eylendu I, bls. 118 og 136. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey segir: „Eftir að Gamlhús skemmdist af eldi keypti Guðmundur Bergsteinsson (1876-1941) kaupmaður og útgerðarmaður húsið, lét rífa það árið 1907 og notaði viði úr því til að byggja sér íbúðar- og verslunarhúsið Ásgarð. Yfirsniður hússins var Magnús vert Magnússon í Vertshúsi. Verslunarbúð var innréttuð í norðurhluta hússins, þar sem nú er stásstofa, en meginhluti hússins var íbúð þeirra hjóna Guðmundar og Jónínu Eyjólfsdóttur (1887-1989). [...] Ásgarður er tvílyft timburhús með lágt risþak. Húsið stendur á hlöðnum múrhúðum sökkli og undir suðurhluta þess er steinhlaðinn kjallari. Við norðurstafn er viðbygging með lágt

risþak og skúr við austurhlið hennar og norðausturhorn hússins. Bakdyraskúr er við austurhlið hússins sunnarlega. Veggir og þök eru klædd bárujárn og skorsteinn er sunnarlega á mæni. Á framhlið eru átta sex rúðu krosspóstagluggar með þverrimum á milli karms og pósts, tveir níu rúðu tvíþósta krossgluggar, einn þriggja rúðu gluggi með þverþósti og þverrim og tveggja rúðu kjallaragluggi. Fjórir sex rúðu krossþósta-gluggar eru á suðurstafni, fjórir á austurhlið og einn á norðurstafni. Á austurstafni er auk þess einn tveggja rúðu gluggi og einn á hvorum skúr. Um glugga eru faldar, vatnsbretti að neðan og bjór að ofan. Útidyr eru á framhlið sunnarlega og fyrir þeim fjalahurðir á okum og spjaldsett hurð. Framundan þeim eru trétröppur til hvorrar handar meðfram húshliðinni. Dyr með klæddri okahurð eru á norðurstafni og yfir þeim tveggja rúðu þvergluggi og bjór og steinsteyptar tröppur fram undan þeim. Bakdyr eru á austurhlið skúrs og norðurhlið bakdyraskúrs og gengur þakið út yfir dyrnar og er stoð undir norðausturhorni þess. Efst á veggjum er kverkbord uppi undir þakskeggi og skornir sperruendar. Yst undir þakbrúnum eru sperrur á sylluendum, klæddar vindskeið sem strikuð er á neðri brún. Lítill garður er við suðurstafn hússins girtur trégirðingu.

Inn af útidyrum er forstofa með stiga og stofa hvorum megin hennar við framhlið. Eldhús er í suðausturhluta hússins og hurð að bakdyraskúr með forstofu og salerni. Búr er við austurhlið inn af eldhúsi og geymsla innar. Verslun var í norður-enda hússins og viðbyggingu og eru þar upprunalegar innréttingar, og geymsla í skúr við norðausturhorn. Upp af stiga á efri hæð er framloft, tvö herbergi eru við suðurgafl, miðherbergi við austurhlið, innri gangur við norðurenda framlofts, herbergi í norðvesturhorni, baðherbergi í norðausturhorni og inn af því geymsla með stiga upp á risloft yfirhúsinu stafna á milli. Veggir á báðum hæðum eru klæddir strikuðum panelbordum en suðvesturstofa á jarðhæð og suðausturherbergi og hluti framlofts á efri hæð eru plötuklædd. Loft í suðvesturstofu er plötuklætt neðan á bita en panelklætt í eldhúsi, norðvesturstofu, verslun og bakdyraskúr. Í forstofu, buri og geymslu er loft á bitum. Á efri hæð eru loft plötuklædd milli bita en á innra gangi og baðherbergi eru panelklædd loft neðan á bitum. Í risi er bordaklædd súð á sperrum og í veggklæðningu norðurgafls hafa verið notuð gömul tjörguð borð. Þau eru hugsanlega úr Gamalhúsi sem byggt var á þessum stað 1777.“ Í skýrslunni kemur fram að hjallur, Ásgarðshjallur, er austan við Ásgarð en hann var einungis byggður árið 1945. Ásgarður er um 15 x 7 m að grunnfleti.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 4; Eylenda I 118 og 136; Annálar V, 160

BA-087:082 þúst bústaður

65°22.344N 22°55.067V

Inn á kort Samúels Eggertssonar frá 1906 er merkt hús við suðurströnd Flateyjar, suður af kálgarði 145, milli minja 007 og 012. Það vantar inn á túnakort frá sama ári. Húsið hefur verið beint sunnan við austurenda kálgarðs við Hölluhús, sjá nr. 145. og aðeins rúmir 10 m á milli – á því svæði (millisvæðinu) stendur nú bárujárnsklætt gestahús. Þetta er á ströndinni upp af Hólsbúðarvör 101, vestan við hana. Harðlendum bakki.

Greinileg hvílt sést á þessum stað, um 3 x 2 m stór frá norðri til suðurs og allt að 0,4 m djúp. Hún er fremur regluleg, grjót finnst í innanverðri austurbrún. Skammt austan við hana er greinileg dæld, um 1 x 1 m stór.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:083 Árnahús bæjarhóll bústaður

65°22.516N 22°54.942V

„Árnahús, byggt úr torfi og grjóti, stóð fyrir austan Beykishúsið [088],“ segir í örnefnaskrá. Engin ummerki um Árnahús eru nú greinileg austan við kálgarð við Beykishúsið 088. Húsið stóð á grasflöt sem er neðan við brekkurætur, beint austur af Grýluvogi. Til austurs er Innstabæjarmýri. „Árni Pálsson (1786-1874) fv. hreppstjóri á Firði í Múlasveit, fluttist til Flateyjar 1837 og reisti þá þennan bæ og bjó þar til dd.,“ segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 4

BA-087:084 Austurbær bæjarhóll bústaður

„Lengi stóð Austurbær sem yfirmannabýli á eyjunni hæst á túninu austur frá kirkjunni. Er þaðan en fagrasta útsjón. Þar er nú kálgarður. Í grennd við bæ þann eru Miðbær og Nýibær [sjá 001],“ segir í lýsingu Flateyjarsóknar frá 1840. „Austurbær, var eitt af elstu býlum í Flatey og stóð nærri þar, sem Klausturhólahúsið [039] stendur nú,“ segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Austurbærinn stóð, að öðru leyti en því að það var í námunda við Klausturhóla og þar af leiðandi í námunda við Garða, sjá 039. Ekki er ljóst hvort Austurbær og Garðabær voru í byggð á sama tíma. „Þar [í Austurbæ] bjuggu oft prestar Flateyjarþinga. Einn af þeim var séra Sigurður (1688-1753) [...] Guðrún var talin búandi prestsekkja í Austurbænum í Flatey 1762. Síðastur presta í Austurbænum var séra Tómas Sigurðsson úr Vestmannaeyjum. Hann var í Flatey frá 1807 til 1823 [...] Litlu síðar var Austurbær rifinn og gerður kálgarður upp úr tóttum hans [...] Búfræðingur. Svo nefndu menn, í gamni, kálgarð þann, er

gerður var upp úr tóttum Austurbæjar,“ segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Eylenda I, 87; Ö-Flatey, 3-4 og 8

BA-087:085 *Bogaskemma* heimild um bústað

65°22.521N 22°54.990V

„Húsið byggði Bogi Gunnlaugsson sjómaður árið 1898 [...] Bogahús var rífið á sjötta áratugnum,“ segir í Eylendu. Samkvæmt korti Samúels Eggertssonar af Flatey frá því í upphafi 20. aldar var Bogaskemma þar sem Þorsteinn Bergmann byggði síðar skemmu í gömlum stíg að baki Félagshúsum 076. Engin ummerki um eldra húss sjást lengur. „Bogaskemma var byggð litlu fyrir 1880 af Boga Gunnlaugssyni frá Gerði á Barðaströnd,“ segir í örnefnaskrá.



Mynd 54: Staðsetning Bogaskemmu 085, horft til S.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 7

BA-087:086 *Bogahús II/Jónshús* heimild um bústað

65°22.525N 22°55.002V

„Gunnarsskemma. Stóð norðaustanvert við Félagshúsið [020],“ segir í örnefnaskrá. „Í Flatey tíðkaðist það um langt skeið, að kalla smáíbúðarhús Skemmur. Var þá oftast skeytt viðeigandi nafni framan við [...] Bogaskemma [014], Gunnarsskemma, Hafnarskemma [026], Nýjaskemma [038] og Snikkaraskemma [016].“ Gunnarsskemma „[...] var kennd við Gunnar (f. 1799, d. 1883) [...] Einars[son] [...] Önnur nöfn á þessu húsi hafa líka heyrt, svo sem Langhryggja og Piltaskemma [...] Við austur- endann á [Félagshúsi, 020], sambyggt, stóð Piltaskemma Benediktsens, ýmist kölluð Langhryggja eða Graðhestaskemma,“ segir í örnefnaskrá. „Árið 1898 byggði Jón Ólafsson utanbúðarmaður lítið en snoturt hús þar sem Gunnarsskemma hafði áður staðið. Bogi Guðmundsson keypti húsið árið 1918 en „þegar [hann] keypti veitingahúsið, Vertshús [123], seldi hann húsið sem var þá rífið og flutt í burtu,“ segir í Eylendu. „Bogahús. Þetta var íbúðarhús Boga kaupm. [Guðmundssonar frá Hallsteinsnesi í Gufudalssveit]. Eigandi þess, næstur á undan Boga, var Jón Árnason (d. 1918, 65 ára) frá Bæ á Bæjarnesi. Þá var húsið kennt við hann og kallað Jónshús,“ segir í örnefnaskrá.

„Reist árið 1898 og rífið einhvern tíma á 20. öldinni þó það komi ekki fram hvenær. Það var þegar Bogi keypti Vertshúsið [123],“ segir í Eylendu. Ljósmynd af húsinu er á bls. 170 í Eylendu. Bogaskemma stóð austan eða norðaustan við Félagshúsin 076 þar sem nú er flati eða fast austan hans þar sem Hafliðaskemma er nú. Engar leifar fundust um Bogahús.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 6-7, 14 og 19 og 30-31; Eylenda I, 170

BA-087:087 Appolonehús heimild um bústað

65°22.533N 22°54.964V



Mynd 55: Berg, þar sem áður stóð Appolonehús 087, horft til N.

„Húsið var smíðað úr flaki skips þess, er Flateyinga[r] nefndu Appolone, sem brotnaði í aftakaveðri í Flateyjarhöfn 1841. Guðmundur kaupm. Scheving hafði keypt skipið 1829 fyrir 2200 ríkisdali, en nú var flak þess selt á opinberu uppboði fyrir 120 rd. Upphaflega notaði Brynjólfur B. Benediktsson kaupm. húsið, sem geymsluhús fyrir eldivið. Seinna fór fram alger stækkun og breyting á því í íbúðarhús. Árið 1911 var húsið nefnt Berg sem það heitir enn í

dag [...] Stuttu eftir 1930 keypti Árni J. Einarsson smiður (áður bóndi í Hergilsey) hús þetta, stækkaði hann það þá,“ segir í örnefnaskrá. Í Eylendu segir að Árni J. hafi keypt húsið um 1936 og stækkað það. Í húsið sést á ljósmynd á bls. 158 í Eylendu. Í Skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey kemur fram að núverandi hús, Berg, var aðeins byggt árið 1922 en hönnuður þess var Jón Jónsson snikkari. Appolonehús er löngu horfið af yfirborði jaðar og Berg, húsið sem stendur á sama stað í dag (2014) er of ungt til að teljast til fornleifa. Berg er nýlega uppgert og vel við haldið bárujárnsklætt timburhús, 8 x 7,5 m að grunnfleti.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 3 og 6; Eylenda I, bls. 99, 158 og 165; Guðmundur L. Hafsteinsson,

Samkvæmt uppdrátti af Flatey frá 1911 eftir Samúel Eggertsson er Beykishús rétt sunnan við Grýluvog [125]. Mynd af húsinu er að finna í Eylendu I, bls. 99. Engar leifar Beykishúss sjást nú (2014) en kálgarður umhverfis er enn nokkuð verulegur. Gerðið er fast neðan við klettavegginn sem er í framhaldi af suðurhlið Grýluvogs til austurs.

„Beykishús. Allstór torfbær. Talið er, að þar hafi upphaflega búið Snjólfur beykir Vilhjálmsson, sem kom [...] til Flateyjar um 1777. Árið 1820 settist hér að „höndlunarbeykirinn“ Ísleifur (f. 1784, d. 1829) Grímsson [...] Endurbætti Ísleifur bæinn töluvert [...] Í manntalinu 1870, er bærinn kallaður Sólborgarhús og talinn grasbýli, ábúandi Jóhann Eyjólfsson [...] Bær þessi var rifinn 1930, enda komin til ára sinna og alls ekki lengur íbúðarhæfur,“ segir í örnefnaskrá. Í Eylendu segir að Beykishús sé nefnt eftir fyrrnefndum Snjólf. Sólborgarhús er kallað þar lögbýli. „Hér bjó m.a. Magnús Andrússon og hjá honum stundaði séra Árelíus Níelsson nám [...],“ segir í Eylendu. Á korti af Flatey frá 1906 eftir Samúel Eggertsson var barnaskóli einnig starfræktur í Beykishúsi. Því hefur væntanlega lokið þegar nýr barnaskóli var reistur árið 1909, sjá færslu 107. Kálgarðurinn er 18 x 18 m stór og er fremur heillegur og vel hlaðinn að sunnan og austan en vesturhlið hans er alveg horfin og stór partur af norðurhlið (vesturhluti hennar) er einnig horfin og austurhluti talsvert útflattur. Þar sem garðurinn stendur hvað best er hann um 0,8 m á hæð og 0,9 m á breidd. Garðurinn er grjóthlaðinn en gróinn. Við suðurhlið garðsins er kofi sambyggður. Hann er um 4,5 x 3,5 m að stærð en veggir hans eru óverulegir. Þeir eru mest 0,4 m á hæð. Líklega hefur kofinn verið kartöflugeymsla. Engin ummerki sjást um Beykishús lengur en kálgarðurinn er á sömu slóðum og húsið stóð áður.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 6, 12 og 20; Eylenda I, 84, 94, 99 og 166, 184; Eylenda II, 233



Mynd 56: Kálgarður við Beykishús 088, horft til ANA.
Teikning 5 á síðu 66 sýnir uppdrátt af gerðinu.

BA-087:089 *Bárarhús* bæjarstæði býli

„Bárarhús. Þegar Bárar-Ólafur (f. 1817, d. 1891) brá búi í Innstabæ [035], reisti hann lítinn torfbæ þar í nánd, sem kallaður var Bárarhús,“ segir í örnefnaskrá. „Bær þessi var með súð og lofti, en niðri var blámáluð gestastofa í vesturendanum. Ekki mun

Ólafur hafa átt þar lengi heima, því 1890 er hann kominn til tengdasonar síns, Eyjólfs kaupm. Jóhannessonar, sem þá bjó í svo nefndu Oddhúsi [049] [...] Þar sem Bárarhús hafði staðið kom síðar hlaða og fjós frá Klausturhólum [039],“ segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Bárarhús hefur staðið. Hafi það verið í námunda við Innstabæ er helst að giska á eitthvað af þeim mannvirkjum sem stóðu upp við þvergarð 248 (til dæmis 042-044 eða 048, 050). Ekki er heldur vitað hvar hlaða og fjós frá Klausturhólum stóðu, en þó skal hér bent á að í seinni tíð var það suður af bænum, sjá 121.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 5

BA-087:090 hleðsla

65°22.592N 22°54.975V



Mynd 57: Hleðsla 090, horft til NNA.

Inn á túnakort frá 1906 er merkt hús sem er samsíða Vertshúsi 123 norðan þess alveg frammi á sjávarbakkanum. Enn má greina ummerki um húsið þó að það sjálft sér horfið fyrir löngu.

Ummerkin eru á sjávarbakkanum á norðurströnd Flateyjar. Á þessum stað sést hleðsla alveg fram á sjávarbakka-brúninni. Hleðslan er um 8 x 5 m að stærð og er hún hlaðin undir steinsteypta plötu. Líklega hafa verið 2-4 m á

milli þessa húss og Vershúss.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

BA-087:091 Gunnukofi þúst bústaður

65°22.589N 22°54.839V

Í útkrotuðu yfirliti yfir örnefni í Flatey frá Örnefnastofnun Íslands segir: „Vantar Gunnukofa, sem var lítill torfkofi, norður af Barnaskólanum, eða austur af steininum sem stendur þar.“ Gunnukofi var líklega í brekkurótum þess hóls sem Barnaskólinn stóð á. Ekki er nákvæmlega vitað hvar kofinn stóð en líklegast hefur hann verið um 35 m austan við skólann. Þar eru tveir jarðfastir steinar og einhverjar mannvistarleifar virðast vera þar nærri. Umrætt svæði er um 10 m austan við tóft 044. Við steinana tvo er þýft en mögulegt er að rótið á þessu svæði sé alfarið vegna yngra rasks á svæðinu.

Á svæðinu má með góðum vilja sjá um 6 m langan hrygg eða vegg sem er 1,2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Ekki er að sjá önnur ummerki en mögulegt að frekari mannvistarlög leynist undir sverði.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906



Mynd 58: Gunnukofi 091, horft til NNA.

BA-087:092 heimild um kálgarð

65°22.541N 22°54.806V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merktur stakstæður kálgarður ofan við Innstabæjarmýri en neðan við (sunnan við) Myllumó 252. Kálgarðurinn hefur verið um 20 m suðaustan við Alheim 003. Hann hefur verið í aflíðandi halla til suðurs að Innstabæjarmýri/Norðurmýri við endann á Myllumó og skammt sunnan við risavaxinn kálgarðinn í Myllumó 252. Þar sem kálgarðurinn var er nú ræktað tún. Engin ummerki um kálgarðinn sjást.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:093 hleðsla kálgarður

65°22.583N 22°54.886V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merktur stakstæður kálgarður VNV við Skansmýri. Samkvæmt kortum var kálgarðurinn mjög stór og lá í svolítinn boga eftir brekkunni ofan við mýrarbrún Skansmýrar neðan við bæði Bakkhús 009 og 027. Á þessu svæði er lítil og aflíðandi brekka norðaustan við Skansmýri.



Mynd 59: Kálgarður 093, horft til SSV. Teikning 2 á síðu 30 sýnir uppdrátt af garðinum.

Lítill ummerki sjást nú á þessum slóðum en á einum stað sést þó L-laga kálgarðsleifar sem passa reyndar ekki fullkomlega við lögun kálgarðsins eins og hann er sýndur á kortum í upphafi 20. aldar en

er á svipuðum slóðum og hann var. Þær leifar sem sjást eru 7-8 x 3-4 x en fjarðar strax út til austurs. Hleðslan er mest 1,2 m á breidd en 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:094 hleðsla kálgarður

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merktur lítill, stakstæður kálgarður á milli 034 og tóftar 029. Á þessu svæði er lítill og aflíðandi brekka til SSV að Skansmýri. Lítil ummerki sjást nú um garðinn. Enn má þó merkja L-laga hleðslu sem er 7-8 x 9 m stór og snýr ASA-VSV og um 1,2 m á breidd en 0,3 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:095 sáðslétta

65°22.494N 22°54.998V



Mynd 60: Sáðslétta 095, horft til SSV. Teikning 5 á síðu 66 sýnir uppdrátt af minjunum.

Beðasléttur eru nærri fjósi sem stóð frá Ásgarði, skammt austan við malarveg sem liggur eftir endilangri Flatey. Beðasléttturnar eru í túni Brekkubæjar 015.

Beðasléttturnar hafa nú verið slétt-aðar í tún en óljóst sér þó móta fyrir þeim sem ávölum hryggjum í túninu. Beðasléttturnar ná yfir svæði sem er 37 x 28 m stórt og snýr austur-vestur. Úr suðri ná þær frá túnmörkum og að fjóspúst 100 en vestan við hana ná þær

lengra til norðurs. Samtals má greina u.þ.b. 5 hryggi og 5 dældir í túninu á þessum stað. Beðasléttturnar eru svolítið misbreiðar en mest 0,2 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:096 heimild

65°22.508N 22°54.834V

Ágúst Georgsson skráði rúst af loftmynd (nr. XVII) og segir í skýrslu sinni: „Húsrúst?“ Þetta er 70-80 m SSA af Klausturhólahúsinu 039. Grösugt tún. Ekki sjást augljósar

mannvirkjaleifar á staðnum þegar þetta er ritað.

Heimildir: Ágúst Georgsson, II

BA-087:097 *Tryggð* heimild um kálgarð 65°22.306N 22°55.548V

Á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 er sýndur stakur kálgarður á sjávarbakka milli lendingar 153 (sem er fast austan við Frystihúsið) og vesturenda kálgarða 226, sem hétu Langur, Erfiður og Mæðir. Brekka niður að fjöru, hún er gróin en óslétt og klettar í henni hér og þar.

Engar mannvistarleifar fundust á þessu svæði nema smágrjóthleðsla (sjá 229) skammt frá. Kálgarðurinn hefur verið lítill skv. kortinu, varla nema 5 m í þvermál eða þar um bil, ef marka má uppdrátt Samúels. Væntanlega er þetta kálgarður sem nefnist Tryggð skv. örnefnalýsingu: „Á snösinni rétt innan við vörina [Tröllsendavör] var lítill kálgarður, er nefndist Tryggð,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Ágúst Georgsson skráði minjar upp af loftmynd á svipuðum slóðum (nr. III): „Kálgarðsleifar (að öllum líkindum). Óljósar. Á fylgiskjali 3 er hér sýndur lítill kálgarður en á loftmynd koma fram mun umfangsmeiri minjar sem þá ættu að vera eldri. Litli kálgarðurinn er líklega sá hinn sami og kallaðist Tryggð.“ Minjarnar sem Ágúst taldi að væru til staðar eru ekki sýnilegar og sennilega ekki á rökum reistar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 3, Ágúst Georgsson, II

BA-087:098 sáðslétta

65°22.508N 22°54.834V

Ágúst Georgsson skráði rúst af loftmynd (nr. XV) og segir í skýrslu sinni: „Rústir útihúsa? Óljósar.“ Umræddar rústir eru hins vegar beðasléttur og sjást þær enn (2014) ágætlega í túninu um 70 m austan við Brekkubæ 015. Beðaslétturarnar eru um 30 m austan við fjósrústir 060. Beðaslétturarnar eru að mestu í sléttuðu túni en syðsti hluti þeirra nær inn í deiglendi sunnan við tún.



Mynd 61: Sáðslétta 098, horft til A.

Á þessum slóðum sjást fjórir greinilegir hryggir í túninu í jafnri röð og mögulegt er að sá fimmti, sem snýr svolítið skáhalt á hina hafi verið allra vestast. Samtals ná beðasléttur yfir svæði sem er um 30 x 22 m að stærð og snýr nálega austur-vestur.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 11

BA-087:099 þúst útihús

65°22.511N 22°54.871V



Mynd 62: Útihús 099, horft til VNV.

Lág þúst er í túni Brekkubæjar, á milli beðasléttna 098 og fjóss 060. Þústin lætur lítið yfir sér en ekki er ólíklegt að mannvistarleifar geti leynst undir sverði á þessum slóðum. Þústin er í sléttu túni. Þústin er 6,5 x 4-5 m stór og snýr austur-vestur. Hún er á brekkubrún í túninu og er 0,2-0,3 m hærri en umhverfið.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:100 þúst

65°22.502N 22°55.003V



Mynd 63: Þúst 100, horft til ANA. Teikning 5 á síðu 66 sýnir uppdrátt af minjunum.

Ágúst Georgsson skráði rúst af loftmynd (nr. XIII) og segir í skýrslu sinni: „Húsarúst?“. Rústin hefur verið mitt á milli Brekkubæjar 015 og Bakkabæjar 008. Þarna var fjós frá Ásgarði og hefur það staðið undir þaki um miðja 20. öld skv. loftmynd frá því skeiði. Rústin er á brekkufötinni beint sunnan við Félagshús og tæpum 20 m austan við malarveginn sem liggur eftir Flatey endilangri.

Á þessum stað er svolítill uppsöfnun í túninu. Hún nær yfir svæði sem er 18 x 14,5 m stórt og snýr austur-vestur. Á þústinni eru svo talsverðar leifar. Vestar er niðurgrafið hús sem er um 7 x 6 m að innanmáli en austurendi er illa farinn og ógreinlegur. Að baki (austar) hefur verið annað hól en það er nú bara þúst sem er um 0,4 m herra

en umhverfið. Á svæðinu sjást grjóthleðslur og steypuleifar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 11; Loftmynd af Flatey frá því um 1950

BA-087:101 Hólsbúðarvör hleðsla landing

65°22.342N 22°54.999V

Hólsbúðarvör er sýnd á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 beint niður undan kálgarði við Norskubúð 047, með öðrum orðum sunnan við hann. Þetta er líklega sami staður og nefndur er Naustapollur í örnefnalýsingu: „Naustapollur. Lendingarstaður suður af Naustabúð [067],“ segir í örnefnaskrá. „Naustapollur niður undan Norskubúð, utar þó. Þar var aðallendingin á sunnanverðri Flatey og var bryggju þar nokkuð vel við haldið,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Malarvík milli tveggja lágra klettaganga. Breidd viks er um 30 m.



Mynd 64: Lending 101, horft til S.

Vörin (A) sést greinilega á loftmynd og væntanlega einnig á fjöru og hefur verið rudd. Hún liggur skáhallt upp í gegnum fjörugrjótið til NNA og er allt að 30 m löng og allt að 6-8 m breið. Mjög óljósar tóftir eru upp af vörinni, sjá 010. Óljós hlaðinn kantur (B) er með vesturbrún varar þegar komið er upp í fjöruna, væntanlega leifar bryggjunnar.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ö-Flatey, 27; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 6

BA-087:102 tóft naust

65°22.321N 22°55.361V

Að minnsta kosti tvö samhliða, jafnvel sambyggð naust eru beint upp af landingunni Innstapolli 134, sem einnig var kölluð Skúlavör. Mjög grösug brekka mót suðri.


Austara naustið er beint upp af miðri landingunni. Bæði eru þau grafin inn í bakkann um 4-5 m ofan við fjöruna en útveggur sést þó með austurhliðinni. Austara naustið er 7 x 2 m að innanmáli frá norðri til suðurs, austur veggur er veigalítill en þó aðeins upphlaðinn. Um 2 m breiður bálkur er á milli þeirra en vestara naustið er minna, um 4 x 1,8 m að innanmáli. Um 5 m vestar er einn ein dæld sem gæti



Mynd 65: Naust 102, horft til N.

upphaflega verið eftir naust en þar hefur orðið rask, enda er þar rör með frárennslisvatni og dældin gæti verið tilkomin út af því. Að þessari dæld frá talinni er svæðið um 8 x 8 m stórt – og fleiri naust eru vestar, sjá 221.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar



Teikning 9: Naust 102 og 221. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

BA-087:103 Charlotte? heimild

Í Skýrslu um Þjóðminjasafn sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1992 kemur eftirfarandi fram: „Tvö skipsflök við Flatey á Breiðafirði. Í ágúst fundu tveir áhugakafarar leifar af tveimur skipsflökum er þeir voru við köfun í gömlu höfninni í Flatey. Af munum eins og t.d. hollensku postulíni, sem þeir fundu og afhentu Þjóðminjasafni má ætla að annað skipið sé frá miðri 17. öld [264] og hitt nokkru yngra

eða hugsanlega frá síðustu aldamótum. Í framhaldi af neðansjávarfundinum í Flatey var staðurinn kannaður. [...] Í yngra skipinu fundust tvær fallbyssur sem gæti bent til að það sé eldra en frá aldamótunum [1900] og af erlendum uppruna.“

Staðsetningu skipsflakanna má sjá af teikningu á bls. 135 í grein Bjarna F. Einarssonar Mjaltastúlkan í gígnum. Samkvæmt upplýsingum í grein Bjarna gæti yngra skipið verið sonnortan Charlotte frá Rudköbing á Langalandi sem kom frá Kaupmannahöfn en lagði að höfn í Flatey í maí 1882. Akkeriskedjan gaf sig og því strandaði skipið en áhöfn var bjargað og farmur og flak var selt á uppboði. Rannsóknir Bjarna leiddu í ljós að skipið er vart styttra en 25 m langt og að yngra skipið liggur ofan á því á þvervegin.

Heimildir: Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1992, 168; Bjarni F. Einarsson 1993, 137

BA-087:104 *Garðavör* heimild um lendingu 65°22.408N 22°54.756V

„Niður við Flateyjarvog, suður af Klausturhólum, er Garðavör. Sléttur túnbali fyrir innan Garðavör kallast Straumsvöllur,“ segir í örnefnalýsingu. Garðavör eða Garðalending var rúma 100 metra beint niður eða suður af Klausturhólum. Þar er nú skipsflak, það austara af tveimur í Flatey. Upp af lendingunni er tóft af nausti, sjá 122. Grýtt fjara.

Ekki sjást miklar minjar í sjálfri vörinni en af loftmynd að dæma virðist þó líklegt að hún hafi verið rudd líkt og fleiri lendingar við suðurströnd Flateyjar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 13

BA-087:105 *Bakkhúsbrunnur* hleðsla brunnur 65°22.570N 22°54.862V

„Bakkhúsbrunnur, vatnsból innst í Skansmýrinni [sem er fyrir vestan Alheim 003],“ segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er merktur inn á túnakort frá 1906 og á uppdrætti eftir Samúel Eggertsson frá 1906 sést nákvæmlega hvar Bakkhúsbrunnur er. Ljósmynd af brunninum er á bls. 160 í Eylendu I. Brunnurinn sést enn (2014) vel.



Mynd 66: Naust 102, horft til N.

Hann er um 18 m NNV við Alheim 003 en 14 m sunnan við dæluhús við Skansmýri.

Brunnurinn er í jaðri mýrar austar tekur við brekka. Kassalaga hleðsla er umhverfis brunninn. Brunnurinn er um 5,8 x 6,2 m að stærð og hæð hleðslunnar er mest 0,8 m. Kraginn umhverfis brunninn er algróinn. Brunnurinn er birgður, yfir honum er planki og steinar ofan á.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 5; Eylanda I, 94 og 169; Túnakort frá 1906; Uppdráttur Samúels Eggertssonar 1911

BA-087:106 *Barnaberg* heimild um leikvöll 65°22.597N 22°54.147V

„Barnaberg. Smáklettslitur austanvert í Mjósundum [sem eru fyrir austan Lunda-berg sem er aftur á móti fyrir austan Hjalla, 028],“ segir í örnefnaskrá. Hafsteinn Guðmundsson heimildamaður telur að Barnaberg séu klettarnir við Útburðarstein 175 þar sem börn voru borin út. Nafnið er þó nú (2014) notað á klettabelti við sunnan-verðan Dugguvog. Ekkert undirlendi er neðan (norðvestan) við Barnaberg og ofan þeirra (suðaustan við) eru nú mikil tún.

Barnaberg hefur verið „[...] ákjósanlegur leikvangur stálpaðra unglinga, þó meina sumir gamlir menn, að þangað hafi ungbörn verið borin út á þeim árum sem klaustur [sjá 002] stóð í Flatey,“ segir í örnefnaskrá. „Hæðin inn og upp af Mjóasundsvogi, nefndist Barnaberg. Þar undu kúasmalar sér oft og áttum stundum þar smalakofa,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Engin ummerki um smalakofa eða aðrar mannvistarleifar fundust á vettvangi.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 5; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 9

BA-087:107 *Barnaskóli* heimild um skóla 65°22.580N 22°54.814V



Mynd 67: Staðsetning barnaskóla 107, horft til S.

Í Skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey segir: „Árið 1909 var byggt á þessum stað skólahús úr steinsteypu. Sunnan megin í því voru tvær rúm-góðar og bjartar skólastofur. Húsið var rífið 1992. Á grunni þess var byggt nýtt sumardvalarhús með tveimur íbúðum sem að ytra útliti tekur mið af útliti

gamla skólahússins.“ Skólahúsið er merkt inn á kort danskra mælingamanna frá 1911. Nú (2014) stendur nýlegt steinsteypt hús á þeim stað sem eldra skólahúsið stóð. Austan þess hefur verið reistur veggur úr torfi og grjóti. Engin ummerki sjást lengur um gamla skólahúsið. „Barnaskóli. Timburhús með járnþaki, reistur 1909,“ segir í örnefnaskrá en samkvæmt Eylendu og Skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar var úr steinsteypu.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 5; Eylenda I, 207; Guðmundur L. Hafsteinsson, 49, Danskur bæjateikningar 1911

BA-087:108 *Bárðargata* heimild um samgöngubót 65°22.478N 22°54.806V

„Bárðargata, var götutroðningur milli Innstabæjar [035] og Bókahússins [110],“ segir í örnefnaskrá. Hún hefur væntanlega legið eftir endilöngum hryggnum sem bæjarhóll Miðbæjar, kirkja og bókahús standa á – til austurs frá bókahúsi og að Innstabæ 035. Grasi vaxinn rani. Líklega hefur gatan legið norðan við Klausturhólahúsið 039. Engar leifar sjást nú af henni.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 5

BA-087:109 *Bogabúð* hús verslun

65°22.533N 22°54.951V

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey kemur fram að Bogabúð var byggð 1908-1910 og Bogi Guðmundsson kaupmaður var hönnuður hússins. Húsið stendur enn (2014) á sínum stað. Steinsteypt íbúðarhús sem stendur á norðurbrún hæðar en norðar tekur Skansmýri við.



Mynd 68: Bogabúð 109, horft til N.

„Bogabúð. Verzlunarhús Boga kaupm. Guðmundssonar [...] Húsið

hét áður Svalbarði,“ segir í örnefnaskrá. Í Eylendu segir að Bogabúð hafi verið reist þar sem Svalbarði stóð áður. Svalbarði var torfhús og var í því verkstæði trésmíðs. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey

segir: „lágt risþak og viðbyggingu með skúrþak við austurhlið. Veggir eru múrhúðaðir og sökkulbrún er á þeim neðst. Þak er bárujárnsklætt, reykháfur með reyrör er á mæni og tveir þakgluggar á austurhlið. Á húsinu eru sex rúðu steypujárnsgluggar sveigðir að ofanverðu; þrír á hverri hlið en vesturhlið er gluggalaus. Útidyr með spjaldsettri og glerjaðri hurð er á suðurhlið viðbyggingar. Inn af dyrum er forstofa, geymsla og salerni í suðausturhorni viðbyggingar. Stofa og eldhús er á jarðhæð meginbyggingar og baðstofa í risi en herbergi í norðurenda viðbyggingar. Veggir í forstofu og herbergi eru panelklæddir, geymsla og baðherbergi eru plötuklædd en aðrir veggir múrhúðaðir. Loft í viðbyggingu er plötuklætt en í stofu er loft á bitum og í baðstofu er panelklædd súð milli sperra.“ Húsið er 9 x 9 m að grunnfleti.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 6; Eyclenda I, 169; Guðmundur L. Hafsteinsson, 52

BA-087:110 Bókahús/Bókhlaða hús bókasafn

65°22.445N 22°54.887V



Mynd 69: Bókhlaðan 110, horft til NA.

Samkvæmt korti af Flatey frá 1906 eftir Eggert Samúelsson og uppdrætti af Flatey frá 1911 eftir sama mann er Bókahúsið fyrir austan Miðbæ [041]. Samkvæmt skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um Byggða- og húsa-könnun í Flatey var húsið byggt 1864 og talið er að Niels Björnsson forsmiður hafi verið hönnuður þess. Þar kemur fram að þegar Flateyjarkirkja var byggð 1926 hafi húsið verið flutt innar

á Bókhúsaflöt þar sem það standi í dag. Viðgerð á húsinu hófst 1979. Húsið er friðað í A-flokki. Bókhlaðan er eitt þekktasta hús í Flatey og auðfundið um 25 m austan við kirkjuna – stendur þar á sama hrygg.

„Bókahús. Brynjólfur B. Benediktson [...] kaupm., lét reisa þetta timburhús 1865. Það er um 5 m langt og 3,7 m á breidd. Í þessu húsi var Bókasafn Flateyjar geymt til ársins 1954, að það var flutt í svo nefnt Jakobshús [037],“ segir í örnefnaskrá. Það var byrjað að byggja bókasafnið árið 1864 en byggingunni lauk ekki fyrr en árið eftir. Safnið er elsta bókasafn landsins, segir í Eyclendu. Skv. Eyclendu er Flateyjarbókhlaða nafnið á bókasafninu. Ljósmynd af húsinu fyrir endurbyggingu er að finna í Eyclendu I, bls. 155. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í

Þorpinu í Flatey segir: „Bókhlaðan er timburhús með krossreist þak, 5,2 m að lengd og 3,9 m á breidd. Húsið stendur á steinhlöðnum sökkli, veggir eru klæddir listapili og þak rennisúð og gengið frá því með trérennum og niðurföllum. Tveir sex rúðu gluggar með miðpóst eru á hvorri húshlið og einn heldur minni á framstafni uppi yfir dyrum. Til hliðar við glugga eru rásaðir faldar, strikuð brik að ofan en vatnsbretti undir, hvíftað neðanvert. Fyrir útidyrum eru tvöfaldar vængjahurðir, okahurðir að utan en spjaldsettar að innan með spjöldum sneiddum í lága píramíta. Hvorum megin dyra eru rásaðar hálsúlur, undir þeim er sléttur súlufótur en súluhöfðuð skreytt blóma-skurði og strikaður bjór yfir. Bókhlaðan í Flatey, veggir klæddir máluðu listapili og þak tjargaðri rennisúð. Húsið er eitt herbergi og yfir því bitar, strikaðir á brúnum, og gólfborð rislofts. Stigi til loftsins er í norðvesturhorni. Veggir eru klæddir spjaldapili og hið innra er bókhlaðan ómáluð. Á loftinu er skarsúð á sperrum en gaflar óklæddir.“ Engu er við lýsinguna að bæta og húsið er í ágætu standi þegar þetta er ritað. Það er afgirt með trégirðingu.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 7; Eylenda I, 155, 182 og 94; Eylenda II, 232, Guðmundur L. Hafsteinsson, 27

BA-087:III Snorrabrunnur hleðsla brunnur 65°22.481N 22°55.085V

„Brekubæjarmýri. Austan Kirkjustígs [140], en vestan við stíginn var hún nefnd Snorrabrunnsmýri [sjá, 137] eða Brunnamýri,“ segir í örnefnaskrá og síðar í sömu skrá segir: „Í mýrarröndinni [á Kerlingarmýri, 137] niður undan Bakkabæ [008] (Fjósakoti [021]), er vatnsbólið Snorrabrunnur.“ Brunnurinn er um 34 m SSV við Bakkabæ 008 en rúmum 7 m norðan við malarvegin sem liggur eftir Flatey endilangri. Snorrabrunns er getið í sóknarlýsingu árið 1840. Brunnurinn er í Snorrabrunnsmýri sem er enn deig.

Brunnurinn er hinn veglegasti. Hann er um 6, 2 x 4,8 m að stærð með torfkraga umhverfis brunnopið. Innan brunns sjást um 4 umför af hleðslu í um 1 m dýpt en ekki sést dýpra ofan í brunninn. Járnstöng er þvert yfir brunninn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 8 og 21



Mynd 70: Snorrabrunnur III, horft til NA.

BA-087:II2 Bryggja hleðsla lending

65°22.501N 22°55.243V



Mynd 71: Bryggja II2, horft til N. Á myndinni sést einnig Vesturbúðarvör 177.

„Bryggja = Vesturbúðarbryggja, sem er grjótbryggja vestanvert við Vesturbúðarvör [...],“ segir í örnefnaskrá. Hluti af bryggjuhleðslu Vesturbúðarbryggju sést enn vestan við Vesturbúðarvör.

„Bryggjusker, er þar rétt vestur af, beint út frá Grýluvogi [125],“ segir í örnefnaskrá. Á þessum slóðum eru bryggjuleifar greinilegar. Þær sjást á um 45 m löngum kafla ef allt er talið en hin eiginlega bryggjuhleðsla er líklega

um 24 m löng og um 4 m breið. Hún er hlaðin úr stórgrýti. Suðurhluti austurhliðar bryggjunnar er steiptur. Bryggjan endar við sker út frá landi.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 8

BA-087:II3 heimild

65°22.421N 22°55.366V

Í úttekt Ágúst Georgssonar segir: „Á loftmynd mótar fyrir útlínunum lítillar rústar, sennilega kofa, við suðausturhorn garðsins. Mætti e.t.v. finna við nánari skoðun.“ Um-ræddur kofi hefur verið við suðurhorn kálgarðs 238 sem er norðan við Lóma(Tjarnar)-mýri. Kofinn hefur verið í brekkurótum norðan við mýri.

Ekki fundust greinileg ummerki um kofa á þessum lóðum en hins vegar hefur eitthvert framhald af kálgarði 238 legið áfram til suðausturs á svipuðum slóðum og er mögulegt að útlínurnar sem Ágúst greindi á loftmyndum hafi tilheyrt kálgarðinum (Sjá teikningu 7 á síðu X).

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 5

BA-087:II4 Dugguvogur heimild um lendingu

65°22.598N 22°54.306V

„Dugguvogur. Það er ytri Mjósundavogurinn [sem er fyrir austan Mjósund en það er austarlega á Flatey og þar er eyjan mjóst],“ segir í örnefnaskrá. Dugguvogur markast af Mjósundi að austan, ströndum Flateyjar að vestan og norðan en Akurey skýlir voginum að hluta að sunnan. „Ógjörla vita menn hvort Þjóðverjar höfðu þilskip hér

til fiskveiða, en þó er sagt, að þeir hafi átt fiskiskip uppsett á vetrum í Flatey, inn í Dugguvogi,“ segir í örnefnaskrá. Bátar voru svínbundnir úti á voginum.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Flatey, 8 og 26



Mynd 72: Dugguvogur 114, horft til SSV.



Mynd 73: Eyjólfsbryggja 115, horft til NA.

BA-087:115 Eyjólfsbryggja hleðsla lending 65°22.565N 22°55.101V

Samkvæmt uppdrætti af Flatey frá 1911 eftir Samúel Eggertsson var Eyjólfsbryggja fyrir vestan Þýskuvör (178). Eyjólfsbryggja var beint norður af Eyjólfshúsi 019 og Eyjólfspakkhúsi 116, nálaga til móts við Höfnina. Umhverfis bryggjuna er stórgrýtt fjara. „Eyjólfsbryggja. Eyjólfur kaupm. Jóhannsson lét hlaða þessa bryggju úr völdu grjóti, og var hún aðalbryggja kaupsins í langan tíma. Skömmu eftir 1930 var bryggjan endurbyggð, þá úr steinsteypu, og lengd töluvert,“ segir í örnefnaskrá. Eyjólfsbryggja var aðal bryggja Flateyar þangað til 1942 er Hafskipabryggjan var byggð, segir í Eylendu. Eyjólfsbryggja er um 17 m löng en 3-4 m breið og er mest 0,8-1 m á hæð. Þeir leifar sem sjást nú eru stórgrýti.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 9; Eylenda I, 94 og 175

BA-087:116 Eyjólfspakkhús hús pakkhús 65°22.558N 22°55.092V

„Eyjólfspakkhús. Því húsi breytti Guðmundur kaupm. Bergsteinsson í fiskþurrkunarhús,“ segir í örnefnaskrá. „Eyjólfspakkhús var byggt fyrir Eyjólf Jóhannsson kaupmann,“ segir í Eylendu. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey kemur fram að Eyjólfspakkhús var byggt 1870-1880 en hönnuður þess er ókunnugur. Hótelrekstur hófst í húsinu 2006 og þá var því talsvert

breytt. Húsið stendur enn (2014) og er nýlega uppgert. Það er um 3 m norðan við Eyjólfsbús 019. Húsið stendur á sjávarbakkanum norðan við Grýluvog. Það er einlyft timburhús.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Eyjólfsþakkhús er einlyft portbyggt timburhús með lágt risþak og stendur á steinhlaðnum sökkli. Veggir eru klæddir strikuðu listaþili og þak bárujárni. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; tveir á hvorum stafni og þrír á bakhlið. Efst á veggjum og á gaflhyrnum eru fjöggra rúðu gluggar með miðpóst; þrír á hvorri hlið og tveir á hvorri gaflhyrnu. Á gaflhyrnu að vestanverðu eru vörudyr og gálgi uppi yfir þeim. Fyrir dyrunum eru tvöfaldar vængjahurðir; fjalahurðir á okum að utanverðu og glerjaðar hurðir að innanverðu. Útidyr eru á miðri framhlið og fyrir þeim tvöfaldar



Mynd 74: Eyjólfsþakkhús 116, horft til NNW.

vængjahurðir; fjalahurðir á okum að utan og spjaldsettar og glerjaðar hurðir að innanverðu. Trétröppur eru framundan dyrum.

Inn af útidyrum er forstofa og gangur, stofa er við vesturgافل, eldhús og borðstofa við norðurhlið, bað í suðausturhorni og stigi við suðurhlið austan megin útidyra. Upp af stiga er gangur, salerni í suðausturhorni, tvö herbergi eru við norðurhlið, kames við suðurhlið og stofa við vesturgافل. Veggir

hússins eru klæddir standþili, loft eru borðaklædd á milli bita og súð er standklædd neðan á sperrur, opið er upp undir mæni og skammbitar eru óklæddir.“ Húsið er ríflega 9 x 7 m að grunnfleti.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 9; Eylenda I, 179; Guðmundur L. Hafsteinsson, 37

BA-087:117 tóft rétt


65°22.500N 22°54.101V

Grjóthlaðin tóft er norðaustarlega á Kjóatanga. Tóftin er sunnan við mjósta hluta tangans, þar austast, alveg fram á brún. Tanginn er gróinn að ofanverðu en jarðvegur er mjög þunnur. Hár klettur er fremst til norðausturs.

Tóftin er 12 x 10 m að stærð en 8 x 6,5 m stór að innanmáli og snýr norðvestur-



Mynd 75: Rétt 117, horft til NA.



Teikning 10: Rétt 117. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

suðaustur. Tóftin er bogadregin, hlaðin í boga sem myndar rúmlega hálfhring en sýnilega hefur brotnað af tóftinni norðan til. Op gæti hafa verið austast, fram við klettabrúnina en þar er veggur lægri en annars staðar. Veggir eru mjög grónir og signir en þó sér í grjót á stöku stað. Þeir eru mest 2 m á breidd en 0,4 m á hæð. Upphækkun er inni í tóftinni að austan og þar er grjót. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegast hefur hún verið e.k. rétt fremur en kálgarður. Þarna er gott aðhald en lítill jarðvegur.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

BA-087:118 heimild um brunn

65°22.614N 22°53.977V

Brunnur var í Breiðagrundarmýri samkvæmt korti Samúels Eggertssonar frá 1906 (nærmynd). Líklega hefur brunnurinn verið um 120 m vestan við kálgarð 156. Þarna var tjörn sem nú (2014) er þornuð að hluta. Umhverfis eru sléttuð tún. Ekki sjást ummerki um brunn á þessum slóðum nú og samkvæmt Hafsteini Guðmundssyni sást hann ekki þegar hann flutti í eyjuna.

Hættumat: Hætta, vegna jarðræktar

BA-087:119 Grásteinn heimild um huldufólksbústað

65°22.413N 22°55.200V

Grásteinar tveir eru við heimkeyrsluna að Krákuvör, hér um bil þar sem hún sker sig frá aðalveginum um Flatey. Þar átti að búa huldufólk samkvæmt gömlum sögnum. Gróíð tún beggja megin við heimkeyrslu.

Sennilega eru þetta steinarnir sem voru við Læknishúsið (sem brann, sjá 016) 40-50 m norður af Krákuvör. Sá stærri er í krikanum vestan við heimkeyrsluna en

sunnan aðalvegjar. Myndarlegur kúptur og ávalur steinn, nánast ferhyrndur í grunninn, um 2 x 2 m stór og mest um 0,8 m hár. Annar steinn af svipuðum meiði er 5-6 m austar, handan heimkeyrslu. Reyndar eru tveir steinar til viðbótar dálítið sunnar við heimkeyrsluna en ekki jafn sérkennilegir og áberandi.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:120 hleðsla

65°22.624N 22°54.787V



Mynd 76: Hleðsla 120, horft til NNV.

Kofi virðist hafa verið 3-4 m austan við Einarshús 077 og má enn sjá móta fyrir óljósum hleðslum á þessum stað. Hleðsluleifarnar eru á grasflöt austan við Einarshús en vestan við Hjallavík. Á þessum stað eru hleðslur á svæði sem er um 4 x 3 m stórt og snýr NNV-SSA. Um er að ræða steinaröð í grassverði og er hún einföld og hvergi hærri en 0,2 m.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:121 Garðahlaða tóft fjós

65°22.442N 22°54.799V

„Allt frá merkjum við Breiðugrund [sem er flöt eða slétta á Innstabæjartúni] í Innstabæjartúni [sjá 035], nefndist Garðatún. Á því stóð steinhús, Garðahlaða, sem tilheyrir Klausturhólum [039],“ segir í örnefnaskrá. Garðahlaðan telst ekki til fornleifa, enda steinsteypt á árunum 1920-1930. Þetta er um 50 m suður af Klausturhólahúsinu. Minjarnar eru skráðar hér, bæði þar sem eldri mannvistarleifar gætu leynst í hólnum en líka þar sem aldur er býsna hár og lítið til af leifum útihúsa frá þessum tíma í Flatey. Á háum hól í túni.

Steypt útihús, þaklaus en veggir standa vel. Þau skiptast í þrjú hólf. Það syðsta er uppi á háhólnum og hefur sýnilega verið lengst í notkun, það er enn hvít-málað og grindur virðast í botni. Þetta mun hafa verið fjós, síðar fjárhús. Austast er niðurgrafið hólf utan í, djúpt, líklega hlaða. Þriðja hólfíð er síðan norðan til, vestur og norðurveggur þess eru eiginlega hrundir en austurveggur nær allt að rúmum 4 m á hæð. Bíslag er allra vestast. Hólfíð hefur verið múrað að innan og fjárhúsin líklega einnig. Steypt hefur verið úr steypu með finni mól en stærra grjóti hefur sýnilega verið blandað með. Alls ná húsin yfir svæði sem er um 12 x 10 m stórt en þau standa á hól

sem er stærri, allt að 25-30 m í þvermál. Í honum gætu leynst eldri mannvistarleifar en það fæst varla staðfest án uppgrftar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 7 og 13

BA-087:122 Skútuhróf tóft naust

65°22.425N 22°54.746V

„Niður við Flateyjarvog, suður af Klausturhólum [039], er Garðavör [104],“ segir í örnefnaskrá. Ágúst Georgsson skráði minjar á þessum slóðum sem hann taldi tilheyra Garðavör (númer 18). Í skýrslu hans segir: „Vör/ naust. Garður úr torfi og grjóti sem liggur austur frá þeim. Þetta er utan núverandi túngirðingar, en fast við hana, nálægt flæðarmáli. Innan girðingar, á móts við naustin, er lítil kofarúst. Sennilega er hún á sama stað og sýnt er lítið hús á fylgiskjali 3, beint niður af Garðabæ (Klausturhólum). Vörin er að öllum líkindum Garðavör sem sögð er vera suður af Klausturhólum. Naustin eru sennilega frá 19. öld og gæti eitt þeirra vel verið „þiljuskipahróf“ það sem getið er um í Lýsingu Flateyjarprestakalls 1840, sunnan til á eyinni niður af Garðabæ. Í örnefnalýsingu er getið um Skútuhróf, nálægt Garðastöðli, en suður af því er Hrófsker. Vafalaust er hér um sama mannvirkið að ræða. í fjörunni, neðan við rústirnar, er flak af gömlum nótabáti en dálítið austar friðlýsingarskilti Náttúruvinnuáðs.“ Í umræddri sóknarlýsingu segir: „Sunnan til á eyjunni er eitt þiljuskipahróf, niður frá Garðabæ. Nú eru á Flatey fimm þiljuskip, sem þar eiga heima.“ Staðurinn er enn sýnilegur beint niður eða suður af Klausturhólatúni, fast við austara skipsflakið við suðuströnd Flateyjar.

Graslendi upp af sjávarbakka, láglent hér en þó nokkuð hæðótt, smáklettur vestan við.

Greinileg nauststöft en skipsflakið liggur yfir suðurendann. Veggir eru grjóthlaðnir en á kafi í grasi þegar þetta er ritað. Tóftin liggur til norðurs uppfrá fjöruborði, hún er alls um 15



Mynd 77: Skútuhróf 122, horft til SV.

m löng og 6-7 m breið. Hún er 4 m breið að innan og lækkar inn að miðju frá báðum veggjum – eins og kjölfar. Botninn er grasi vaxinn. Göngustígur liggur yfir hana þvera um miðbikið og þar norðan við liggur girðing yfir og því nokkuð erfitt að greina samhengi mannvirkisins en það heldur þó greinilega áfram norðan girðingar – þó eins og þar sé afmarkað hólf, aðskilið með þvervegg. Tóftin er aðeins grafin inn í austurbakkann, sem stafar af halla. Geil er vestan við hana sem vel hefði mátt draga skip upp í líka. Grjóthlaðinn garður sem líklega er samtíða tóftinni liggur til austurs frá henni 4-5 fyrir ofan sjávarkamp, líklega hefur verið op milli garðs og tóftar. Hann er hægt að rekja 20-25 m til austurs.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 13; Ágúst Georgsson, 8; SSV I, 122

BA-087:123 *Vertshús (Værtshús)* hús gistihús 65°22.583N 22°54.971V

Inn á túnakort frá 1906 og kort Samúels Eggertssonar frá sama ári er merkt hús sem var nefnt Vertshús. „Gistihús. Magnús Magnússon [...] reisti þetta myndarlega timburhús, þegar hann flutti úr Brekkubænum [015] rétt eftir 1890. Húsið var hið fyrsta og reyndar hið síðasta opinbera gistihús og veitingahús í Flatey. Ráku þau hjónin, Magnús og kona hans Þorbjörg Ólafsdóttir [...] það [...] Húsið var alltaf kallað Vertshús (Værtshús) og gestgjafinn Magnús vert,“ segir í örnefnaskrá. Ljósmynd af húsinu frá 1910 er á bls. 109 í Eylendu I. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey kemur fram að vesturendi hússins var byggður 1886 en austurendi 1901 en síðar hækkaður í tvær hæðir. Hönnuður beggja „húsa“ var Magnús vert Magnússon. Vertshús stendur enn (2014) og er í góðu ástandi. Það er næsta hús norðaustan við Vinaminni 061. Vertshús er tvílyft timburhús sem stendur á sjávarbakkanum á norðurströnd Flateyjar.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir um vesturenda Vertshús: „Vertshús er tvílyft timburhús með risþak. Húsið stendur á steinhlöðnum sökkli, framhlið og vesturgafi eru klædd vatnsklæðningu og hornborðum en bakhlið lóðréttum panelborðum. Þak er bárujárnsklætt, reykháfur er á mæni og þakgluggi að sunnanverðu. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; sex á framhlið, fimm á vesturstafni, þrír á bakhlið auk eins þriggja rúðu glugga og einn á gafflhlaði að austanverðu. Um glugga eru strikaðir faldar og vatnsbretti að ofan og neðan. Útidyr eru á miðri framhlið og fyrir þeim tvöfaldar spjaldsettar vængjahurðir og fjöggra rúðu þvergluggi. Um dyrnar eru strikaðir faldar

og vatnsbretti að ofan og steinsteyp
stétt fram undan þeim. Við austurstafn
hússins er tveggja hæða viðbygging, sjá
Vertshús – austurendi.

Inn af útidyrum er forstofa
og stigi upp á efri hæð. Stofur eru við
framhlið hvorum megin gangs, eldhús
við bakhlið og baðherbergi inn af því
við austurgafli. Upp af stiga er framloft
með stiga upp í ris, herbergi hvorum
megin þess við framhlið og eru kojur

í herberginu að austanverðu frá því að greiðasala var rekin í húsinu. Við bakhlið eru
þrjú herbergi. Í risi er afþiljað herbergi við vesturgafli. Veggir á jarðhæð eru klæddir
strikuðum panelborðum og suðausturstofa er klædd spjaldapili með strikuðum
panelborðum. Í forstofu og suðvesturstofu er loft á bitum en í öðrum herbergjum á
jarðhæð er plötuklæðning á milli bita. Framloft er klætt strikuðum og sléttum panel-
borðum, suðvesturherbergi er klætt standpili og sléttum panil, norðvesturherbergi er
klætt strikuðum og sléttum panelborðum, miðherbergi við bakhlið er klætt standpili
og strikuðum og sléttum panelborðum, norðausturherbergi er klætt standpiljum og
suðausturherbergi er klætt standpiljum og strikuðum panelborðum. Á efri hæð er
loft á bitum. Vesturherbergi í risi er klætt standpili og sneiddum panelborðum súð
borðaklædd neðan á sperrur en að austanverðu er gaflveggur óklæddur, súð borða-
klædd ofan á sperrur og opin upp undir mæni, og hanabjálkar ofarlega á milli sperra.
Við stigaop er verk úr með sléttum pílárum og renndum hnúðum á hornstoðum.
Húsið er málað að innan að frátöldum austurherbergjum á efri hæð og austurhluta
rislofts.“

Í sömu skýrslu er austurenda hússins lýst á eftirfarandi hátt: „Austurendi
Vertshúss er tvílyft timburhús með lágt risþak. Við bakhlið þess er anddyri með
skúrþak. Húsið stendur á steinhlöðnum sökkli, veggir eru klæddir strikuðu listaþili
og þök bárujárn. Reykháfur úr málmi er upp úr þaki að norðanverðu við austurstafn
Vertshúss. Á húsinu eru sex rúðu krosspóstagluggar; fjórir á framhlið, tveir á austur-
stafni og þrír á bakhlið. Tveggja rúðu gluggi er á norðurhlið anddyris og útidyr að
vestanverðu. Um glugga eru strikaðir faldar og vatnsbretti að ofan og neðan. Norð-
austan við húsið er geymsluskúr með risþak, plötuklæddur á veggjum og bárujárns-
klæddur á þaki.



Mynd 78: Vertshús 123, horft til NV.

Eldhús er í norðurhluta hússins, og stig upp á efri hæð og stofa að sunnanverðu. Framloft er upp af stiga og þrjú herbergi á hæðinni. Anddyri er klætt sléttum panelborðum og plötum eldhús er plötuklætt og stofa klædd standpili. Súð í anddyri er plötuklædd, í eldhúsi eru plötur í lofti á milli bita og stofuloft er plötuklætt neðan á bita. Á efri hæð eru veggir plötuklæddir og súð klædd sneiddum panelborðum.“ Húsið er 15 x 9 m að grunnfleti. Steinhlaðin stétt er umhverfis húsið á kafla.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ö-Flatey, 13; Eylenda I, 109; Guðmundur L. Hafsteinsson, 44-45

BA-087:124 Grásteinn þjóðsaga huldufólksbústaður 65°22.675N 22°54.578V „Grásteinn. Stór steinn inn á Lundabergi [sem er á norðanverðri eyjunni], einnig oft nefndur Huldusteinn. Hann er nyrst á Lundabergi,“ segir í örnefnaskrá. Grásteinn er stór jarðfastur steinn norðarlega á Lundabjargsbrúninni og ógreinilegur göngustígur liggur skammt sunnan við hann. Á grónum sjávarbakkanum en skammt norðan við hann er þverhnípt bjarg niður í sjó.

Steinninn er um 1,5 m á hæð en 3-4 m í þvermál.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 13 og 24; Eylenda I, 84; Ö-Flatey og heimalönd SG, 3



Mynd 79: Grásteinn 124, horft til VNV.



Mynd 80: Grýluvogur 125, horft til V.

BA-087:125 Grýluvogur/Ferjuvogur/Vogurinn heimild um lendingu

65°22.526N 22°55.085V

„Grýluvogur. Liggur að Kaupborginu [135] eða Plássinu vestanverðu,“ segir í örnefnaskrá. „Ferjuvogur. Það er ekki vitað með vissu hvar þessi vogur er, sem nefndur er í Sturlungu, sumir ætla að hann hafi seinna verið kallaður Munaðarvogur, en sá vogur

hefur í seinni tíð verið nefndur Grýluvogur, eða aðeins Vogurinn. Líka hafa menn Teinæringsvog í þessu sambandi,“ segir í örnefnaskrá. Silfurgarðurinn svokallaði var hlaðinn fyrir mynni Grýluvogs árið 1833. Það svæði sem hann afmarkar í Grýluvogi er um 55 x 47 m stórt og snýr austur-vestur. Innsiglingin inn Grýluvog er í gegnum sker beggja vegna við voginn og svo um op sunnarlega á Silfurgarði. Fjaran innan Silfurgarðs er sendinn en annars er strandlengjan umhverfis víða grýtt. „Vogurinn [þ.e. Grýluvogur] þornar þó um fjörur, en má samt teljast bezta uppsátur, sem völ er á í Flatey, einkum eftir að lokið hafði verið við byggingu Silfurgarðsins [167] árið 1833. Varð þar hin ákjósanlegasta smábátahöfn um hásjávað, og þurrkví um fjörur. Ýmsum öðrum nöfnum hefur vogur þessi verið, nefndur [...],“ t.d. Ferjuvogur [118] og Munaðarvogur. Grýluklettur eru „[...] undir bökkunum sunnan Grýluvogs,“ segir í örnefnaskrá. „Aðalbyggðin í Flatey myndaðist við Grýluvog. Eftir að Silfurgarður [167] var byggður varð vogurinn lygn og var þá ekki lengur ástæða til að kenna voginn við grýlu og hann síðan oftast nefndur Vogurinn. Þar geymdi kaupmaður síðan skút-ur sínar vetrarlangt,“ segir í Eylendu. „En Grýluvogur er flár. Hann gekk á landið, skóf svörðinn af mölinni, braut klappirnar og þjarmaði að bátum bændanna. Við það var illt að búa. Á því gekk í margar aldir. En þá kom til sögunnar framgjarn og athafnasamur maður, Guðmundur kaupmaður Scheving [...],“ segir í Um eyjar og annes. Grýluvogur er afmarkaður af klettum (Grýluklettum að sunnan en annars er láglendi upp af honum.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 10,13; Eylenda I, 184; Um eyjar og annes I, 35

BA-o87:126 hleðsla

65°29.519N 22°54.981V

Inn á kort Samúels Eggertssonar frá 1906 og kort Dana frá 1911 er merkt hús eða kofi milli Bogaskemmu o85 og Beykishúss o88 og stór kálgarður við. Á svipuðum slóðum stendur Hafliðaskemma nú (2014), þ.e. nærri því sem húsið stóð, í norðvesturhorni kálgarðsins. Kál- og blómagarður er enn sunnan og suð-austan við skemmuna en ekki er miklar hleðslur að sjá á þessum slóðum.

Engar leifar kofa er nú að finna á þessum slóðum. Kálgarður er þó enn



Mynd 8r: Grýluvogur 125, horft til V.

þarna en ekki er að finna umfangsmiklar hleðslur umhverfis hann. Kálgarðurinn er um 14 x 10 m stór og er skipt upp í miðju. Hann er enn í notkun. Hæð hleðslna er mest 0,5 en breidd um 0,8 m. Eina greinilega hleðslan er sú sem er í brekkujaðri, allra syðst.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:127 *Götuskarð* gata samgöngubót 65°22.514N 22°55.023V



Mynd 82: Götuskarð 127, horft til V.

„Af eyjunni niður á Kaupborgið [135] er gengið um Götuskarðið. Það er fyrir utan og ofan Hermannshúsið,“ segir í Örnefnaskrá. Götuskarð var við Hermannshús/Félagshús 076 og lá upp úr Grýluvogi til suðurs. Götuskarð var á sömu slóðum og malarvegurinn eftir endilangri Flatey liggur nú, eða beint upp við suðvesturhorn Félagshúsa 076.

„Í skarðinu [þ.e. Götuskarðinu] voru eitt sinn tröppur, sem rutt var úr vegi, þegar ökutæki komu til sögunnar,“ segir í Örnefnaskrá. Hleðslu má sjá undir malarveginum í Grýluvoginum miðjum og raunar má sjá hleðslur hér og þar undir malarvegi sem gætu verið frá því að eldri vegur lá á þessum slóðum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 15

BA-087:128 *Hafnarey/Hafnarpollur* heimild um lendingu 65°22.020N 22°55.087V

„Beint á mótin Plássinu, fram undan miðri norðurhlið Flateyjar, rís Höfnin, hávaxin, skeifulaga klettaeyja, sem lykur um rúmgóðan hringlaga poll sem er hinn gamalkunna Flateyjarhöfn. Hún er glæsileg náttúrusmíð og án hennar er ólíklegt að Flatey hefði orðið verslunarstaður snemma á öldum. Á hafnarpollinum var hægt að binda kaupför þess tíma með landfestum þannig að þau gátu verið örugg á hverju sem gekk. Höfnin líkist eldgíg og er norðurbarmur hans hæstur og fyrirferðarmestur. [...] Innsiglingin í hafnarpollinn snýr í suður að Flatey sem lokar fyrir allan sjógang úr þeirri átt. Sundið milli Flateyjar og hafnarinnar heitir Hafnarsund, um 100 m breitt um flæði en varla helmingur þess um fjöru. Því veldur útfiri Flateyarmegin. Sá hluti þess sem ekki fjarar er alldjúpur og hreinn eins og hafnarpollurinn og innsiglingin í

hann. Þangað inn er því fært allstórum skipum. Þungur straumur er í Hafnar-sundi sem var til boga fyrir þá sem áttu þar leið um, og þá einkum fyrr á tíma þegar ferma þurfti og afferma kaupskip og fiskiskútur á Flateyjarhöfn,“ segir í Eylendu I. „Hafnareyjan er skeifulöguð, mjó og há klettaeyja, spölkorn norður af miðri Flatey, gagnvart Kaupborginu [135],“ segir í Örnefnaskrá. Hafnarey er norðan við Plássíð í Flatey og liggur hún um 100 m norðan við sjálfa eyjuna. Hafnarey er skeifulaga klettur, opin til suðurs, að landi.



Mynd 83: Hafnarey 128, horft til N.

„Eyjan er nokkuð grasigróin, greinilegar leifar af ævagömlu eldvarpi [...] Sjást þar [á Hafnarey] enn nokkrir gamlir ryðgaðir festarhringir,“ segir í Örnefnaskrá. Sjá einnig færslu 129. „Kjörin höfn fyrir skipalægi og hefur þjónað sem slík frá því sögur hófust. Kaupskip lágu hér við festar og síðar bátafloti Flateyinga,“ segir í Eylendu. „Hafnarpollur. Hann er nærri kringlóttur um fjörur, 84 faðmar í þvermál. Einn faðmur er 1,883 metrar. Dýptin um flóð 9-11 m. Aldrei kemur sjávarólga eða ára inn á þennan poll og ís er þar ekki lengi viðloðandi á vetrum. Botninn er að mestu slétt grjóthella, sem akkeri festast varla í. Verður því að hafa örugg festarhöld uppi í sjálfri Hafnarey [128] [...] Höfn þessi, sem er eingöngu frá náttúrunni, er ekki fyrir stór skip, en smærri skipum er þar skýlt fyrir veðrum úr öllum áttum, segir Eggert Ólafsson í ferðabók sinni,“ segir í Örnefnaskrá. „Heimalöndin teygja sig lengra til vesturs en Flatey sjálf og mynda þau stóran vog meðfram endilangri suðurhlið hennar. Núorðið kallast hann Hólsbúðarvogur en eldra nafn hans var Flateyjarvogur. Hann opnast mót hafi en allstórt sker sem Hjallasker heitir er fyrir miðju vogsmynni og dregur úr sjógangi í hafátt,“ segir í Eylendu og á öðrum stað í sömu bók segir: „Kjörin höfn fyrir skipalægi og hefur þjónað sem slík frá því sögur hófust. Kaupskip lágu hér við festar og síðar bátafloti Flateyinga.“

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Eylenda I, 86-87; Ö-Flatey, 11,15-16; Eylenda I, 86,189

BA-087:129 *Gyðulind* heimild um vatnsból

65°22.432N 22°55.206V

„Undir brekkunni norður af rústum gamla Læknishússins, er lautardrag, sem fyllist af vatni, þegar rignir mikið. Þetta er kallað Gyðulind. Um lindina er sú munnmælasaga

að Gyða móðir þeirra Þorsteins bónda í Flatey og Helgu á Brjánslæg hafi gjörst einsetukona hér, og hafi hún haft mikla trú á lindinni og setið löngum viðhana og þulið bænir sínar. Að lokum átti hún að hafa látist við lindina,“ segir í örnefnaskrá. Gyðulind var nálega beint niður af (vestur af) fjárhúsunum frá Krákuvör sem nú (2014) standa. Hún var í jaðri Lómatjarnarmýrar. Deigland mýri en engin lind var á þessum slóðum þegar staðurinn var skráður í september 2014.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 14-15

BA-087:130 *Hafnarsund* heimild um leið

„Milli Flateyjar og hafnar þessarar [þ.e. Flateyjarhafnar, 129] gengur 50-60 faðma breitt sund, 5-6 faðma djúpt,“ segir í sóknarlýsingu Flateyjarsóknar 1840. (Breiddin á sundi þessu [Hafnarsundi] er um stórflæðar: vestursundið 60 faðmar, um stórfjörur 21 faðmur, austursundið um stórflæðar 52 faðmar, um stórfjörur 20 faðmar) og má fara haffærum skipum bæði norður og vestur úr þessu sundi. Í Hafnarsundi þessu er ærna mikill straumur, og í engum Vestureyjarsundum því líkur eða meiri. Um fjörur er höfnin löguð eins og pottur eða skál, nær því kringlótt, með klettum lágum á alla vegu, nema fyrir innganginum, fyrir hverjum Flatey sjálf er þá sem hurð eður lok,“ segir í sóknarlýsingunni

Heimildir: SSV I, 122-123

BA-087:131 heimild um lendingu

65°22.518N 22°55.325V

„Þegar gufuskip komu til sögunnar fóru þau ekki inn á Flateyjarhöfn heldur lágu fyrir legufærum spölkorn vestur af henni, fram af Bryggjuskeri, meðan þau voru afgreidd. Enn standa vörður uppi á Flatey og í Hafnareynni sem vísa á þá legu [sjá 204, 239 og 235]. Má vera að stórum skipum hafi verið lagt þar fyrir daga gufuskipa,“ segir í Eylendu I. Bryggjusker er vestan við Vesturbúðabryggju 112 til móts við Höfuð sem er vestur af norðanverðum Silfurgarði 167. Skerið fer fyrir landi vestan við Vesturbúðir og endar Vesturbúðabryggja 112 í því.

Skerið er um 90 x 45 m stórt og snýr austur-vestur. Norðaustarlega á því er þráðbein lína inn í það (L-laga) og er mögulegt að það séu mannaverk.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Eylenda I, 87

BA-087:132 *Hólsbúðarfjós* heimild um fjós

„Hólsbúðarfjós. Það stóð suðvestur af Bókahúsinu [110] [...],“ segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar fjósið stóð. Líklega er hér miðað við núverandi stað Bókahúss, en áður stóð það vestar (sjá 219). „Á síðustu árum tók það [Hólsbúðarfjós] aðeins 4 kýr, en hafði verið miklu stærra í tíð séra Ólafs,“ segir í örnefnaskrá. Húsið hlýtur að hafa verið á svæði þar sem nú eru tún milli bókahúss og Hólsbúðar 029. Vegalengdin þar á milli er um 180 m.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 18

BA-087:133 *Holan* brunnur

65°22.524N 22°54.918V

„Holan, brunnur, aðalvatnsból þeirra, sem búa í þéttbýlinu nálægt Kaupborginu [135],“ segir í örnefnaskrá. „Holan er annað aðalvatnsból þéttbýlisins [...],“ segir í Eylendu. Brunnur er merktur norðarlega í Innstabæjarmýri, um 30 m norðaustan við Brekkubæ 015. Brunnurinn er um 7 m austan við jaðar mýrinnar, í henni. Þar hefur nú verið steipt umhverfis brunninn. Skammt frá suðvestar var síðar steiptur brunnur sem er talsvert mannvirki og lokaður. „Veggir brunnsins eru úr hlöðnu grjóti, en yfir honum er fjalagólf. Vatninu er náð með dælu,“ segir í örnefnaskrá. „Nú hefur Holan verið endurbyggð og steipt,“ segir í Eylendu.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 17; Eylenda I, 187



Mynd 84: Holan 133, eldri brunnur, horft til NA.



Mynd 85: Holan 133, yngri brunnur, horft til SV.

BA-087:134 *Innstipollur* heimild um lendingu

65°22.310N 22°55.362V

Innstipollur er sýndur á korti Samúels Eggertssonar frá 1906, örlítið vestar en beint niður af húsi sem kallað er Stjórnarráðið. „Innstipollur, stundum nefndur Skúlavör,“ segir í örnefnaskrá. Breið fjara í halla mót suðri. Bátur sem heitir Ögri liggur í vikinu ofan við. Á þessum stað er ekki rudd vör eða læna en fjaran hefur verið rudd. Þar er um 10 m breitt grjótlaut svæði sem liggur niður að smávík. Ruðningar sem vart er hægt að kalla hleðslur sjást beggja megin við. Tóftir nokkurra nausta sjást upp af staðnum, sjá 22I.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 20; Kort Samúels Eggertssonar 1906



Mynd 86: Innstipollur 134 og Ögri, horft til N.



Mynd 87: Innstipollur 134, horft til S.

BA-087:135 *Kauptorg* heimild um verslunarstað

65°22.544N 22°55.083V

„Fyrr á öldum ráku Þjóðverjar töluverða verzlun í Flatey á Breiðafirði og sáust lengi tóttir af búðum þeirra [036] fyrir botni Grýluvogs [125], en aðallendingarstaðurinn var þá og lengi síðan Þýzkavör [178], sem þeir munu hafa rutt upp í stórgrýtisurð og sprengt allbreitt skarð í klettótta sjávarbakkana, svo greiður gangur yrði upp á Kaup-torgið,“ segir í örnefnaskrá. Kaupborgið var svæðið norðan og norðaustan við Grýluvog gjarnan kallað. Þar byggðust upp verslunar- og pakkhús við botn Grýluvogs en enn er auð grasflöt við norðurbakka vogsins. Grasi gróin slétta. „Í hinni sögulegu Lýsingu Íslands eftir Kaalund, er þess getið, að þar sem verzlunarhúsin standa nú í Flatey, sáust einu sinni 9 búðartóttir frá tímum Þjóðverja þar í eyjunni. Annað nafn yfir Kaupborg er Plássið,“ segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 21 og 29

BA-087:136 *Kálfahleinn* heimild um lendingu

65°22.646N 22°54.764V

„Lendingarstaður austanvert undir Lundabergi [sem er norðanvert á eyjunni],“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Hafsteini Guðmundssyni, heimildamanni var Kálfahleinn notað til að ferja skepnur (kýr/kálfa) til sumardvalar í úteyjum. Í seinni tíð var staðsetning hleinsins niður undan Skrínu 077 þar sem er sker út í Hjallavík, en gæti áður hafa verið austar samkvæmt Hafsteini. Fremur grýtt sker út í vík.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 21

BA-087:137 *álagablettur*

65°22.459N 22°55.227V

Á ÍSMUS hefur varðveist upp upptaka af Ögmundi Ólafssyni stýrimanni frá 25. september 1968 þar sem hann segir frá álagabletti við Vesturbúðir. Bletturinn var tvær stórar þúfur við Vesturbúðir og var trú manna að ekki mætti slá þúfurnar og ef það yrði gert myndi óhapp koma fyrir bóndann og hann myndi missa sína bestu kú af kálfsburði. Þegar Magnús Sæbjörnsson læknir flyst á svæðið álítur hann þessa sögn vitleysu og lætur slá blettinn. Móðir Ögmunds mjólkaði fyrir Magnús og kemur heim eitt kvöldi og segir að nú séu álögin að koma fram, það gengur eftir og kýrin deyr. Síðar lét Magnús hins vegar slétta út þúfurnar og túnið allt og eftir það hefur ekki borið á álögunum. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar þúfurnar voru og engin ummerki um þær fundust á vettvangi. Það svæði sem teljast verður líklegasta staðsetning þúfnanna er sunnan við bæ 040 þar sem nú er grasi gróin hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: <http://www.ismus.is/i/document/id-186192> (Ögmundur Ólafsson stýrimaður).

BA-087:138 *Norðurmýri* renna áveita

65°22.571N 22°54.744V

„Norðurmýrar austur frá kaupstaðartorginu sem nú 1840 eru framskornar með skurðum,“ segir Sýslu- og sóknarlýsingum. Talsverðir skurðir sjást enn í Norðurmýri og gætu sumir þeirra verið handgrafnir. Framræst og smábýfð mýri.

Talsverðir skurðir eru í Norðurmýri en ekki virðast þeir allir samtíma. Nokkuð erfitt er að ákvarða hvaða skurðir kunni að vera þeir elstu en líklegastir eru skurðir vestast í mýrinni. Þar liggur um 170 m langur skurður allt frá fjöru og til suðurs og endar skammt sunnan við Myllumó 252. Frá honum liggur annar skurður um miðbikið í um 45 m til austurs áður en hann beygir til suðurs og liggur í um 60 m áður en



Mynd 88: Norðurmýri 138, horft til NNA.

hann verður óljós. Annar skurður liggur frá þverskurði til suðurs í um 100 m um 30 m austan við aðalskurðinn. Fleiri skurðir hafa væntanlega verið í mýrinni á 19. öld. Stór skurður hefur líklega verið fyrir mýrarendanum að sunnan og gæti hann hafa verið allt að 180 m langur. Norðar er svo einn þverskurður þvert yfir mýrina (austur-vestur) og þrír mislangir skurðir frá honum til norðurs og NNA en þær gætu allir verið eitthvað yngri. Samtals eru því skurðir í Norðurmýri á svæði sem er um 370 x 145 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur en sem fyrr segir er norðurhluti þeirra líklega yngri en suðurhluti.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSV I, 120

BA-087:139 Höfuð heimild um lendingu

65°22.540N 22°55.163V

„Svæðið frá Vesturbúðavör [177] og inn að Silfurgarði [167] nefnist Fláki. Norðan við Fláka kemur Tangi. Fremst á honum, gegnt Bryggjuseri, er klettur kallaður Höfuð,“ segir í örnefnaskrá. Höfuð er sker fram af Grýluvogi til móts við Bryggjuser, til vesturs frá Grýluvogi norðanverðum.

Stórgrýtt sker frá landi.

„Við það [þ.e. Höfuðið] er oft lent um stórfjörur,“ segir í örnefnaskrá.

Hættumat: Engin hætt

Heimildir: Ö-Flatey, 22

BA-087:140 Kirkjustígur gata samgöngubót

65°22.459N 22°55.040V

„Kirkjustígur liggur úr Götuskarðinu [127] til kirkjunnar [002], er hann upphækkaður, þar sem mýrlendi er,“ segir í örnefnaskrá. Líklega er hér átt við stíg að gamla kirkjustæðinu, sem var inni í kirkjugarðinum norðvestan við miðju. Hér er skráð leið að gömlu kirkjunni eins og hann er sýndur á gömlum kortum, m.a. korti Samúels

Eggertssonar frá 1906, en annar upphleyptur vegur liggur að núverandi kirkju, sjá 210.

Kirkjustígur virðist einnig hafa verið kallaður Stígur. Stígurinn sést enn og hefur verið endurnýttur að hluta sem göngustígur. Hann liggur frá járnhliði norðan við bæjarhól Miðbæjar beint til norðurs. Úr Götuskarði að hliði er gatan horfin. Upphleyptur vegur, tæplega 2 m breiður og 0,5 m hár, sést á

um 10 m löngum kafla frá hliði en svo taka við brattar tröppur úr timbri upp á bæjarhólinn. Rétt áður en þeim er náð sést stígurinn taka skarpa beygju til VSV í sneiðing upp holtið að þeim stað þar sem kirkjan stóð áður (sjá 002). Þetta er alveg uppgróinn troðningur og sést betur úr fjarska (úr norðri) en ef á honum er staðið.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 22 og 30



Mynd 89: Kirkjustígur 140, horft til SV.

BA-087:141 Klausturkirkjusteinn heimild um helgistað 65°22.491N 22°54.752V

Í riti Kálunds um íslenska sögustaði segir: „Klausturtóftin á að sjást vel að sögn sóknarlýsingar, austast og hæst í túni Flateyjar. En hún 10 álna löng og 6 álna breið og girðing í kring, dyr til vesturs. Við inngang í klausturgarðinn stendur steinn, að mestu í jörð, í hann hefur verið klöppuð skálmynduð lægð. Tekur hún 1/2 pott vatns, sennilega gamalt vígsluvatnsker, að því er nú er almennt talið.“ „Sjást enn gjörla merki, hvar klaustrið hefir staðið, austarlega og hæst í Flateyjartúni, nærhæfis 10 al. langt og 6 al. breitt, með garði umhverfis og dyrum til vesturs,“ segir í sóknarlýsingu Flateyjarsóknar.

Klausturtóft er ein af þremur friðlýstum minjum í Flatey en í friðlýsingaskrá segir: „Hin forna Klausturtóft, sem er efst og austast í Flateyjartúni.“ Neðanmáls stendur svo: „Fyrir löngu er búið að slétta „Klausturtóftina“ og aðeins s.k. Klaustursteinn eftir sem minnir á staðsetningu hennar (Ágúst Georgsson 1990:7-8).“ Niðurstaða Ágúst Georgssonar sem fjallaði um klausturminjar 1989 var eftirfarandi: „Komið hefur fram að engar klausturrústir eru nú í Flatey, en hins vegar sáust leifar fornnar kirkju og kirkjugarðs fram um 1930-1940, og hafa þær ranglega verið álitnar klausturminjar í seinni tíð, nema um sé að ræða klausturkirkju. Nálægt 1700 segir frá þremur eða

fleirum vallgrónum hústöftum, strax vestan kirkjugarðs þessa, og gætu þær hugsanlega verið rústir Ágústínusarklaustursins, en það er þó óvíst. Klaustursteininn stóð í sáluhliði og kann að hafa gegnt trúarlegu hlutverki. Munnmæli eru um þetta enn þann dag í dag.“ „Við inngöngu í klausturgarðinn stendur ennþá steinn mikill [...],“ segir í sóknarlýsingu Flateyjarsóknar.

Höfundur örnefnaskrárinnar segir þennan garð vera Klausturkirkjugarð. „Klausturkirkjusteininn. Þetta er stór jarðsiginn steinn, sem stendur lítið upp úr grasverðinum. Þegar horft er ofan á steininn er hann í lögun eins og jafnarma þríhyrningur og er hvor armurinn ím á lengd, en grunnlínan 1,2 m. Í steininn er klöppuð kringlótt skál, og segir Kaalund að hún taki 1/2 pott af vatni. Ætla menn, að við skál þessa hafi munkarnir í klaustrinu signt sig, eða jafnvel þvegið sér upp úr vatninu að kaþólskum sið, áður en þeir gengu til iðju sinnar,“ segir í örnefnaskrá. „Þar í [þ.e. Klausturkirkjusteininn] er klappaður bolli, sem tekið hefir nálægt einni mörk vatns, sem tjáist hafi staðið þar, og verið endurnýjað daglega, meðan klaustrið stóð, til þess að allir skyldu þvo sig í vatninu, sem gengu til bæna í klaustrið,“ segir í Sóknarlýsingu Vestfjarða.

Ágúst Georgsson skoðaði steininn 1989 og segir í skýrslu hans: „Klaustursteininn. Allstór steinn, nokkuð sokkinn í jörðu og klappaður í hann hringlaga bolli



Mynd 90: Klausturkirkjusteininn 141, horft til A.

eða hola sem rúmað gæti á að giska 4-5 dl. Slétt tún umhverfis og engar rústir sjáanlegar á yfirborði. Hvorki tangur né tetur sést eftir af hinum svo kölluðu klausturrústum, en Ágústínusarklaustur stóð í Flatey 1172-1184 en var þá flutt að Helgafelli“ Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er getið um steininn en þar segir. „Af þessu klaustri eru nálega þær einar menjar eftir á Flatey að þar eru kallaðir Klausturhólar skammt utan við Innstabæ á eyinni þar sem klaustrið stóð. Skammt frá hólum þessum er stór steinn og dæld ofan í dálítill; úr þessari dæld er sagt að munkarnir úr klaustrinu hafi þvegið sér, en lítill líkindi eru til þess því dældin er svo lítil

og ómerkileg.“ Í neðanmálsgrein stendur „Í þjóðsögum dr. Maurers, 214 bls., segir að nunnur úr klaustrinu hafi átt að þvo sér þar og sýnir það að sagnir blanda saman munkaklaustri og nunnuklaustri, því að í Flatey var munkaklaustur eins og seinna á Helgafelli en ekki nunnuklaustur.“

Í grein Kristjáns Eldjárns, Minnisgreinar Árna Magnússonar um merka kirkjugripi, er aðeins komið inn á hólana og steinninn en þar er fjallað um vatnskarla (tvö ljón og einn hest) sem var í upphafi talið úr Gaulverjabæ en Árni fékk síðar upplýsingar um að hefðu komið úr Flatey: „Þau eiga ei þar heima, fundust í Flatey, í hol. Og þar meinast meira vera, faled af munkum, í þeim hol.“ Í greininni kemur fram að Árni skrifaði svolítið um klaustrið í Blöndu II, 35 (sjá neðanmálsgrein). „Fyrir austan bæinn í Flatey sér glögglega til kirkju og kirkjugarðs. Í sáluhliðinu stendur þar jarðfastur steinn, og er klappaður ofan í hann kringlóttur bolli. Segja menn þann brúkaðan verið til vígðs vatns [...] Strax fyrir vestan þennan kirkjugarð er 3 eða fleiri hústöptir vallgrónar. Segja Flateyingar það verið hafa þess gamla klaustursins hús. Þar heita og Klausturhólar enn í dag, er tóftirnar við standa,“ og bætir Kristján við: „Ef til vill er átt við þess hóla, þegar sagt er að vatnskarlarnir hafi fundist í hól.“ Steinninn er greinilegur og virðist fátt hafa breyst síðan Ágúst Ólafur skoðaði staðinn. Hann er 15-20 m austan við NA-horn girðingar umhverfis Klausturhólahúsið. Rústir eru ekki sýnilegar á staðnum nú. Slegið tún. Eiginlega er þetta austurendi þess rana sem Miðbær, kirkjan og Klausturhólar hafa staðið á. Engar mannvistarleifar aðrar eru sýnilegar.

Í sóknarlýsingu kemur fram að steinninn sé þríhyrndur en það virðist ofsögum sagt þótt hann mjókki eilítið til austurs. Hann er um 1,2 x 1 m stór frá austri til vesturs. Í honum eru rákir, líkt og hann sé jökulsorfinn. Hann er fremur flatur að ofan en hallar þó fletinum eilítið til vesturs. Bollinn er í honum heldur vestan við miðju og virðist nokkuð greinilega manngerður. Hann er nánast kringlóttur og um 12 sentimetrar í þvermál. Dýpt hans er mest um 5 cm. Ekki eru augljós önnur mannaverk í kring, enda hefur túnið verið sléttað. „Eins og kunnugt er stofnaði Klængur biskup Þorsteinsson munkaklaustur í Flatey 1172, sem stóð þar í 12 ár, eða til 1184, að það var flutt að Helgafelli [...] Nú eru margir Flateyingar þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða leifar af ævaforðri kirkju, en sjálfst klaustrið hafi aftur á móti staðið þar, sem húsið Klausturhólar [039] stendur nú, en þar áður Austurbærinn [005],“ segir í örnefnaskrá. „Innan til við húsið Klausturhóla nefnist túnið Klausturhólar. Fram undir 1930, eða lengur sást móta fyrir því, að þarna hafði bygging verið og garður umhverfis hana. Hlið hafði verið vestanvert á þeirri girðingu og hægra megin í því hliði steinn sá er enn er þarna. Munnmæli segja, að þaut sú eða hola, sem í steininum

sést, hafi verið víxluvatnsbolli á þeim tíma, er Flateyjarklaustur stóð þarna 1172-1184,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSV I, 188; Ö-Flatey, 23; Ágúst Georgsson, 7; ÞJÁ II, 75, KE 1976, 158; KK II, 150, SSV I, 188; Ö-Flatey, 23; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 8; Friðlýsingaskrá, 32, Ágúst Georgsson, 8

BA-087:142 garðlag vörslugarður 65°22.519N 22°54.593V

Þvergarður hefur legið yfir Flatey þvera frá Lundabergi og þaðan til suðurs (sjá 248). 20-30 m vestan suðurenda garðlagsins vottar fyrir eldri og miklu óljósari byggingarstigum garðlaga, sem einnig gætu hafa legið yfir eyjuna. Á svipuðum slóðum skráði Ágúst Ólafur Georgsson óljósar hleðsluleifar árið 1989. Gróið og þýft svæði syðst, þá koma sléttuð tún og síðan mýri með skurðum.

Garðbrot þessi sjást mjög illa á jörðu niðri en eru mun gleggri á loftmynd sem tekin var haustið 2014 í heppilegri birtu. Þar virðist sem þau hafi hugsanlega verið tvö, misaustarlega og sennilega misgömul. Það austara virðist hafa átt svipuð upptök og garður 248 syðst en stefnt þaðan til norðurs á austurgafli fjárhústóftar 038 – og virðist móta fyrir honum skammt sunnan við húsið. Hitt hefur hafist 20-30 m vestan við suðurenda garðlags 248 og stefnt á lítið vik sem er austan við austustu húsin í þorpinu en þetta garðlag sést aðeins á stuttum kafla syðst á eyjunni. Hafi garðurinn haldið stefnu sinni og legið yfir eyjuna má ætla að hann hafi náð að norðanverðu út í lítið vik sem er austan við austustu húsin í þorpinu. Þessir eldri garðar hafa legið skemmstu leið sem hægt var að fara á þessum slóðum en yngra garðlagið (248) verið heldur lengra. Hugsanlega hefur garðurinn verið færður austar til að fá meira landrými fyrir byggð, enda má sjá á korti Samúels Eggertssonar að bæði þurrabúðir, fjárhús og kálgarðar raða sér fast vestan við garðlagið árið 1906. Garðlögin hafa verið 240-250 m löng.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 9

BA-087:143 heimild um útihús 65°22.319N 22°55.346V

Samkvæmt korti Samúels Eggertssonar frá 1906 stóð hús eða annað mannvirki (hugsanlega kálgarður) fast austan við Skúlavör/Innstapoll 134. Þar er nú vesturendi kálgarðs 255. Ekkert sér til annarra mannvirkja og hafa þau væntanlega verið sléttuð

eða lent undir kálgarði.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:144 *Krókur* heimild um uppsátur

65°22.695N 22°55.066V

„Austanvert í Flateyjarhöfn [128], er sandur á litlu svæði í hafnarpollinum, sem kallast Krókur. Þar þótti gott að láta skútur fjara, ef átti að skoða þær eða hreinsa að utan,“ segir í örnefnaskrá. Krókur var norðaustast í krókinum á Hafnarey.

Hættumat: Engin hætt

Heimildir: Ö-Flatey, 23

BA-087:145 *Kúldsgarður* gerði kálgarður

65°22.352N 22°55.081V

„Rétt fyrir neðan Hölluhús [034] sézt fyrir stórum matjurtargarði, sem kallaður var Kúldsgarður,“ segir í örnefnaskrá. Kúldsgarður sést á korti Samúels Eggertssonar frá 1906. Hann er enn ákaflega greinilegur rúma 30 m beint suður af Hólsbúð 029. Sléttur grasbakki upp af sjó. Þar er aðeins örlítill halli mót suðri. Kálgarðurinn er ferkantaður, lágreistur, sennilega tvískiptur um miðbikið. Hann er alls rúmlega 20 x 10 m stór. Ekki sjást op á útveggjum. Hann nær talsvert lengra til vesturs en Hölluhús hefur gert ef miðað er við steiptan grunn ofan við. Hleðslur garðs eru lágreistar, úr lagi gengnar og að miklu leyti grónar. Mest grjót sést í norðurvegg. Garðurinn er örlítið grafinn inn í bakkann að norðanverðu en hleðslur eru mest 0,3-0,4 m háar.



Mynd 91: Kúldsgarður 145, horft til V.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 24; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:146 brunnur

65°22.354N 22°55.156V



Mynd 92: Brunnur 146, horft til SSA.

Heillegur hlaðinn brunnur er um 20 m ofan eða norðan við norðvesturhorn fjárhúsa sem eru neðan við húsið Krákuvör, en það er íbúðarhúsið sunnan við kirkjugarðinn 002. Neðarlega í túni. Heill og fallegur brunnur. Hlaðið er kringum hann allan hringinn og er hann alls 3,5 m í þvermál, hleðslan gróin og jarðlæg og bitin af sauðfé, allt að 0,5 m há. Búið er að byrgja hann með járni og hvalbeini. Hægt er að gægjast

niður í hann og virðist hann grjóthlaðinn niður úr en dýpt er óljós þótt grilli í vatn um 1 m undir yfirborði.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:147 frásögn brunnur

65°22.340N 22°55.148V

Brunnur var undir fjárhúsum Hafsteins Guðmundssonar en þau eru við sjávarbakkann um 250 m ASA af Læknishúsi. Gróinn sjávarbakki. Húsin eru úr blönduðu byggingarefni, járni og timbri að mestu. Brunnur þessi mun horfinn en var við vesturhlutann þar sem er dálítið útskot á húsunum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:148 frásögn brunnur

65°22.334N 22°55.212V

Brunnur var við útihústóft 014. Talið er að hann hafi verið við suðurhlið kálgarðsins sem er samhlaðinn húsinu að vestanverðu. Slétt flöt. Brunnurinn er horfinn – líklega hefur verið fyllt upp í hann.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:149 Lómatjörn heimild um leikvöll

65°22.414N 22°55.557V

„Norðanvert við Tröllendana [sem eru vestast á Flatey] er Lómatjarnarmýri. Yzt í henni er Lómatjörnin. Hún var fyrr full af vatni, og allt til þess að tjörnin var ræst fram varp lómur þar inni í störrinni. Lómatjörnin náði inn að gördum þeim, sem eru

utanvert við fjárhúsin [væntanlega á þetta við húsin sem talað er um í færslu 117],“ segir í örnefnaskrá. Lómatjörn var vestast í Lómatjarnarmýri og er rúmum 100 m norður af Læknishúsinu. Tjörn vestarlega í deigri mýri sem hefur verið framræst. Tjörnin er í talsverðu skjóli að sunnan. „Innsti hluti hennar [Lómatjarnarinnar] var að mestu þurr á sumrin, en fylltist vatni á haustin. Þá gerðist þar gott skautasvell. Varð þetta þá aðalskemmtistaður unglinga í eyjunni,“ segir í örnefnaskrá. Vestan við Lómatjörn er þýfi og ekki er óhugsandi að þar hafi verið einhver mannviki sem þá eru alveg sigin og hlaupin í þúfur.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 24; Eylenda I, 84

BA-087:150 tóft óþekkt

56°52.361N 22°55.658V

Greinileg tóft er á norðurbakka Löngu-tjarnar sem er norðarlega, nálægt Tröllenda (á vesturenda Flateyjar). Grasi gróin flöt er á þessum stað á milli umræddrar tjarnar og Lómatjarnar og myndar Smalaberg skjól að sunnanverðu. Svæðið er grösugt og er mögulega hluti þess svæðis sem nefnt er Stekkjargrundir í örnefnaskrá. Tóftin er algróin og næstum hringhlaðin að utan en að innan er hún ferhyrnd. Hún er rúmir 9 m í þvermál. Innanmál tóftar er 4,5 x 3,5-4 m. Mikill grasvöxtur er í tóftinni en þó sést víða í grjóthleðslu. Talsvert af grjóti er innan í henni, sérstaklega frá því um miðbik tóftar og til norðvesturs og út úr tóftinni. Mögulegt er að inngangur í tóftina hafi verið þarna. Hleðsluhæð tóftar er 0,5 m og veggir eru víða um 2 m á breidd.



Mynd 93: Tóft 150, horft til VSV. Teikning 8 á síðu 74 sýnir uppdrátt af minjunum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:151 tóft kálgarður

65°22.321N 22°55.575V

Tóft er um 50 vestur af vesturenda kálgarðanna Langs, Erfiðs og Mæðis 226. Hún er heldur sunnar en miðja vegu milli vegarins um Flatey og strandar. Grösugt og þýft svæði.



Mynd 94: Kálgarður 151, horft til A.

Tóftin líkist helst agnarsmáum kálgarði, hún er 4 x 4 m að stærð og alveg opin í vestur. Veggir virðast torfhlaðnir og eru lágir, 0,2 m á hæð. Tóft þessi virðist ekki sýnd á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 en þar er þó sýndur mjög lítill kálgarður á svipuðum slóðum en líklega þó sunnar, sjá 097.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:152 Ból mannvirki fjós

65°22.540N 22°54.540V

„Sunnan til á [Lundabergi (sem er norðaustanvert á Flatey)] kallast Ból, þar var sumarfjós og þar voru kýr mjaltaðar á sumrum,“ segir í örnefnaskrá. Leifar fjóssins sjást enn um 240 m austur af Klausturhólahúsinu (039), innan við 20 m austan við garð þann sem lá þvert yfir austurhluta Flateyjar (sjá 248). Grösugt svæði, Iðagræn þúst er fast vestan við. Húsið hefur ýmis sameiginleg einkenni með Garðahlöðu 121 og er byggt úr eins steypu sem er íblönduð finni mól.

Húsið, sem er þaklaust, er tvískipt og alls um 10 x 5 m stórt frá NV-SA. Báðir hlutar þess hér um bil jafnstórir. Norðurhlutinn stendur ofar og er gólfíð þar hærra, steipt plata er í því vestan til. Lágar dyr eða op er á norðurgafli en einnig dyr nyrst á vesturlanghlið. Einn gluggi er á vesturhlið. Rör, líklega lofttúður liggja út gegnum



Mynd 95: Ból 152, horft til SSA.

veggi bæði að vestan og austan. Op er neðarlega á millivegg yfir í neðra hólfið sem er sunnar og hér eru leiddar líkur að því að það hafi verið skíthús frekar en hlaða. Op þetta er um 20 x 20 m stórt. Á meintu skíthúsi eru dyr í vestur nyrst en það er gluggalaust. Veggir þess eru nær stráheilir.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Flatey, 24; Eylenda, I, 84

BA-087:153 *Miðpollur* mannvirki lending

65°22.307N 22°55.619V

„Miðpollur var fyrst smávör suðaustan við Tröllenda [sem er vestasti hluti Flateyjar], þar er nú hafskipabryggjan og frystihúsið,“ segir í örnefnaskrá. Vör sem passar við lýsinguna er fast austan við frystihúsið en ekki er ljóst hvort eldri vör kanna ð hafa lent undir byggingunum. Á þessum slóðum er merktur „Miðpollur“ á korti Samúels Eggertssonar. Stórgrýtt fjara, hallar niður að henni til suðurs.

Rudd vör upp í sjávargrjótið, 4-5 m breið. Hlaðinn kantur úr stórgrýti er meðfram henni að vestan, líkast til gerður með vél, 12-15 m langur hið minnsta og um 3 m breiður, ekki sléttur að ofan. Í brekkunni upp af sjást engar greinilegar tóftir. Þar liggur gamall bátur og á tveimur stöðum sjást grjóthrúgur. Í annarri er vel skorðuð festing fyrir bát og í hinni sem er austar eru leifar af timburstöð, hugsanlega eftir spil.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 26; Eylenda I, 84; Kort Samúels Eggertssonar 1906



Mynd 96: Miðpollur 153, horft til S.

BA-087:154 *Mylla* heimild um myllu

65°22.600N 22°54.792V

„Árið 1832 reisti Guðmundur kaupm. Scheving vindmyllu til kornmölunar á svonefndum Mylluhól [...] Sumir segja að myllan hafi fyrst verið reist á bökkunum þar sem Myllustaðir [045] standa nú,“ segir í örnefnaskrá. „Árið 1832 reisti Guðmundur kaupm. Scheving vindmyllu til kornmölunar á svonefndum Mylluhól, þar sem Gestur Ó. Gestsson [...] reisti íbúðarhús sitt meira en 100 árum síðar,“ segir í örnefnaskrá. Í Skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey segir: „Á háhólnum austan við Skansmýri og Myllumó, þar sem áður stóð vindmylla Guðmundar Schevings kaupmanns, byggði Gestur Oddfinnur Gestsson smiður og



Mynd 97: Staðsetning Myllu 154, horft til N.

kennari sér íbúðarhús árið 1935. “Húsið ber heitið Sólheimar og stendur enn. Austan þess eru sambyggð fjós, hlaða, hjallur, timburhús á hlöðnum og steypum sökkli sem öll voru byggð um 1954. Ekkert af húsunum telst til fornleifa. Mylluhóll er stæðilegur hóll sem virðist að talsverðu leyti mannaverk. Á hólnum stendur nú (2014) íbúðarhús. Grasi gróinn hóll.

„Sagt er, að kostað hafi tvær krónur að mala korntunnunga, meðan myllan var og hét [...] Myllumór, kallast móarnir umhverfis Mylluhól, einkum að sunnan og vestanverðu við hann,“ segir í örnefnaskrá. „Finnst mér [Hermanni S. Jónssyni] hún (myllan) hafa verið út-

vörður forns manndóms og athafnalífs, er hún þandi út vængi sína í norðanhrinunum og glotti við tunglinu. Þótt hún gæti ekki malað Flateyingum Fróðamjöl eins og Grótti, mól hún þeim þó marga kviðfylli [...] Hún var einn af minningadeplunum um Guðmund Scheving,“ segir í Eylendu. Hóllinn er um 22 x 21 m að stærð og virðist að hluta til mannaverk. Norðurbrún hans er há og mikil (1,5-2 m) en aðrar brúnir eru 0,3-0,8 m háar. Líklega hefur þarna verið bætt í náttúrulegan hól í þeim tilgangi að láta mylluna standa hærra.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 26; Eylenda I, 84 og 203; Guðmundur L. Hafsteinsson, 48

BA-087:155 hleðsla lending

65°22.328N 22°55.165V

Vör virðist hafa verið á suðurströnd Flateyjar, hér um bil mitt á milli Hólsbúðarvarar 101 og Innstapolls 134. Smáklettótt og grýtt fjara en læna gengur inn í hana – sést mjó vör og þökkalega auð, líklega rudd. Ekki fannst nafn sem kemur heim og saman við þennan stað.

Geil er í bakkann ofan við en þó ekki ótvírætt mannvirki. Vestan við vörina er hlaðinn kantur, jafnvel lítil bryggja, rúmlega 10 m löng og um 2 m breið úr stórgrýti að mestu leyti. Á loftmynd af staðnum vottar fyrir vörinni sem ruddri lænu eða eyðu framan við grýtta fjöruna.

Hættumat: Engin hætt



Mynd 98: Lending 155, horft til NNV.

BA-087:156 *Nátthagi* gerði nátthagi


65°22.603N 22°53.713V

„Nátthagi var myndarlegt mannvirki gjört um aldamótin 1900 [...] Hann stóð austur við Tortu í Flatey, þar sem heitir Nátthagaflöt eða Nátthagagrund. Innan við Nátt-hagann, er Nátthagavík,“ segir í örnefnaskrá. Ágúst Georgsson segir í skýrslu sinni: „Nátthagi. Kallaður Búfræðingur enda byggður af slíkum skömmu fyrir aldamótin 1900. Talinn mjög úr sér genginn árið 1950. Allstórt tún var ræktað á Eyjarendanum um 1970.“ Nátthaginn er allra norðaustast á Flatey og er hann tæpum 1 km austan við kirkjugarðinn. Hann er á austurhluta Flateyjar, sem virðist alla tíð hafa verið nýtt sem úthagi, og er tengd aðaleyjunni með mjóu eiði. Suðurhluti garðsins er í halla til norðvesturs en norðurhluti hans er á flatlendu mýrarsvæði.

„Menn nefndu Nátthagann í gamni „Búfræðing,“ segir í örnefnaskrá. „Þegar inn fyrir Lundaberg kemur lækkar landið aftur og við tekur austasti hluti eyjunnar. Hann teygist í suðaustur og síðan suður frá aðaleyjunni, er nálægt því að vera sjálfstæð eyja og nefnist Eyjarendi. Mósund heita þar sem Eyjarendinn tengist aðaleyynni, með lágum hálsi eða eyði. Á Eyjarendanum voru ræktað allstór tún um 1970 og þar eru leifar af gömlum nátthaga,“ segir í



Mynd 99: Nátthagi 156, horft til V.



Teikning 11: Náttthagi 156. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Eylendu I. Náttthaginn er merktur inn á kort Samúels Eggertssonar frá 1906. Á þessum stað sjást enn mikil ummerki náttthagans. Greinilegt er að þarna má greina tvö byggingarstig. Það eldra er mun signara. Það er 114 x 80 m stórt, nálega sporöskjulaga og er syðst á svæðinu. Austur- og vesturveggir þess (eða suð-vestur og norðausturveggir) hafa verið á sama stað og veggir yngri nátt-

haga voru síðar byggðir en suðurveggur er 2-6 m sunnar en veggur yngra gerðis og norðurveggur liggur í boga í þvert yngra gerðið um 55 m sunnan við norðurvegg yngra gerðis. Eldra gerðið var því alfarið í aflíðandi brekku til norðvesturs. Svo virðist sem lítið hólf hafi verið byggt við eldra gerðið. Það liggur til norðausturs frá norðausturhorni eldra gerðis, hefur líklega verið ferhyrnt og gæti hafa verið um 32 x 16 m stórt þó að ekki sé hægt að greina alla hluta þess nú og norðurhlið og horn sé alveg horfið. Yngra gerðið er sem fyrr segir mun stærra enda liggur eldra gerðið alveg innan þess ef frá eru taldir 4-6 syðstu metrar þess. Yngra gerðið er sexhyrnt og er 127 x 121 m að stærð. Sem fyrr segir er suðurhluti þess í aflíðandi halla til norðvesturs en norðvesturhluti í deiglendi. Greinilegt er að reynt hefur verið að ræsa fram deiglendið en í gegnum það liggur stór skurður og nokkrir smærri í báðar áttir frá honum. Enn er þó deiglent á þessum slóðum. Á yngra gerðinu virðast hafa verið op á tveimur stöðum til suðvesturs og mögulega einnig op á einum stað til norðausturs. Á stuttum kafla í suðurvegg yngri garðsins virðist sem torf hafi verið fjarlægð. Vegghleðslur yngri garðs eru allt að 2 m en víðast um 1,5 m á hæð og mjókka víða upp og er því um 1,6 m breiður neðst en 0,6 m efst. Eldri garðurinn er víða 1,5 m á breidd en 0,3-0,5 m á hæð. Svæðið er samtals 135 x 170 m stórt.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 27; Eylenda I, 86; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Georgsson, 11

BA-087:157 gerði kálgarður

65°22.384N 22°55.491V

Gerði er í halla til suðurs, austan við Smalaberg og um 46 m suðaustan við Lómatjörn. Mikill garður sem gengið hefur þvert yfir eyjuna (sjá 211) liggur fram hjá gerðinu um 7 m austan við það. Svæðið er nú á kafi í grasi.

Gerðið er orðið svolítið óljóst og er m.a. erfitt að greina nákvæma lögun sökum sinu. Norðurhlið garðsins er einna skýrust og er hún um 18 m löng en skarð er í hana austan við miðju. Hægt er að greina norðurhluta bæði austur og vesturveggjar eða um 6-7 m áður en þeir verða alveg óskýrir og hverfa í gras og þýfi. Ekki er hægt að greina suðurhlið gerðis. Gerðið er því samtals um 18 x 7 m að stærð og er ferhyrnt. Það hefur áreiðanlega verið breiðara upphaflega en þó er ekki víst að það hafi verið mikið meira en 9-10 m á breidd. Grjóthleðslur má víða sjá í innanverðum veggjum sem eru mest um 0,5 m á hæð. Innan garðs má greina hryggi þar sem hafa verið beð og er greinilegt að gerðið hefur verið kálgarður af einhverju tagi. Suður frá kálgarðinum liggur hæð til suðvesturs og gæti mögulega verið sigið garðlag, um 20 m langt.



Mynd 100: Kálgarður 157, horft til ANA.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:158 Nýjabryggja hleðsla varnargarður 65°22.589N 22°55.032V

„Skammt fyrir innan Þýzkuvör [178], niður af Bentshúsi [011], var um aldamótin 1900 hlaðinn mikill grjótgarður út í eystra Hafnarsundið [130] og kallaður Nýjabryggja eða Stórigarður,“ segir í örnefnaskrá. Nýjabryggja stendur mjög vel ennþá og er beint norður af Bentshúsi 011. Hún liggur um 40 m til NNV. Á þessum slóðum er ströndin fremur sendin.



Mynd 101: Nýjabryggja 158, horft til N.

„Garðurinn [þ.e. Nýjabryggja] er 140 fet á lengd, 19 fet á breidd og 12 fet á hæð (1 metri eru 3,1862 fet). Þennan garð lét hlaða Björn Sigurðsson kaupmaður í Flatey [...] Garðurinn hlífir hinni gömlu Þýzkuvör [178] fyrir brimi og bárusogi í norðaustan átt, áður var þar stundum ekki lendandi af þeim sökum,“ segir í örnefnaskrá. Bryggjan er um 40 m löng og um 5 m á breidd.

Hún er gerð úr stórgrýti og er hleðslan mest rúmlega 3 m há allra nyrst.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 28

BA-087:159 heimild um hjall

65°22.562N 22°55.077V

Á uppdrætti Guðmundar Jóhannessonar er merktur rimlahjallur með geymslulofti skammt austan við Eyjólfsþakkhús 116. Hjallurinn hefur staðið þar sem nú (2014) er grasflöt að baki Samkomuhúss. Engin ummerki sjást nú um hjallinn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Uppdráttur Guðmundar Jóhannessonar

BA-087:160 Nýjavör renna lending

65°22.549N 22°55.136V



Mynd 102: Nýjavör 160, horft til N.

„Nýjavör. Hún er kippkorn suðvestur af Eyjólfsbryggju [115], þar er aðdjúpt um flæðar,“ segir í örnefnaskrá. Nýjavör var um 25 m norðan við Silfurgarð 167 og um 25 m vestur af Eyjólfsþúsi 019. Klettasker er vestan við lendinguna en framhald Silfurgarðsins til austurs.

Lendingin snýr nálega norður-suður. Hún hefur verið rudd inn í skerðið og er tæplega 20 m á lengd og um 8 m

breið allra yst (nyrst).

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 28

BA-087:161 þúst naust

65°22.624N 22°54.764V

Óljós þúst er suðvestarlega í Hjallavík, um 17 m austan við Skrínu 077. Þústin er afar ógreinileg, vart meira en skarð í víkina. Hún er grasi vaxinn og á sjávarbakkanum en norðaustan hennar er grýtt fjara og má vera að þegar hafi ágangur sjávar brotið eitt-hvað af þústinni.

Þústin er um 7 x 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist einföld og opin til suðausturs. Ummerkin eru svo ógreinileg að ekki er hægt að útiloka að þau

séu náttúruleg. Þó virðist hægt að greina línur í þýfinu og því ályktað að líklegast hefði verið tóft á þessum stað sem er orðin nær alveg ógreinileg.

Hættumat: Hætta, vegna rofs



Mynd 103: Naust 161, horft til A.



Mynd 104: Þúst 162, horft til N.

BA-087:162 þúst

65°22.614N 22°54.865V

Lítill þúst er austarlega í Svínabæli og vísar skáhallt ofan í vörina en talsverðir klettur eru fram af henni. Þústin er tæpum 20 m vestan við Bjarg 037. Grasigróinn hluti af brekku en klettur eru bæði neðar og ofar. Þústin er á hálfgerðri syllu.

Ekki er vitað hvaða hlutverki þústin gegndi. Hugsanlegt er að þústin sé af litlu nausti en til þess virðist hún bæði heldur lítill og auk þess er aðgengi að henni frá sjó er hins vegar frekar slæmt og ekki hefur verið hægt að komast með bát í hana nema á háflóði. Þústin er 3 x 1,5 m að innanmáli og er mörkuð af stórgryti og byggð við jarðfasta steina við brekkuna. Botn þústar er grasi gróinn og sléttur.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

BA-087:163 Ólafarbrunnur heimild um brunn

65°22.522N 22°54.732V

„Tvö örnefni í Flatey eru tengd nafni Ólafar ríku Loftsdóttur frá Skarði á Skarðs-strönd, þau eru: Ólafarbrunnur í Suðurjaðri Innstabæjarmýrar [sjá, 035], spottakorn vestur frá Innstabæ [035] [...],“ segir í örnefnaskrá. „Innstabæjarbrunnur. Innst á Pálsvelli [sem er túnið fyrir innan Brekkubæ, 015, og að Klausturhólum, 039] undir hólbarði niður við Innstabæjarmýri [sjá, 035], er þessi brunnur,“ segir í örnefnaskrá. Nú er ekki fullkomlega ljóst hvar Ólafarbrunnur var. Sá staður sem kemst næst því er í mýrarjaðri um 70 m VSV af Innstabæ 035. Mýri norðan undir þurrhlendum hólrana. Innstabæjarbrunnur er „[...] stundum nefndur Ólafarbrunnur. Munnmæli herma,

að Ólöf ríka Loftsdóttir hafi látið grafa þennan brunn,“ segir í örnefnaskrá. Hér sést smádæld með vatni í, en enginn eiginlegur brunnur.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 20, 28

BA-087:164 Ólafarakur heimild um akur

„Síðasti kornræktarmaður í Flatey á að hafa verið Ólöf ríka. Austasta á Flatey sést enn stór akur, sem ber nafn hennar,“ segir í Íslenskum sögustöðum. „Tvö örnefni í Flatey eru tengd nafni Ólafar ríku Loftsdóttur frá Skarði á Skarðsströnd, þau eru: [...] svo og Ólafarakur, sem sagt er að sjáist merki til austur á Flatey, gegnt Akurey [sem er fyrir sunnan Flatey],“ segir í örnefnaskrá. Ólafarakur er ein af þremur fornleifum sem friðlýstar eru í Flatey. Í friðlýsingaskrá segir: „Ólafarakrar, er svo heitir, stór girðing austast á eyinni; kenndur við Ólöfu ríku. Sbr. Kálund 1877:540. Skjal undirritað af Matthíasi Þórðarsyni. 25.10.1930.“ Afar óljóst er hvar Ólafarakur á að hafa verið. Hann hefur bæði verið tengdur við gerði 179 í Akurey en einnig eldri fasa á gerði austast á Flatey 156. Ekki var unnt að skera úr um þetta við skráningu.

Heimildir: KK II, 150; Ö-Flatey, 28; Eylenda I, 84, Friðlýsingaskrá, 32

BA-087:165 Pumpugarður hleðsla kálgarður

65°33.547N 22°55.052V

„Fyrir norðan Vogshúsið [198] og Skemmurnar var kálgarður, sem náði nærri að Gamlahúsinu [081], hét hann Pumpugarður,“ segir í örnefnaskrá. Umræddur garður hefur afmarkað af Vogshúsi að sunnan og Gamlahúsi sem stóð á svipuðum stað og



Mynd 105: Pumpugarður 165, horft til N.

Ásgarður að austan. Garðurinn var þar sem nú er malarveggur sem liggur þvert í gegnum Flatey og grasflöt vestan hans. Á grasflötinni norðan við Vog má greina leifar af L-laga hleðslu sem er um 7,5 x 7 m stór og sést suðausturhorn hennar. Hún er á sömu slóðum og Pumpugarður hefur verið en hvort hún er eftir hann er erfitt að segja.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 29

BA-087:166 *Pumpa* heimild um brunn

65°22.547N 22°55.055V

„Fyrir norðan Vogshúsið [198] og Skemmurnar var kálgarður, sem náði nærri að Gamlahúsinu [081], hét hann Pumpugarður,“ segir í örnefnaskrá. Umræddur garður dró nafn af brunni innangirðingar sem hét Pumpa. Svæðið hefur afmarkað af Vogshúsi að sunnan og Gamlahúsi sem stóð á svipuðum stað og Ásgarður að austan. Brunnurinn var þar sem nú grasflöt vestan hans malarvegarins um Flatey. Engin ummerki sjást lengur um brunninn

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 29

BA-087:167 *Silfurgarður* hleðsla varnargarður

65°22.167N 22°55.120V

„Silfurgarður. Garður þessi er hlaðinn fyrir Grýluvog [125], en sá vogur þornar um fjörur. Um flóð er þarna örugg höfn fyrir báta, innanvert við garðinn,“ segir í örnefnaskrá. Silfurgarðurinn er einn af þremur friðlýstum fornleifum í Flatey. Í Friðlýsingaskrá segir: „Silfurgarður, hlaðinn hafnargarður við gömlu höfnina,“ Silfurgarður var friðlýstur árið 1975. Þjóðminjasafn stóð fyrir viðgerðum á garðinum á 10. áratug 20. aldar en í fjárákallögum frá 1992 kemur fram beðni safnsins til framlag til umræddra viðgerða á Silfurgarði sem „er líklega elsta sjóvarnarmannvirki hér á landi.“ Silfurgarðurinn er fyrir Grýluvogi. Silfurgarðurinn markar af vesturhlið Grýluvogs sem er annars markaður af náttúrunnar hendi á aðrar hliðar.

„Guðmundur Scheving kaupmaður lét hlaða þennan garð [þ.e. Silfurgarðinn] og borgaði vinnulaunin daglega í silfurpeningum. Verkinu var lokið í ágúst 1833. Silfurgarðurinn er um 40 faðmar á lengd, 2 faðmar á breidd og 1 1/2 faðmur á hæð (1 faðmur er 1,883 metrar). Svo stórir steinar eru í garðinum, að aðeins 5 lög eru í honum og gjöra þau alla hæðina [...] Vafalaust hefur þetta verið eitt mesta mannvirki á Íslandi, á þeim tíma,“ segir í örnefnaskrá. Ágúst Georgsson skráði Silfurgarðinn 1989. Í skráningu hans segir: „Silfurgarður. Stór og myndarlegur grjótgarður. Nær þvert yfir Grýluvog en innsiglingarrenna eða op er á honum sunnanverðum. Friðlýstur og á fornminjaskrá. Reistur um 1830 fyrir Guðmund Scheving,



Mynd 106: Silfurgarður 167, horft til V.

kaupmann í Flatey. Samkvæmt heimild frá 1840 er garðurinn 66,8 m langur, 3,3 m breiður og 2,5 m á hæð. Innan Silfurgarðs var skipastaða fyrir þrjú eða fjögur þilskip. Mun hann hafa verið mesta mannvirki sinnar tegundar á Íslandi og á tímabili helsta mannvirki í Flatey ásamt Stóragarði og Eyjólfsbryggju.“ Suðurhluti Silfurgarðsins að innsiglingaropi er um 10 m langur en opið er um 7 m vítt. Norðurhluti Silfurgarðsins er um 34 m langur að voginum en framhald hleðslumá þó greina áfram í sjávarbrúninni á um 35 m kafla. Hleðsla er einnig meðfram Grýluvogi norðanverðum allt að Vogshúsi 198 (um 55 m löng) og önnur hleðsla í botni vogsins (um 14 m löng). Sjálfur garðurinn er um 5 m breiður. Ef allt er talið má því segja að ummerki í tengslum við mannvirkið nái yfir svæði sem er 85 x 65 m stórt og snýr norður-suður.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 29; Friðlýsingaskrá, 32; Ágúst Georgsson, 6; <http://www.althingi.is/altext/123/s/0395.html>

BA-087:168 *Skans* hleðsla leikvöllur 65°22.561N 22°54.983V

„Fyrir innan og ofan verzlunarhúsin, meðfram Skansmýrinni [sem er sunnan og suðaustan við húsaþyrpinguna við Grýluvog, 125 var upphækkun gerð, sem nefndist Skans,“ segir í örnefnaskrá. Fyrirhleðslan var sjálfsagt allra vestast þar sem er skurður og uppkast eftir endilangri vesturhlið Skansmýrar (sjá 223). Fyrirhleðslan er í vesturjarðir Skansmýrar og standa nokkur hús fast vestan við hana.

„Þar [á Skansinn] var raðað kjöttunnum á haustin, og stendur Sláturhúsið þar í nánd,“ segir í örnefnaskrá. „[...] var sláturhúsið þar í grennd. Á vetrum breyttist Skansmýrin í vinsælt skautasvell,“ segir í Eylendu. Skautasvellið var væntanlega vestarlega í Skansmýrinni.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 30; Eylenda I, 206; Eylenda II, 232

BA-087:169 *Seila* heimild um brunn

„Kerlingarmýri [137], austur af Kerlingarvogi [sem er fyrir ofan Bryggjusker sem er aftur á móti fyrir vestan Grýluvog, 125], var oft kölluð eftirfarandi nöfnum: Fjárhúsamýri, Vesturbúðamýri og Snorrabrunnsmýri [...] Seila, er einn af brunnunum í Snorrabrunnsmýri,“ segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Flatey, 30

BA-087:170 *Garðastöðull* örnefni kvíar

65°22.418N 22°54.780V

Garðastöðull er talinn hafa verið við sjávarbakka hér um bil beint suður af staðnum þar sem Garðar stóðu, síðar Klausturhólar (sjá 039). Tún, svo óslétt grasræma en síðan tekur við hár sjávarbakki. Engin mannvirki eru sýnileg á þessum slóðum – nema naust spölkorn austar, sjá 122.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar



Mynd 107: Garðastöðull 170, horft til NA.

BA-087:171 *Stekkjargrund* örnefni stekkur

„Stekkjargrund, er inn af Löngutjarnarrima [sem er fyrir norðan Tröllenda, sem er vestasti hluti Flateyjar] og nær inn að Lómatjörn [149] og upp undir Smalaberg,“ segir í örnefnaskrá. Stekkjargrund er á norðvesturströnd Flateyjar, milli Lómatjarnar og Tröllenda. Á því svæði eru tóftir á tveimur stöðum, annars vegar fjárhús sem byggð voru 1918 og óræðari minjar í kring (sjá 234, 236 og 237) og hins vegar óljósari tóftir spottakorn vestar (sjá 075, 150 og 213). Líklega hefur stekkur verið á öðrum hvorum staðnum þó ekki sé hægt að fullyrða um það nú. Engar dæmigerðar stekkjjarleifar fundust á yfirborði á þessum slóðum. en þó gæti einhver af vestari tóftunum mögulega verið stekkur.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 30; Eylenda I, 84

BA-087:172 þúst

65°22.620N 22°54.820V

Stakstæður kofi virðist hafa staðið við Bjarg 037 en svolitla þúst og steinaröð má sjá þar út undan nýlega byggðum timburskúr. Grasflöt norðaustan við íbúðarhús. Hleðslan er L-laga og er 3 x 4 m að stærð. L-ið myndar suðausturhorn á grunni lítils kofa en önnur ummerki eru ekki greinileg.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:173 Svartapakkhús heimild um skemmu

65°22.562N 22°55.028V

„Svartapakkhús. Það var til vinstri handar, þegar gengið var upp úr Þýzkuvör [178] upp á Plássið [135]. Stóð það sunnanvert við Hafnarskemmulækinn [sjá, 026], frekar stórt tjargað timburhús, en beint á móti því, til hægri handar, Nýjapakkhúsið [159] [...],“ segir í örnefnaskrá. Svartapakkhús er nú horfið en það hefur staðið austan við Nýjapakkhús 196 og upp af Þýskuvör 178. Þar sem húsið stó er nú grasflöt, malarvegur og svo Skansinn. Engin ummerki um Svartapakkhúsið sjást lengur.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 31

BA-087:174 Svínabæli örnefni

65°22.608N 22°54.871V



Mynd 108: Svínabæli 174, horft til N.

„Svínabæli, er skora í Norðurbakkana [sem eru klettabakkar sem ná frá Þýzkuvör, 178, og austur að Hjallsvík, sjá, 028] austanvert við húsið Myllustaði [045],“ segir í örnefnaskrá. Svínabæli er skora í kletta milli íbúðarhússins Strýtu og Bjargs 037. Bælið virðist hafa geta verið rutt eða sprengt en mögulegt er að þarna hafi verið vör frá náttúrunnar hendi.

Í vestanverðri vörinni er röð af

steinum, mest tvö umför. Röðin er um 7 m löng og 1,3 m há. Vörin er um 5 m breið en nokkuð bratt er upp úr henni. Án efa er talsvert um liðið frá því að hún var notuð og hefur hún eitthvað fyllst.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 27 og 31

BA-087:175 Útburðarsteinn þjóðsaga draugur

65°22.559N 22°54.398V

„Útburðarsteinn. Hann stendur í fjörunni suðvestan við Mjósundin [sem eru austanvert á Flatey og þar er eyjan mjóst],“ segir í örnefnaskrá. Steininn er mjög áberandi í fjörunni vestan við Kjóatanga og gegnt Akurey. Þetta er um 115 m suðvestan við Mjósundið, en það er eiði sem tengir saman vestur- og austurhluta Flateyjar. Sendin fjara.

„Þetta [þ.e. Útburðarsteininn] er nokkuð stór steinn og er stundum nefndur

Dvergasteinn. Þangað áttu börn að hafa verið borin út að heiðnum sið, og jafnvel meðan klaustrið stóð í Flatey 1172-1184,“ segir í örnefnaskrá. Í grein í Vísi frá 1943 segir um staðinn: „Niður í flæðarmálinu niður við Mjóasund eru 2 stórir steinar, er heita Útburðarsteinar, þangað áttu börnin að hafa verið borin. Þessu var trúað, og hermir þjóðsögnin, að þar hafi verið allreimt, og ennfremur að þaðan hafi átt að heyrast ámátleg undravein á undan vondum veðrum.“ Steininn er allt að 2 m hár og sker sig úr. Stendur í fjörunni en bakki er ofan við og grynningar framan við.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 31; Frá Flatey á Breiðafirði, Vísir. 17.01.1943, 1

BA-087:176 garðlag

65°22.362N 22°55.742V

Garðlag liggur til norðurs frá lítill tjörn sem er vestarlega á Flatey, við Tröllenda. Garðlagið liggur frá sjávarbakkanum í norðri og til suðurs. Það er í aflíðandi halla að fjöru. Syðstu 5 m garðlagsins, frá tjörn og að göngustíg á norðurströnd Flateyjar eru óskýrir en norðan við stíg verður garðurinn greinilegri. Þaðan liggur hann í um 14 m fram á sjávarkambinn. Garðlagið er um 1,5 m breitt en 0,2 m hátt og það er fremur ógreinilegt. Ekki er vitað hvaða tilgangi það þjónaði.



Mynd 109: Garðlag 176, horft til S. Teikning 8 á síðu 74 sýnir uppdrátt af minjunum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:177 Vesturbúðarvör renna lending

65°22.503N 22°55.234V

„Vesturbúðarbryggja er við Vesturbúðarvör og eru þær niður af Vesturbúðum (052),“ segir í örnefnaskrá. „Í áðurnefndum tanga [milli Grýluvogs og Teinæringsvogs] norðan hans [Teinæringsvogs 202] segja heimildir að hafi verið „mikil byggð“ og hétu þar Vesturbúðir [052]. Í skarði norðan í tanganum, og hallandi sandfjöru fram af því, er Vesturbúðavör og liggur leiðin upp í hana með Bryggjuskeri að austanverðu. Hlífir það henni nokkuð fyrir utanátt, ásamt hlaðinni grjótbryggju. Í Vesturbúðum stendur nú eitt íbúðarhús, ásamt geymsluhúsum, gördum og þurrkreitum frá fyrritíð,“ segir í



Mynd 110: Vesturbúðarvör 177, horft til N.

Eylendu I. „Vesturbúðarbryggja [176] er við Vesturbúðarvör og eru þær niður af Vesturbúðum [052],“ segir í örnefnaskrá. „Innan til við Vesturbúðarvör var byggður grjótgarður til skjóls við vörina og honum var haldið við lengi vel,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Vestan við vörina er Vesturbúðarbryggja 112 en austan við hana er önnur hleðsla eða bryggja sem er skráð undir sama númeri og sjálf vörin. Hvort tveggja er

fram af (norður) af geymsluskemmu/bátaskemmu í fjörunni neðan við Vesturbúðir.

Vesturbúðarvör er austan við Vesturbúðarbryggju 112 en vestan við aðra bryggju minni. Á milli er skarð í skerin sem eru á þessum slóðum fyrir landi og upp af lendingunni er nokkuð sent. Sjálf lendingin er fremur auð og upp af henni aflíðandi fjara. Bryggjan austan við lendinguna er um 16 m löng en á bilinu 3-4 m breið. Hún er gerð úr stórgrýti.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 31; Eylenda I, 86; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 4

BA-087:178 Þýzkavör renna lending

65°22.566N 22°55.049V

„Þýzkavör er norðaustan við Grýluvog [125], sunnan við Hafnarsund [130] og vestan við Nýjubryggju, öðru nafni Stórigarður [158],“ segir í Eylendu. „Á tanganum norðan við Grýluvog voru lendingarstaðir á móti Höfninni. Þar er Þýzkavör sem er ekki annað en



Mynd 111: Þýzkavör 178, horft til S.

smáskarð í klettana, en leiðir hugann að miðöldum þegar Hansakaupmenn sigldu skipum sínum á Flateyjarhöfn. Þá hafa þeir skipað upp vörum sínum í Þýskuvör,“ segir í Eylendu. „Fyrir á öldum ráku Þjóðverjar töluverða verzlun í Flatey á Breiðafirði og sáust lengi tóttir af búðum þeirra [036] fyrir botni Grýluvogs [125], en aðallendingarstaðurinn var þá og lengi síðan Þýzkavör, sem þeir munu hafa rutt upp í

stórgrýtisurð og sprengt allbreitt skarð í klettótta sjávarbakkana, svo greiður gangur yrði upp á Kaupborgið,“ segir í örnefnaskrá.

Þýskavör er vik í klettabeltið sem er við strönd Flateyjar á þessum slóðum en norðaustan við vörina er ströndin að mestu sendin að Stóragarði. „Þýzkavör. Það er ætlun manna að vörin hafi upphaflega verið rudd af Þjóðverjum og þess vegna fengið þetta nafn. Annars áttu Þjóðverjar mikil viðskipti við Flateyinga fyrr á öldum,“ segir í örnefnaskrá. „Í norðan stormum var þar ólendandi. Því lét Björn Sigurðsson kaupmaður hlaða öflugan grjótgarð á árunum 1885-1890 [...] Hlaut hann nafnið Stórigarður [158],“ segir í Eylendu. Þýskavör er 5-6 m breið efst en víkkar til norðurs í allt að 10 m. Hún er um 12 m löng og er vesturbrún hennar bein og greinilega manngerð en austurbrúnin óskírari. Efst í vörinni er um 3 m breið og 1 m há hleðsla úr stórgrýti og lokar hún af suðurenda varar. Ofan í vörina liggur hlaðinn stokkur sem veitt hefur vatni af Skansmýri og ofan í vör. Stokkurinn hefur líklega verið um 30 m langur en er nú greinilegastur á um 16 m löngum kafla. Ofan í vörinni vestanmegin er 2 m löng hleðsla er sem líklega hefur tengst umræddum stokki.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Flatey, 21,29, 31-32; Eylenda I, 87 og 220; Eylenda II, 232

BA-087:179 Akurey gerði


65°22.438N 22°54.258V

„Innst í vogi þessum [þ.e. Flateyjarvogi (119)] liggur falleg eyja kölluð Akurey,“ segir í örnefnaskrá. Ágúst Georgsson skráði rúst í Akurey af loftmynd (nr. IIXX) og segir í skýrslu sinni: „Matjurtagarður?“ Í suðaustanverðri Akurey er ferhyrnt gerði í halla til suðurs, til móts við Langey. Grasi gróid og stórþýft er umhverfis gerðið.

„[Akurey] er um 200 m á lengd og 60 m á breidd. Akurey er aðeins umflotin



Mynd 112: Akurey 179, horft til A.



Teikning 12: Akurey 179. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

sjó um flæðar, en best er að ganga í hana um fjöru af Kjóatanga [sem er austsuðaustanvert á Flatey],“ segir í Eylendu. Gerðið er 30 x 14 og snýr ANA-VSV. Veggir þess eru um 1 m á breidd en 0,8 m á hæð og eru þeir þýfðir og torfhlaðnir. Ekkert op sést á gerðinu og engin skipting er innan þess. Mögulegt er að umrætt gerði sé á sama stað og var áður kallaður Ólafarakur (sjá 164) en e.t.v. er líklegra að sú lýsing eigi við eldri fasa á gerði austast á Flatey 156. Ekki var unnt að skera úr um þetta við skráningu.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey, 32; Eylenda, I, 84; Ágúst Georgsson, 11

BA-087:180 garðlag varnargarður 65°22.336N 22°55.098V

Garðlag hefur víða verið hlaðið með suðurströnd Flateyjar, innan þess svæðis sem talist hefur til heimalanda, þ.e. innan garðanna sem liggja þvert yfir vestur- og austurhluta eyjarinnar (sjá 248 og 211). Garðurinn sést víða vel, og þá helst á stöðum í námunda við býli og önnur mannvirki, til dæmis fast austan við tóft 005 (sem er suðvestan við Kúldsgarð 145). Garðurinn liggur víðast hvar á gróinni strönd.

Alls er svæðið þar sem garðurinn sést 7-800 m langt og nær allt frá kálgörðum 226, sem eru neðan við húsið sem nú er kallað Læknishús, og að austurhluta Klausturhólatúns. Hann er grjóthlaðinn og allt að 1,5 m hár þar sem mest er en þó eru á honum stórar eyður. Hann er nánast samfelldur frá kálgörðunum og austur fyrir nauststóft 122, en hún er sunnan við Klausturhóla. Eftir það sjást aðeins slitrur. Vætanlega hefur garðurinn fyrst og fremst þjónað tilgangi túngarðs, fremur en að hafa átt að verja sjávarbakkana fyrir rofi. Garðurinn var allur mældur upp og sést á meðfylgjandi korti.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:181 *Hjallasker* heimild um lendingu

„Yzt fyrir miðju Flateyjarvogs [119] er Hjallasker, það verður mjög stórt um fjörur,“ segir í örnefnaskrá. „Kallast hann Flateyjarvogur og er nú fundin og reynd, með heppni, skipalega í honum á þremur stöðum: Út við Hjallasker, við Flathólmasund og innst suður frá Norskubúð [...],“ segir í Sýslu- og sóknarlýsingu. Hjallasker var ekki skoðað á vettvangi en er um 400 suðvestur af vesturodda Flateyjar. Í Flateyjarvogi (119) eru þrjár landingar eða skipalegur. Hjallasker er ein þeirra, segir í sóknarlýsingu Flateyjar sóknar.

Heimildir: Ö-Flatey, 33; SSV I, 118

BA-087:182 *Flateyjarklofningur* heimild um samgöngubót

„Norður af Flatey liggja hinar stærstu og nytjamestu eyjar, sem tilheyra henni [...] Á eyju þeirri er Flateyjarklofningur nefnist er viti,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið í Flateyjarklofning haustið 2014. Sennilega hefur viti þessi ekki verið reistur fyrr en 1926.

Heimildir: Ö-Flatey, 34

BA-087:183 *Hólmasund* heimild um leið

„Í norðvestur af Hafnarey [128] er Sýrey þ.e. Svíney [...] Austur af Sýrey liggur rif, sem þornar um fjörur inn í Sýreyjarhólma [...] Sundið milli Sýreyjar og hólmanum verður bátfært um flóð, heitir það Hólmasund,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið um sundið haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 34

BA-087:184 *Selskerssund* heimild um leið

„Sundið milli Sýreyjarhólma [sjá, 183] og Selskers, sem liggur austur af hólmanum heitir Selskerssund [...],“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið um sundið haustið 2014. „[...] það [Selskerssundið] er bátaleið til Flateyjar að norðanv. [...] Sund þetta hefur grynnt mjög í seinni tíð,“ segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Flatey, 35

BA-087:185 *Feitsey* heimild um lendingu

„Alllangt norður frá Sýrey [sjá, 183] rétt fyrir sunnan Langey er grösug eyja heitir hún Feitsey,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið í Feitsey haustið 2014. „Lending er að norðanverðu á Feitsey,“ segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Flatey, 35; Eylenda I, 84

BA-087:186 *Bolavogur* heimild um lendingu

„Við Langey [þá nyrðri] er oft brimsúgur og erfitt að lenda þar. Aðal lendingarstaður er í svo nefndum Bolavog, utanvert á miðri eyjunni sunnanverðri,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið í Langey haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 35; Eylenda I, 84

BA-o87:187 heimild um leið

„Stórskipaleið fyrir vestan eða utan Flatey, Langey [þá nyrðri] og Sýrey [sjá, 183] er Skarðstrandarklofningur að bera í lautina á Ytri-Mávey [sem er fyrir suðvestan Flatey], en á smábátum má fara miklu nær þessum áður nefndu eyjum,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 36; Eylenda I, 84

BA-o87:188 heimild um leið

„Norðvestur af Langey [þá nyrðri] er Diskæðarskerið [...] Suðvestur af Diskæðarskeri er Baula, það er klettur, sem fer oftast í kaf um flæðar og er því mjög hættulegur á bátaleið [...] Aðdjúpt er að vestanverðu við Baulu og má sigla rétt hjá henni í góðu veðri,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 36; Eylenda I, 84

BA-o87:189 *Skeley* heimild um lendingu

„Norður og austur af Diskæðarskeri [sjá, 188] er Skeley [...] lending er að suðvestanverðu,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 36; Eylenda I, 84

BA-o87:190 *Lundaklettur* heimild um lendingu

„Inn og norður af Skeley [189] liggur Lundaklettur, lítill klettahólmur. Lenda má við hann að austanv,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 37; Eylenda I, 84

BA-o87:191 *Vestari-Sandey* heimild um lendingu

Langt norðaustur af Skeley (189), eiginlega rétt austur af Hergilsey, er Syðri-Sandey og Vestari-Sandey þar fyrir norðan [...] Lendingarstaður er að vestanverðu,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 37-38; Eylenda I, 15

BA-087:192 *Innri-Stykkisey* heimild um lendingu

Norðaustur af Vestari-Sandey (191) eru Stykkiseyjar. Innri-Stykkisey er norðar og austar. Hún „[...] myndar hálfhring og liggur víkin móti suðri, þar er lending,“ segir í örnefnaskrá. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey, 38; Eylenda I, 15

BA-087:193 *Böðvarsdys* dys legstaður

Norðaustur af Vestari-Sandey (191) eru Stykkiseyjar. Innri-Stykkisey (192) er norðar og austar. Hún „[...] myndar hálfhring og liggur víkin móti suðri, þar er lending. Spölkorn fyrir ofan lendinguna er grjótdys kölluð Böðvarsdys,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Böðvari Péturssyni (upptaka á Ísmus frá 10.20.1970) var það sagt að hver maður sem kæmi í Stykkisey ætti að leggja stein í Böðvarsdys og var dysin því orðin mjög stór. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Í Böðvarsdys „[...] á að vera dysjaður Böðvar sá, er fannst dauður við Böðvarskletta og sögn er til um,“ segir í örnefnaskrá. „[...] og skammt frá henni [lendingunni 192] uppi á eyjunni er grjótdys eitt, hvar tjáð er að liggi sá Böðvar, er Böðvarsklettur í Hergilseyjarlöndum, þar skammt eitt norður af, hafa nafn sitt af. Er mælt að Böðvar þessi hafi verið við lundaveiði frá Flatey og fundist dauður við Böðvarskletta, litlu eftir það að kristni kom á Íslandi. Ætluðu menn þá að flytja hann til Flateyjar og fá honum þar legstað, en veður hömluðu því, svo þeir lágu marga daga í Stykkisey bjargþrota. Dysjuðu þar forneskjukarlinn Böðvar, og þótti þeim þá veður allt lægja og gaf þeim vel heim í Flatey, sem er nær því tvær vikur sjóar,“ segir í Lýsingu Flateyjar eftir Ólaf Sívertssen

Heimildir: Ö-Flatey, 38; Eylenda I, 15; Flatey á Breiðafirði eftir Ólaf Sívertssen, 10; <http://www.ismus.is/i/audio/id-1012825>

BA-087:194 gerði

65°22.398N 22°55.307V

Garðlag liggur til norðurs frá malarveginum sem liggur þvert í gegnum Flatey um 40 m austan við húsið Grænagarð og um 8 m vestan við þar sem sléttuð tún taka við neðan við malarveginn. Garðlagið liggur niður (norður) aflíðandi brekku og verður fremur óljóst þar sem Lómatjarnarmýri tekur við en þó má óljóst sjá móta fyrir honum yfir mýrina.



Mynd 113: Gerði 194, horft til N.

Garðurinn er mjög óverulegur og liggur sem fyrr segir frá malarveginum um Flatey og til norðurs yfir Lómatjarnarmýri. Garðurinn er 0,6-0,8 m breiður en 0,2 m á hæð. Hann er gróinn en gæti verið undirhleðsla undir girðingu. Vestan við garðinn má víða sjá pælu þar sem torf hefur verið skorið í hann. Garðinn má samtals greina á 52 m kafla en hann endar norðan við Lómatjarnarmýri og virðist raunar enda í garðlagi sem liggur frá kálgarði 238.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:195 *Útgarður* heimild um býli

Í Eylendu I segir: „Útgarður, Fiskimannaskýli skammt fyrir austan Innstabæ [035]. Þar bjó Ari Steinsson (1827-1887) 1867-1887, ágætur hagyrðingur.“ Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Útgarður var en þó er sennilegt að hann hafi verið á svæði þar sem nokkur hús eru merkt á kort Samúels Eggertssonar 1906, t.d. 048, 050 eða jafnvel þar norðar (sjá t.d. 044).

Heimildir: Eylenda I, 211

BA-087:196 *Samkomuhús* hús skemma

65°33.556N 22°55.060V

„Svartapakkhús [...]. Það var til vinstri handar, þegar gengið var upp úr Þýzkuvör [...] upp á Plássið [135]. Stóð það sunnanvert við Hafnarskemmulækinn [sjá, 026] [...] en beint á móti því, til hægri handar, Nýjapakkhúsið síðar Loftskæptastöð og fyrir vestan hana Stórapakkhúsið [172] [...],“ segir í örnefnaskrá. „Þegar skipti fóru fram á Flateyjarverzlun 1815, kom m.a. skip það í hlut Guðmundar Schevings er Færeyjar hét, en með því að skipið var orðið gamalt, lét Guðm. rífa það og notaði timbrið í geymsluhúsið, Færeyjahús, og stóð það á Bræðsluhúsakletti utanvert við Bræðsluhúsið [113] [...] Fleiri hús stóðu á þessum slóðum, og var aðalinngangur í þau öll á gaflinum, sem sneri móti suðri,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt skýrslu um byggða og húsakönnun í þorpinu í Flatey var Samkomuhúsið byggt 1880-1890 en höfundur er ókunnur. Árið 2006 var opnuð veitingasala í húsinu. „Þetta hús [Samkomuhúsið] þjónaði fyrst sem pakkhús

og verslunarhús. Loftskýstastöð var þar síðar til húsa og eftir það eignaðist Ungmennafélag Flateyjar húsið. Þar hafa oft verið haldnar samkomur og dansleikir,“ segir í Eylendu. Húsin standa enn (2014) og eru nýlega uppgerð. Timburhús við Grýluvog.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsaönnun í Þorpinu í Flatey segir:

„Samkomuhúsið er einlyft portbyggt timburhús með lágt risþak. Við suðurhlið hússins er anddyri með skúrþak. Stórapakkhús er byggt upp að vesturstafni Samkomuhússins. Húsið stendur á steinhlaðnum og steiptum múrhúðum sökkli, veggir eru klæddir strikuðu listapili og þök bárujárni. Á húsinu eru sex rúðu gluggar með miðpóst; tveir á anddyri, þrír á suðurhlið, þar af einn inn að forstofu í anddyri, tveir á austurstafni og fjórir á norðurhlið. Um glugga eru strikaðir faldar og vatnsbretti að ofan og neðan. Vörudyr með fjalahrúðum á okum eru á gáflhlaði og vörugálgi yfir. Útidyr eru á anddyri að austanverðu og fyrir þeim okahurð klædd skásettum panelborðum. Gengið er frá dyrum á svipaðan hátt og gluggum. Fram undan útidyrum eru steinsteiptar tröppur.

Inn af dyrum er forstofa og salerni innst að vestanverðu. Veggir í anddyri eru klæddir strikuðum panelborðum en suðurveggur hússins er klæddur listapili og súðin plötuklædd. Úr forstofu er gengið í samkomuhúsið; salur er í eystri hluta þess og leiksvið að vestanverðu, hafið yfir salinn um þrjú þrep, og loft opið upp undir mæni. Endar þverbita eru ofarlega á veggjum og á þeim skástöðir upp undir sperrur. Togbönd eru um þvert húsið neðst á milli sperra en hanabjálkar ofarlega. Veggir samkomuhússins eru klæddir sléttum panelborðum og súðin plötuklædd á milli sperra. Tvennar dyr eru á vesturgafli, að norðanverðu að eldhúsi í austurhluta Stórapakkhúss og að sunnanverðu að gangi við suðurhlið pakkhússins.“ Samtals eru húsin um 27 x 10 m að grunnfleti.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Eylenda I, 204; Ö-Flatey, 31; Guðmundur L. Hafsteinsson, 39



Mynd 114: Samkomuhús 196, horft til NNA.

BA-087:197 heimild um hjall

65°22.563N 22°55.079V

Inn á uppdrátt Guðmundar Jóhannessonar sem gerður var á tímabilinu 1919-1931 er merktur hjallur norðan við hús 159, líklega á svipuðum slóðum og timburhús stendur nú (2014) að baki hóteli. Slétta milli hótels (hús 196) og sjávar.

Líklega var umræddur hjallur sá sami og lýst er í örnefnaskrá: „„Norðan til við húsaröðina eða bak við hana, stóð Hákarlshjallur Benediktsens, stórt hús úr timbri.“ Engin ummerki sjást nú um hjallinn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 28

BA-087:198 *Vogur/Vogshús* hús bústaður

65°22.539N 22°55.041V

„Jón Guðmundsson kaupmaður byggði húsið 1885 og bjó þar til dánardægurs 1888. Það var fyrst nefnt Nýjahús og síðar Jónshús [...] Jakob Þorsteinsson verslunarstjóri bjó í húsinu 1888-1908 og var það þá kallað Jakobshús [...] Nú er þar hótél og veitingastaður,“ segir í Eylendu. „Það var reist 1886 og var ávallt kallað Nýjahúsið, en meðan séra Sigurður S. Haukdal var prestur í Flatey og bjó þar 1929-1945, var það alltaf kallað Prestshúsið,“ segir í örnefnaskrá. Í Eylendu stendur að Prestshúsið hafi verið reist 1885. „Það var fyrst nefnt Nýjahús og síðar Jónshús [...] Nú er þar hótél og veitingastaður,“ segir í Eylendu. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey kemur fram að húsið var byggt 1885 en hönnuður þess er óþekktur og einnig að efniviður í húsið er talinn hafa verið innfluttur frá Noregi. Þar kemur fram að nokkrar breytingar hafa orðið á húsinu í tímans rás, sértaklega á gluggum á vesturstafni og með viðbyggingum.

Vogshús stendur enn við norðausturhorn Grýluvogs og fast vestan við malar-



Mynd 115: Vogur 198, horft til N.

vegin sem liggur þvert í gegnum Flatey. Húsið er tvílyft timburhús sem stendur á grasi gróinni sléttu fast upp af fjörunni og er hlaðið undir suðvesturhlið þess sem liggur að voginum.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Vogur er tvílyft timburhús með risþak og viðbyggingar með skúrþak eru við báðar hliðar. Húsið

stendur á steinhlöðnum og steyptum sökkli, kjallari er undir suðurhluta hússins og súrviðbyggingu við suðurhlið. Veggir eru klæddir strikuðu listaþili og hornborðum. Þök eru klædd bárujárni og á hvorri hlið er þakgluggi. Á húsinu eru 15 krosspóstagluggar; tveir á austurstafni, fjórir á hvorri hlið og fimm á vesturstafni. Í þeim eru rammar og sex rúður en þó ekki á norðurhlið, þar eru þverrimar fellir í karm og póst. Að auki eru tveir krosspóstagluggar á hvorum skúr og einn einnar rúðu gluggi á norðurskúr. Útidyr eru á austurhlið norðurskúrs og trépallur framan við þær og tvennar dyr eru á suðurskúr.

Forstofa og salerni eru í norðurskúr, á jarðhæð hússins eru stofa, stigi og búr í suðausturhorni. Í suðurskúr eru forstofa og salerni í austurenda og eldhús í vesturhluta. Á efri hæð er framloft upp af stiga og fjögur herbergi; tvö við hvorn gafl og er eldhús í norðausturherbergi og er innangengt á milli herbergja. Í risi er framloft upp af stiga og salerni undir súðinni að norðanverðu og herbergi við hvorn gafl. Veggir, loft og súð á jarðhæð hússins og í skúrum eru klæddir plötum og er eldri klæðning hússins undir þeim. Á efri hæð og í risi eru veggir klæddir strikuðum panelborðum nema risherbergi að vestanverðu sem klætt er standþiljum. Loft á efri hæð eru borðaklædd á milli klæddra bita nema í norðausturherbergi, þar er loft plötuklætt neðan á bita. Í risi er súð panelklædd á milli sperra en vesturherbergi er klætt standsúð og borðum neðan á skambita. Húsið er málað að innan nema risloft að austanverðu. Húsið er 12,5 x 10 m að grunnfleti. Það er nýlega uppgert. Sem fyrr segir er hlaðinn kantur suðvestan við það (út í fjöru) og um 4 m löng grjóthleðsla er einnig austan við húsið á kafla (hefur e.t.v. markað af stétt eða húsagarð.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Eylenda I, 218; Ö-Flatey, 20, 29; Eylenda I, 167, 218

BA-087:199 *Kaupfélagið/Sölubúðin* hús verslunarhús 65°22.548N 22°55.030V
Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í þorpinu í Flatey kemur fram að húsið var byggt 1895 en hönnuður þess er óþekktur og einnig að efni-
viður í húsið hafi líklega verið fluttur tilsniðinn til landsins. „Þegar tvær verzlunarir voru
komnar í Flatey, var gamla verzlunin niður við Kaupborgið nefnd Neðri-Kaupstaður
til aðgreiningar þeirri, sem stóð uppi á bökkunum nálægt Götuskarðinu [127],“ segir í
örnefnaskrá. Húsið er fast austan við malarveg sem liggur í gegnum endilanga Flatey.
Það er tæpum 8 m suðvestan við Samkomuhúsið 196. Húsið er einlyft timburhús sem
stendur á flöt upp (norðaustur) af Grýluvogi en austar tekur við Skansmýri.

„Vorsalir var aðalverslunarhús Flateyjar frá því um 1885 til um 1965, en það var



Mynd 116: Vorsalir 199, horft til NA.

byggt um 1885 [...] Síðar var Kaupfélag Flateyjar rekið hér og var það ávallt nefnt Kaupfélagið. Núverandi eigandi þess, Guðmundur Páll Ólafsson, gaf því nafnið Vorsalir á áttunda áratugnum [á 20. öld],“ segir í Eylendu. Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsakönnun í Þorpinu í Flatey segir: „Húsið var byggt sem verslunar- og vörugæmsluhús og í því rak Björn Sigurðsson verslun ásamt

dönskum kaupsýslumönnum sem stofnuðu með honum árið 1898 stórt útgerðar- og verslunarfyrirtæki, Islandsk Handel og Fiskeri Co. (IHF). Síðar tók Guðmundur Bergsteinsson í Ásgarði við húsinu og rak þar verslun uns Kaupfélag Flateyjar eignaðist húsið eftir að Guðmundur varð að draga úr umsvifum sínum 1922. Eftir að Kaupfélagið varð gjaldþrota komst húsið í eigu Flateyjarhrepps og síðan 1973 í eigu Guðmundar Páls Ólafssonar. Næsta áratug eða svo var unnið að viðgerð hússins og því breytt í íbúðarhús. Verslunarinnrétting á jarðhæð í vesturenda hússins hefur þó verið varðveitt að mestu og húsið heldur upprunalegu útliti.

Vorsalir er einlyft portbyggt timburhús með risþak og stendur á háum steinhlöðnum múrhúðuðum kjallara. Anddyri með risþak er við vesturstafn hússins og á því eru útidyr að sunnanverðu og trétröppur framan við og kjallaradyr á vesturstafni. Við suðurhlið austanverða er bakdyraskúr á tréundirstöðum og á honum skúrþak. Veggir eru klæddir strikuðu listapili, þök eru bárujárnsklædd, reykháfur er á mæni austarlega og þakgluggi á hvorri hlið. Á framstafni eru tveir tvíþósta níu rúðu krosspóstagluggar, einn sex rúðu krosspóstagluggi, tveir þriggja rúðu gluggar með þverþósti og efst á gafflhyrnu er tveggja rúðu gluggi. Fjögra rúðu gluggi er á framstafni anddyris. Á hvorri húshlið er sex rúðu krosspóstagluggi og þrír á austurstafni, tveir þeirra reyndar án ramma og með fjórum rúðum, og einnar rúðu gluggi efst á gafflhlaði. Um glugga eru strikaðir faldar, vatnsbretti að neðan og bjór yfir og svipaður frágangur er um dyr hússins. Þrír tveggja rúðu gluggar eru á kjallara. Undirþakskeggi er kverkbörð og skornir sperruendar. Yst undir þakbrúnum eru sperrur á veggssylluendum og eru þeir klæddir fjöl randskorinni neðanvert, og hanabjálki er á milli sperra ofarlega.

Inn af anddyri er stofa í vesturhluta hússins og megnið af upprunalegri innréttingu verslunarinnar sem þar var. Þverveggir eru austarlega í húsinu og stigi

upp á efri hæð á milli þeirra og dyr á þverveggjunum framan og aftan við stigann. Framan við stigann að sunnanverðu er gangur að forstofu og salerni í bakdyraskúr en að norðanverðu undir stiganum er sturta og forstofa frá því að dyr voru á norðurhlið hússins og lúga að kjallara. Eldhús og borðstofa eru við austurgafl. Upp af stiga er framloft, gangur og stigi upp í risi. Herbergi er við austurgafl en að vestanverðu eru tvo súðarherbergi og herbergi fyrir miðju. Í risi er herbergi í hvorum enda hússins. Veggir á jarðhæð og á framlofti og í austurherbergi á efri hæð eru klæddir strikuðum panel-borðum en bakdyraskúr er plötuklæddur. Loft í stofu og borðstofu eru panelklædd á milli bita en í anddyri, gangi við stiga og í eldhúsi eru loft panelklædd neðan á bita. Í forstofu að norðanverðu er loft á bitum og í bakdyraskúr en panelklædd súð neðan á sperrum. Veggir í herbergjum í vesturenda eru klæddir spjaldapili og súð klædd standsúð og slétt borðaklæðning er neðan á bitum. Risloft er ófrágengið og kjallara-veggir óklæddir að innan og yfir er loft á bitum. Húsið er málað að innan að frátöldum stigagangi, stiga, framlofti og herbergjum í vesturenda efri hæðar.“ Skansinn austan við Vorsali var byggður á 3. áratug 20. aldar og relluturninn (steinsteypt mastur) norðan við Skansinn 1945 þannig að hvorugt er skráð sérstaklega. Húsið er um 11 x 9 m að grunnfleti. Því er vel við haldið og það er greinilega nýlega uppgert (2014).

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Eylenda I, 220; Ö-Flatey, 27; Guðmundur L. Hafsteinsson, 40

BA-087:200 hús skemma

„Árið 1918 lét Guðmundur Bergsteinsson byggja geymsluhús,“ segir í Eylendu. Húsið er raunar aðeins og ungt til að teljast til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna sem miðar við 100 ára lágmarksaldur. Ekki tókst að staðsetja geymsluhúsið á vettvangi.

Heimildir: Eylenda I, 220

BA-087:201 *Eyjarendavesturboði* heimild um leið

„Eyjarendavesturboði norður af vesturenda eyjarinnar (Tröllenda) [...] Skipaleið, fyrir ofan hann [...],“ segir í sóknarlýsingu Flateyjarsóknar. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: SSV I, 119



Mynd 117: Teinæringsvogur 202, horft til V. Teikning 7 á síðu 74 sýnir uppdrátt af hleðslunni.

„Norðurhlið Flateyjar er nokkuð bein utan frá Tröllenda inn fyrir Lundaberg og er það um einn og hálfur km. Þar eru víðast lágir klettabakkar, sem áður eru nefndir, með grýtttri fjöru fyrir framan. Á þeirri leið miðri er þó strandlengjan rofin af tveimur vogum sem ganga inn í eyna frá norðvestri. Eru það Teinæringsvogur vestar og Grýluvogur [125]. Milli þeirra er tangi og fram af honum bryggjusker. Fram í það fjarar og við vissa sjávarhæð myndast vogur milli þess og tangans sem Kerlingarvogur kallast. Teinæringsvogur er illa varinn fyrir utanátt en lending er þar góð og rúmgott uppsátur,“ segir í Eylendu I og á öðrum stað: „Teinæringsvogur nefnist vogurinn niður undan Vesturbúðum,

sem stóðu nokkru sunnar og ofar en húsið í Hergilsey (Paradís) er nú.“ Ágúst Georgsson skráði bryggjuna í voginum 1989 og í skráningu hans segir: „Grjótbyggja. Eflaust í notkun á fyrra helmingi 20. aldar en gæti vel verið eldri að stofni til. Er í sunnanverðum Teinæringsvogi.“ Teinæringsvogur er merktur sem Teinahringsvogur á uppdrátt danskra landmælingamanna frá 1911. Vogurinn er beint fram af (vestur) af geymslum sem eru þrjár burstir og standa tæpum 20 m vestan við Vesturbúðir. Hann er náttúruleg lending og er markaður af klettum að vestan og skeri að austan. Fjaran á milli er aflíðandi og sendin þó smágrýti sé að finna þar á köflum. Vestarlega í voginum eru leifar af bryggju. Hún er um 2 m á breidd en 25 m á lengd og er hlaðin úr stórgrýti.

Hættumat: Hætta, vegna rofs

Heimildir: Eylenda I, 86 og 211; Ágúst Georgsson, 5

„Norðurhlið Flateyjar er nokkuð bein utan frá Tröllenda inn fyrir Lundaberg og er það um einn og hálfur km. Þar eru víðast lágir klettabakkar, sem áður eru nefndir, með grýtttri fjöru fyrir framan. Á þeirri leið miðri er þó strandlengjan rofin af tveimur

vogum sem ganga inn í eyrna frá norð-vestri. Eru það Teinæringsvogur vestar og Grýluvogur [125]. Milli þeirra er tangi og fram af honum bryggjuskur. Fram í það fjarar og við vissa sjávarhæð myndast vogur milli þess og tangans sem Kerlingarvogur kallast. Teinæringsvogur er illa varinn fyrir utanátt en lending [202] er þar góð og rúmgott uppsátur,“ segir í Eylendu I. Ágætt rými fyrir uppsátur virðist við Teinæringsvog. Í voginum er hlaðin bryggja (sjá 202). Vestarlega en sunna við voginn er klettabelti en aflíðandi svæði og sendin fjara að mestu til norðurs.

Ekki sjást eiginleg mannvirki ofan við fjöruna en þar eru enn geymdir bátar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eylenda I, 86

BA-087:204 varða samgöngubót „Þegar gufuskip komu til sögunnar fóru þau ekki inn á Flateyjarhöfn heldur lágu fyrir legufærum spölkorn vestur af henni, fram af Bryggjuskur [131], meðan þau voru afgreidd. Enn standa vörður uppi á Flatey [235 og 239] og í Hafnareynni sem vísa á þá legu. Má vera að stórum skipum hafi verið lagt þar fyrir daga gufuskipa,“ segir í Eylendu I. Tvær innsiglingarvörður eru í Hafnarey (sjá einnig 266), báðar norðvestarlega í eyjunni.

Vörðurnar eru hlaðnar en límðar með steinlími/sementi. Þær virðast áþekkar vörðum 235 og 239 en ekki var farið út í Hafnarey í skráningu 2014.

Heimildir: Eylenda I, 87



Mynd 118: Staðsetning uppsáturs 203, horft til A.



Mynd 119: Hafnarey með vörðum 204 og 266, horft til A.

BA-087:205 *Flathólmásund* heimild um leið

„Innan við það [Pjatland] er svo Flathólmásund, tíðfarin bátaleið, sem fjarar þó um stærstu fjörur,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 1

BA-087:206 heimild um brunn

„Á Ytri Mávey er brunnhola, eina vatnsbólið fyrir gripi í Heimalöndum,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Ekki var farið á staðinn haustið 2014.

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 1

BA-087:207 *Tröllsendavör* heimild um lendingu

65°22.299N 22°55.764V



Mynd 120: Tröllsendavör 207, horft til A.

„Utan við Tröllsenda er flæðiskerið Eyjarendaboði, en nokkru innar hlein, sem nefnist Greipsflaga. Sunnanvert á eyjunni, rétt innan við Hraðfrystihúsið, var rudd vör, Tröllendavörin,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Hér er skráð vör sem er utan eða vestan við frystihúsið sem stendur upp af bryggjunni – hún virðist koma vel heim og saman við lýsinguna á Tröllsendavör. Á korti Samúels Eggertssonar er allra

vestasti hluti eyjunnar einmitt nefndur Tröllendi.

Staðurinn var skoðaður á flóði og sáust þá engin ummerki um vör eða lendingu. Mikið rask á svæðinu: þar er hálfvallinn bárujárnskofi ofan við en rusl og steypubrot í fjörunni. Þess ber að geta að lýsingar á vörum vestast á Flatey eru nokkuð ruglingslegar, í lýsingu hér að ofan virðist talið að Tröllsendavör hafi verið innan við frystihúsið, og þar er vissulega vör, en var hér skráð undir öðru nafni, sjá 153.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 3; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:208 heimild

„Hólsbúðarútrækt náði utan frá Yztapolli [153] inn að garði þeim, sem er fyrir utan húskofa [215] er stendur út og upp af Skúlavör [134],“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Nú er ekki ljóst hvaða garð er átt við nema ef vera skyldi einn af kálgörðum sem hér hafa númerið 226 og hétu Langur, Erfiður og Mæðir.

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 5

BA-087:209 brunnur

65°22.370N 22°55.025V

Brunnur var við norðvesturhorn kálgarðsins við Norskubúð 047, sem enn sést. Þetta er um 1 m norðan við búðarhornið. Í lægð neðarlega í túni sem ekki er slegið einmitt á þessum stað. Fyllt hefur verið upp í brunninn en þó örlar á honum. Dæld sést, um 1 x 0,5 m stór frá NA-SV. Ekkert grjót sést á yfirborði.



Mynd 121: Brunnur 209, horft til SV.

BA-087:210 vegur leið

65°22.462N 22°54.953V

Upphlaðinn vegur liggur yfir mýri í átt frá þéttbýlinu í Flatey og í átt að kirkjunni. Hann sést best 30-40 m norðan við kirkjuna. Mýri. Vegurinn er greinilegur á rúmlega 30 m löngum kafla. Hann rís allt að 0,4-0,5 m upp fyrir yfirborð og er um 3 m breiður, fremur sléttur að ofan en algróinn. Skurður hefur verið grafinn í gegnum hann norðan við miðbikið. Þar sem vegurinn endar nyrst er engu líkara en hann hafi snarbeygt í vestur.



Mynd 122: Leið 210, horft til N.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

„Norðanvert við Læknishúsið sézt fyrir gamalli garðhleðslu, sem nær niður að Lómatjörn. Sá garður hefur líklega einhvern tíman verið byggður þvert yfir eyjuna þarna. Þetta garðbrot heyrði ég nefnt Akurgerði eða Akurgarð,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Ágúst Georgsson skráði tvo garða og ógreinilegar þústir norðan við Læknishúsið upp af loftmynd við úttekt sína í Flatey 1989 (sjá I og II) og segir í umfjöllun um mannvirkin: „I. Garðlag (að því er virðist). II. Garðlag. Áreiðanlega hluti af girðingu úr torfi og grjóti sem náði þvert yfir vestanverða Flatey og sýnt er á fylgiskjali 3. Sennilega á eftirfarandi lýsing við girðinguna [á Akurgerði úr örnefnaskrá að framan] þótt legan sé ekki að öllu leiti hin sama.“ Garður þessi sést enn. Hann liggur til norðausturs frá norðvesturhluta kálgarðasvæðis þess sem Langur, Mæðir og Erfiður eru hluti af (sjá 226). Garðurinn er líklega meðal elstu minja sem enn sjást á yfirborði í Flatey. Þetta er grösugt svæði neðan eða sunnan við Læknishúsið en norðar liggur garðurinn yfir mýri.

Tengsl garðsins við kálgarðana (226) eru ekki augljós en óyggjandi merki hans sjást fyrst um 6-7 m norðan við norðvesturhornið á vestasta kálgarðinum. Sá stubbur er um 2 m langur, þá kemur op en svo hefst garðurinn fyrir alvöru. Endinn á honum er veglegur, 1,2 m hár og um 1,5 m breiður en það stafar líklega af því að hér er hann hlaðinn á klöpp. Hann fer minnkandi í átt að Læknishúsi og vottar rétt svo fyrir honum við girðingu umhverfis húsið (þar er hann um 0,2 m á hæð og 0,8 m breiður). Garðurinn hverfur undir húsið en birtist svo fast norðan við veginn um Flatey og er þar mjög greinilegur á um 40-50 m löngum kafla. Víðast hvar er hann um 2 m breiður og 0,5-0,7 m hár, þýfður og næstum algróinn en þó sér í grjót á nokkrum stöðum. Þá liggur hann niður býsna skarpa brekku, út í mýri þar sem hann er jarðlægur en þó greinilegur á um 30-40 m kafla. Skurðir eru grafnir í gegn á nokkrum stöðum í



Mynd 123: Akurgerði 2II, N við Læknishús, horft til S



Mynd 124: Syðsti hluti Akurgerðis 2II, N, horft til S

mýrinni. Þar sem mýrinni sleppir er dálítið klettaholt, gróið, en þá tekur við brattur bakki niður í stórgrýtta fjöru. Fuglaþúfa er á holtinu, sennilega ofan á garðinum þótt hann sjáist ekki á þessum stað. Hann hefur skilið vestasta partinn frá meginbyggðinni. Þar sjást ekki útihúsatóftir og hefur heldur ekki verið byggð á því svæði – líklega hefur það verið afmarkað fyrir skepnubeit. Alls hefur garðurinn verið rúmlega 200 m langur frá kálgörðum norður að klettunum norðan á Flatey.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 4; Ágúst Georgsson, 10



Teikning 13: Akurgerði 211 og kálgarður 226. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

BA-087:212 Heppinn heimild um kálgarð 65°22.488N 22°55.258V

„Fyrir neðan varpann á Vesturbúðum var stór kálgarður, og náði hann niður að mölinni í Voginum. Sá garður var nefndur Heppinn,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Heppinn hefur verið á milli Vesturbúða 040 og sjávarkambsins. Ekki er ólíklegt að íbúðarhúsið sem stendur á þessum slóðum í dag nái yfir hluta þess svæðis sem garðurinn náði áður yfir. Íbúðarhús stendur á þessum slóðum nú og undirlendi milli þess og marka fjöru er fremur takmarkað. Engar leifar fundust á vettvangi um kálgarðinn Heppinn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 4

BA-087:213 Þúst

65°22.358N 22°55.683V

Ágúst Georgsson skráði árið 1989 í Flatey austanverðri (rúst 1): „Rúst lítills húss eða kofa. Stendur á bakka Lómatjarnar sem nú er að mestu leyti uppþornuð. Hlutverk óvíst. Að öllum líkindum frá 20. öld. Einföld grjóthleðsla, um 10-15 m á lengd, liggur austur frá rústinni.“ Umrædd tjörn er reyndar Langatjörn en þústin er á norðurbakka hennar, vestarlega í Flatey, nálægt Tröllaenda að norðanverðu. Við umrædda tjörn voru skráðar þrjár tóftir (sjá einnig 150 og 075) og garðlag 176 en ekki er vitað hvaða tilgangi tóftirnar þjónuðu. Örnefnið Stekkjarflatir sem notað var um stærra svæði þarna umhverfis gæti þó verið vísbending og er mögulegt að a.m.k. sumar af tóftunum hafi verið stekkir þótt engin þeirra hafi dæmigert stekklarlag. Tóftin er ekki merkt inn á þau kort sem gerð eru af Flatey í upphafi 20. aldar en er hún líklega löngu komin úr notkun þá. Þústin er á tjarnarbakka. Hún er á grasi gróinni hæð sem hallar afliðandi að tjörninni.

Þústin er afar óljós en virðist þó mannaverk. Hún virðist hafa verið um 8 m á breidd en erfiðara er að dæma hversu löng hún hefur verið þar sem aðeins er hægt að greina suðurenda veggja. Þeir eru um 4 m langir en hverfa í þýfi og gras til norðurs. Miðjum suðurvegg er eyða í vegginn og er mögulegt að þar hafi verið op að tjörninni en þó kannski allt eins líklegt að brotnað hafi af veggnum út í tjörnina. Veggir eru um 1 m á breidd þar sem mest er og 0,2 m á hæð. Öll er þústin grasi gróin og þýfð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 5



Mynd 125: Þúst 213, horft til N. Teikning 8 á síðu 74 sýnir uppdrátt af tóftinni.



Mynd 126: Álagarþúfur 214, horft til NV.

BA-087:214 *Álagapúfur* álagablettur

65°22.403N 22°55.098V

„Á túninu sunnan við kirkjugarðinn sézt nú fremur lítill jarðfastur steinn. Þar sem þessi steinn er, voru fram til 1920 tvær stórar þúfur, sem kallaðar voru Álagapúfur og þess vegna mátti ekki slá þær,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Steinninn er um 30 m beint suður af suðvesturhorni kirkjugarðsins í Flatey. Þetta er eini steinninn á þessu svæði, 0,4 m hár, óreglulegur í laginu og ber lítið á honum. Engar mannvistarleifar eru sýnilegar á yfirborði og ekki vottar fyrir þúfunum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 5

BA-087:215 heimild

„Hólsbúðarútrækt náði utan frá Yztapolli [153] inn að garði þeim [sjá 215], sem er fyrir utan húskofa er stendur út og upp af Skúlavör [134],“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Nú er ekki ljóst hvaða húskofa er átt við en hann hefur væntanlega verið vestur og upp af Skúlavör/Innstapolli. Tún, nú í órækt.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 5

BA-087:216 *Grundir* heimild um fiskreitir

65°22.330N 22°55.340V

„Þar fyrir innan hétu svo Hólsbúðargrundir, eða aðeins Grundir, neðan frá túngarði og að brysti því er myndaðist nokkru ofar. Sagt er, að grundir þessar hefðu áður verið grjótreitir notaðir til þess að þurrka á þeim saltfiskinn, en þeir síðan gróidd upp,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Hér er tekið hnit skammt ofan við túngarðs-enda upp af Innstapolli 134. Vel grösugt en þó ekki ósennilegt að Grundir hafi verið heldur austar þar sem er þurr og sléttur upphækkaður rani. Engar leifar sjást sem rekja mætti til grjótreita.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 5

BA-087:217 *Eldhúsflöt* örnefni eldhús

65°22.391N 22°55.068V

„Innan og ofan við Hólsbúð [029] er sléttur blettur er nefnist Eldhúsflöt,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Eldhúsflöt var en hnit var tekið í túninu eftir lýsingu, þ.e. skammt norðaustan við Hólsbúð. Sléttað

tún. Ekki sést til minja á svæðinu og ekki ljóst hvers vegna staðurinn bar þetta nafn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 5

BA-087:218 þúst

65°22.449N 22°55.033V



Mynd 127: Þúst 218, horft til S.

„Rétt um aldamótin [1900] var á þeim Hólum reist vegleg fánastöng. Umhverfis stöngina var gerð uppfylling lág, líklega 6 m á hvern veg. Fáni var dreginn upp á þeirri stöng, er fagnað var meiriháttar skipakomu, og á tylli og hátíðisdögum, einnig ef borinn var til moldar einhver eyjabúa,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Fánastöngin er merkt inn á kort Samúels Eggertssonar frá 1906. Uppfyllingin

sést enn, undir hringsjá sem sett hefur verið niður austan við NA-enda kirkjugarðs. Þetta er á bæjarhól Miðbæjar 001. Ósléttur bæjarhóll, nokkurn veginn á hæsta punkti hans. Göngustígur liggur austan við og sveigir svo að kirkjugarði annarsvegar og kirkju hinsvegar.

Greinilegur upphlaðinn stallur er undir hringsjánni, algróinn hnúður um 5 x 4 m stór frá norðri til suðurs, hæstur norðaustast (0,8-1 m). Á honum er tréþallur sex-hyrndur og hringsjá.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 6-7; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:219 heimild

Bókhlaðan í Flatey var fyrst reist fast austan við bæjarhól 001, á þeim stað sem kirkja (reist 1926) stendur nú. Bókhlaðan var flutt vegna nýju kirkjunnar. Staðurinn er skráður hér líkt og önnur hússtæði horfinna húsa.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:220 *Miðbæjarhlaða* heimild um hlöðu

„Sunnan og austanvert á Breiðvelli var Miðbæjar- eða Stórahlaða, sem enn sjást tóttir af,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar.

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 6-7

BA-087:221 tóft naust

65°22.321N 22°55.388V

Þriðja naustið upp af Innstapolli/Skúlavör 134 er um 17 m vestur af hinum naustunum tveimur 102 en ekki augljóslega samtengt þeim og fær því sérnúmer hér. Brött brekka niður að vestasta hluta Innstapolls. Þar hefur ekkert verið rutt – bæði litlir klettur og stórgryti. Þó örklar á auðri lænu sem gæti hafa verið rudd einhvern tíma.



Mynd 128: Naust 221, horft til N. Teikning 9 á síðu 94 sýnir uppdrátt af tóftinni.

Tóftin er dæld í talsvert miklum bratta. Hún er alls 7 x 2 m stór að innanmáli frá norðri til suðurs, algróin og engar eiginlegar hleðslur sjást – þó örklar á grjóti nyrst. Mjög grunn dæld er um 3 m vestan við, líklega náttúruleg en þó sýnd á korti. Alls er svæðið um 7 x 7 m stórt.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:222 *Bárargata* heimild um leið

65°22.490N 22°54.765V

„Innanvert við Klausturhóla norðanverða var sléttur flatarblettur, er nefndist Bárarhúsflöt. Götutroðningurinn að Innstabæ og Bárarhúsi [221] yfir norðanverða Klausturhóla nefndist Bárargata. Innst á flöt þeirri stóð Bárarhús (útfararstofa Bárar-Ólafs Guðmundssonar),“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Gatan hefur væntanlega legið til austurs frá Klausturhólahúsinu (039), eftir norðanverðum hólunum til austurs. Grösugur rani, nú tún. Engar leifar sjást af götunni.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 8

BA-087:223 renna áveita

65°22.564N 22°55.038V



Mynd 129: Áveita 223, horft til NV.

Veglegur skurður sem líklega er handgrafinn og er klæddur með grjóti liggur úr Skansmýri og yfir í Þýskuvör 178. Skansmýri er enn (2014) talsvert deiglend og voru skurðirnir í henni fullir af vatni þegar svæðið var skráð.

Í vesturhluta Skansmýrar eru skurðir sem gætu verið handgrafnir. Stærsti skurðurinn er um 48 m langur og snýr nálega norður-suður. Vestan hans er talsvert uppkast og á þessum slóðum hefur verið fyrirhleðsla fyrir Skansmýri sem fjallað er um í fornleif nr. 168. Frá umræddum skurði liggja þrír styttri (14-37 m langir) skurðir til austurs. Úr norðvesturhorni þessa skurðakerfis liggur svo fjórði skurðurinn sem er sá vandaðast

af þeim. Hann er klæddur með grjóthleðslu og liggur til vesturs úr mýrinni og niður í Þýskuvör. Skurðurinn er um 23 m langur og hefur gegnt því hlutverki að veita vatni af mýrinni og út í sjó. Hann liggur í ræsi undir malarslóðann sem liggur eftir endilangri Flatey.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:224 tóft

65°22.475N 22°54.784V

Á loftmynd sem Garðar Guðmundsson tók í Flatey haustið 2014 má greina tóftaleifar í sléttuðu túni um 15 m NA af Klausturhólahúsinu (sjá 039). Sléttað tún – smáhóll hér en mýri fyrir neðan.

Óljóst mótast fyrir hólfi sem er fremur lítið, líklega um 2 m í þvermál innanmáls. Ekki var staðurinn skoðaður nákvæmlega á vettvangi en þó oft gengið um svæðið en ekki virðist tóft áberandi á yfirborði.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:225 Pakkhús hús skemma

65°22.520N 22°55.014V

Geymsluhús var byggt norðan við Hermannshús skömmu eftir 1909 og stendur það enn. Samkvæmt skýrslu um byggða og húsakönnun er höfundur óþekktur en helstu breytingar á húsinu eru þær að hænsnakofi sem var við norðurhlið þess var rifin 1977.

Pakkhúsið er einlyft timburhús sem stendur örstutt norðan við Félagshús/ Hermannshús 076 og fast austan við malargötu sem liggur eftir endilangri Flatey. Húsið er á grasflöt austan við Grýluvog.



Mynd 130: Pakkhús 225, horft til VSV.

Í skýrslu Guðmundar L. Hafsteinssonar um byggða- og húsa-könnun í Þorpinu í Flatey segir: „Norðan við Hermannshús er einlyft timburhús með risþak. Húsið stendur á steinhlöðnum og steiptum sökkli, veggir eru klæddir listapili nema austurstafn sem klæddur er listuðum pappa og á þaki eru þakskífumótaðar járnplötur. Á vesturstafni er sex rúðu krosspóstagluggi og einnar rúðu gluggi á norðurhlið. Tveggja rúðu gluggi með miðpóst er á framhlið og tvennar dyr og er spjaldahurð fyrir vestari dyrunum en okahurð fyrir þeim austari. Herbergi er í vesturhluta hússins og geymsla í austurhluta.“ Húsið er um 8,5 x 6,5 m að flatarmáli.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Guðmundur L. Hafsteinsson, 31

BA-087:226 gerði kálgarður

65°22.310N 22°55.415V

Inn á túnakort frá 1906 og uppdrátt Samúels Eggertssonar frá 1906 er merktur stór, fjórskiptur kálgarður nálægt vestarlega á suðurhlið Flateyjar. Ágúst Georgsson skráði garðinn upp af loftmynd 1989 (nr. IV) og segir í lýsingu sinni: „Kartöflugarðar. Um þá segir svo í örnefnalýsingu: „Niður við fjöruna, suður af Læknishúsi, voru kartöflugarðar, er séra Ólafur Sívertssen lét gera. Þeir nefndust, efst og yst Mæðir, þá Erfiður og Langur innst.“ Tekið var að sinna garðrækt í Flatey um og upp úr 1820. Kartöflugarðar þessir gætu því vel verið hátt í 170 ára gamlir.“ Margrét Hallmundsdóttir skráði garðana, sem allir eru samliggjandi, vegna mögulegra framkvæmda árið 2010 og taldi í stórhættu sökum ráðgerðra framkvæmda. Allir eru þeir vel sýnilegir enn og hafa haldist nær óbreyttir síðan Samúel Eggertsson gerði kort sitt að öðru leyti en því að þar skiptast þeir í sex hluta en nú í fimm. Garðarnir eru á ströndinni beint sunnan við Læknishúsið sem nú er kallað. Grasi vaxin strönd.

Alls ná garðarnir yfir svæði sem er 85 m langt frá austri til vesturs og mest um 25 m breitt norður-suður. Um er að ræða einfalda röð fjögurra samfastra kálgarða



Mynd 131: Kálgarður 226, horft til A. Teikning 13 á síðu 155 sýnir uppdrátt af gerðinu.

frá austur-vestur en að auki einn áfastan vestast að norðanverðu. Austasti garðurinn, sem er fast vestan við Innstuvör, er bæði lengstur og breiðastur, allt að 30 x 14 m stór austur-vestur. Ekkert op sést á honum. Næsti garður er með opi skammt austan við miðja norður hlið. Vestasti garðurinn er tvískiptur og dyraop sést á veggnum sem skilur garðhlutana að. Norðanvert við hann er svo fimmti garðhlutinn,

en í honum austanverðum hefur verið byggt hús. Frá norðvesturenda þessa garðs liggur svo fornlegt garðlag (sjá 211) áfram til norðurs en hverfur undir Læknishúsið. Garðurinn í miðjunni er enn í notkun þegar þetta er ritað. Hleðslur eru víðast hvar veglegar ennþá, úr grjóti og víða yfir 1 m á hæð.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Ágúst Georgsson, 11; Margrét Hallmundsdóttir, 6

BA-087:227 Yztipollur heimild um lendingu

„Innan við Lang var svo lending, er nefnist Yztipollur,“ segir í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar. Yztipollur er einnig merktur á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 og er þá allra vestasta eða ysta vörin í Flatey, sunnan undir Tröllenda. Að líkindum er þetta sami staður og hér hefur verið skráður nr. 207, Tröllsendavör.

Heimildir: Ö-Flatey og Heimalönd SG, 4; Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-087:228 þúst

65°22.299N 22°54.151V

Hér eru skráðar mjög óljósar minjar í þeim hluta Langeyjar sem skagar lengst í suður, í beinu framhaldi af Kjóatanga. Langey er eyjan sem liggur samsíða Flatey að sunnanverðu og mynda þær saman skjól um Akurey. Hér ber sjórinn mikið grjót upp á land, bæði stórgrýti og smærri mól. Rekaviðartré hefur verið reist á enda tangans þegar þetta er ritað.

Fast vestan við tréð liggur grjót svo reglulega að það gæti verið af manna-
völdum. Steinar mynda hugsanlegt mannvirki sem er um 4 x 2 m að innanmáli með
hugsanlegt op í norður, upp smá halla. Engin regla er á þessu og varla hægt að tala um
hleðslur.

Hættumat: Engin hætta



Mynd 132: Þúst 228, horft til SA.



Mynd 133: Hleðsla 229, horft til V.

BA-087:229 hleðsla

65°22.310N 22°55.544V

Líkleg hleðsla er vestarlega á suðurströnd Flateyjar, 20-30 m austan við Miðpoll 153.
Brött brekka niður að sjó, grösug. Smáklettar eru frammar og um 8 m vestur af staðnum.

Stórgrýtisruna sem er í brekkurótum, sést á um 4 m kafla og um 1,5 m breiðum
fram á fjörubakka frá suðvestri til norðausturs. Gæti verið náttúrulegt en virðist þó
með lausu grjóti í og liggur fremur reglulega. Ekkert framhald sést í fjörunni fram af
staðnum til vesturs.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:230 heimild um brunn

„Brunnar tveir eru grafnir í berg á Suðurflötum, hjá núverandi býli sóknarprestsins,
en í Brunnamýri eru alls 5 brunnar gamlir [...],“ segir í lýsingu Ólafs Sívertsen. Í tíð
Ólafs bjó sóknarpresturinn í Hólsbúð 020. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða brunna er
átt við, sem grafnir voru í berg, en að líkindum hafa þeir verið skammt frá býlinu. Sjá
einnig 259.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Flatey á Breiðafirði eftir Ólaf Sívertsen, 4

BA-087:231 heimild um brunn

Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Suðurflatir kallast á túninu, hvar fyrrum voru óræktaðir fiskireitar, en er nú ræktað tún. Lengd flatanna er 100 faðmar og meðalbreidd 10 faðmar. [...] Brunnar tveir eru grafnir í berg á Suðurflötunum, hjá núverandi býli sóknarprestsins [Hólsbúð 029, sjá brunna 230 og 259], en í Brunnamýri eru alls 5 brunnar gamlir, hvar af Snorrabrunnur [III] og Seila [169] hafa langgæðast vatn. Svo er Innstabæjarbrunnur og tveir nýir brunnar í Norðurmýrinni.“ Þrír brunnar í Brunnamýri teljast þá óþekktir, sá sem hér er skráður, 233 og 245. Ekkert er vitað um staðsetningu brunnanna.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSV I, 120-121

BA-087:232 heimild um brunn

65°22.436N 22°55.177V

Brunnur var vestanundir fjárhúsum 018 sem tilheyrðu Krákuvör. Þetta er um 50 m vestan við miðjan kirkjugarðinn. Hér hallar niður frá húsunum að vegi og líklega hefur hann verið þar undir brekkunni. Ekki sést til brunnsins.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:233 heimild um brunn

Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Suðurflatir kallast á túninu, hvar fyrrum voru óræktaðir fiskireitar, en er nú ræktað tún. Lengd flatanna er 100 faðmar og meðalbreidd 10 faðmar. [...] Brunnar tveir eru grafnir í berg á Suðurflötunum, hjá núverandi býli sóknarprestsins [Hólsbúð 029, sjá brunna 230 og 259], en í Brunnamýri eru alls 5 brunnar gamlir, hvar af Snorrabrunnur [III] og Seila [169] hafa langgæðast vatn. Svo er Innstabæjarbrunnur og tveir nýir brunnar í Norðurmýrinni.“ Þrír brunnar í Brunnamýri teljast þá óþekktir, sá sem hér er skráður, 231 og 245. Ekkert er vitað um staðsetningu brunnanna.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSV I, 120-121

BA-087:234 tóft

65°22.388N 22°55.581V

Tóft er fast norðaustan við norðausturhlið fjárhúsa 236 um 13 m suðvestan við Lómatjörn og neðan við (norðan) við Smalaberg. Á þessum slóðum er grasi gróinn flati.

Samtals er tóftin um 11 x 9 m að stærð og snýr norður-suður. Suðurhluti hennar er alveg óskýr en norðurhlutinn greinilegri og um 7 x 5 m að stærð. Þar er greinileg dæld sem er um 3 m í þvermál en timbri hefur verið hent ofan í hana og því erfitt að lýsa lagi hennar nákvæmlega. Í aftari hluta þústarinnar hefur verið byggður kofi úr timbri (barnaverk). Ekki er ljóst hvaða hlutverki þústin hefur gegnt en hún gæti hafa verið heystæði.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 5



Mynd 134: Tóft 234, horft til SV.



Teikning 14: Tóft 234, fjárhús 236 og tóft 237. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

BA-087:235 varða samgöngubót

65°22.379N 22°55.326V



Mynd 135: Varða 235, horft til NNA.

„Þegar gufuskip komu til sögunnar fóru þau ekki inn á Flateyjarhöfn heldur lágu fyrir legufærum spölkorn vestur af henni, fram af Bryggjuskeri [131], meðan þau voru afgreidd. Enn standa vörður uppi á Flatey [sjá einnig 239] og í Hafnareynni [204] sem vísa á þá legu. Má vera að stórum skipum hafi verið lagt þar fyrir daga gufuskipa,“ segir í Eylendu I. Innsiglingarvarða er fast norðan við malarslóðann sem liggur

eftir endilangri Flatey og um 23 m ASA við suðausturhorn íbúðarhússins Grænagarðs.

Varðan er þar sem eyjan ber hæst á þessu svæði. Til norðurs lækkar land að Lómatjarnarmýri en norðan hennar er annar ás lægri og á honum stendur önnur innsiglingarvarða 239. Sjómerkið er grjóthlaðið en hleðslan er steipt saman með steinlími eða sementi. Varðan er um 2,5 m á hæð og rúmlega 2 m í þvermál í botninn en mjókkar upp. Efst í henni er stálstaur og á honum er tígul. Merkið er gulmálað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eylenda I, 87

BA-087:236 tóft fjárhús

65°22.383N 22°55.587V

Ágúst Georgsson skráði árið 1989 í Flatey austanverðri (rúst 3): „Steinsteyptur grunnur. Að öllum líkindum sambyggð fjárhús og hlaða. Hlaðan er aftan við og snýr þvert á



Mynd 136: Fjárhús 236, horft til NNA. Teikning 14 á síðu 165 sýnir uppdrátt af tóftinni.

húsin að hefðbundnum hætti. Við hlið grunnsins að norðanverðu eru leifar lítils kofa að því er virðist. Rústirnar standa mjög nálægt klettahæð eða hól og eru báðar frá 20. öld.“ Leifar af umræddum fjárhúsum sjást enn (2014) en þau byggði Guðmundur Bergsteins-son snemma á 20. öld. Fjárhúsin standa á flata norðan við Smalaberg en suð-vestan við Lómatjörn.

Fjárhúsin hafa verið úr blönduðu efni. Tóftin er um 10,5 x 9,5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í tvö hús að norðanverðu (hvort um sig um 4,4 x 7 m að innanmál) og hlöðu að baki (9 x 3 m). Bæði fjárhúsin eru með garða eftir endilöngu hólfinu og eru þeir hlaðnir í grunninn en steipt ofan á þá. Líklega hafa verið grindur í húsunum og stendur hlaðan að baki þeirra talsvert hærra en botn húsanna. Hluti veggja hefur verið steiptur en einnig verið notað torf og grjót við byggingu þeirra. Mikið timburruhl er inni í tóftinni og hefur lítill timburkofi risið innan hennar.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 5

BA-087:237 tóft

65°22.385N 22°55.567V

Ágúst Georgsson skráði árið 1989 í Flatey austanverðri (rúst 4): „Kofi, eða rúst hans, byggður utan í klett sem kemur í stað fjórða veggjarins. Hlutverk óvíst. Sennilega frá 20. öld.“ Tóftin er vel greinileg og byggð norðan í Smalakofabergi og um 5,5 m austan við fjárhús 036. Tóftin er á flata norðan við Smalaberg en suðvestan við Lómatjörn.



Mynd 137: Tóft 237, horft til SV. Teikning 14 á síðu 165 sýnir uppdrátt af tóftinni.

Tóftin er 7,5 x 4-4,5 m stór og snýr austur-vestur. Ekkert greinilegt op er á henni. Klettaveggur myndar suðurvegg hennar en aðrir veggir eru hlaðnir og nokkuð myndalegir, allt að 1,5 m háir. Stórir grjóthnullungar eru neðst í hleðslunni en minna grjót ofarlega. Allra efst eru veggirnir grónir. Talsvert af rusli er inni í tóftinni.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 5

BA-087:238 Litli-Brennir gerði kálgarður

65°22.431N 22°55.380V

„Norðan fram með Lómatjörn [149], milli hennar og klettanna við sjóinn nefndist Lómatjarnarrími. Innst á honum voru tveir kartöflugarðar: Litli-Brennir og Stóri-Brennir,“ segir í örnefnaskrá. Garðarnir voru sambyggðir og eru merktir inn á túna-kort frá 1906 og uppdrátt Samúels Eggertssonar frá sama ári við Teinæringsvog og sami kálgarður sést á uppdrætti Dana af eyjunni frá 1911. Ágúst Georgsson skráði



Mynd 138: Litli-Brennir 238, horft til N.

kálgarðinn árið 1989 (nr. 6): „Kálgarður. Girtur og enn í notkun. Líklega einhverjar rústir í honum norðanverðum. Á fylgiskjali 3 sjást tveir sambyggðir kálgarðar á sama stað. Þeir voru kallaðir Litli- og Stóri-Brennir. Á þessum slóðum er enn tvískiptur kálgarður og til suðausturs frá honum má greina óljósar leifar sem e.t.v. hafa verið þriðja hólfið. Kálgarðurinn er nálægt norðurenda Flateyjar, um

60 m beint norðan við íbúðarhúsið Grænagarð. Beint norðan við norðausturhorn hans er innsiglingarvarða 239. Kálgarðurinn er í brekku sem hallar til suðurs, að Lómatjarnarmýri.

Skýrasti hluti kálgarðsins er vestast. Sá hluti virðist hafa skipst í tvö hólfi og er samtals 22 x 38 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þessi hluti kálgarðsins mjókkar til vesturs (þar er hann um 13 m að breidd. Kálgarðsveggirnir eru grónir og talsvert útflattir á kafla og víða 0,3-0,5 m á hæð. Svo virðist sem hluti þessa kálgarðs sé enn í notkun. Líklega hafa nöfnin Stóri- og Litli-Brennir verið höfð um austur- og vesturhluta kálgarðsins sem eru aðskildir með garðlagi. Til austurs frá kálgarðinum má greina óljósan hrygg í mýrinni í allt að 40-50 m, bæði í framhaldi að suður- og norðurhliðum kálgarðsins. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið annar garður en ummerkin eru nú of óskýr til að hægt sé að segja um það með fullri vissu.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 24; Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Bæjateikning Dana 1911, Ágúst Georgsson, 5

BA-087:239 varða samgöngubót

65°22.439N 22°55.373V

„Þegar gufuskip komu til sögunnar fóru þau ekki inn á Flateyjarhöfn heldur lágu fyrir legufærum spölkorn vestur af henni, fram af Bryggjuskeri [131], meðan þau voru afgreidd. Enn standa vörður uppi á Flatey [sjá einnig 235] og í Hafnareynni [204] sem vísa á þá legu. Má vera að stórum skipum hafi verið lagt þar fyrir daga gufuskipa,“ segir í Eylendu I. Innsiglingarmerki er á norðurströnd Flateyjar. Það er fast norðan við göngustíg sem liggur um norðanverða eyjuna að vestanverðu og rúmum 100 m norðan við aðra vörðu 325 skammt suðaustan við íbúðarhúsið Grænagarð. Grasi gróinn

sjávarbakki. Austan við vörðuna er flati en síðan lækkar land til suðurs, að Lómatjarnarmýri.

Innsiglingamerkið er um 3 m á hæð en ríflega 2 m í þvermál og mjókkar svolítið upp. Málmstöng er í því efst og á henni hringlótt merki.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eylenda I, 87



Mynd 139: Varða 239, horft til N.

BA-087:240 heimild

65°22.451N 22°55.246V

Ágúst Georgsson skráði útihúsarústir árið 1989 (nr. 9): „Vallgróin rúst, nánast, hringlaga, í túninu upp af Teinæringsvogi. Hugsanlega leifar lítils kofa. Sennilega frá 19. öld. Nálægt þessum stað var kálgarður árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3).“ Tóftin hefur verið um 40 m austan við austurenda bryggju 203 þar sem nú er grasi gróin hæð. Grasi gróið svæði. Á því eru geymdar vélar og bátar.

Engin ummerki um tóft sjást nú á þessum slóðum. Hafsteinn Guðmundsson heimildamaður mundi eftir kolagröfum á sömu slóðum og talaði um að þær hefðu járnsmiðirnir í Vesturbúðum notað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Ágúst Georgsson, 5

BA-087:241 heimild

65°22.456N 22°55.233V

Ágúst Georgsson skráði útihúsarústir árið 1989 (nr. 10): „Vallgróin kofarúst í túninu upp af Teinæringsvogi. Líklega frá 19. öld. Nálægt þessum stað var kálgarður árið 1906 (sbr. fylgiskjal 3).“ Samkvæmt Ágústi var rústin um 40 m austan við enda Teinæringsvogs og skammt norðaustan við rúst 240. Grasi gróið svæði. Á því eru geymdar vélar og bátar.

Engin ummerki um tóft sjást nú á þessum slóðum. Hafsteinn Guðmundsson heimildamaður mundi eftir kolagröfum á sömu slóðum og talaði um að þær hefðu

járnsmiðirnir í Vesturbúðum notað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Ágúst Georgsson, 5

BA-087:242 heimild um kálgarð 65°22.478N 22°55.211V

Kálgarðshorn er merkt inn á túnakort frá 1906 við vesturenda Snorrabrunnsmýrar. Á þessum slóðum er grasflöt, malarvegur, hjólhýsi, Eyjaberg o.fl. nú og engin ummerki gerðisins fundust við vettvangsskoðun.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906

BA-087:243 þúst tún 65°22.430N 22°55.003V

Á loftmynd sjást tvær beðasléttur skammt suðaustan við SA-horn kirkjugarðsins. Þetta er á suðurjaðri bæjarhóls Miðbæjar, sjá 001. Óslegið fremur blautt þýfi í túnjaðri.

Beðasléttarnar eru ógreinilegri á vettvangi en ætla mætti af loftmynd, enda lágreistar og lítið sem ekkert kúptar. Þær eru hvor um sig um 5-6 m breiðar og 10-12 m að lengd.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:244 varða samgöngubót 65°22.339N 22°55.248V



Innsiglivarða er á Grundum, vestan við Kúldshús. Þetta er fast við veginn um Flatey. Gróin grund. Strýtumynduð grjótvörða og hefur verið steypt á milli steina. Hún er um 1,6 m há. Hana átti að bera í kirkjuna er siglt var inn að höfninni (við nýju bryggjuna). Hún er enn notuð og á henni er rafljós. Þetta er væntanlega ekki fornleif skv. skilgreiningu laganna og ólíklegt hún hafi náð 100 ára aldri. Að grunnfleti er hún líklega um 2 m í þvermál en mjókkar upp á við.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Mynd 140: Varða 244, horft til NA.

BA-087:245 heimild um brunn

Í sóknarlýsingu frá 1840 segir: „Suðurflatir kallast á túninu, hvar fyrrum voru óræktaðir fiskireitar, en er nú ræktað tún. Lengd flatanna er 100 faðmar og meðalbreidd 10 faðmar. [...] Brunnar tveir eru grafnir í berg á Suðurflötunum, hjá núverandi býli sóknarprestsins [Hólsbúð 029, sjá brunna 230 og 259], en í Brunnamýri eru alls 5 brunnar gamlir, hvar af Snorrabrunnur [111] og Seila [169] hafa langgæðast vatn. Svo er Innstabæjarbrunnur og tveir nýir brunnar í Norðurmýrinni.“ Þrír brunnar í Brunnamýri teljast þá óþekktir, sá sem hér er skráður, 231 og 233. Ekkert er vitað um staðsetningu brunnanna.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSV I, 120-121

BA-087:246 *Bræðsluhús* heimild um smiðju 65°22.564N 22°55.069V

„Bræðsluhús stóð á svokölluðum Bræðsluhúsklettum, milli Þýskuvarar og Eyjólfsbryggju, en hvarf með hákarlinum af miðunum,“ segir í Eylendu. „Meðal þeirra mörgu húsa, sem tilheyrðu mikilli útgerð í Flatey allt frá öndverðri 19. öld, var svo nefnt Bræðsluhús, sem stóð nyrzt á bökkunum vestan Þýskuvarar [178] [...] Fleiri hús stóðu á þessum slóðum, og var aðalinngangur í þau öll á gaflinum, sem sneri móti suðri. Þessi staður hét Bræðsluhúsaklettar (ef ég skil heimildir rétt),“ segir í örnefnaskrá. Bræðsluhúsið var á milli Þýzkuvarar 178 og Eyjólfsbryggju 115, segir í Eylendu. Á uppdrátt Guðmundar Jóhannessonar sem gerður var á árunum 1919-1931 er merkt smiðja og bræðsluhús og tvær stórar lýsistunnur beint austur af þeim og eru þessi mannvirki skráð saman undir þessu númeri.

Húsin hafa staðið í þyrpingu á sjávarbakkanum milli Þýskuvarar 178 og Eyjólfsbryggju 115, norðan við Samkomuhúsið 196. Þarna er nú slétt grasflöt. Engin ummerki um bræðsluhúsið og mannvirki við þá sjást lengur á þessum slóðum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Flatey, 8; Eylenda I, 172

BA-087:247 heimild um brunn

„Svo er Innstabæjarbrunnur og tveir nýir brunnar í Norðurmýrinni,“ segir í sóknarlýsingu Flateyjarsóknar. Ekki er vitað nákvæmlega hvar í Norðurmýrinni hinir nýju brunnar voru þegar sóknarlýsingin var rituð 1840 (sjá einnig 249).

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSV I, 121

BA-087:248 garðlag

65°22.552N 22°54.565V



Mynd 141: Syðsti hluti garðlags 248, horft til S.

Inn á túnakort frá 1906, kort Samúels Eggertssonar og bæjateikningu Dana frá 1911 er alls staðar merktur þvergarður yfir Flatey, austan við byggðina og við hann sambyggð 1-2 hús. Ágúst Georgsson skráði garðinn nyrst og syðst undir tveimur númerum (022 og 025). Í skýrslu hans segir um 022: „Rústa-svæði. Afmarkað með punktalínu á uppdrættinum. Hér hafa verið mannvirki sem búið er að slétta úr að mestu eða

öllu leyti. Eftir stendur túngarður (sem upphaflega hefur náð norður yfir eyna, skipt henni í tvennt að austanverðu) og húskofi sambyggður garðinum að vestanverðu. Hvort tveggja sést á fylgiskjali 3. Á þessu svæði voru kálgarðar og torfkofar, nú horfnir, en nokkuð vestar Innstibær og Bárarhús en á tóftum þess var síðar reist hlaða og fjós frá Klausturhólum. Allt eru þetta 20. aldar minjar.“ Og um 025: „Lágur garður að mestu hlaðinn úr grjóti. Nær frá vestanverðu Lundabergi og stefnir um 10 m í suður. Eflaust er hér um að ræða nyrsta hluta garðs þess sem skipti Flatey í tvennt að austanverðu en leifar hans er einnig að finna á sunnanverðri eyinni (sbr. nr. 22). Sennilega hefur innendi hennar verið notaður sem beitarland en sunnan til á Lundabergi var sumarfjós og þar voru kýr mjaltaðar. Grjótþyngja (merkt með punktalínu) er austan megin garðsins nálægt því þar sem hann endar til norðurs. Staðsetning garðsins er nokkuð ónákvæm, enda reyndist erfitt að finna hann á loftmynd, og á hann hugsanlega að vera eilítið vestar en sýnt er á fylgiskjali 1.“ Garður þessi er greinilegur nyrst og syðst á eyinni. Garðurinn liggur um þýft mólendi og hefur verið sléttaður út að hluta – enda eru einnig tún á þessu svæði og leifar af flugbraut.

Lýsingin hefst hér syðst. Þar á hann upptök sín syðst í brekku mót suðri gegnt

Akurey þar sem hún liggur einna næst landi. Hann hefst fast ofan við fjöru. Eitthvert grjót virðist í honum syðst, upp brekkuna, en víðast hvar virðist hann úr torfi eingöngu. Syðst er hann 1,1-1,2 m breiður og 0,5-0,6 m hár. Uppi á jafnsléttu er hann mjög heillegur, slagar hátt í 1 m á hæð og lögun hans sést vel en hann er nánast trapisulaga í sniði. Engin merki sjást um að hann hafi verið hlaðinn á fornum grunni. Garðurinn slitnar sundur við tún hér ofan við en alls er þessi syðsti hluti 60-70 m langur, með rofi á nokkrum stöðum. Aftur sést garðurinn þegar komið er útundir Lundaberg, um 170 m norðar. Þar er hann úr grjóti en gróinn og úr lagi genginn. Syðsta hluta hefur verið raskað að



Mynd 142: Garðlag 248 nyrst, horft til N.

því er virðist, ýtt út til austurs. Þá liggur göngustígur yfir nyrsta hluta hans. Þessi nyrsti hluti er um 0,5 m hár og um 1 m breiður. Alls hefur garðurinn verið 260-270 m langur. Mannvirki sem eru sýnd sambyggð honum hafa sérnúmer í skrá þessari, annars vegar 261 og hins vegar 263. Að auki má geta þess að grjótþyngja, sem hugsanlega gætu verið leifar af mannvirki en gæti líka einfaldlega verið ruðningur úr garðinum, enda í línu við báða endana, er um 25 m suðaustur af nyrðri hluta garðsins – þeim sem nær út að Lundabergi. Þess má geta að svo virðist sem eldri garðlög hafi legið – hugsanlega einnig yfir eyjuna – heldur vestar. Þessar leifar eru aðeins sjáanlegar af loftmynd, sjá 142.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1906; Kort Samúels Eggertssonar 1906; Bæjateikningar Dana 1911; Ágúst Georgsson, 9-10

BA-087:249 heimild um brunn

„Svo er Innstabæjarbrunnur og tveir nýir brunnar í Norðurmýrinni,“ segir í sóknarlýsingu Flateyjarsóknar. Ekki er vitað nákvæmlega hvar í Norðurmýrinni hinir nýju brunnar voru þegar sóknarlýsingin var rituð 1840 (sjá einnig 247).

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SSV I, 121

BA-087:250 þúst

65°22.515N 22°54.590V

Grjóthrúga er framan við sjávarbakka rúma 20 m vestur af enda garðs sem hefur legið yfir þvera Flatey, sjá 248. Gróinn bakki en grjótfjara neðan við. Sennilega eru þetta leifar mannvirkis sem hefur verið ýtt fram af bakka við túnasléttun. Í hrúgunni er fremur smátt grjót.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:251 *Gerðismóri* frásögn draugur

Í viðtali við Jónínu Eyjólfsdóttur sem varðveitt er á Ísmus (frá 11.04.1967) kemur fram að „fólkið úr Gerðum gisti oft á Klausturhólum í Flatey og þá sást Gerðamóri oft vera að sniglast þar í kring. Sást til stráks vera að fara þar inn í hús en þegar að var gáð var þar enginn.“

Heimildir: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1004516>

BA-087:252 *Myllumór* garðlag kálgarður

65°22.554N 22°54.790V

Inn á túnakort frá 1906, kort Samúels Eggertssonar frá 1906 og teikningu Dana frá 1911 er merkt þyrping af kálgörðum austan við Skansmýri á svæði sem merkt er Myllumór. Líklega eru það umræddir kálgarðar sem Ágúst Georgsson skráði (nr. 28). Í skýrslu sinni segir hann: „Leifar nokkurra kálgarða austast í þorpinu. Sumir teiknaðir eftir loftmynd en allt svæðið afmarkað með punktalínu. Þessir garðar, eða hluti af þeim, sjást á fylgiskjali 3. Árið 1840 eru kálgarðar sagðir töluvert margir og stórir í Flatey, allir uppteknir og byggðir á næstliðnu 20 ára tímabili“. Á loftmynd af Flatey frá því um 1950 sést einnig að þá eru enn miklir kálgarðar á þessum slóðum, á svæði sem er um 90 x 60 m stórt. Myllumór er nú sléttað tún norðaustan við Alheim 003 og sunnan við



Mynd 143: Myllumór 252, horft til S.

þar sem skólahúsið stóð 154. Í Myllumó hafa verið kálgarðar á gríðarstóru svæði en þeir eru nú nærri því allir horfnir í tún. Þarna hefur verið lá hæð.

Á aðalsvæðinu sjást nú engar leifar. Þar er nú rennislétt tún og eru tveir hólar í því en allt stendur svæðið dálítið hærra en umhverfið og eru mýrar umhverfis hæðina á flesta vegu. Einu ummerkin um kálgarða sem telja má

hluta af Myllumósgörðunum er hryggur eða garður sem liggur til norðurs frá Alheimi 003. Garðinn má rekja á um 25 m löngum kafla frá íbúðarhúsi 003 og áfram til NNV í brekkurótum áður en hann verður ógreinilegur. Garðurinn er 1,2 m á breidd en 0,3 m á hæð, hann er algróinn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 10; Loftmynd af Flatey frá því um 1950

BA-087:253 þúst

65°22.499N 22°55.146V

Greinileg þúst (A) þar sem líklegt virðist að mannvistarleifar leynist undir sverði, eru í sléttuðu túni um 50 m vestan við Bakkabæ/Sólbakka 008 og önnur ógreinilegri (B) um tæpum 20 m nær. Þústirnar eru í sléttuðu túni á suðurbakka Grýluvogs.



Mynd 144: Þúst 253, horft til A.

Í túninu eru tvær óljósar þústir á svæði sem er 34 X 7 m stórt og snýr austur-vestur. Þúst A er vestar og er mun greinilegri. Hún er um 10 m sunnan við sjávarbakkann. Þústin er 10 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,2 m hærri en umhverfið. Tæpum 20 m austar eru þúst B sem er ógreinilegri. Hún er rúmir 6 x 5,5 m stór og snýr austur-vestur en er þó nærri hringlaga. Hún er 0,1 m hærri en umhverfið. Ekki er mikið hægt að fullyrða um þessar þústir en þó þykir líklegt að undir sverði leynist mannvistarleifar.

Hættumat: Hætta, vegna jarðræktar

BA-087:254 Kerlingarhólmasund heimild um leið

„Suður og út af Langey [sem er fyrir sunnan Akurey (179)] er Kerlingarhólmasund, sem skipgengt er um hálfvallinn sjó,“ segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Flatey, 32; Eylenda I, 84



Mynd 145: Hlykkur 255, horft til A.


Ágúst Georgsson skráði kálgarða austan við 227 upp af loftmynd (nr. VI) og segir í lýsingu sinni: „Matjurtagarður (líklega). Að öllum líkindum frá 20. öld. Girðing virðist liggja í austur frá garðinum (sýnd með punktalínu).“ Þessi garður sem hér um ræðir sést fast austan við Innstapoll 134 og beint niður af húsi sem er kallað Stjórnarráðið, enda í eigu Stjórnarráðsins. Sennilega er þetta kálgarður sem nefndur er Hlykkur í örnefnalýsingu Sveins Gunnlaugssonar þótt lýsing þar sé nokkuð ruglandi en í henni segir: „Innan við Lang [sjá 226] var svo lending er nefndist Yzti-

pollur. Innan við Yztapoll var kálgarður er nefndist Hlykkur.“ Ekki virðist stemma að Yztipollur sé innan við Lang heldur hlýtur þar að vera átt við Innstapoll – þannig stemmir lýsingin. Þessi kálgarður sem hér er lýst er ekki sýndur á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 og hlýtur því að vera til kominn síðar. Á kortinu er hins vegar sýnt lítið gerði á þessum stað, hugsanlega kálgarður sem þá hefur verið forveri Hlykks, sjá 143. Mjög grösugur sjávarbakki sem hallar hér á móti suðri. Kafagras.

Kálgarðurinn er nokkurn veginn ferhyrndur og virðist í meginatriðum þrískiptur, alls rúmlega 40 x 10 m stór frá austri til vesturs. Sá austasti er langmest gróinn og hugsanlegt að hleðslur þar séu bara úr torfi. Víða eru hleðslur 0,3-0,4 m á hæð en ná þó allt að 0,7 m á köflum. Vestari garðarnir eru nokkurn veginn jafnstórir, 14 x 7-8 m að innanmáli. Eina opið sem þar sést er norðvestast á þeim austari. Austasti garðurinn er minni en hinir og/eða virðist hafa skipst upp langsum með þverhleðslu. Hryggurinn fast ofan við kálgarðinn er harðlendur og grösugur en svo virðist sem þar gætu einnig hafa verið kálgarðar þótt nú sé það orðið óljóst. Þar vottar óljóst fyrir mögulegum hleðslum á nokkrum stöðum og sömuleiðis fast austan við kálgarðinn.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ágúst Georgsson, 11; Ö-Flatey og Heimalönd SG, 4



Teikning 15: Hlykkur 255. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

BA-087:256 heimild

1796: „Þann 18. Oct. forgekk Stykkishólmsskip með 7 mönnum nálægt Flatey á Breiðafirði,“ segir í Espihólsannál. Óljóst hversu nálægt Flatey skipið var.

Heimildir: Annálar V, 208

BA-087:257 álagablettur

Ögmundur Ólafsson (f. 1895) kunni sögu af álagablett í Flatey og er upptaka af frásögn hans varðveitt á vefnum ÍSMUS (25.09.1968). Þar kemur fram að hann þekki aðeins einn álagablett í Flatey en það séu tvær þúfur sem hafi verið hjá Vesturbúðum. Trú manna var sú að ekki mætti slá þúfurnar og ef það væri gert myndi bóndinn að missa sína bestu kú í kálfsburði. Þessu var trúað en þegar Magnús Sæmundsson læknir kemur í eyjuna og tók við búskap þarna þá neitaði hann að hlusta nokkuð á þetta, lét slá þúfurnar en missti svo kú veturinn á eftir. Í kjölfarið lét hann slétta allt svæðið og eftir það varð aldrei vart við álög á þessum stað. Ekki er nú vitað hvar þúfur þessar voru.

Heimildir: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1008733>

BA-087:258 tóft

65°22.333N 22°55.256V



Mynd 146: Tóft 258, horft til S.

Tvískipt tóft og önnur smærri eru rúmlega 15 m suðvestan við kálgarð og tóft 014, handan (vestan) girðingar. Þetta er tæpa 20 m beint niður af siglingavörðu 244. Tóftirnar eru fremst á sjávarbakka, á kafi í grasi. Þær eru ekki sýndar á korti frá 1906 og eru sennilega yngri.

Austari tóftin (A) liggur frá austri til vesturs meðfram bakkanum og er um 12 x 6 m stór. Hún virðist skiptast í tvennt hér um bil um miðbikið. Hvergi sér í grjót og dyr eru ekki greinilegar. 3-4 m eru fram af tóftinni að sjávar-

bakkanum. Um 4 m vestar er önnur tóft (B). Hún er enn lágreistari og einnig á kafi í grasi. Hún stendur í heldur meiri halla mót suðri, suðurbrún hennar er óljós og engar dyr sjást. Ofan við báðar þessar tóftir, milli þeirra og ofan við troðning sem liggur meðfram sjávarbakkanum, er óljós skvampa (C), hugsanlega tóft. Alls er svæðið um 23 x 12 m stórt frá austri til vesturs.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

BA-087:259 heimild um brunn

„Brunnar tveir eru grafnir í berg á Suðurflötum, hjá núverandi býli sóknarprestsins, en í Brunnamýri eru alls 5 brunnar gamlir [...],“ segir í lýsingu Ólafs Sívertsen. Í tíð Ólafs bjó sóknarpresturinn í Hólsbúð 020. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða brunna er átt við, sem grafnir voru í berg, en að líkindum hafa þeir verið skammt frá býlinu. Sjá einnig 230.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Flatey á Breiðafirði eftir Ólaf Sívertssen, 4

BA-087:260 frásögn landamerki

Samkvæmt Guðmundi Guðmundssyni (viðtal á ÍSMUS 01.11.1978) voru steinar (vörður eða garður) á merkjum milli bústaðar Bents kaupmanns í austureyjunni og Sigurðar Ólafssonar sem bjó í Hólsbúð. Þegar Bent flutti í eyjuna voru merkin týnd og yfirgróin

og þeir nábúarnir ekki sáttir um hvar þau ættu að vera. Þeir náðu því í Guðrúnu Einarsdóttur í Miðbæ sem benti á nokkrar þúfur og sagði grafið þarna og svo þarna og þarna og þá voru steinar þar undir þannig að hún mundi þetta alveg.

Heimildir: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1017727>

BA-o87:261 tóft útihús

65°22.539N 22°54.568V

Tvær tóftir eru samfastar garðlagi sem liggur þvert yfir Flatey austanverða, sjá 248. Hér er skráð sú syðri, en hún er 15 m vestur af leifum af steinsteypu sumarfjosi sem ber talsvert á. Grasi vaxið svæði milli túna.

Rústin er heilleg, 7 x 6 m stór frá norðri til suðurs, op líklega bæði í austur og vestur sunnarlega en þó gæti líka hafa legið kindagata þar í gegn. Veggir eru vel stæðilegir, hæstir að suðaustan, allt að 1,7-1,8 m háir. Grillir í grjót í þeim á nokkrum stöðum. Mannvirkið hefur verið reist við garðinn vestanverðan, rétt eins og kort Samúels sýnir. Ekki er ljóst hvaða hlutverki mannvirkið gegndi en það gæti hafa verið hús undir þaki, líklega útihús af einhverju tagi.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906

BA-o87:262 gripir

Í umfjöllun um hringnælur í Kumlum og haugfé er sagt frá slíkum nælum sem líklega eru yngri en kumlfundnar nælur, þ.á.m. ein sem fannst í Flatey: „[...] með háum þvergárum um allan hringinn, fannst í fornum rústum í túni í Flatey á Breiðafirði.“ Mynd er af nælunni ásamt fleiri áþekktum nælum á bls. 374 í 2. útgáfu Kumla og haugfjár. Ekki er vitað í hvaða rústum nælan fannst.

Heimildir: KEKH 2000, 374-375

BA-o87:263 tóft rétt

65°22.587N 22°54.573V

Tvær tóftir eru sambyggðar garðlagi sem liggur þvert yfir Flatey austanverða, sjá 248. Hér er skráð sú nyrðri en sú syðri ber númerið 261. Um 90 metrar eru á milli tófta. Þessi tóft er einnig sýnd á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 en virðist ekki hafa verið undir þaki. Hér gæti hafa verið rétt eða hugsanlega kálgarður. Grasi vaxið svæði og þýft.


Leifar sjást af óreglulegu gerði sem er um 10 x 8 m stórt frá NA-SV, hugsanlega dyr nálægt suðvesturhorni. Eitthvert rask hefur átt sér stað og tóftin því úr lagi gengi. Tveir stórir grjóthnullungar eru austast í tóftinni og talsvert af smærra grjóti. Líkist því helst sem veggjum hafi verið rutt til. Á þessum stað er garðurinn sjálfur, sem tóftin var sambyggð, horfinn – útsléttaður – og því erfitt að átta sig á samhenginu. Skv. korti Samúels gekk garðurinn út frá suðvesturhorni tóftar til suðurs en frá norðausturhorni til norðurs. Með öðrum orðum stóðust garðendarnir ekki á heldur virðast reistir út frá tóftinni. Þetta gæti bent til þess að tóftin hafi verið reist á undan garðinum.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906



Mynd 147: Rétt 263, horft til SSA.



Teikning 16: Rétt 263. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

BA-087:264 Melckmeyt heimild

Í Skýrslu um Þjóðminjasafn sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1992 kemur eftirfarandi fram: „Tvö skipsflök við Flatey á Breiðafirði. Í ágúst fundu tveir áhugakafarar leifar af tveimur skipsflökum er þeir voru við köfun í gömlu höfninni í Flatey. Af munum eins og t.d. hollensku postulíni, sem þeir fundu og afhentu Þjóðminjasafni má ætla að annað skipið sé frá miðri 17. öld og hitt nokkru yngra eða hugsanlega frá síðustu aldamótum [265]. Í framhaldi af neðansjávarfundinum í Flatey var staðurinn kannaður. Eldra flakið reyndist mjög skaddað. Vantar á það bæði stafn, stefni og alla yfirbyggingu. Ekki er hægt að fullyrða um uppruna skipsins, en hugsanlega er um að ræða hollenskt kaupfar sem talið er hafa farist þarna árið 1659,“

1659: „Þá komu 6 eður 7 skip hingað til landsins, útreidd af Jonas Trelund af Amsterdam. [... Lá] eitt skip hans jafnlega í Flatey, þó þar lægi og við og við 2, stundum 3 í einu. [...] Eitt varð eptir á Flateyjarhöfn, og var fraktað með blautan fisk, 60.000 fiska, og nokkuð kjöt. En um haustið, þá það var búið til siglingar, kom geysilegur

norðanstormur, svo það brotnaði á Flateyjarhöfn og í kaf, nema sást á það aptan. Þar sátu upp á mennirnir í sjórótinu og frostinu nær því um 2 dægur; urðu ei fyr sóttir fyrir veðrinu; andaðist einn af þeim [...]. Rak upp á Flatey nokkuð eður mestallt af því, þeir áttu, en skipsfraktin heil fordjarfaðist öll. Fimmtán voru mennirnir því skipið var stórt með 14 fallstykkjum, og þau náðust öll, með seglum og köðlum [...] Og smíðuðu (þeir) hér í Flatey þann vetur hafskip úr grenivið af stóru skipsmöstrunum og greniborðum. Kjölurinn á því var mér sagt, að verið hefði 26 álnir. Var hátt skip og breitt, og á því sigldu þeir allir skipbrotsmennirnir um sumarið,“ segir í Ballararánnál.

Staðsetningu skipsflakana má sjá af teikningu á bls. 135 í grein Bjarna F. Einars-sonar Mjaltastúlkan í gígnum. Samkvæmt Bjarna hét skipið Melckmeyt eða Mjalta-stúlkan og sigldi til Flateyjar árið 1659. Í september það ár skall á óveður og skipið brotnaði og sökk og fórst með því einn maður. Úr hluta af skipsbraki var smíðaður bátur sem flutti skipsverja heim árið eftir.

Heimildir: Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1992, 168; Bjarni F. Einarsson 1993, 138; Annálar III, 215-216

BA-087:265 heimild um útihús

Hús úr torfi er sýnt á korti Samúels Eggertssonar frá 1906 fast vestan við garðlag það sem liggur þvert yfir eyjuna austan byggðarinnar (sjá 248), fast suð-austan við það sem hér hefur númeri 043. Grösugt þýfi. Engar minjar eru greinilegar á yfirborði á þessum stað.

Hættumat: Hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar 1906



Mynd 148: Staðsetning útihúss 265, horft til SA.

BA-087:266 varða samgöngubót

„Þegar gufuskip komu til sögunnar fóru þau ekki inn á Flateyjarhöfn heldur lágu fyrir legufærum spölkorn vestur af henni, fram af Bryggjuskeri [131], meðan þau voru afgreidd. Enn standa vörður uppi á Flatey [235 og 239] og í Hafnareynni sem vísa á þá legu. Má vera að stórum skipum hafi verið lagt þar fyrir daga gufuskipa,“ segir í Ey-lendu I. Tvær innsiglingarvörður eru í Hafnarey (sjá einnig 204), báðar norðvestarlega

í eyjunni. Vörðurnar eru hlaðnar en límðar með steinlími/sementi. Þær virðast áþekkar vörðum 235 og 239 en ekki var farið út í Hafnarey í skráningu 2014.

Heimildir: Eylenda I, 87

BA-087:267 heimild

1645: „Þá brotnaði nýtt teinæringsskip Jóns Finnssonar í Flatey í lendingu við bryggjuna í Flatey í miklum norðanvindi, en mennirnir komust af,“ segir í Sjávarborgarannál.

Heimildir: Annálar IV, 279

BA-087:268 heimild

1663: Það sumar urðu þrír skiptapar fyrir norðan [...] og einn skiptapi varð á Breiðafirði nærri Flatey. Þar komst af einn,“ segir í Fitjaannál. „Skiptapi milli Flateyjar og lands, hét Bárður formaðurinn,“ segir í Vatnsfjarðarannál yngri. „Druknaði Bárður Þorvarðsson og hans skipverjar millum lands og Flateyjar,“ segir í Eyrarannál.

Heimildir: Annálar II, 197; Annálar III, 136, 271

BA-087:269 heimild

1685: „[...] ítem 1 [skiptapi] í Flatey, drukknðu af 3 menn: Ólafur son Jóns Finnssonar og 2 aðrir, en 2 varð bjargað,“ segir í Eyrarannál.

Heimildir: Annálar III, 341

BA-087:270 heimild

1690: „Skiptapi [...] tveir í Flatey á Breiðafirði,“ segir í Fitjaannál. „Tveir skiptapar urðu í Flatey á Breiðafirði,“ segir í Setbergsannál. „Ítem urðu 2 skiptapar í Bjarneyjum og 1 í Flatey,“ segir í Eyrarannál.

Heimildir: Annálar II, 283; Annálar IV, 132; Annálar III, 359

BA-087:271 heimild

1690: „Skiptapi [...] tveir í Flatey á Breiðafirði,“ segir í Fitjaannáli. „Tveir skiptapar urðu í Flatey á Breiðafirði,“ segir í Setbergsannál.

Heimildir: Annálar II, 283; Annálar IV, 132

BA-o87:272 heimild

1707: „Laugardag hinn fyrsta í þorra skiptapi við Flatey á Breiðafirði drukknúðu menn allir, 7 saman. Var formaður Páll Sæmundarson prests frá Upsum Hrólfssonar, Sigurðssonar og Ingibjargar Jónsdóttur Torfasonar,“ segir í Vallaannál. „Skiptapi í Flatey á Breiðafirði með 6 mönnum,“ segir í Fitjaannál. „Skiptapi á Breiðafirði í Flatey, sexæringur; týndust 5 menn,“ segir í Setbergsannál.

Heimildir: Annálar I, 477; Annálar II, 365; Annálar IV, 194

BA-o87:273 heimild

1708: „Varð skiptapi í Flatey á Breiðafirði. Þar á voru 3 menn, 1 kona,“ segir í Setbergsannál.

Heimildir: Annálar IV, 205

BA-o87:274 heimild

1751: „Skiptapi úr Flatey hér fyrir norðan með fjórum mönnum. Fannst enginn aftur,“ segir í Hrafnagilsannál.

Heimildir: Annálar IV, 684

BA-o87:275 heimild

1783: „Á jólaföstu skiptapi frá Flateyju á Breiðafirði með 2 karlmönnum og 2 kvenmönnum,“ segir í Djáknaannálum.

Heimildir: Annálar VI, 248

BA-o87:276 heimild

1792: „Skiptapi varð og nálægt Flatey á Breiðafirði; drukknúðu 5 manneskjur,“ segir Vatnsfjarðarannál yngsta.

Heimildir: Annálar V, 444

BA-087:277 heimild um útihús

Á loftmynd frá því um 1950 sjást tvö mannvirki, hugsanlega útihús og kálgarður, vestan við kirkjugarðinn og á að giska 20 m suðvestur af útihúsum 018. Staðurinn var ekki skoðaður sérstaklega á vettvangi en sennilega eru ummerkin horfin.

Heimildir: Loftmynd af Flatey frá því um 1950

BA-087:278 heimild

Fast austan við mannvirki 277 sést á loftmynd frá því um 1950 garðlag sem hefur legið frá norðri til suðurs, í átt að staðnum þar sem húsið Krákuvör er nú. Staðurinn var ekki skoðaður sérstaklega á vettvangi en líklega er garðlagið alveg horfið. Það lítur alls ekki út fyrir að vera fornlegt og raunar ekki útilokað að það gæti hafa verið hlaðið sem undirstaða undir girðingu.

Heimildir: Loftmynd af Flatey frá því um 1950

BA-087:279 heimild um útihús

Á loftmynd frá því um 1950 sést tóft 20-30 m austan við fjárhústóft 038. Hún hefur verið í krika milli tveggja skurða sem enn sjást. Tóftin virðist einföld, algróin og snúa norður-suður, á að giska 7 x 5 m stór eða rúmlega það. Staðurinn var ekki skoðaður sérstaklega á vettvangi en að líkindum er tóftin alveg horfin. Gengið var um allt svæðið í kring.

Heimildir: Loftmynd af Flatey frá því um 1950

V. Niðurstöður

Fornleifaskráningu í Flatey á Breiðafirði lýkur formlega með þessari skýrslu en verkefnið sem lagt var upp með er þó enn í vinnslu, enda áætlað að vinna enn frekar úr niðurstöðum eins og fram kom í inngangi.

Alls voru skráðar 279 minjar í Flatey. Allar voru þær skoðaðar á vettvangi að undanskildum þeim minjum sem eru í eyjum og hölmum sem tilheyrðu Flatey. Upplýsingar um þessa staði sem fundust við yfirferð heimilda eru þó í fornleifaskrá. Einnig er þar getið um minjar með óþekkta staðsetningu, t.d. skipskaða sem þekktir eru úr heimildum en nú ekki vitað hvar skipsflök kunna að liggja eða hvort einhverjar leifar þeirra eru yfir höfuð til.


Óvenjumargar þeirra minja sem skráðar voru í Flatey eru bæjarstæði eða býli, alls 52 talsins. Þetta helgast fyrst og fremst af þéttleika byggðarinnar. Bæði voru skráð gömul bæjarstæði, til dæmis bæjarstæðið sem gjarnan er talið hið elsta í Flatey (001) austan við kirkjugarðinn en einnig fjöldi annarra sem voru í byggð um lengri eða skemmri tíma á ýmsum tímaskeiðum en nánar er fjallað um mörg þeirra í kafla hér á eftir um landshætti. Á nokkrum staðanna stóðu bæir úr torfi og grjóti en óvissa ríkir um staðsetningu nokkurra bæja. Þau hús í þorpinu sem reist voru fyrir 1916 eru tekin með á fornleifaskrá, enda teljast þau strangt til tekið til fornleifa lögum samkvæmt, og er staðsetning þeirra sýnd á kortum aftast í skýrslunni. Þau tilheyra því menningarlandslagi sem er viðfangsefni fornleifaskráningar en ítarlegri úttektir á sjálfum byggingunum eru í nýlegri húsakönnun sem gerð var af starfsmönnum Þjóðminjasafns og er vitnað í helstu niðurstöður hennar þar sem við á. Aðrar minjar í Flatey eru af ýmsum toga, bæði minjar sem tengjast siglingum, útgerð og verslun, svo sem var-ir, bryggjur, lendingar, leiðarmerki (vörður) o.fl. en einnig minjar sem tengjast skepnuhaldi þótt ekki séu þær margar ef miðað er við fjölda býla. Í Flatey eru þó skráð fjárhús og fleiri útihús og heimild um einn stekk þar sem væntanlega hefur verið stíað sundur ám og lömbum. Kálgarðar eru allnokkrir og ljóst af umfangi þeirra, sem einnig má ráða af öðrum heimildum, eins og korti Samúels Eggertssonar frá 1906, að ræktun, væntanlega einkum á kartöflum og hugsanlega rófum, hefur verið mikilvæg fyrir afkomu eyjarskeggja.

Landshættir í Flatey

Í Flatey var gerð tilraun með að skipta skráningarsvæðinu upp eftir landsháttum. Eyjunni má skipta upp í fjögur meginsvæði eftir því hvernig byggð hefur þróast eða landnýtingu verið háttað. Lykilatriði við þessa skiptingu eru garðlög sem verða að teljast meðal merkustu minja í eyinni. Ekki er vitað hversu gömul þau eru en ekki er ósennilegt að þau séu meðal elstu minja sem enn eru sýnileg á yfirborði í Flatey (sjá minjar nr. 211 og 142/248). Annað garðlagið (211) liggur þvert yfir eyjuna vestarlega og hefur Læknishús verið reist ofan á því. Syðri hluti þess er greinilegur á jörðu niðri en norðurhlutinn, sem liggur yfir mýri, er traudla sýnilegur nema á loftmyndum. Hitt garðlagið (142/248) hefur legið þvert yfir eyjuna austan við þorpið – en þar er raunar um leifar fleiri en eins garðlags að ræða og virðast þau misgömul. Sýnilegasta garðlagið á þessum slóðum er að líkindum 19. aldar verk og er sýnt á korti Samúels Eggertssonar frá 1906, en skammt vestan við það sjást leifar eldri garðlaga – en þau eru illa sýnileg á jörðu niðri. Þessir eldri garðar sjást hins vegar á loftmyndum sem teknar voru úr flygildi á vettvangi. Garðlög þessi skipta eyjunni þrjá meginhluta þar sem austurhluti og vesturhluti hafa fyrst og fremst verið notaðir fyrir beit og slægjur en byggðin hefur öll verið á miðhlutanum. Miðsvæðinu má síðan skipta í tvo hluta, en eldri byggð í eyinni hefur verið uppi á háeyjunni og á henni sunnanverðri en þorpið



Yfirlitskort af helstu býlum og bæjarstæðum utan þorps í Flatey. Rauðu punktarnir sýna þau býli sem líklega eru elst en grænu punktarnir yngri bæjarstæði. Garðlögin sem minnst er á í textanum eru sýnd með rauðum línun.



Skipting Flateyjar eftir landsháttum og einkennum byggðar.

þar sem áður var verslunarstaðurinn er norðan til. Hér á eftir verður gerð tilraun til að fjalla stuttlega um lands-hætti á hverju svæði fyrir sig. Ekki er fjallað um hvern einasta minjastað heldur helst þær minjar sem setja svip sinn á svæðin og gefa til kynna hvernig þau hafa verið nýtt.

I. Vestursvæði (vestan garðs 211)

Á þessu svæði hefur aldrei verið byggð svo vitað sé og flest bendir til að það hafi fyrst og fremst verið notað til beitar og slægna, ekki síst Tjarnarmýri og svæðið kringum Lómatjörn. Minjar á umræddu svæði eru til að mynda Stekkjargrund (171) og nokkrar tóftir sem gætu tengst því nafni þótt ekki sé ljóst hver þeirra var stekkur, og rústir fjárhúsa sem hafa verið í notkun fram eftir 20. öld og eru úr blönduðu byggingarefni (236). Þar eru einnig rústir sem hugsanlega gætu verið af heystæðum (t.d. 234). Tvær lendingar voru á svæðinu, á korti Samúels Eggertssonar nefndar Ystipollur (227) og Miðpollur (153).

Um miðbik 20. aldar gerbreyttist ásynd svæðisins með tilkomu nýrrar hafnar og frystihúss. Flestir sem nú koma til Flateyjar leggja að við bryggjuna sunnan við Tröllenda, við gamla frystihúsið. Byggð sem reis á 20. öld í tengslum við nýju bryggjuna og frystihús teygir sig inn á þetta svæði en ekkert bendir til að þar hafi verið búseta fyrr en þá. Til stóð að reisa enn fleiri hús á þessu svæði á árunum eftir seinni heimsstyrjöld en veiðin brást og ekkert varð úr þeim áformum.

II. Austursvæði (austan við garðlög 142/248)

Líkt og á svæði I virðist aldrei hafa verið byggð á austurhluta Flateyjar. Þetta svæði er

mun stærra en svæði I og samanstendur í grófum dráttum af austurhluta Flateyjar og svo smærri eyju sem kallast Eyjarendi og er tengd hinni með tiltölulega mjóu eiði. Á henni er mýrarblettur, Breiðugrundarmýri og almennt mjög grösugt. Suður frá eyju þessari gengur Kjóatangi og frá honum er gengt í litla eyju, Akurey, á fjöru.

Eins og áður sagði sjást á þessu svæði leifar misgamalla garðlaga vestast, austan við þorpið. Eldri byggingarstig (142) komu í ljós á loftmyndum og eru þau vestar en yngri garður (248). Ekki er ósennilegt að garðurinn hafi verið færður út til austurs þegar byggð jókst í Flatey og jafnvel mætti geta þess til að þurrabúðin Útgarður (195) hafi upphaflega verið utan garðs (þá þess gamla, 142) en innan þess nýja. Reyndar er ekki lengur vitað nákvæmlega hvar bæjarstæði Útgarðs var en vitað er að það var austan við Innstabæ (035) – sem væntanlega var þar áður innsti eða austasti bærinn á Flatey. Austursvæði Flateyjar hefur verið e.k. úthagi, með beit og slægjum auk þess sem þar var mikið fuglavarþ sem væntanlega hefur verið nytjað (s.s. með dúntekju, fugla-veiði, eggjatöku). Sýnilegustu minjarnar á þessu svæði eru stór og mikill Nátthagi (156) og inni í honum leifar garðlaga sem líklega eru eldri og gætu verið af svonefndum Ólafarakri (sjá 164). Nátthaginn var hlaðinn af Samúel Eggertssyni og hann hefur væntanlega nýttur líkt og aðrir nátthagar, sem aðhald fyrir skepnur helst til að láta þær bera á land með teðslu. Þá eru yngri leifar sem vert er að nefna á þessu svæði, s.s. steiptir veggir af sumarfjosi sem hefur verið reist snemma á 20. öld (152) og leifar af rúst sem líklega hefur verið lítið aðhald eða rétt (117) en hún hefur að hluta hrunið fram af rofabakka í sjó fram. Í Akurey eru leifar af stórum kálgarði (179), ekki mjög gömlum. Ekki er óhugsandi að þar hafi Ólafarakur verið áður.

Á austursvæðinu hefur talsvert verið sléttað í tún og þar var einnig gerð flugbraut, grasi vaxin, sem liggur eftir endilöngu svæðinu frá austri til vesturs og raunar yfir á svæðið sem byggðin er á vestan við.

III. Byggð – suður

Eins og áður sagði hefur byggð á fyrri öldum eingöngu verið á miðsvæði Flateyjar (III-IV) en því má skipta í tvo hluta eftir aldri og einkennum. Elsta byggð sem vitað er um í eyjunni var líklega á háeyjunni og þar sunnan við, en eftir henni endilangri gengur þurr hryggur frá austri til vesturs. Á þessum hrygg eru kirkjugarðurinn, gamla bæjarstæði Miðbæjar (001) (þar sem að líkindum hafa einnig staðið Austurkot 041 og Nýibær 066) en auk þess nýja kirkjan, bókhlaðan, Klausturhólar, sem standa á eldra bæjarstæði (sjá Garða 039 og Austurbæ 084), meintar klausturleifar (141) og auk þess Innstibær (035) og fleiri tómthús og útihús sem teygja sig allt austur að garði 248. Fleiri

gömul bæjarstæði eru sunnan í hallanum niður frá háhryggnum beint suður af kirkjugarðinum, og má þar helst nefna Hólsbúð (029), þar sem er þokkalegasti bæjarhóll sýnilegur en einnig mætti telja Norskubúð (047) og Hölluhús (034) enn sunnar og nær sjó. Þar í kring hefur enn verið byggðaklasi árið 1906 þegar Samúel Eggertsson gerði kort sitt – bæði býli og úthús. Mannvirki sem þar eru sýnd næst sjó eru þó nær öll horfin. Þó nokkrar ruddar varir eru þekktar á þessu svæði og sjást um þær talsverð ummerki, bæði ruðningar og hleðslur. Þá eru nokkrar tóftir nausta (102, 221) upp af Innstapolli (134) – einu naustaleifarnar sem þekktar eru í eygni. Nú sjást ekki mikil ummerki um hina gömlu byggð en á þessu svæði en þó má ætla að margir bæjarhólanna séu vel varðveittir, t.d. Miðbæjarhóllinn og Hólsbúðarhóllinn. Svæðið meðfram ströndinni á vestanverðu svæðinu er nú nánast undirlagt af grjóthlöðnum kálgorðum, sem sumir eru enn í notkun, en þar virðast áður hafa verið annars konar mannvirki, t.d. fiskreitir á Grundum. Á svæðinu er enn þungamiðja Flateyjarbýlanna ásamt útihúsum.

IV. Byggð – norður

Eina gamla bæjarstæðið sem talið er geta verið á gömlum merg á norðurhluta Flateyjar eru Vesturbúðir (052), en til þess bendir helst öskuhaugur sem fannst þegar skemmur sem nú standa þar voru reistar. Byggðin í þorpinu, sem nú er eitt helsta einkenni Flateyjar, þéttist ekki að ráði fyrr en á 19. öld en áður var þar verslunarstaður. Þótti lítil prýði að þessu nýja plássi til að byrja með og margir söknuðu gömlu þungamiðju byggðarinnar eins og sést á þessari vísu Bjarna Þórðarsonar sem birt er í örnefnalýsingu:

Áður á eygni miðri
yfirmenn bjuggu í friði og tryggð
Nú er við sjóinn niðri
nýupprisinn herrabyggð
Hin gjörvöll húsaprýði
horfin snjöll er frá lýði
Svo mannsverk öll
umbreytast og smíði

Um greiningu á húsunum sjálfum í þorpinu er rétt að vísa til skýrslu um húsakönnun sem kom út árið 2006, en þar er fjallað ítarlega um helstu einkenni byggðar og húsa.

Þar kemur fram að í grófum dráttum megi skipta byggðinni í tvo flokka; annars vegar húsín í Plássinu, sem er kjarni gamla verslunarstaðarins við Grýluvog og hús við Götuskarð þar sunnan við, en þau eru flest reist fyrir 1908 og tilheyrðu kaupmönnum og fyrirfólki en auk íbúðarhúsa eru þar pakkhús og vertshús. Hinsvegar eru það húsín austar, meðfram sjávarbakkanum og umhverfis Skansmýri, sem eru heldur yngri, tilheyrðu alþýðunni og eru mörg hver reist þar sem áður stóðu torfbæir.

Á þessu svæði eru húsín allsráðandi og sjást tiltölulega litlar leifar annars konar eða eldri minja nema þá helst steypuleifar eða grunnar af margs konar viðbyggingum og skúrum en ljóst er að eldri minjar hafa í flestum tilfellum lent undir húsbyggingum. Helst mætti nefna kálgarðaleifar og torf- og grjóthlaðnar tóftir austast í þorpinu og skammt austan við það. Stórt kálgarðasvæði, Myllumór (252), sem sýnt er á korti Samúels Eggertssonar 1906, hefur verið sléttað í tún fyrir margt löngu og þótt heimildir geti um marga brunna á svæðinu sjást nú litlar sem engar leifar af þeim. Hér má þó sérstaklega geta um beðasléttur sem sjást í gömlum tünunum á tveimur stöðum (095 og 098) í jaðri þorpsins, að líkindum frá 19. öld. Mannvirki sem tengjast skipaferðum (sjósókn/aðflutningum) setja mjög svip sinn á strandlengjuna við þorpið en þar sjást bæði leifar af nokkrum bryggjum og vörum. Þekktastur þessara minja er vafalítið Silfurgarðurinn (167) sem enn ber mikið á þvert yfir mynni Grýluvogs.

Lokaorð

Flatey er merkilegur staður út frá menningarsögulegu sjónarhorni. Þar hefur verið þéttbýli um langt skeið og eyjan er einkum þekkt fyrir vel varðveitta heild gamalla húsa í þorpinu. Þó húsín og náttúran séu kjarninn í upplifun flestra gesta sem til eyjunnar koma nú mun fornleifaskráning bæta miklu við þekkingu og skilning á þróun byggðar í eyjunni og sögulegri dýpt í landslagi og umhverfi.

Það er von okkar sem að skýrslunni standa að fornleifaskráningin verði bæði til gagns og fróðleiks öllum þeim áhuga hafa á minjavernd, fornleifum, landnýtingu, fortíðinni og opinberu skipulagi í eyjunni. Í Flatey eru að finna einkar fjölbreyttar minjar á afmörkuðu svæði s.s. búskap, þéttbýli, sjósókn, verslun og ræktun sem endurspeгла merka sögu Flateyjar og Breiðafjarðar.

Heimildaskrá

Albína Hulda Pálsdóttir. *Fornleifarannsókn á Miðbæ í Flatey, ágúst 2009*. Frumskýrsla. Rit Lbhí nr. 69. Hvanneyri: Landbúnaðarháskóli Íslands, 2016.

Amundsen, Colin P. „Farming and Maritime Resources at Miðbær on Flatey in Breiðafjörður, NW Iceland.“ Í *Atlantic Connections and Adaptions*, Houseley, R.A. og G. Coles ritstýrðu, bls. 203-210. Oxford: Oxbow Books, 2004.

Annálar: *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum*. I-VIII. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922-1987.

Ágúst Georgsson. *Bráðabirgðaskráning fornleifa í Flatey á Breiðafirði*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 1990.

Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1992: Guðmundur Magnússon. „Skýrsla um Þjóðminjasafn Íslands og vörslu þjóðminja 1992.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1992: 151-188.

Bisk: *Biskupa sögur*. I-II. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1858.

Bjarni F. Einarsson 1993: Bjarni F. Einarsson. „Mjaltastúlkan í gígnun.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1993: 129-148.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn*. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857-1972.

Eylenda: *Eylenda: Mannlíf í Flateyjarhreppi á Breiðafirði*. I-II. bindi. Reykjavík: Byggðir og bú, 1996.

Frá Flatey á Breiðafirði: Þorsteinn Konráðsson. „Frá Flatey á Breiðafirði.“ *Vísir*, 17. janúar 1943.

Friðlýsingaskrá: Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar*. Reykjavík: Fornleifanefnd, 1990.

Guðmundur L. Hafsteinsson. *Þorpið í Flatey á Breiðafirði: Byggða og húsakönnun*. Reykhólar: Reykhólahreppur, 2006.

IA: *Islandske Annaler indtil 1578*. Christiania: Norsk historisk kildeskriftfond, 1888.

ÍF: *Íslensk fornrit*. I-XVII. bindi. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1935-2002.

JÁM VI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dalasýsla og Barðastrandarsýsla*. VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1938.

KE 1976: Kristján Eldjárn. „Minnisgreinar Árna Magnússonar um merka kirkjugripi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1976*: 121-163.

KEKH 2000: Kristján Eldjárn. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning, 2000.

KK II: Kålund, Kristian. *Íslenskir sögustaðir. Vestfirðingafjórðungur II*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1985.

Margrét Hallmundsdóttir. *Fornleifakönnun vegna smábátahafnar og frístundabyggðar í Flatey á Breiðafirði*. [Án útgáfustaðar]: Náttúrustofa Vestfjarða, 2010.

OO: Ólafur Olavius. *Ferðabók: Landshagir í norðvestur- norður- og norðaustursýslun Íslands 1775-1777*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1964-1965.

RLLF II: *Rit þess íslenska lærdómslistafélagsins*. Kaupmannahöfn. 1780-1794.

SSV I: *Sóknalýsingar Vestfjarða. Barðastrandarsýsla*. I. bindi. Reykjavík: Samband vestfirzkra áttahagafélaga, 1952.

Sturl: *Sturlunga saga*. I.-II. bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sturlungaútgáfan, 1946.

Um eyjar og annes I: Bergsveinn Skúlason. *Um eyjar og annes: Ferðaþættir og minningar frá Breiðafirði*. I. bindi. Reykjavík: Fróði, 1964-1967.

Uppdráttur Samúels Eggertssonar 1911: Samúel Eggertsson. Uppdráttur af Flatey 1911. Í *Eylenda: Mannlíf í Flateyjarhreppi á Breiðafirði*. I. bindi. Reykjavík: Byggðir og bú, 1996: bls. 94.

ÞJÁ: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I.-VI. bindi, Jón Árnason safnaði, ný útg. Reykjavík: Þjóðsaga, 1961.

Óprentaðar heimildir

Alþingi

Þingskjal nr. 395/1998-1999. Nefndarálit um frv. til fjárukalaga fyrir árið 1998. Sótt af: <http://www.althingi.is/altext/123/s/0395.html>.

Bændasamtök Íslands

Loftmynd af Flatey frá því um 1950. Reykjavík: Bændasamtök Íslands.

Ísmús

SÁM 88/1562 EF Jónína Eyjólfsdóttir, Vesturgata 55. *Ísmús: Íslenskur músík- & menningararfur*. Sótt af: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1004516>.

SÁM 89/1951 EF Ögmundur Ólafsson, Hvassaleiti 40. *Ísmús: Íslenskur músík- & menningararfur*. Sótt af: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1008733>.

SÁM 90/2337 EF Böðvar Pétursson, Handritastofnun Íslands. *Ísmús: Íslenskur músík- & menningararfur*. Sótt af: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1012825>.

SÁM 92/3016 EF Guðmundur Guðmundsson, Hraunkambur 10. *Ísmús: Íslenskur músík- & menningararfur*. Sótt af: <http://www.ismus.is/i/audio/id-1017727>.

Ögmundur Ólafsson. „Álagablettir í Flatey.“ *Ísmús: Íslenskur músík- & menningararfur*. Sótt af: <http://www.ismus.is/i/document/id-186192>.

Landmælingar Íslands

Danskar bæjateikningar 1911: Uppmælingar Dana á þorpum og bæjum frá árunum 1902-1920. Akranes: Landmælingar Íslands.

Sjómælingar Íslands

Kort Samúels Eggertssonar 1906: Flatey á Breiðafirði. Mæling 1906 – Uppdráttur 1910 eftir Samúel Eggertsson. Reykjavík: Sjómælingar Íslands.

Þjóðskjalasafn Íslands

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Sótt af: <http://www.manntal.is/>.

Túnakort 1906: Túnakort Flateyjar. Uppdráttur eftir mælingum Samúels Eggertssonar 1906. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnastofnun Íslands

Flatey á Breiðafirði eftir Ólaf Sívertssen. Reykjavík: Örnefnastofnun, e.d.

Uppdráttur Guðmundar Jóhannessonar: Fylgiskjal með örnefnaskrá fyrir Flatey. Reykjavík: Örnefnastofnun, e.d.

Ö-Flatey: Örnefnaskrá Flateyjar. Óþekktur skrásetjari. Reykjavík: Örnefnastofnun, e.d.

Ö-Flatey og Heimalönd SG: Örnefni í Flatey og Heimalöndum. Sveinn Gunnlaugsson skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun, e.d.

Viðauki I: Hnitaskrá í ISN93

Fornleifanr.	X	Y
087001	317934.07	547353.24
087001A	317928.67	547374.34
087001B	317951.87	547332.94
087002	317906.98	547350.16
087003A	318077.56	547545.59
087003B	318062.88	547538.89
087003C	318083.62	547561.16
087004	317779.56	547147.79
087005	317843.56	547144.87
087006	317856.07	547157.40
087007	317860.86	547161.84
087008	317893.71	547454.34
087009	318035.26	547609.32
087010A	317933.49	547178.25
087010B	317944.42	547177.46
087011	317953.00	547591.62
087012	317904.23	547167.43
087013	317782.94	547199.26
087014	317769.09	547159.03
087015	317994.32	547455.34
087016	317796.43	547294.49
087017	317700.01	547164.42
087018	317819.51	547324.76
087019	317883.71	547550.14
087020	317866.10	547433.79
087021	317904.17	547435.28
087022	317909.85	547571.15
087023	318062.61	547349.23
087025	318043.62	547606.98
087026	317933.12	547582.46
087027	318061.57	547604.00
087028	318219.27	547658.54

Fornleifanr.	X	Y
087029	317863.56	547226.25
087029B	317846.78	547214.03
087030	318090.33	547611.51
087031	318111.07	547629.84
087032	318121.33	547644.22
087033	318078.47	547632.95
087034	317872.35	547186.01
087035	318238.93	547527.77
087036	317948.19	547493.46
087037	318096.49	547655.29
087038	318220.73	547612.40
087039	318107.64	547380.78
087040	317754.89	547426.46
087042	318233.76	547593.65
087043	318234.50	547578.12
087044	318070.88	547596.98
087045	318025.22	547635.08
087046	317974.88	547381.93
087047A	317938.21	547214.86
087047B	317932.13	547209.70
087048	318262.68	547513.69
087049	317752.02	547307.43
087050	318260.49	547515.91
087051	318266.48	547499.03
087052	317752.03	547408.01
087053A	318209.46	547414.51
087053B	318222.61	547416.70
087053C	318235.55	547421.97
087054	318211.29	547372.05
087055	318149.23	547368.82
087056	317852.82	547418.11
087057	318269.82	547598.14

<i>Fornleifanr.</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
087058	318079.00	547649.83
087059	318016.41	547242.00
087060	318022.97	547465.02
087061	317968.87	547600.54
087062	317972.27	547495.93
087064	318155.44	547634.15
087065	317878.97	547541.64
087067	317961.12	547229.55
087068	317759.49	547234.72
087069	317945.55	547500.43
087070	317701.00	547426.01
087071	318298.07	547299.80
087072	317912.96	547584.03
087073	317850.17	547242.36
087074	317689.73	547321.74
087075	317443.53	547218.32
087076	317944.66	547478.13
087077	318121.87	547665.74
087078	317751.14	547354.12
087079	318006.53	547517.60
087080	317701.77	547334.68
087081	317933.40	547530.99
087082	317882.09	547162.52
087083	317998.57	547475.70
087085	317963.72	547484.61
087086	317952.75	547495.81
087087	317984.68	547507.61
087088	317983.45	547483.72
087090	317981.82	547617.48
087091	318086.80	547606.35
087092	318106.17	547514.94
087093	318049.62	547597.36
087094	317857.49	547198.39
087095	317952.50	547437.04

<i>Fornleifanr.</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
087096	318165.67	547326.75
087097	317505.51	547116.16
087098	318080.99	547456.09
087099	318053.00	547462.44
087100	317949.65	547452.37
087101A	317934.49	547155.15
087101B	317924.47	547151.85
087102	317651.42	547133.61
087104	318129.62	547267.20
087105	318066.43	547572.49
087106	318622.79	547587.81
087107	318104.34	547588.14
087108	318099.52	547399.78
087109	317990.25	547513.51
087110	318033.06	547341.00
087111	317882.88	547414.31
087112	317763.59	547463.17
087113	317659.19	547319.54
087114	318500.09	547596.67
087115	317881.46	547575.11
087116	317887.51	547560.03
087117	318647.03	547406.69
087118	318756.62	547612.35
087119	317786.85	547296.62
087120	318130.73	547669.01
087121	318100.54	547331.14
087122	318139.99	547297.46
087123	317988.18	547608.10
087124	318298.64	547753.73
087125	317889.28	547501.43
087126	317968.35	547483.94
087127A	317927.58	547472.72
087127B	317929.54	547492.11
087128	317895.53	547846.70


<i>Fornleifanr.</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
o87129	317784.19	547332.96
o87131	317702.33	547497.14
o87133	318017.58	547488.72
o87134	317649.62	547114.85
o87135	317892.51	547533.74
o87136	318151.13	547708.66
o87137	317771.23	547384.36
o87138	318158.00	547569.04
o87139	317829.99	547530.80
o87140	317916.13	547374.44
o87141	318142.89	547419.73
o87142	318269.03	547464.31
o87143	317662.83	547129.17
o87144	317922.75	547812.70
o87145	317872.17	547178.68
o87146	317813.84	547184.31
o87147	317819.05	547159.72
o87148	317768.82	547151.27
o87149	317510.80	547317.13
o87150	317426.74	547222.87
o87151	317486.06	547143.47
o87152	318312.45	547500.48
o87153	317450.84	547120.37
o87153A	317457.73	547136.31
o87153B	317460.05	547139.59
o87154	318123.18	547622.67
o87155	317804.04	547137.83
o87156	318959.25	547577.95
o87157	317558.63	547257.32
o87158	317936.84	547616.12
o87159	317899.57	547566.65
o87160	317851.95	547546.01
o87161	318148.24	547666.44
o87162	318069.39	547652.90

<i>Fornleifanr.</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
o87163	318161.39	547477.09
o87165	317917.28	547538.84
o87166	317914.73	547537.84
o87167	317862.78	547518.15
o87168	317971.95	547560.69
o87170	318112.20	547286.52
o87172	318104.66	547662.85
o87173	317936.87	547566.02
o87174	318064.00	547644.17
o87175	318424.19	547528.43
o87176	317361.65	547228.60
o87177	317771.18	547465.55
o87178	317921.37	547574.39
o87179	318441.04	547302.50
o87180A	317858.00	547146.66
o87180B	318051.17	547236.05
o87180C	318189.25	547325.86
o87181	316882.69	546737.97
o87194	317702.44	547274.35
o87196	317911.74	547555.77
o87197	317897.68	547569.71
o87198	317916.37	547524.38
o87199	317934.45	547548.46
o87202	317702.55	547376.95
o87203	317711.19	547382.78
o87204	317817.78	547830.94
o87207	317337.20	547113.37
o87209	317917.50	547209.66
o87210	317983.76	547376.49
o87211	317547.65	547141.65
o87211B	317573.72	547228.42
o87212	317751.68	547437.80
o87213	317407.02	547218.27
o87214	317864.52	547273.55

<i>Fornleifanr.</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
o87216	317668.96	547150.33
o87217	317886.59	547249.50
o87218	317916.80	547354.74
o87219	317990.97	547334.46
o87221	317630.49	547134.32
o87222	318132.70	547418.40
o87223	317929.79	547569.73
o87224	318115.88	547392.16
o87225	317938.89	547490.45
o87226	317608.99	547116.03
o87228	318585.68	547035.67
o87229	317508.95	547121.43
o87232	317807.19	547338.00
o87234	317489.31	547269.75
o87235	317688.71	547248.43
o87236	317483.78	547260.52
o87237	317499.64	547261.82
o87238	317649.98	547338.41
o87239	317656.02	547353.48
o87240	317755.68	547369.63
o87241	317766.12	547378.39
o87242	317785.87	547418.93
o87243	317941.42	547318.75
o87244	317741.27	547162.59
o87246	317906.01	547570.42
o87248B	318295.07	547462.19
o87248C	318294.20	547523.65
o87248D	318253.23	547689.78
o87248E	318245.59	547706.41
o87250	318289.42	547447.55
o87252	318120.19	547539.64
o87252B	318078.72	547561.60
o87253A	317834.94	547454.81
o87253B	317855.68	547451.31

<i>Fornleifanr.</i>	<i>X</i>	<i>Y</i>
o87255	317691.23	547139.51
o87258A	317734.80	547150.86
o87258B	317732.58	547141.34
o87258C	317729.32	547149.61
o87261	318290.09	547500.02
o87263	318292.32	547588.57
o87265	318254.36	547569.14
o87266	317869.80	547860.71


Viðauki II: Kort



Yfirlitskort af Flatey sem sýnir kort á næstu síðum. Loftmynd: Loftmyndir efh.

Kort I: (Loftmynd: Loftmyndir efh)





[illegible]





Kort 3: (Loftmynd: Loftmyndir ehf)





[illegible]





Kort 6: (Loftmynd: Loftmyndir eh)





Kort 7: (Loftmynd: Loftmyndir ehf)



Kort 8: (Loftmynd: Loftmyndir eh)

